


GRIPLA



# GRIPLA

RITSTJÓRI  
JÓNAS KRISTJÁNSSON

VII



REYKJAVÍK  
STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR  
1990

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Á ÍSLANDI

RIT 37

*Skrár hafa samið*  
SIGRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR  
OG SIGURGEIR STEINGRÍMSSON

© Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 1990

Öll réttindi áskilin

*Setning*  
MAGNÚS HAUSSON OG SIGRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR


*Umbrot, filmuvinna, prentun og bókkband*  
ODDI HF.

Meginmál bókar er sett með 10 punkta Times letri á 12 punkta fæti  
og bókin er prentuð á 120 gr. Ikonofix matt pappír

PRINTED IN ICELAND  
PRENTSMÍÐJAN ODDI HF.

## EFNI

Bjarni Vilhjálmsson: Postulínsgerð og hestavíg. Athugun á heimild Jóns Espólíns um hestaþing á Bleiksmýrardal	7
Oskar Bandle: Um þróun Örvar-Odds sögu	51
Ólafur Halldórsson: Um Danakonunga sögu	73
Alfred Jakobsen: De to redaksjonene av Harðar saga	103
Hermann Pálsson: Brands þáttur örva	117
Hubert Seelow: Vier Gedichte für eine Hochzeit im Jahre 1738	131
Baldur Jónsson: Orðtalning í eddukvæðum Konungsbókar	169
Bent Chr. Jacobsen: Sektir Jónsbókar	179
Peter Jorgensen: The Neglected Genre of Rímur-Derived Prose and Post-Reformation Jónatas Saga	187
Álfrún Gunnlaugsdóttir: Jórsalaferð. Le Voyage de Charlemagne en Orient	203
Frederic Amory: Norse-Christian Syncretism and Interpretatio Christiana in Sólarljóð	251
Ólafía Einarsdóttir: Sigurd Hjort og hans to börn i islandske kilder. En sagnhistorisk undersøgelse	267
Jón Hnefill Aðalsteinsson: Old Norse Religion in the Sagas of Icelanders	303
Einar Már Jónsson: Staða Konungsskuggsjár í vestrænum miðaldabókmenntum	323
Magnús Fjalldal: The Question of i-umlaut in the Preterite Optative of Class III Weak Verbs of Old Norse and Modern Icelandic	355
Handrit	361
Upphöf kvæða og vísna	362
Nafnaskrá	363



BJARNI VILHJÁLMSSON

## POSTULÍNSGERÐ OG HESTAVÍG

### *Athugun á heimild Jóns Espólíns um hestaþing á Bleiksmýrardal*

Ritgerð þessi er helguð fornvini mínum dr.  
Brodda Jóhannessyni sjötugum 21. apríl 1986

#### BÓKMENNTAMINNI EÐA ÞJÓDLÍFSLÝSING

ENGINN VAFI leikur á því, að hér á landi hefur tíðkast sá leikur á mannamótum á fyrri öldum Íslands byggðar að etja saman hestum, og þá einkum og ef til vill eingöngu stóðhestum, graðfolum, til skemmtunar samkomugestum. Um það bera íslenskar fornþókmennir órækan vott, en einnig örnefni víðs vegar um land. Leikar þessir eru í heimildum ýmist kallaðir hestaat, hestavíg eða hestaþing. Af Sturlunga sögu má ótvírætt ráða, að hestavíg hafa verið algeng á 12. og 13. öld og að þar hafi oft verið fjölmenni saman komið. Samtímasögurnar herma, að menn hittist af tilviljun á hestaþingum, eins og menn nú á dögum rekast á kunningja sína í leikhúsi eða á bíói. Þó að einstök hestavíg, sem sagt er frá í fornum ritum, kunni að vera af heimi skáldskapar, geta lýsingarnar eigi að síður verið raunsannar, þar sem höfundar sagnanna hafa vafalaust séð hestavíg fara fram eða jafnvel tekið þátt í þeim sjálfir. Í Íslendingasögum eru hestavíg mjög oft undanfari orlagaþrunginna atburða. Leikarnir höfðu bersýnilega í för með sér hættu á hjaski og meiðslum á hestum og mönnum þeim, sem öttu hestunum. Ef brugðið var út af drengilegum leikreglum, leiddi það til skapraunar og móðgana, sem erfitt var að þola. Sómi hests eða sómabrestur færðist yfir á eiganda hans eða stjórnanda. Var þá oft skammt til vígaferla og blóðhefnda, ef út af bar við leikana. Hestavíg eru því kjörið þókmennntaminni í frásögnum, þar sem sómi einstaklings eða jafnvel ættar og mannleg reisn eru þungamiðjan. Eftirtektarverð eru orð Víga-

Glúms í sögu hans (13. kap.), þegar mannvíg hefur orðið á hestaþingi: '... svá lýkr hér hverju hestaþingi'.<sup>1</sup>


Mikill munur er yfirleitt á heimildum um hestavíg í Íslendingasögum annars vegar og Sturlungu hins vegar. Í Íslendingasögum eru frásagnirnar felldar inn í drama sögunnar og hafa gildi fyrir gang hennar. En í Sturlunga sögu er eins og oftast sé minnst á hestaþing af tilviljun líkt og margt annað, sem varðar þjóðlíf á þeirri öld.<sup>2</sup> Sérstöðu hefur lýsing í 18. kapítula Arons sögu á hestavígi því, sem á að hafa farið fram í Noregi um það bil 1235. Arons saga var raunar aldrei tekin upp í Sturlungusafnið, þó að hún hafi stundum verið prentuð með því (og einnig í Biskupa sögum). Það skyldi þó aldrei vera, að telja ætti Arons sögu fremur til Íslendingasagna en samtímasagna, þó að aðalpersónan sé Sturlungaaldarmaður? Ýmislegt bendir til, að sagan sé ekki samin fyrr en einhvern tíma á 14. öld, eins og Jón Jóhannesson hallast að í formála sínum fyrir Sturlunga sögu.<sup>3</sup> Efnisatriði gat höfundur Arons sögu sótt til Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar, en samið annað frjállega að hætti a.m.k. sumra Íslendingasagna. Einnig ber þess að geta, að allnákvæmlega er lýst hestavígi í 12. kapítula í Guðmundar sögu

<sup>1</sup> *Íslensk fornrit IX*, bls. 44. – Í riti sínu *Faxa* (Ak. 1947, bls. 162–169) hefur dr. Broddi Jóhannesson tilfært alla helstu staði í íslenskum fornritum, þar sem lýst er hestavígum, og er óþarft að tína þá til hér. Einnig rifjar hann upp bernskuminningar um Hestaþingshamar, sem sprengdur var, þegar brú var gerð á Héraðsvötn við Grundarstokk 1926. Raunar eru tveir Hestaþingshamrar í Skagafirði, annar stakur klettur við Húseyjarkvísl, andspænis bænum Húsey, en hinn á grónum malareyrum neðan við Flugumýri. Þá er Hestaþingshóll við Hvalfjarðareyri í Kjós (*Landið þitt*, 2. bd. 1981, bls. 61). Hestavígshamar er og nefndur í Skagafirði (Ísl. fornbréfasafn XII, bls. 165). *Hestaþingseyrar* eru á bökkum Norðurár í Mýrasýslu, þar sem mætast lönd Stórugrafar og Munadarness í Stafholtstungum (Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar III*, Rvík 1960, bls. 306; Ólafur Lárusson, *Lög og saga*, Rvík 1958, bls. 265; *Alþingisbækur Íslands I, II, V, VII*, sbr. registur þeirra; þar fóru með vissu fram dómþing á árabílinu 1570–1693). Holta-Þóris saga, sem að vísu er talin saman sett á 19. öld (*Íslendinga sögur*, XI. bd., Rvík 1947, bls. VIII–IX og 495–496) segir frá hestaþingi, sem háð var, þar sem heitir *Hestaþingsháls* nálægt Jökulsá á Sólheimasandi. Þó að sagan sé ung, kann örnefnið að vera gamalt. Hér er engan veginn ætlunin að telja upp öll örnefni, sem minna á hestavíg, heldur aðeins nefna dæmi.

<sup>2</sup> Staðir í Sturlungu, þar sem minnst er á hestavíg, eru auðfundnir eftir atriðaorðaskrá í útgáfu Jóns Jóhannessonar o.fl., Rvík 1946.

<sup>3</sup> *Sturlunga saga*, Rvík 1946, II, bls. xlix–li. – Sjá annars grein Aðalgeirs Kristjánssonar, 'Gísla saga og samtíð höfundar', *Skírnir* 1965, bls. 148–158, þar sem fjallað er um Arons sögu á annan hátt en hér er lauslega að vikið.





*Hestaat. Mynd eftir ókunnan listamann, gerð á 19. öld, vafalaust efir lýsingum í fornsögum. Myndin er varðveitt í safni Jóns Sigurðssonar í Landsbókasafni, ónúmeruð.*

dýra. Athuga ber, að texti sögunnar stendur líklega fjær frumgerð en nokkurrar annarrar sögu í Sturlungasögusafninu.<sup>4</sup>

Talið er víst, að hestavíg hafi tíðkast á Norðurlöndum löngu fyrir Íslands byggð. Á sænskum myndsteini (rúnalausum), sem kenndur er við Hæggeby á Upplöndum í Svíþjóð og örugglega er talinn vera frá því um 500, þ.e.a.s. frá því nálega fjórum öldum fyrir upphaf Íslands byggðar, er mynd, sem samkvæmt túlkunum fræðimanna er af hestaati.<sup>5</sup>

<sup>4</sup> *Sturlunga saga*, Rvík 1946, I, bls. 183 og áfr., II, bls. xxx–xxxii.

<sup>5</sup> Steinn þessi fannst í vegg gamallar kirkju í Hæggeby, en er nú í Statens Historiska Museum í Stokkhólmi (U 664, mynd nr. 80). Sjá Elias Wessén og Sven B.F. Jansson, *Sveriges runinskrifter VIII*, Stockholm 1949–1951, bls. 135–142. Sbr. og Svale Solheim, 'Hestekamp', *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder VI*, Rvík 1961, dálkar 538–540, og sami, *Horse-fight and Horse-race in Norse Tradition* (Studia Norvegica No. 8), Oslo 1956, sérstaklega kaflinn 'Hestavíg', bls 51 og áfr. Stuðst er við þessi rit Solheims um ýmislegt fleira í þessari ritgerð.

## HESTAVÍG OG HESTAR Í LÖGUM

Þó að víða sé getið um hestavíg í fornþókmenntum Íslendinga, verður þess ekki vart, að um þau hafi verið til lagaákvæði á þjóðveldistímanum. En um norsk fornþög gegnir öðru máli. Í eldri Frostþinglögum eru svofelld ákvæði um umgengni manna við annars manns hross og hestavíg:

*Um þat, ef maðr vanar ross.*

Ef maðr skerr af rossi manns tþgl, þá gjaldi aura þrjá, en ef hala þoggr af, þá skal meta ross, en hinn reiði þeim verð fyrir, er átti, ok þfundarbót á ofan, þoldi aura sex, en árbornum manni hálfu mþrk, reksþegni þrjá aura, leysingja syni tvo aura, en leysingja eyri, en silfrmetit er árborinna fé, en sakgilt þyrmslamanna fé. En ef maðr lýstr tenn ór þofði rossi manns, hafi sá ross, er laust, en hinn verð, er átti, ok þfundarbót á ofan, ok svá ef hann þoggr hala af rossi, svá at rófa fylgir. En ef hestavíg verðr, hafi sik sjálfan hverr áþyrgðan, en ef lýstr hest á vígi nauðsynjalaust, gjaldi þfundarbót þeim, er hest á, eftir því sem hann er maðr til. En ef maðr tekr hefting af rossi manns fyrir ráð þess, er á, gjaldi aura þrjá þeim, er á, ok þess áþyrgð á rossi ok þllum verkum þess til þess, er eigandi kemr þondum á, ok sveri eið fyrir. En ef topp skerr ór þofði rossi manns, sá er sekr aurum tveimr. En ef ross rennr eftir ríðanda manni, þá láti hann ross til varðveizlu fyrr en hann hafi riðit um þrjá bæi eða áþyrgist sjálfr elligar. En ef hala þoggr af nauti manns, þá skal gjalda hálfan eyri silfrmetinn ok þfundarbót, sem hvervitna skal, þar er maðr gerir spell á búfé manns.<sup>6</sup>

Ekki ósvipuð ákvæði eru um hestavíg og umgengni við hesta í svokölluðum Landslögum Magnúsar konungs (lagabætis) Hákonarsonar, sem dó 1280. Hafði hann þá gengið frá lögbók, sem hann ætlaði Íslendingum og þeir samþykktu með semingi árið eftir. Lögbók þessi, *Jónsbók*, er mjög svo sniðin eftir Landslögum Magnúsar konungs.<sup>7</sup>

<sup>6</sup> *Norges gamle Love I*, Christiania 1846, bls. 228. Stafsetning er samræmd hér, en orðamuni handrita sleppt.

<sup>7</sup> Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga II*, Rvík 1958, bls. 20–30.



Hestaat. Mynd á spássú í Heynesbók Jónsbókar, AM 147 4to, frá fyrri hluta 16. aldar. Prengslin á spássúnni valda því að ekki er unnt að láta hestana rísa upp á afturfætur.

Skulu hér fyrst birt ákvæði Landslaga Magnúsar konungs:

*Ef menn etja hestum manna.*

Hvervitna þar, sem menn etja hestum manna at úleyfi þess, er á, bæti skaða þann, er af verðr, ok ǫfundarbót eftir lagadómi, þeim er hest á. En ef hálftrar merkr skaði verðr á, bæti fullrétti eftir lagadómi, svá sem með heift eða ǫfund væri gort. En hverr ábyrgist sik sjálftr at hestavígi, hverir sem etja. En ef maðr lýstr hest á hestavígi nauðsynjalaust, gjaldi eiganda ǫfundarbót eftir lagadómi, en ef hann spillist af, bæti fyrir spell ok ǫfundarbót eftir lagadómi, þeim er hest á. Nú tekr maðr hefting af rossi manns at úleyfi, gjaldi eiganda eftir sex manna dómi ok ábyrgist rossi at allu ok verk þess til þess, er eigandi kemr hǫndum á, eða syni með eins eiði, nema inn seti til ausla gjalda. En ef eykr eða annarr fénaðr rennr eftir manni, seti inn fénað fyr en farit hafi um þrjá bæja elligar ábyrgist at allu.<sup>8</sup>

Ekki fer milli mála, hvaðan eftirfarandi ákvæði í Jónsbók eru runnin:

<sup>8</sup> *Norges gamle Love II*, Christiania 1848, bls 126. Stafsetning samræmd hér, en orðamuni handrita sleppt.

*Um hestat ok taglskurð.*

Hvervitna þar er menn etja hesti manns at úleyfi þess er á, bæti skaða þann allan er af verðr ok ofundarbót eptir lagadómi þeim er hest á. En ef hálfrrar merkr skaði verðr á, bæti fullrétti eptir lagadómi, svá sem með heipt eða ofund væri gert. En hverr ábyrgiz sik sjálfr at hestavígi, hverir sem etja. Ef maðr lýstr hest á hestapingi nauðsynjalaust, gjaldi eiganda ofundarbót eptir lagadómi, en ef hann spellaz af, bæti fyrir spell ok fullrétti eptir lagadómi þeim er hest á. Ef maðr skerr tagl ór stóðhesti manns eða þinghesti eða þeim hesti er maðr hefir í brúðfór, bæti fullrétti þeim er með hest ferr, nema hann hyggi annat, þá bæti sem síðarr segir. Nú tekr maðr hepting af hrossi manns úlofat, gjaldi eiganda eptir dómi ok ábyrgiz hross at öllu ok verk þess, til þess er eigandi kemr hõndum á, eða syni eineiði, nema inn seti til auslagjalda. En ef hross eða annarr fénaðr rennr eptir manni, seti inn á næsta bæ er á leið verðr fyrir honum, ella ábyrgiz at öllu ok bæti skaða, ef eiganda verðr at. Nú vill sá eigi taka með honum eða láta inn setja fénað er fyrir sitr, þá ábyrgiz hann at öllu.<sup>9</sup>

Eftirtektarvert er, að Jónsbók hefur allnákvæm ákvæði um verðlag á hestum. Aðalreglan er, að hross á besta aldri og gallalaus eru virt hvert um sig á við kú, og ýmislegt ákveðið um verðlag annarra hrossa. 'Þetta skulu vera meðalhross', segir undir lok þessara ákvæða. En í þremur tilfellum eru hestar metfé, þ.e. verð þeirra er sammingsatriði, fer eftir mati hverju sinni: 'Stóðhestr, ok sé verði betri fyrir vígs sakir, þat er metfé. Geldr hestr, ok sé verði betri fyrir reiðar sakir, ok fylhross í stóði, þat er metfé.' Víghestar, reiðhestar og folaldsmerar hafa algera sérstöðu og lúta ekki almennum verðlagsákvæðum.<sup>10</sup>

## HESTAVÍG Á STURLUNGAÖLD

Það fer ekki milli mála, að Sturlunga saga er traustasta sagnfræðiheimild um einstök hestavíg, þó að þeim sé ekki lýst þar í einstökum atriðum að slepptri Arons sögu og Guðmundar sögu dýra, sem áður getur.

<sup>9</sup> *Jónsbók . . . og réttarbætr*, Odense 1970 (endurprentun útgáfu Ólafs Halldórssonar frá 1904), bls. 166–167.

<sup>10</sup> Sama rit, bls. 215–217 (kaupabálkur: 'Fjárlag almenniligt á vár').

Ljóst er, að hestavígin voru yfirleitt háð, þegar líða tók á sumar. Hér skulu í örstuttu máli nefnd dæmi með tilvísun til Sturlunguútgáfunnar frá 1946: Menn eru boðaðir til hestaþings 6. ágúst 1228 (I 322–23). Hestaþing fer fram í Skagafirði sunnudaginn 8. ágúst 1238 (I 420). Vera má, að hestaþingin hafi oft fallið saman við leiðarþing, en þau hófust á sunnudegi í 15.–19. viku sumars.<sup>11</sup> Hestaþing virðast hafa verið háð á stöðum, þar sem einnig voru haldnar aðrar samkomur: Hestaþing er á Leiðarhólmi í Dölum á sunnudegi, líklega nálægt 1170 (I 101), á Kleifum í Gilsfirði um svipað leyti (I 102), á Vatnsenda í Vesturhópi, illindi hljótast af, 1184 (I 132), hestaþing að Hamri í Fljótum 1194 (I 183). Hestaþing mörg í Borgarfirði: Sumarið 1253 sendi Þorgils skarði Þórð Hítnesing vestan frá Stað á Ölduhrygg 'suðr í Borgarfjörð at helga Þverárleið . . . Riðu þeir um daginn til leiðar, ok váru þar hestavíg mörg ok allmikil fjölmenni.' (II 152).

#### HESTAVÍG Í ÞORSTEINS ÞÆTTI STANGARHÖGGS

Hér skal svo tekið eitt dæmi úr fornsögu, sem Broddi nefnir ekki í riti sínu. Sú frásögn, þótt stutt sé, sýnir gerla, hvernig hestaat fór fram og hvað gat af því hlotist. Þetta er Þorsteins þáttur stangarhöggs, sem gerist í Vopnafirði. Þorsteinn, aðalpersónan, er sonur Þórarins bónda í Sunnudal, sem er orðinn gamall maður og sjónlíftill, en hafði verið rauðavíkingur á yngri árum. Þórður heitir húskarl Bjarna Brodd-Helgasonar á Hofi og lætur menn kenna þess, að hann er ríks manns húskarl. Þorvaldur og Þórhallur heita tveir 'uppaustrarmenn', þ.e. slefberar, sem fara með háðglósur milli manna. Síðan segir í þættinum:

Peir Þorsteinn ok Þórðr mæltu til hestaats ungum hestum. Ok er þeir öttu, þá vildi hestr Þórðar verr bítask. Þórðr lýstr nú á skoltinn hesti Þorsteins, er honum þótti sinn hestr verr hafa, mikit högg. En Þorsteinn sá þat ok lýstr á móti hest Þórðar heldr meira högg, ok rann nú hestrinn Þórðar, ok æpðu menn þá með kappi. Þá lýstr Þórðr Þorstein með hestastafnum, ok kom á brúnina, ok hljóp hon ofan fyrir augat. Þá risti Þorsteinn af skyrtublaði sínu ok bindr upp brúnina ok lætr sem ekki hafi at orðit ok biðr, at menn leyni þessu fýður hans. Ok fell þetta þar

<sup>11</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga I–ö*, Rv. 1977, bls. 45; *Grágás*, . . . *Skálholtsbók*, Khöfn 1883, bls. 638, og tilvísanir þar.

nú niðr. Þeir Þorvaldr ok Þórhallr höfðu þetta fyrir kallsi ok kolluðu hann Þorstein stangarhogg.<sup>12</sup> – Litlu fyrir jól um vetrinn risu konur til verks í Sunnudal. Þá stóð Þorsteinn ok upp ok bar inn hey ok lagðisk síðan niðr í bekk. Nú kemr Þórarinn karl innar, faðir hans, ok spurði, hverr þar lægi. Þorsteinn sagði til sín. „Hví ertu svá snimma á fótum, sonr?“ sagði Þórarinn karl. Þorsteinn svarar: „Við fá þykki mér at meta þat, sem hér er at vinna,“ sagði Þorsteinn. „Er þér ekki illt í höfuðbeininum, sonr?“ kvað Þórarinn karl. „Eigi kenni ek þess,“ sagði Þorsteinn. „Hvat segir þú mér, sonr, af hestaþinginu, því er í fyrra sumar var? Vartu ekki lostinn í svíma, frændi, sem hundr?“ „Engi þykki mér virðing í vera,“ sagði Þorsteinn, „at kalla þat heldr hogg en atburð.“ Þórarinn mælti: „Ekki mundi mik þess vara, at ek munda ragan son eiga.“ „Mæl þú þat eitt um nú, faðir,“ sagði Þorsteinn, „er þér þykkir eigi ofmælt síðar.“ „Ekki mun ek hér svá mikit um mæla,“ sagði Þórarinn, „sem mér er at skapi.“<sup>13</sup>

Allir vita, hvert stefnir, þegar slík frýjuorð eru við höfð í fornsögu, þó að þátturinn endi raunar með sáttum Þorsteins stangarhöggs og Bjarna Brodd-Helgasonar að lokinni riddaralegri viðureign þeirra, eftir að Þórður húskarl Bjarna og uppaustrarmennirnir Þorvaldur og Þórhallur hafa fengið að hniga í gras.

#### YNGSTU HEIMILDIR UM HESTAVÍG

Með fornri íslenskri sagnaritun lýkur að segja frá hestavígum. Þau virðast t. d. aldrei nefnd í íslenskum annálum, hvorki fornum né í annálum 1400–1800, sem flestir hafa nú verið prentaðir. Alger undantekning er frásögn Jóns Espólíns af hestavígi, sem hann telur hafa farið fram á Bleiksmýrardal 1623 eða skömmu síðar. Þar sem sú frásögn á að vera þungamiðja þessarar ritgerðar, verður betur að henni vikið síðar.

Þó að beinar heimildir og frásagnir skorti, má hiklaust gera ráð fyrir, að hestavíg hafi haldist á Íslandi fram yfir siðaskipti. Að slepptri

<sup>12</sup> Annars staðar kemur fram, að hestastafurinn er einnig kallaður stöng. Sbr. *Íslenzk fornrit X*, bls 182.

<sup>13</sup> *Íslenzk fornrit XI*, Rvík 1950, bls. 69–70.

frásögn Jóns Espólíns hefur að vonum löngum verið mest lagt upp úr svokallaðri Kýraugastaðasamþykkt, prestastefnusamþykkt Odds biskups Einarssonar frá 19. maí 1592, um þetta efni. Svo segir í 6. grein þeirrar samþykktar:

Item fyrirbjóði prestarnir hestaþing, vökunætur og smala-búsreiðir á helgum dögum, hvort það sker nótt eður dag. En dirfist nökkur að fara á því líkar samkomur og finnist þar nökkur sá, sem ekki hefur heyrt áður Guðs orð á þeim degi, þá skal hann klagast fyrir sýslumanninum. Item skulu prestarnir varast að gjöra nökkuð að þessari gleði, heldur hefta slíkan ósóma svo sem þeim er mögulegt.<sup>14</sup>

Í prestastefnugerð biskups á Alþingi 1592 er talað um 'vökunætur og hestaþing og slík ónytsamleg mannamót' í sömu andranni og skúr-goðadýrkendur.<sup>15</sup>

Á prestastefnum Odds biskups 1600–1601 er ítrekað bann við vökunóttum og hestaþingum 'undir helgar eða á helgum dögum', enda talin til hégómlegra mannamóta.<sup>16</sup>

Í skrá Þórðar lögmanns Guðmundssonar (d. 1608) um 'embætti hreppstjóra, . . . prestum til léttferlis', sem útgefandi Alþingisbóka Íslands virðist helst árssetja 1573, hljóðar 8. liður af 10 á þessa leið: 'Að varða við hestavígum eður vökunóttum á helgum dögum,' og raunar fjallar 7. gr. um 'að ei séu hafðar kaupstaða reiðir á sunnudögum.' Það kann þó að vera, að þessi skrá eða a.m.k. þessi tilfærðu atriði úr henni séu yngri og standi í sambandi við Kýraugastaðasamþykkt Odds biskups, og raunar ýjar útgefandi Alþingisbókanna að því.<sup>17</sup>

Fyrst bæði Skálholtsbiskup og lögmaður sunnan og austan hafa slíkan andvara á sér gegn hestavígum, hlýtur næstum að vera, að þau hafi verið iðkuð í tíð þessara tignu manna, eða fram undir 1600. Að banna leikana um helgar hefur sjálfsagt jafngilt því að leggja þá niður vegna margvíslegra sumaranna fólks. Undarlegt má þó vera að þess sjást engin merki, að Guðbrandur biskup, eldri samtímamaður Odds bisk-

<sup>14</sup> *Alþingisbækur Íslands* II, bls. 255–6, 258. Sbr. og sama rit, bls. 263 (prestastefna í Staðholti, svar við skriflegum spurningum biskups). Í tilvitnun í *Alþingisbækur* í þessari ritgerð er stafsetning samræmd.

<sup>15</sup> Sama rit, bls. 268.

<sup>16</sup> Sama rit III, bls. 226.

<sup>17</sup> Sama rit I, bls. 198.

ups og nokkru yngri en Þórður lögmaður, hafi hreyft legg eða lið til að berjast gegn hestavígum. Spyrja mætti: Er það af því, að hann ól næstum allan aldur sinn í mestu hrossahéruðum landsins, Húnavatnsþingi og Skagafirði? Um Guðbrand verður þó ekki sagt, að hann hafi skort siðavendni, t.d. þegar hann þrugaði í sálmabókarformála sínum 1589 gegn margvíslegum veraldlegum kveðskap, sumum að vísu misjafnlega smekklefum. Raunar gildir hið sama um formála Guðbrands að Vísnaðókinni 1612.<sup>18</sup>

Oddur biskup Einarsson andaðist 1630, og varð sonur hans, Gísli Oddsson (1593–1638), biskup í Skálholti eftir föður sinn til æviloka. Árið 1636 sendi Gísli biskup frá sér tvö umburðarbréf, annað dagsett 26. apríl ‘öllum veraldlegum yfirvaldsmönnum í Skálholtsstigi, dómendum, sýslumönnum og lögsagnarmönnum’, en hitt hreppstjórum, aðeins árssett, en ekki dagsett. Bæði eru bréf þessi sneisafull af siðferðilegri vandlætingu, og eru þar nefnd mörg herfileg dæmi um ókristilegt framferði manna, sem brýnt er fyrir hlutadeigandi fyrirmonnum að sporna við. En ekki er þar einu orði minnst á hestavíg eða neitt, sem þau varðar. Má hiklaust gera ráð fyrir, að þau séu þá gersamlega af lögð í Skálholtsbiskupsdæmi. Þessi bréf Gísla biskups Oddssonar eru bæði birt á íslensku í kirkjusögu Finns biskups (*Historia Ecclesiastica Islandiæ* III, bls. 144–157 (Litra C) og bls. 157–163 (Litra D)). Raunar hafði Gísli biskup sent próföstum og prestum umburðarbréf 6. júlí 1632, fyrsta sumarið sem hann sat á biskupsstóli, en ekki verður séð, að hann hafi þar minnst á hestavíg (*Biskupasögur* I (Sögurit II), Rvík 1903–1910, bls. 213).

#### NÁTTÚRLEG HESTAVÍG

Vitanlega heyja íslenskir stóðhestar baráttu sín á milli, og hana harðvítuga, bæði í byggð og á heiðum uppi, þegar um hryssurnar er að tefla. Sú viðureign um aldir hefur vafalaust átt sinn þátt í því að halda hrossastofninum hraustum og harðfengnum. En hvað sem því líður, má segja, að enn fari fram ‘náttúrleg’ hestavíg á Íslandi, meðan hrossaræktarmenn hafa ekki alfarið tekið stjórnina í sínar hendur. Það er ekki heldur alveg víst, að menn rjúki til og skakki leikinn, þó að

<sup>18</sup> Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, Rvík 1924, bls. 745–747; *Vísnaðók*, Hólum 1612, Ljósprent, Kh. 1937, bl. 1 v.



svaðafengna viðureign beri fyrir augu. Um það skulum við leiða danskan mann sem vitni:

Nu til Dags arrangerer man vel ikke saadanne Kampe; men byder Lejligheden sig til at se en Hestekamp, lader Islændingen den sjældent gaa ubenyttet hen.

Naar Hingstene bliver tre til fire Aar gamle, bliver de stundom ondskafulde og gaar løs paa hverandre, og da er der Lejlighed til at se en Hestekamp. – Det var i 1896, at jeg besøgte Skagafjörður og Síra **Hallgrímur Thorlacius** paa Glaumbær Præstegaard. Han var en ivrig Hesteopdrætter – og havde ialt 150 Heste, som gik løse. Skagafjords-Ridehestene var iøvrigt vidt og bredt bekendt for at være særlig dygtige, fyrige og udholdende og det hændte ikke sjældent, at Hingstene sloges paa Græsgangene – hvilket hidlokkede Tilskuere, som med den største Interesse afventede Udgangen af Kampen, ofte uden at søge at skille de Kæmpende ad. Præsten fortalte mig, at der nylig havde været en saadan Hingstekamp: To Hingste, tilhørende hver sin Bonde, græssede paa Engene nede ved Hjeradsvötn og gik løs paa hinanden. De rejste sig paa Bagbenene, sloges med Forbenene og bedes. Saa vendte de sig pilsnart om og sloges med Bagbenene, for et Øjeblik efter igen at vende Fronten til. Skønt de flængede hinandens Skind, saa Blodet flød af gabende Saar, gjorde hverken den ene Hingsts Ejer eller den anden Ejers Huskarle, som var til Stede, længe noget for at skille Dyrene ad. Først da Tilskuerne en Timestid havde fulgt Kampen, og Bonden, som var Ejer af det ene Dyr, med Stolthed kunde konstatere, at *hans* Hingst havde faaet Overtaget, gjorde man Ende paa Kampen og drev de lemlæstede Dyr fra hverandre.<sup>19</sup>

#### HESTAVÍG OG VERÐLAG Á ALÞINGISHÁTÍÐINNI 1930

Þó að svo hafi almennt verið talið hingað til, að síðasta hestavíg á Íslandi sé hestaat það, sem Jón Espólin segir frá í Árbókum sínum og hann telur hafa farið fram nálægt 1623, er óhjákvæmilegt að minnast á

<sup>19</sup> Daniel Bruun, *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island* (Ny omarbejdet og forøget Udgave), Khöfn 1928, bls. 299–300.

hestaat, sem fram fór á Pingvöllum 1930 í tengslum við Alþingishátíðina, sem lengi hefur verið og verður í minnum höfð.

Daníel Daníelsson (1866–1937), dyravörður við stjórnarráðið í Reykjavík, var mikill hestamaður og þúsund þjala smiður, nam ljósmyndagerð og bókband, vann að vesturfaraflytningum, stundaði búskap, verslun, brauðgerð, kaupþýsla og veitingasölu. Frægastur er hann þó e.t.v. af kvæði, sem Sigurður Z. Ívarsson orti í Spegilinn um það, þegar Jónas frá Hriflu sendi Daníel flengriðandi í apríl 1930 með bréf inn að Kleppi til að leysa dr. Helga Tómasson frá starfi þar.<sup>20</sup>

Daníel gekkst fyrir stofnun Hestamannafélagsins Fákus í Reykjavík árið 1922. Þegar leið að Alþingishátíðinni 1930, mun Morgunblaðið einhvern tíma hafa getið þess í fréttum, að félagið Fákur ætlaði sér að efna til hestaats á hátíðinni. Svo er að sjá sem fregnin hafi vakið umtal og einhverjum hafi litist miðlungi vel á tiltækið. Af þessu tilefni kvaddi Daníel Daníelsson sér hljóðs í Morgunblaðinu hálfum mánuði fyrir hátíðina með grein, sem hann nefnir 'Hestapung'.<sup>21</sup> Tekur hann fram í upphafi, að það sé ekki 'Fákur' sem eigi hlut að fyrirhuguðu hestaati á Pingvöllum, 'heldur undirritaður, sem algerlega ber ábyrgð á hestaatinu þar.' Vegna þess 'að nokkur misjafnlega tilbúinn orðasveimur er þegar farinn að ganga hér um bæinn út af þessu væntanlega hestaati' tekur höfundur sig til og ritar skilmerkilega sögu hestapunga, eftir því sem hún er kunn. 'Hestaatið í sumar á að vera til þess að gefa almennungi nokkra hugmynd um, hvernig friðsöm mót fóru fram í fornöld,' enda verði þess stranglega gætt, að engin meiðsl hljóttist af, hvorki á mönnum né hestum. 'Um langan tíma hafa folar þeir, er notast eiga við umrætt mót, staðið hlið við hlið í hesthúsi og aldrei hreyft þar hver við öðrum, en þá þeir hafa verið látnir út, hafa þeir oft glímt af mikilli list, án þess að hljóta meiðsl af. Það er því ástæðulaust fyrir þá menn, sem komnir eru til vits og ára, að vera að þenja sig út með vandlætningum, þótt 2–4 gradhestar séu látnir við þetta tækifæri sýna hestaþróttir til forna, vitandi þó, að árlega hefja<sup>22</sup> gradhestar blóðuga bardaga, þá þeir á vorin ganga með hryssum, án þess að þessir sömu menn eður aðrir geti við gert.'<sup>23</sup>

<sup>20</sup> Um Daníel, sjá annars *Íslenzkar æviskrár* og sjálfsævisögu hans *Í áföngum*, Rvkf 1937.

<sup>21</sup> *Morgunblaðið* 11. júní 1930, bls. 5–6.

<sup>22</sup> Svo í blaðinu (prentvilla f. *heyja?*).

<sup>23</sup> Smávegis er hróflað við stafsetningu og setningu greinarmerkja hér.

Tekið skal fram, að Daníel var Húnvetningur að uppruna og vissi vel, hvað hann söng, þegar hestar voru annars vegar.

Svo rennur upp annar dagur hinnar rómuðu Alþingishátíðar, 27. júní 1930, bjartur og skínandi. Niðri á völlum eru hátíðarræður og þinghald. En inni í Bolabás undir Ármannsfelli var efnt til kappreiða 'Fáks', sem bæði innlendir menn og erlendir, sumir hverjir hinna síðar-töldu konungbornir, gerðu góðan róm að. Síðan fór fram hestavíg undir stjórn Daníels. Er þá best að láta samtímaheimild skýra frá undirtektum. En fyrst skal vikið lítið eitt að fjármálum og verðlags-skyni á þessum tíma. Tekið skal fram, að sémileg bjartsýni var ríkjandi þetta vor, enda var fjárhagskreppan mikla enn ekki skollin á hér á landi, þó að hún gerði raunar vart við sig í lækkandi fiskverði þá um haustið.

Íslendingar hafa aldrei þótt naumir á fé, þegar þeir eru komnir í hátíðarskap og skemmtanaham. Kassabílar voru í förum milli Þingvalla og Bolabás, en mörgum óx fargjaldið í augum. Farið kostaði heila krónu hvora leið, og þriðja krónan fór í að greiða aðganginn. Þó varð þröng kringum bílana og færri komust að en vildu. Fjöldi manns fór gangandi aðra leið eða báðar, sumir vegna skorts á farkosti, aðrir í sparnaðarskyni. 'Var einkennileg sjón að sjá þann mikla manngúða, sem gekk í sporaslóð þvert yfir hraunið og mosapemburnar. Var þetta svo stór skari, að áður en lauk voru margar troðnar götur að líta alla leið úr Bolabás og niður á Leirur', segir í fréttum af þessari skemmtun.<sup>24</sup>

Til samanburðar við almennt verðlag í landinu 1930 skal þess getið, að nokkrum dögum fyrir hátíðina var auglýstur *Þingvallaakstur* á hátíðina. Fargjöld hvora leið voru a) með fólksbílum kr. 10,00 sætið, b) með vörubílum með sætum kr. 5,50 sætið. Má gera ráð fyrir, að gjöld þessi hafi verið í hærra lagi (miðað við bílaakstur almennt á þessum tíma) vegna óvenjulegrar eftirspurnar. Kaup verkamanna í dagvinnu í Reykjavík, miðað við 10 stunda vinnudag, var kr. 1,30 á klukkustund,<sup>25</sup> en víða annars staðar á landinu var kaupgjald nokkru lægra og víðast hvar miklu lægra, einkum í dreifbýli, enda mátti verkalýðshreyfingín sín lítills nema í þéttbýli. Fimm hundruð krónur á mánuði þóttu

<sup>24</sup> *Morgunblaðið* 28. júní 1930, bls. 2, 4. og 5. dálkur, undir fyrirsögninni 'Kappreiðar í Bolabás'. Sami fyrirvari og áður um frágang hér.

<sup>25</sup> Ólafur Björnsson, *Þjóðarbúskapur Íslendinga*, 2. útg., Rvík 1964, bls 274.

allhá embættislaun. Blöð verkamanna og samvinnumannanna töldu, að árslaun, sem færu yfir 8000 krónur, bæru vott um siðleysi og spillingu. Þó munu bankastjórar og ráðherrar hafa haft talsvert hærri laun á þessum árum.

En í fréttinni af kappreiðum í Bolabás í Morgunblaðinu, sem vitnað er í hér að framan, er örstutt viðbót, afmörkuð með litlu striki frá því sem áður er frá sagt:

Vel á minnst. Á eftir kappreiðunum átti að sýna hestaat. Hlakk-  
aði fólk mikið til að sjá það og hafði þegar áður en seinasta  
hlaupi lauk valið sér staði í brekkunum þar í grennd. En atið  
misheppnaðist að mestu, og verði háð hestaat aftur, þá þarf að  
haga því á annan hátt en hér var gert.

Eins og nærri má geta, hefur þessi dómur farið fyrir brjóstið á Daní-  
el Daníelssyni. En þó lætur hann kyrrt liggja um hálfis mánaðar skeið.  
Þegar Daníel hefur sótt í sig veðrið, hefur hann þetta að segja:

Ýmsir af þeim herskáustu mönnum, sem viðstaddir voru hestaat-  
ið á Alþingishátíðinni á Þingvöllum 27. f.m., létu óánægju sína í  
ljósi yfir, að graðhestar þeir, sem þar var atið <svo>, hefðu ekki  
bitist af nægri grimmd.

Í greinarstúf, er ég reit í Morgunblaðið skömmu fyrir hátíðina,  
gat ég þess, að ég myndi gæta þess við atið, að hestarnir hlytu  
sem allra minnstar skemmdir, en hins vegar vildi ég leitast við að  
sýna, hvernig friðsöm hestaat <svo> til forna myndu hafa farið  
fram. Hvernig mér hefir tekist að uppfylla það loford má lengi  
deila um, því sitt sýnist hverjum um þetta sem annað, en ljós-  
myndir þær, er ýmsir ljósmyndarar tóku þar af atinu, sýna  
glögg, hvernig það fór fram, og bera margar þær myndir með  
sér, að folarnir bitust, og eitt var víst, að þeir risu vel upp, en  
börðust ekki með afturfótunum, enda hefði það getað orðið  
ónotallegt fyrir þá menn, sem næst tróðust að girðingunni, sem  
folarnir voru í.

Hinsvegar játa ég, að innan handar var fyrir mig að láta folana  
berjast og bitast af meiri grimmd en þeir gerðu. Slíkt má gerast  
upp á tvennan máta. Annar máttinn er sá að hafa hryssur í nánd  
við folana, en hinn er sá að keyra hestana fram með þar til gerð-

um stöfum.<sup>26</sup> Þetta hvorutveggja var viðhaft til forna og stundum víst í ríkum mæli, og gafst það upp og ofan vel.<sup>27</sup>

Ekki er höfundur þessarar ritgerðar kunnugt um, að efnt hafi verið til hestaats sem leiks á Íslandi síðan 1930, en enn leika hross frjáls í sum-arhögum víða um land. Fæst af því, sem þar gerist, hefur verið skráð á bækur, fest á léreft eða filmað.<sup>28</sup>

#### JÓN ESPÓLÍN UM HESTAVÍG Á BLEIKSMÝRARDAL 1623

Þá er komið að Jóni Espólín og hinni kunnu frásögn hans um hestavíg-ið á Bleiksmýrardal. Árbækur hans (I.–XII. deild, Khöfn 1821–1855) taka yfir tímabilið 1262–1832. Þær eru stórbrotin og stórmannleg til-raun til að skrifa samfellda sögu þessa tímabils. Jafnan verða þær tald-ar meðal merkisverka í íslenskri sagnaritun, hvað þá ef þær eru metnar í samræmi við það gildi, sem þær höfðu fyrir sinn tíma. Að vísu er mjög auðvelt að benda á agnúa á þessu mikla riti, svo sem óeðlilega niðurbúttun efnisins vegna árbókarformsins og ofurgnótt ættfræðiefnis og persónufróðleiks, sem liggur utan við söguþráðinn. Þó að heimildir Jóns Espólíns hafi enn ekki verið kannaðar til hlítar, er ljóst, að hann styðst mjög við annála, sem fæstir höfðu verið prentaðir um hans daga, en einnig við ýmiss konar sagnarit, svo sem biskupasögur Jóns Halldórssonar, Kirkjusögu Finns biskups (á latínu, en ætti skilyrðis-laust að þýða á íslensku), æviminningar, prentaðar sem óprentaðar, og

<sup>26</sup> Ummæli um hryssurnar og nærveru þeirra minna á tilsvor Finns jarls Árnasonar í Heimskringlu, er Haraldur konungur Sigurðarson gaf honum kost á, teknum höndum í Nizarorustu, að þiggja grið af frændkonu sinni Þóru (Þorbergsdóttur Árnasonar, drottningu Haralds, sem viðstödd var orustuna): 'Eigi er nú undarligt, at þú hafir vel bitizk, er merrin hefir fylgt þér.' (*Heimskringla* III, Rvík 1979, bls. 155). Þakksamleg ábending dr. Lúðvíks Ingvarssonar. – Í lýsingum Íslendingasagna á hestavígum er ævinlega gert ráð fyrir, að etjandi hafi staf eða stöng í hendi til að styðja við og hvetja hest sinn. Beiting stafsins verður oft helsta misklifarefnið í hestavígum. Sbr. tilvitnun í Þorsteins þátt stangarhöggs og neðanmálsgr. 12 (bls. 13–14 hér að framan.)

<sup>27</sup> *Morgunblaðið* 12. júlí 1930, bls. 2, 3. dálkur.

<sup>28</sup> Í áður tilvitnuðum ritum eftir Svale Solheim (neðanmálsgr. 5 hér að framan) kemur fram, að hestavíg hafa haldist miklu lengur í Noregi en á Íslandi. Samkomur, sem þar í landi kölluðust *skeidet*, þar sem fram fóru bæði kappreiðar og hestavíg, voru bannaðar og lögðust af sums staðar á árunum 1820–1830, en dæmi um hestavíg uppi til selja í Nor-egi eru kunn fram yfir 1890. Orð í máli Suðureyjabúa eru talin benda til, að í eyjunum hafi farið fram hestavíg fyrir á öldum.

mætti svo lengi telja. Alþingisbækur, tilskipanasöfn o.fl. þess háttar. Þess verður og að gæta, að Árbækurnar eru aðeins eitt þeirra mörgu og miklu ritverka, sem Jón Espólín samdi eða þýddi um dagana, flest enn óprentað. Hann gerði mikla og merka tilraun til að koma á nýjum sagnastíl. Leit hann þá mjög um öxl til gamallar íslenskrar sagnahefðar og gerðist þá stundum nokkuð fornyrtur. Áhrifa frá honum gætir talsvert meðal yngri samtíðarmanna hans, eins og t.d. hjá Gísla Konráðssyni fræðimanni. En það urðu þó fremur menn eins og Sveinbjörn Egilsson, Jónas Hallgrímsson og aðrir Fjölnismenn, íslenskir þjóðsagnaritarar, Jón Sigurðsson og ýmsir samtíðarmenn hans, sem höfðu úrslitaáhrif á íslenskt ritmál í nútímastíl með því að virða óspillt íslenskt talmál, eins og það hafði varðveitst á vörum þjóðarinnar, og auðga það eftir þörfum að nýyrðum af innlendri rót eða í samræmi við gamla hefð.

Eins og áður er lauslega dregið á, er í Árbókum Jóns Espólíns frásögn af hestavígi, sem hann virðist árssetja 1623 eða mjög nálægt þeim tíma. Mér vitanlega hefur aldrei verið bent á, hver var heimild Jóns fyrir þessum atburði. Frásögnin hefur orðið mjög kunn og jafnan verið til hennar vitnað sem sannfræði um síðasta hestavíg á Íslandi. Sigurður Nordal telur verk Jóns Espólíns (Árbækurnar) bera 'ekki einungis vott um dæmafáan fróðleik og elju, heldur einnig skilning og dómgreind, og er ritað á kjarnmiklu og hreinu máli, sem ber mjög af stíl lærðra manna á 18. öld.'<sup>29</sup> Frásögnina af hestavíginu tók hann upp í báðar útgáfur lestrarbóka sinna (1924 og 1942, þó í bæði skiptin ásamt öðrum köflum) sem sýnishorn af ritmennsku Jóns.

Skal nú birt hér þessi frásögn úr Árbókunum orðrétt eins og höfundur gekk frá henni og engu sleppt af því, sem í kringum hana er loðir við hana að vissu leyti. Eftir að Jón Espólín hefur fyrir skömmu hafið að rekja atburði ársins 1623, farast honum svo orð:

Um haustið lét Sigurður Hrólffson á Víðimýri, sýslumaður í Þingeyjarþingi, dóm ganga um deilu Sveins Jónssonar á Illhugastöðum, er kallaður var hinn ríki, og Einars Eiríkssonar, hinn XVÍda dag Septembris; þótti Þingeyingum hann fjærri sitja, þar sem þeir voru í Skagafirði bræður. Þar sátu þeir til vissu þrír Hrólfs synir, Sigurður og Þorbergur sýslumenn og Bjarni lög-réttumaður, sá er harkið gjörði fyrrum syðra, hann var faðir

<sup>29</sup> Sigurður Nordal, *Íslensk lestrarbók*, Rvík 1924, bls. 103.

Þorsteins, föður Hrólfs á Álfgeirsvöllum; en Bessi Hrólfsson veit eg ei hvert þar var eður sá, er bjó að Urðum; hann var lögréttumaður og faðir Ingimundar á Írafelli og Rafns vestra; margir voru þeir gildlegir. En Sveinn hinn ríki, sá er getið var, á Illhugastöðum í Fnjóskadal, er sagt hafi átt V hundruð sauða, og léti eitt ganga á dalnum á vetrum, annað í Tungu í Fnjóskadal, þriðja í Reykjafjalli, en hina yngstu í sellandi; eitt sumar er sagt hann hafi tekið III hundruð sauða, og rekið eitt í Húsavík, annað á Akureyri, þriðja í Hofsó, og selt fyrir peninga, og látið alla fallið mundi hafa á komanda vetri, nema svo væri lógað, og hafi þá orðið fellivetur; er enn svo sagt hann hafi fólgið fé sitt í jörðu. Hestavíg héldust við í landi hér, langt fram á daga Odds biskups Einarssonar, sem fyrr var sagt, og nú er hér var komið, bjó Sigmundur að Garðsá í Kaupangssveit og var vel fjáreigandi; var illt með þeim Sveini, en þeir kappsmenn báðir. Sigmundur átti hest vindóttan, vaninn til vígs, hann gekk á dalnum fyrir vestan Fnjóská, og var kallaður Fnjóskadals afrétt allur framdalurinn til ódeilu. Hesturinn var oftast í hólunum, sem síðan eru kallaðir Vindhólar, en þó tel eg eigi vissu fyrir örnefnum af þessu, þó menn viti gjörla, að mennirnir voru uppi. Sveinn bóndi átti bleikan hest vígtaminn, hann gekk framur á dalnum fyrir austan ána, þar sem heitir Bleiksmýri, en annað tveggja er missagt um göngu hans eða lit, nema svo sé, að Sveinn hafi valið beitina eftir hestinum, því að miklu var fyrri kallaður Bleiksmýrardalur. Þeir Sveinn og Sigmundur mæltu mót með sér að reyna hesta sína og etja þeim á dalnum; voru þeir seinastir hestar vandir til vígs í Norðurlandi eða á Íslandi öllu. Þeir hlóðu tvo garða á Vindhólani, sem enn sér merki til, og öttu hestunum milli garðanna, en menn hjuggu sér rjóður fyrir ofan í hólunum, þeir sem vildu á horfa, því að til vorra daga hefir verið skógland mikið í Fnjóskadal. Vindur var stærri og stirðleiknari, en Bleikur minni og mjúkari; sviptust þeir lengi og hlupust á, en svo féll, er ei var vant, nema kunnáttuleysi hafi valdið, þeirra er fylgja áttu, að Bleikur tók á nára Vinds og reif á hol, svo að út héngu innfyli; Vindur stökk á garðinn og braut í skarð mikið og féll síðan dauður, en Bleikur hljóp yfir ána, fram í stóðið á dalnum. Sigmundur þykktist mjög við missir hestsins og óvirðing sína, er hönum þótti, og kvað þetta verða mundi seinast hestavíg þar nyrðra;

varð fátt um kveðjur með bændum. Sveinn var auðugastur maður að gangandi fé í Fnjóskadal, en það bar til vorið eftir hestavígið á hvítasunnunorgun, að sauðamaður Sveins fann gemling dauðan í kílfyrir neðan túnið. Sveini brá illa við og tók birkilurk mikinn og braut snjóbrúr af kílfnum og segir illt, ef hann drepir fyrir sér fleiri kindur; en er Jón prestur Tómasson frá Hálsi, bróðir Sigfúsar, sveins Odds biskups, reið þangað til embættisgjörðar, sá hann Svein liggja dauðan í kílfnum á grúfu með birki-fork í hendi, en þar heitir Sveinspollur, er hann lá; en nokkru síðar var vitjað um stóð á Bleiksmýrardal, og var Bleikur dauður í Bleiksmýrargröf; ætluðu menn um sama leyti orðið hafa sem lát Sveins, og var eignað fjölkynngi Sigmundar á Garðsá. Má þetta hafa fyrir satt, þó örnefni skakki eða séu missögð, þar sem heima stendur um menn alla, allt þar til er rök verða leidd á móti með sannindum; var Sveinn bóndi, sá er getið er, faðir Ólufar, móður Magnúsar, föður Sveins, föður Tómasar, föður Sölva, föður Sveins lögmans; en frá Sigmundi er komin Garðsárætt í Eyjafirði; en söguna um hestavígið heyrða eg af Pingeyingi einum í æsku, er svo var gamall, að muna mátti þá menn gamla, er mundu Sigmund, og var hún þá skrásett.<sup>30</sup>

Svo mörg eru þau orð. Það er ekki að furða þótt spurt sé: Hvaðan kom Jóni Espólín þessi fróðleikur um þetta sögulega hestavíg, sem um sumt minnir á íslenskar fornsögur? Sá er þó hinn mikli munur á, að nú er ekki leitað hefnda með vopnum, heldur er beitt göldrum til að ráða niðurlögum sigurvegarans, búfenaðar hans og hests. Í lokin er vísað til munnlegrar frásagnar, en það atriði þarfnast betri athugunar við síðar.

#### POSTULÍNSGERÐ DANA Á 18. ÖLD

Áður en vikið verður að þeim mönnum, sem riðnir eru við atburði í þessari dramatísku frásögn, og bent á heimild, sem fullvíst má telja, að Jón Espólín hafi haft fyrir sér, er nauðsynlegt að rifja upp fyrir sér nokkur atriði úr sögu postulínsgerðar í Danmörku.

<sup>30</sup> *Íslands Árbækur* í söguformi, VI. deild, Khöfn 1827, bls. 21–22. Stafsetning er hér færð í nútíðarhorf, enda er stafsetning Jóns Espólíns mjög svo fyrnd, alltaf tilgerðarlega og stundum ranglega. Mjög auðvelt er fyrir þá, sem það girnast, að lesa texta höfundar á Árbókunum.



Postulínsgerð Dana er ekki sérlega gömul, og í þeirri iðngrein hafa sannarlega skiptst á skin og skúrir, eins og við vill brenna í flestum atvinnugreinum. En hvað sem efnahagsmálum líður, mun óhætt að telja danskt postulín háþróaðan listiðnað. Hugmyndir um steinefni á Íslandi, sem kynnu að koma þessari iðngrein að notum, skutu tiltölulega fljótt upp kollinum. Íslendingar og menn, sem kunnu skil á íslenskum efnum, komu snemma við sögu danskrar postulínsgerðar.

Fyrstu tilraunir til postulínsframleiðslu í Danmörku eru taldar hafa farið fram árið 1731, en hvort tveggja er, að heimildir eru rýrar um þessa tilraun og engin sýnishorn eru til af framleiðslunni. En árið 1759 hóf franskur maður að nafni Louis Fournier postulínsframleiðslu í Danmörku. Þó að starfsemi hans stæði aðeins fram til ársins 1765, bar hún ágætan árangur, og þau fáu eintök, sem enn eru til af framleiðslu Fourniers, þykja nú hinir merkustu safngripir. En árið 1765 kemur til sögunnar danskur efnafraeðingur og lyfsali að nafni Frantz Henrich Müller og tekur við ofnum og framleiðsluadstöðu Fourniers. Leiddu þessi eigendaskipti brátt, en þó eftir vonsvik um söfnun nægilegs hlutfjár, til stofnunar Hins konunglega danska postulínsfélags, sem hóf framleiðslu úr leir frá Borgundarhólmi árið 1772. Hinn 13. mars 1775 fékk félagið einkaleyfi (ýmist nefnd Privilegium eða Monopol í heimildum mínum) til framleiðslunnar í öllum ríkjum og löndum Danakonungs. Er jafnan talið, að árið 1775 skipti sköpum í postulínsgerð Dana.<sup>31</sup>

Margt stuðlaði að því, að á því tímabili, sem hér hefur verið til umræðu, er farið að gefa íslenskum steinefnum og jarðefnum miklu meiri gaum en áður. Skynsemisstefnan (rationalisminn) sem lifði sitt blómaskeið á síðari hluta 18. aldar, átti drjúgan þátt í því, að áhugi á hvers konar náttúrurannsóknnum jókst til stórra muna, ekki síst ef vænta mátti, að slíkar rannsóknir færðu mönnum björg í bú. Þó að okkur þyki efnahagsástand Íslendinga óbjörgulegt á þessu tímarskeiði, er því ekki að neita, að nokkuð bólar á nýjungum og mikið er rætt og ritað um eflingu atvinnulífs á Íslandi um þetta leyti. Skulu hér aðeins nefndar Innréttingarnar í Reykjavík og önnur umsvif Skúla fógeta Magnússonar, sem hófust upp úr miðri öldinni, rannsóknarferðir Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um landið á árunum 1752–1757 og hin

<sup>31</sup> Hér er aðallega stuðst við greinina 'Dansk Porcelæn' í *Salmonsens Konversationsleksikon* V, bls. 788–789, og *Dansk biografisk leksikon* undir 'Müller, Frantz Henrich'.

stórmerka ferðabók þeirra félaga, sem út kom í Sórey árið 1772, þar sem gerð er hin ágætasta grein fyrir rannsóknnum þeirra. Var sú bók um langan aldur grundvallarrit fyrir þá útlendinga, sem þurftu og hirtu um að fræðast um Ísland og íslenska landshagi, enda var ritið snemma þýtt bæði á þýsku, ensku og frönsku. Í þriðja lagi skal svo nefnd starfsemi landsnefndarinnar fyrri, sem sat á rökstólum 1770–1771 og fjallaði framfarir öllu um íslensk efnahagsmál. Að lokinni rækilegri gagnasöfnun og umfjöllun um hag landsins skilaði nefndin skýrslu til danskra stjórnvalda. Er þar brotið upp á ýmsum nýjungum, sem sumar hverjar áttu framtíð fyrir sér. Á grundvelli skýrslunnar var gefinn út konungsúrskurður um ráðstafanir til viðreisnar Íslands 21. mars 1774.<sup>32</sup> Kveður þar talsvert við annan tón en oft endranær, bæði fyrir og síðar, í plöggum danskra stjórnvalda. Jafnvel launverslun Íslendinga við erlendar þjóðir, sem áður hafði verið kaupmönnum og stjórnvöldum mikill þyrnir í augum, er talin bæði óveruleg og ósáknæm. Sérstakur kafli (Art. XII) er þar um íslenska steina og jarðvegstegundir á Íslandi, sem kunnir að mega nýta, en ekki er þar nefndur postulínsleir eða svokölluð *bleikja*, sem kemur síðar við sögu í þessari ritgerð. Í Ferðabók Eggerts og Bjarna er allnákvæm lýsing á ýmsum íslenskum leirtegundum, þar á meðal bleikju, sem sögð er hafa fundist í Mókollsdal í Fellssókn í Strandasýslu:

Tvö afbrigði eru til af henni, annað er hvítt og fingert, en hitt er bleikt eða gulleitt og oft dálítið grófara. Fíngerða afbrigðið er límkennndara og seigara en hitt og þolir allvel eld og ólgar ekki í saltpétursýru. Það er bragðlaust að mestu, en þurrt og barkandi. Bleika afbrigðið er lítið eitt súrt. Margir nota það bæði sem duft og plástra við sár og meiðsli, og reynist það vel, og til þeirra hluta sækja menn bleikjuna langt að.

Að lokum er sögð grátbrosleg saga af leiguliða einum, sem hugkvæmdist 'að gjalda landsdrottne sínum bleikju í staðinn fyrir smér, því að torvelt er að þekkja það sundur, ef fljótt er á lítið.' En upp komast

Minna en vænst var var að græða á Victor P. Christensen, *Den kgl. danske Porcelainsfabrik i 18. Aarhundrede*, Khöfn 1938.

<sup>32</sup> *Lovsamling for Island IV*, bls. 34–50. (Kongelig Resolution ang. Foranstaltninger til Islands Opkomst).

svik um síðir, hér sem endranær, og varð bóndi að súpa seyðið af því.<sup>33</sup> Ekki er þess getið á þessum stað, að bleikjan sé gagnleg eða nothæf til postulínsframleiðslu, enda er varla kominn mikill hvað þá almennur áhugi á postulínsgerð í Danaveldi á þeim árum, er þeir Eggert og Bjarni ferðuðust um landið.

Annað er svo uppi á teningnum, þegar Ólafur Olavíus (1741–1788) leggur hér land undir fót á árunum 1774–1775. Í Ferðabók hans, sem kom út í Kaupmannahöfn 1780, er talsvert um bleikjuna fjallað. Hún er sögð:

Þung, mjúk leirtegund, sem ýmist er hvít eða bláhvít á litinn. Leir þessi freyðir ekki, hvorki í saltþéturssýru né brennisteinssýru, og hann líkist fullkomlega postulínsleirnum á Borgundarhólmi, og ætti að mega nota hann á sama hátt . . . Stundum er hann notaður í sápu stað, og gerir hann að því leyti sama gagn og hún, að hann leysir óhreinindin úr fötunum, þótt með ólíkum hætti sé. Ég er og þeirrar skoðunar, að vel mætti nota báðar þessar leirtegundir til málningar, ef þær væru blandaðar með fernisolíu, og hef ég gert tilraunir með það; reyndust þær nothæfar, ef ekki er völ á öðru betra, en þó þótti einkum hvíti leirinn vera of kjarnlítill (*vanta corpus*). Ef leir þessi reynist hæfur til postulínsgerðar, er sá galli á, að erfitt er um útflutning á honum, vegna þess hve langt er til næstu hafnar, hvort sem er Skagaströnd eða Reykjarfjörður, nema siglt yrði til Bitrufjarðar eða Steingrímsfjarðar, og er það þó dagleið í burtu, því að aldrei hefur skip komið á Kollafjörð né mun heldur koma þar. Annars hafa rannsóknir leitt í ljós, að nálægt 1/3 af bleikju þessari er álún.<sup>34</sup>

Auk þess sem hér greinir, fjallar Jón Eiríksson konferensráð á sama stað í neðanmálgrein um téðan leir og möguleika á að prófa nothæfni hans til postulínsgerðar í Kaupmannahöfn og vitnar þar til konungsúrskurðar um fyrirhugaða rannsóknarferð Nicolais Mohr (1742–1790) til Íslands. Hvergi kemur fram í riti Olavíusar, hvorki í prentuðu útgáf-

<sup>33</sup> Eggert Olafsen og Biarne Povelsen, *Reise igiennem Island*, Sórey 1772, kafli nr. 565. (Í íslensku þýðingunni frá 1943, I. bindi, bls 271–272).

<sup>34</sup> Olaus Olavíus, *Oeconomisk Reyse*, Khöfn 1780, grein nr. 224 (bls. 566–567), *Ferðabók* (íslensk þýðing) II, Rvík 1965, bls. 195–6.

unni né handriti því, sem til er í rentukammerskjöllum í Þjóðskjalasafni, að hann hafi lagt leið sína inn á Bleiksmýrardal.

Nicolai Mohr var Færeyingur og ferðaðist um Ísland sumurinn 1780 og 1781 til að rannsaka náttúru landsins, en á árunum 1776–1778 hafði hann ferðast um Færeyjar í sama skyni og safnað þar merkjum gögnum til lýsingar á eyjunum. Frá hans hendi kom svo út ritið *Forsøg til en islandsk Naturhistorie, med adskillige oekonomiske samt andre Anmærkninger*, Khöfn 1786. Þar er einnig nokkurn fróðleik að finna um ýmsa þjóðtrú á Íslandi tengda náttúrufrýrbærum, sbr. tilvísanir í rit hans í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Síðustu æviár sín var Mohr umsjónarmaður (kontrollør) við Konunglegu postulínsverksmiðjuna í Höfn, en féll frá á besta aldri. Áðurnefndur konungsúrskurður sýnir ljóslega þann áhuga, sem var í Danmörku á postulínsleir á Íslandi. Verður ekki annað séð en Jón Eiríksson (1728–1787), sem hin síðari ár var meðal valdamestu manna í danskri stjórnýslu, hafi haft manna mestan áhuga á postulínsleir á Íslandi. Það þarf vart að taka það fram, að það hvarflaði ekki að nokkrum manni að reisa postulínsverksmiðju á Íslandi, heldur hefur vafalaust átt að tryggja Hinni konunglegu dönsku postulínsgerð, sem einkaleyfið hafði, nægilegt hráefni. Í konungsúrskurðinum segir meðal annars:

Vi ville allern(aadigst), at fra Kammeret skal bidrages til den Undersøgnings-Reise i Island, som Directionen for Vores Porcellains-Fabrik ønsker at maatte skeep ved Studenten Mohr, og maa ham til de 100 Rd., ham af Fabrikkens Cassa maatte vordet tilstaaede, gives et Tilskud af 200 Rd. aarlig i 2 Aar . . .

Síðar kemur fram í úrskurðinum, að Mohr skuli leggja höfuðáherslu á að rannsaka postulínsleirinn, enda er úrskurðurinn sendur stjórn postulínsverksmiðjunnar ásamt öðrum, sem málið varðar.<sup>35</sup> Í riti Mohrs er talsverð greinargerð um leirinn í Mókollsdal,<sup>36</sup> en það rit er raunar yngra en það tímabil, sem varðar þessa ritgerð. Konungsúrskurðurinn er frá 17. apríl 1780.

Á árunum 1778–1779 felur rentukammerið eða réttara sagt deildin Vestindisk-Guinæisk Rente samt General Toldkammer, sem fór með Íslandsmál á þessum tíma, Jóni Jakobssyni (1738–1808) sýslumanni á

<sup>35</sup> *Lovsamling for Island IV*, bls. 529–530, og formáli Jóns Eiríkssonar að Oeconómisk Reyse, bls. CXCIV (Íslensk þýðing I, bls. 118–119).

<sup>36</sup> *Forsøg til en islandsk Naturhistorie*, Kh. 1786, bls. 287–293.

Espihóli í Eyjafirði, föður Jóns Espólíns sýslumanns og sagnaritara, að annast tvennar jarðvegsrannsóknir, aðrar í Siglufirði vegna blýantssteins (grafíts), sem þar hafði fundist, en hinar á Bleiksmýrardal til að ganga úr skugga um, hvort þar sé að finna bleikju, sem nothæf væri til postulínsgerðar.<sup>37</sup>

#### GRAFÍTNÁMA Í SIGLUFIRÐI

Um rannsóknirnar í Siglufirði skal ekki fjölyrt hér. Fróðleikur um þær er auðfundinn í Ferðabók Olavíusar, Landfræðissögu Íslands eftir Þorvald Thoroddsen og náttúrusögu Mohrs. Þó get ég ekki stillt mig um að birta hér skýrslu, sem Jón Jakobsson sendi rentukammerinu með bréfi sínu 6. september 1779. Bæði er það, að mætavel er frá skýrslunni gengið og ekki er vitað til, að náttúrufræðingar síðari tíma hafi gefið henni gaum.

Epter þess Háloflega Rentu og General Toll Cammer Collegii Nädugu Skrifte af Dato 5<sup>ta</sup> Junii Næstl(idens) til Systumannsens yfer Wödlu-Syslu Sr Jöns Jacobssonar samt velnefnds Syslumannsens þar á grundvölludum Foranstaltninger og Befalningumm: Höfum vier underskrifader þann 25<sup>ta</sup> Augusti Mánadar byriad ad visitera og Nöye rannsaka Blyantz ædena i Siglufyrde og er Äsigkomulaged sem Filger.

1°. Ädinn stendur inni Klettenn Kringlött vid einn litenn MelhöL, likast því sem Kvistur Stendur i Tre, half Dönsk alenn ad framann i 4<sup>r</sup> Kant, a hvörn veg. Enn Kletturinn sem hun i Stendur er 9<sup>a</sup> alner a breidd, en 7 Alner a Hæd möt Sudaustri.

2°. Þad sem nädst hefur, og Kammer Secretaire Olavíus var sendt i Firra, og nu er utbrotid, er ad Leingd 7 fet, edur<sup>38</sup> 3 ½ al(en), og ecke gätum vier framar til Blyantz ædarennar formerkt i Fiallenu nu; Enn

3°. Blyantz ertz Stikke sendast H<sup>r</sup> Systumannenumm her med effter befalning; hitt sem Nädst hefur, Jnnpöckum vier med heye

<sup>37</sup> Fyrir utan bréfaskipti, sem vísað verður til síðar, minnst Jón Jakobsson á fyrir-mæli um þessar rannsóknir í Espihólsannál 1778: 'Kammeret befalar: . . . blýant í Siglufirði undirsækist' og við árið 1779: 'Kammercollegium befalar: . . . blýantsgangurinn í Siglufirði undirsækist enn á ný, sömuleiðis bleikja á Bleiksmýrardal.' (*Annálar 1400-1800 V*, bls. 163 og 165).

<sup>38</sup> Þetta orð er skrifað milli lína í hdr., á milli orðanna fet og 3 ½, og vísað hér inn.

i millum laganna i halftunnur sem velbentar skulu leverast til Kaupmannsens a Hofsös nu i Haust, ädur Skip þar Sigler.

4°. Vonum vier sameigenlega, það Häloflega Collegium siäe oss Fataka menn skadlausa fyrer vorar Reisur, Ervide, og ömak vid þesse beföluðu Erende: Hvar til vid vonum, h' Sýslumadurinn Sr Jon Jacobsson, og so effter billegheitum Recommender⟨e⟩ oss.

D(ie) 25 Augusti 1778	Höfn i Siglufyrde
Jon Gudmundsson	Gudvardur Eyriks Son
Prestur til Hvanneyrar	Sýslumansens Sr: Jons Jacobs Sonar
(Innsigli)	fullmektugur frá Tungu i Fliötum
Porsteinn Jóns Son	(Innsigli) <sup>39</sup>
Reppstiori i Hofn i Siglufyrde	Guðmundur Magnus Son
(Innsigli)	Bonde i Holum i Austur-fliötum
	(Innsigli) <sup>40</sup>

Eins og fram kemur í skýrslunni, er bréf rentukammersins til Jóns Jakobssonar dagsett 5. júní 1778. Það bréf er að finna í skjalasafni Eyjafjarðarsýslu (í böggli II A 2) og raunar einnig í bréfabók rentukammers, en bréfabækur þess eru til í ljósriti í Þjóðskjalasafni.

#### RANNSÓKNIR Á BLEIKSMÝRARDAL

Í bréfaskiptum rentukammersins og Jóns Jakobssonar sýslumanns tengjast Bleiksmýrardalur og hugmyndir um gnótt postulínsleirs mjög traustum böndum, og fer þá svo, að sýslumanni berst að eyrum saga um hestavíg endur fyrir löngu. Fyrir þeim, sem söguna segir, vakir það bersýnilega að skýra uppruna nafnsins Bleiksmýrardalur og kveða niður þá kenningu, að nafnið standi í sambandi við hina göfugu bleikju,

<sup>39</sup> Guðvardur er víslaga sá sami maður, sem bjó í Tungu í Stíflu a. m. k. 1799–1805 og dó 15. nóvember 1814, 88 ára. *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu*, 4. hefti, Rvík 1959, bls. 142. Sbr. og *Mannatal á Íslandi 1801, Norður- og austuramt*, Rvík 1980, bls. 177 (Tunga).

<sup>40</sup> *Íslands Journal rentukammers 4 nr. 563* (fylgiskjal). (Askja Rtk 39. 10 í Þjóðskjalasafni). – Vafalaust hefur blýgrýtið (grafítið) í Siglufirði átt að tryggja blýanta-verksmiðju í Danmörku nægilegt hráefni. Nicolai Mohr varð ekki meira ágennt en svo í leit sinni að grafíti í Siglufirði, að hann fékk aðeins grafít í hálfan vettling. *Forsög til en islandsk Naturhistorie*, Kh. 1786, bls. 343–345. – Sbr. og Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands III*, Kh. 1902, bls. 79–80.

sem henti til framleiðslu borðbúnaðar og skrautmuna handa fagurkerum. Rentukammerið kemst m.a. svo að orði undir lok í bréfi til Jóns Jakobssonar, dagsettu 24. mars 1779 (Skjöl Eyjaf.s., II A 2 í Þjskj.s.):

Og da der i den saakaldede Bleÿkemÿredal i Øefiords Sÿssel, skal findes et slags Jord, som formodes at være tienlig til Porcellain, saa vilde Hr. Sÿsselmanden og saa deraf besørge et Qvantum, med den Forsigtighed at Jordarten bliver saavidt muelig reen og uden Blanding med andre, opgravet og hidsendt, da Bekostningerne paa begge deele, efter en af Ham paa det nöyeste betinget og attesteret Regning skulle blive godtgiorte.

Ekki hefur tekist að rekja, hvaðan þessar hugmyndir um leirinn bleikju á Bleiksmýrardal eru runnar, enda er hvergi nærri öruggt, að það sé nokkurs staðar skráð. Ekki verður séð, að náttúrufræðingar eða aðrir rannsóknarferðalangar á 18. öld hafi lagt leið sína inn á Bleiksmýrardal. Harla eftirtektarvert er það, að skömmu fyrr innrituðust tveir Íslendingar í Listaháskólann (Kunstakademiet) í Kaupmannahöfn, þeir Sæmundur Magnússon Hólm og Rafn Þorgrímsson Svarfdalín (um 1756–1814), sem báðir innrituðust árið 1776. Um svipað leyti og þessir menn stundaði þar einnig nám Ólafur Ólafsson, síðar prófessor í Kónsbergi, en hann kann þó að hafa hafið þar nám nokkru síðar en hinir. Sæmundur var Skafftellingur, Ólafur Skagfirðingur, en Rafn Eyfirðingur að uppruna. Faðir Rafns var Þorgrímur bóndi og hreppstjóri á Þverá í Öxnadal Jónsson prests á Myrká Ketilssonar, en að svo stöddu skal ósagt látið, hvernig Rafn tengist Svarfaðardal. Hann skrifaði sig raunar Raben Svardahlyn, svo að hugsanlegt er, en þó ekki líklegt, að hann kenni sig við Svartárdal, bæ eða dal. Rafn er líklegastur þessara manna til að þekkja eitthvað til Bleiksmýrardals eða geta gert sér einhverjar hugmyndir um hann. Því miður er margt á huldu um ævi Rafns, en svo mikið er um hana vitað, að starfsferill hans er nátengdur postulíni. Rafn er á nemendaskrá Akademiunnar til vors 1778, en árið eftir gerist hann rósamálari (Blaamaler) við Konunglegu postulínsverksmiðjuna og var það til æviloka. Rafn var móðurbróðir Þorgríms Tómassonar á Bessastöðum og því ömmubróðir Gríms Thomsens skálds.<sup>41</sup>

<sup>41</sup> Björn Th. Björnsson, *Íslensk myndlist I*, Rvík 1964, bls. 16–17. Ég á Birni það að þakka, að hann vakti athygli mína í samtali á Rafni, sem var mér eins og fleirum gleymdur maður. Það er þó algerlega á mína ábyrgð að tengja Rafn við hugmynd um postulíns-

Bleiksmýrardalur er vestastur þeirra þriggja afdala, sem liggja inn af Fnjóskadal. Hann er talinn ganga allra norðlenskra dala lengst suður í landið og eiga drög sín langt suður á Sprengisand, norðaustan Hofsjökuls. Dalurinn hefur löngum þótt gott afréttarland. Hann hefur sennilega aldrei verið byggður, en rústir eru þar nokkrar. Eftir örnefnum að dæma eru þær þó fremur seljarústir og stekkarústir en bæjarústir.<sup>42</sup> Ekki verður þó svarið fyrir, að einhvern tíma hafi verið gerð tilraun til að festa þar byggð, en um það eru engar heimildir kunnar. Að fornu og fram eftir öldum áttu dalinn Hrafnagilskirkja vestan Fnjóskár, en Munkaþverárklostur austan ár.<sup>43</sup> Dalurinn er stöku sinnum nefndur í fornum ritum sem samgönguleið. Kunnastur mun hann af frásögn Íslendingasögu Sturlu, þegar Þórður kakali kemur út 1242, líklega á Gásum, fer þaðan heim á æskustöðvarnar á Grund og ríður síðan með leiðsögumanni 'norðr um (Vaðla)heiði ok upp Bleiksmýrardal og svá suðr um land ok kómu niðr at Keldum,' þar sem Steinvör systir Þórðar bjó, gift Hálfðani Sæmundarsyni frá Odda. Reyndist Steinvör öruggasti bandamaður bróður síns, þó að Hálfðan væri maður friðsamur og teldi sig ekki mann til að standa í stórræðum.<sup>44</sup>

Hér skal ekki farið út í skýringar á örnefninu Bleiksmýrardalur, en örnefni með *Bleiks-* eða *Bleik-* að fyrri lið eru nokkuð algeng víðs vegar um landið. Orðmyndin *Bleikudalur* eða *Bleikjudalur* kemur fyrir um afdal í Svarfaðardal, en ekki er það nafn þekkt nú.<sup>45</sup> Kemur þá vitanlega til greina, að nafnorðið *bleikja*, hvort sem er í merkingunni silungstegund eða ljós leir, liggi þar til grundvallar. Bleiksmýrardalur

leir á Bleiksmýrardal. Undarlegt er það, að smádalur gengur inn af Bleiksmýrardal, nefndur Svartárdalur. Þar er einkennilegur steinn, sem nefndur er Altari (*Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1906, bls. 14).

<sup>42</sup> *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1906, bls. 13–15. Sbr. og *Landið þitt* I, Rvík 1984, bls. 92. Í riti sínu *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Pingeyjarsýslu 1703–1930* (Sagnfræðirannsóknir II), Rv. 1973, nefnir Björn Teitsson ekki Bleiksmýrardal, byggð eða eyðibygð í honum.

<sup>43</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* VIII, bls. 214–216.

<sup>44</sup> *Sturlunga saga* I, Rvík 1946, bls. 472. Sömu leið er vafalaust lýst, en þó með frábrugðnu orðalagi, í Þórðar sögu kakala, sama rit II, bls. 5, þó að öðruvísi sé skýrt í textaskýringum útgáfunnar (sama rit II, bls. 296). Þórðar saga tekur fram, að hann hafi komið út á Gásum (bls. 3).

<sup>45</sup> *Íslensk fornrit* IX, bls. 180.



kemur fyrir í fornum ritum í þeirri nafnmynd, sem enn tíðkast. Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður virðist telja, að dalurinn hafi upphaflega heitið *Blígsmyrárdalr*, en ekki verður séð, að hann styðji þá tilgátu sérstaklega sterkum rökum.<sup>46</sup> Í skjali frá 1508 (í handriti frá því um miðja 17. öld), þar sem Jón Arason prestur á Hrafnagili (síðar biskup) kærir óleyfilegan lambarekstur á Bleiksmýrárdal, kemur tvisvar fyrir hin torkennilega orðmynd *Bleykssmyrdalr/Bleykzsmýrdalr*.<sup>47</sup> Mestar líkur eru til, að *Bleiksmýrarnafnið* sé upprunalegt, hvernig sem það svo er til komið í öndverðu, enda skiptir það höfuðefni þessarar ritgerðar engu.

Svo fór, að Jón Jakobsson sendi rentukammerinu í tvennu lagi skýrslur, sem varða *Bleiksmýrárdal* og leit að bleikju þar, en þó býsna ólíkar. Hér verður fyrst birt skýrslan, sem hann sendi með seinna bréfinu, en það er dagsett 11. nóvember 1779 og hljóðar svo:

Her ved Jndsendes Underdanigst, meddelte Underretninger fra dem, som i følge Höylovlig Collegii naadigste Pro Memoria de dato 24<sup>de</sup> Martii a.c. /:som ved min Underdanigste Pro Memoria af 6<sup>te</sup> Septembr(is) næstleden, om denne Affaire blev forglemt:/ beskikket vare, at undersøge, om Porcellain Jordart, paa Bleikmýre-Dalen her i Sysselet . . .

Hér er raunar ekkert nema venjulegt form embættisbréfa þessa tímaskeiðs á ferðinni, en annarlegt má það kallast, að bæði rentukammerið og sýslumaður skuli telja *Bleiksmýrárdal* vera í Eyjafjarðarsýslu. Hann er þó bæði fyrr og síðar talinn til Þingeyjarsýslu, þó að *Hrafnagilskirkja* og *Munkaþverárklaustur* (þ.e. konungur 1779) séu eigendur dalsins.

Þá kemur hér fylgiskjalið með bréfinu:

Epter Her Syslumans yfer Vadla-Syslu Sr Jons Jacobssonar skriflegre Befaling nu þann 5<sup>ta</sup> Junii, Reistumm vier underskrifader til *Bleiksmýrárdals* sem er ur bigd Hiedann<sup>48</sup> þyngmanaleid, Ed-

<sup>46</sup> *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1923, bls. 11. Hannes er þó ekki mjög harður á mákstað sínum í þessu efni, aldrei þessu vant.

<sup>47</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* VIII, bls 258 (á fyrri staðnum er þar ranglega tíunduð orðmyndin *Bleiksmýrdalr*). *Steph.* 62, bl. 14 v (ljósmynd í Árnastofnun í Reykjavík). Á fyrri staðnum er *smydar* raunar leiðrétt ofar línu í *myrar* (með unglegri rithendi), enda er fráleitt, að uppruni nafnsins felist í þessum orðmyndum bréfsins.

<sup>48</sup> Í hdr. *Hediann*.

ur 5 mylur, þar til að er vær biriudumm að Leita, Effter þeirre Bleikiu sem þar skilde eiga að finnast, leitudumm vier; Stungumm og gröfum Jórd J Giliumm, Gröfum<sup>49</sup> og Ärbockumm, Stungumm Lyka til Hingad og Pangad, þar Lykast þotte, enn fundumm Eckert, Geingu 5. dægur Her til, Þvj vær yferförumm dalenn athugasamlega til og frá allann. og þar að auke Ransókudumm grandkunniger a Veige ockar til og frá Hvad gätumm. Enn vær fundumm þo Eckert nockurstadar af Bleikiu Leyr, edur Jardar art; a Bleiks Myrardal, Hófum heldur aldrei Heirt Peirrar Jardar tegundar þar Gieted.

Til stadfestu a Þorerstodum d(ie) 12 Junii 1779.

Sigurdur Guðmundsson  
(Innsigli)

Ólafur Björnsson  
(Innsigli)

Arne Sigurdsson (Innsigli)<sup>50</sup>

Enginn vafi leikur á því, að bærinn 'Þorerstader' er Þórustaðir (stundum nefndir Þórisstaðir) í Kaupangssveit. Þar býr 1762 Sigurður Guðmundsson, þá sagður 34 ára. Í skrá um ungmenni í Kaupangssókn 1771 er Árni Sigurðsson á Þórustöðum, þá sagður 13 ára, 'sonur Sigurðar og Katrínar.' Sennilega er Árni Sigurðsson, sem skrifar undir skýrsluna, þá sonur Sigurðar Guðmundssonar á Þórustöðum, sem var hreppstjóri. Ólafur Björnsson, sennilega hinn sami og hér, er á Garðsá í skrá um ungmenni 1771, sagður 20 ára, 'sonur Björns og Málmfríðar'. Í manntalsbók sýslumanns (sem tilgreinir ekki föðurnöfn gjaldenda) sést, að bóndinn á Þórustöðum heitir Sigurður, en á Garðsá Björn. Gera má fastlega ráð fyrir, að það séu feður Árna Sigurðssonar og Ólafs Björnssonar, sem eru þá líklega vinnumenn hjá feðrum sínum. Ólafur Björnsson bjó síðar á Garðsá.<sup>51</sup> Árni Sigurðsson fluttist síðar austur í Þingeyjarsýslu og dó þar 14. ágúst 1816.<sup>52</sup> Vandalaust á að vera að

<sup>49</sup> Hér er á ferðinni nafnorðið *gróf*. B.V.

<sup>50</sup> Bréfið ásamt skýrslunni er með innkomnum bréfum til rentukammersins. *Íslands Journal* 5 nr. 157 (Askja Rtk 40. 3 í Þjóðskjalasafni).

<sup>51</sup> *Sóknarmannatal í Kaupangssókn*, hafið 1785 (í Þjóðskjalasafni).

<sup>52</sup> *Þingeyingaskrá Konráðs Vilhjálmssonar*, ljósrit í Þjóðskjalasafni. – Katrín, kona Sigurðar Guðmundssonar á Þórustöðum var einkabarn Árna lögréttumanns á Þórustö-

rekja feril allra þessara manna eftir kirkjubókum, þó að það verði ekki gert hér.

Með bréfi sínu 6. september 1779 (hinu sama, sem skýrslan um 'Blyantz-Ertz Gangen' í Siglufirði var send með) sendi Jón Jakobsson einnig aðra skýrslu eða öllu heldur frásögn, sem á að skýra uppruna nafnsins Bleiksmýrardalur og vísa á bug þeirri hugmynd, að nafnið sé dregið af leirtegundinni bleikju, hinu áhugaverða postulínsefni. Sýslumanni farast svo orð í lok bréfsins:

Videre paa Bleýks – non Bleýke-mýre dalen, Har Jeg ved Kyndigste mænd foranstaltet undersøgning om den Ommelte Jordart, som kaldes Bleýkia, og kunde være tienlig til Porcellain, men samme 3 mænd, som med al agtsomhed i 2 dage, vare over at ransage Dalen, fandt Ingen saadan Jordart der, og man tvivler om, at den nogensinde Har sammestæds existeret; Men muelig Har navnet Bleýk-mýre givet anledning til Conjecture om Jordarten, da dog Bleiks myre Dalens Navn grunder sig paa medfølgende sandfærdige Relation Sub N<sup>o</sup> 2 og ikke nogen der findelig Jordart.

Með orðunum 'Relation Sub N<sup>o</sup> 2' hlýtur sýslumaður að eiga við frásögnina, sem birt verður hér næst á eftir, þó að ekki sjáist þess nú merki, að fylgiskjölin með bréfi sýslumanns séu tölusett.

Þá er komið að frásögninni, sem fylgir síðast nefndu bréfi Jóns sýslumanns Jakobssonar og ætlað er að skýra uppruna nafnsins Bleiksmýrardalur. Hún er þungamiðjan í þessari ritgerð og raunar tilefni þess, að hún var nokkurn tíma skrifuð. Frásögnin er á þessa leið:

#### *Um Bleiksmýrardals nafns uppruna*

Á Gardsá i Kaupángs Sveft bió circa 1400 bónde ad nafne Sigmundur, hann átte Hest vindóttann /colore cæruleo album/ vanenn til víga, Hann gieck a Dalnum ⟨fyrer⟩ vestann Fnióská og

um Egilssonar. Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*, Rvík 1952–1955, bls. 13–14. Eftir að ritgerðin var samin benti Indriði Indriðason rithöfundur mér á, að Sigurður Guðmundsson á Þórustöðum hefði flutst austur í Fnjóskadal á efri árum sínum. Sigurður dó í Vestari-Krókum 17. október 1788, þá sagður 61 árs.

var sá Dalur Kalladur Fnióskadals-afrett, allur frammdalur til Ödeilu; Hesturenn var offtast i sama Plátse, sem nu kallast Vindhólar.

Pá bió Bónde ä Illugastödum, kalladur Sveirn Rýke, Hann átte Bleikann Hest, vanen til víga, hann gieck frammar á Dalnum, fyrer austann Ána, þar sem nú kallast Bleiksmýri.

Sveirn og Sigmundur vóru Kappsmenn, og áttu stundum deilur samann, mæltu þeir eitt sinn mót med sier, ad reina Hesta syna á Dalnum, og etja þeim til vígs, enn þeir hestar voru þeir Seinustu, er vander vóru til vígs i Nordlendínga Fiórdúngi, og mäske á öllu Islandi. Þeir hlödu 2° Garda á Vindhoola-nesi, sem enn nú síást augliós merke til; Öttu so Hestumm sínumm mille Gardanna, enn menn Hiuggu ser riódur i Skógarbreckunne framann i Hölnumm, fyrer ofann til ad Horfa á Hesta-atid; Vindur var stærre og stirdleiknare, enn Bleikur minne og miúkare, sviffstust þeir leíngi og hlupust á, þar til Bleikur tók i nára Vinds, og reif á Hol, so ut hiengú Jnnyflenn, stöck so á Gardenn og braut i Skard, hlióp so yfer Ána, og framm í stód nockurt, er hónumm fylgde á Bleiksmýri, af Hverre Dalurenn hefur sidann Nafn feínged, og er kalladur Bleíks-myrardalur.

Sigmundur Pickiadest stórumm vid misser Vinds, og Óvyrdíng sina, so lited vard umm Kvediuur Bænda, enn sagde þetta mundu verda seinustu Hesta Víg /al: at:/ i Nordurlande og Fnióskadal; Sveirn var Audgastur madur ad Gángande Fe i Dalnum, og því var hann /:sem sagt er:/ kalladur hin Ryke. Næsta vor effter Hestavíged, bar so til, a hvítasunnu morgun, ad Saudamadur Sveins á Illugastödum fann Gemlíng Daudann i Kýl þar vid Túned, Sveine brá á Brún og illa vid misser sinn, greip Byrke-Raftt mikenn og fór ad brióta Js á Kylnumm, og seger hann skule ej drepa fyrer sier fleire Kyndur. Prestur reid til tiida umm morgunenn, og sier Svein bónda, lyggia Daudann á Grúfu, med Byrke-lurk i Kýlnum, vid Höndena. /og heiter þar sidann Sveinskýll:/ nockru sidar var vitiad Stóds á Bleiksmýri, fanst þá Bleikur daudur i Bleiksmýrar gröf, og hielldu menn hann farest hafa, umm sömu munder og Sveirn liest i Kýlnumm, eignade Alþída Sigmunde á Gardsá /:sem þótte Rýndur madur umm sig:/ ad so óheppelega hafde til Geínged um Dauda Sveins, og dráp Bleíks. –

Dette er effter Ældste og paalideligste mænds Underretning opskrevet d(ie) 13<sup>de</sup> Aug(usti) 1779.

JJacobsen m.p.pria<sup>53</sup>

Það leynir sér ekki við lestur þessarar frásagnar, að greinilegt samband er milli hennar og þeirrar frásagnar Jóns Espólíns, sem birt er hér að framan (bls. 22–24). Þess gerist ekki þörf að rekja orðalagslíkingar kaflanna. Þær eru fleiri og meiri en svo, að nokkur maður beri brögður á, að Jón Espólín hafi þekkt þá skýrslu, sem faðir hans sendi til Kaupmannahafnar og stóð í beinu sambandi við þau tilmæli rentukammersins að gengið yrði úr skugga um, hvort hinn dýrmæta leir bleikju, sem hentaði til postulínsgerðar, væri að finna inni á Bleiksmýrardal. Hér verða því ekki tíundaðar orðalagslíkingar í einstökum atriðum þessara tveggja frásagna, en bent skal á, að þær ná til flestra málsgreina í kjarna frásagnanna. Hins vegar er skylt að geta þess, að frásagnirnar greinir á í sumum atriðum og þeim veigamiklum. Höfuðmunur frásagnanna felst í mjög svo mismunandi tímatali, og sagnfræðilega séð skiptir það miklu máli. Í skýrslunni segir, að atburðirnir, sem frá greinir, hafi gerst 'circa 1400'. Það er eins og það hvarfli að manni, að hér gæti tilhneigingar til að miða gamla atburði við Svartadauða. En Jón Espólín tímasetur atburðina seint á fyrsta fjórðungi 17. aldar. Þar skakkar hvorki meira né minna en röskum tveimur öldum. Til þess að rökstyðja tímasetningu og ástæðu þess, að hann víkur svo gagngert frá tímatali heimildar sinnar, semur Jón Espólín inngang frásagnar sinnar um Sigurð Hrólffsson sýslumann og ættmenn hans og vitnar í dóm, sem Sigurður sýslumaður lét ganga í máli Sveins ríka á Illugastöðum Jónssonar gegn Einari nokkrum Eiríkssyni 16. september 1623. Sýslumenn fyrr á tímum virðast margir hverjir hafa átt dómasöfn í handritum, sem vitanlega gátu komið þeim að notum í dómsstörfum þeirra. Dómur sá, sem Jón Espólín vitnar til, fjallar um grip og hald Einars þessa á hesti Sveins ríka, er þekktur í a.m.k. einu handriti frá því um 1650 og raunar einnig eldri dómur í sama máli frá 21. apríl 1623.

<sup>53</sup> Undirskriftin er öll mjög stílfærð í hdr., og leikur því nokkur vafi á hvort hér er stafrétt úr ráðið. – Bæði bréf sýslumanns (frá 6. september 1779) og þessi skýrsla eru í innkomnum bréfum rentukammers undir *Islands Journal rentukammers 4, nr. 563* (Askja Rtk 40. 3 í Þjóðskjalasafni).

Í dóminum frá 16. september er endanlegum dómi í þessu sama máli enn frestað til næsta manntalsþings (vorið 1624), en ekki er höfundi þessarar ritgerðar kunnugt um, hvort sá dómur er til í dómasöfnum eða hvort hann hefur verið kveðinn upp.<sup>54</sup>

Ættfræðipekking Jóns Espólíns og margvísleg vitneskja hans um fyrri tíðar menn veldur því, að hann tímasetur hestavígið allt öðruvísi en þessi aðalheimild hans gerir. Þó að þess sé getið í skýrslunni, að Sveinn á Illugastöðum hafi verið manna auðgastur að gangandi fé, lítur út fyrir, að sögnin um hagagöngu fjárins og fjárrekstra Sveins í kaupstaði sé sótt í aðra heimild en skýrsluna, sem faðir Jóns sendi til Hafnar, því að þar er ekki nákvæmlega tíunduð fjáreign Sveins, en mjög er frásögn Jóns Espólíns munnmælaleg, er Sveinn rekur fé sitt til slátrunar í þrjá kaupstaði og grefur síðan peninga sína í jörðu. Trúlegast er, að þar sé önnur þjóðsaga á ferðinni um stórbrotinn bónda. Mjög svo örlátir hafa þá norðlenskir kaupmenn verið á silfur og lítt skeytt um, hvar Sveinn verslaði, og Sveinn helst til líkur þeim Mosfellakörlum forðum, þeim Agli Skallagrímssyni og Ketilbirni gamla.<sup>55</sup> Slíkar sagnir sem þessar er erfitt að meta sem sagnfræðilegar heimildir og mundi varlegra að flokka sem ævintýra- eða þjóðsagnaminni. Einnig er það viðbót Jóns Espólíns að nafngreina prestinn á Hálsi, séra Jón Tómasson, en þar hefur Jóni Espólín heldur en ekki brugðist bogalistin, því að séra Jón Tómasson á Hálsi fæddist ekki fyrr en um 1622 og hefur því verið um það bil tveggja ára, þegar Jón Espólín lætur Svein ríka falla dauðan vegna galdra Sigmundar. Um sömu mundir er séra Sigfús Tómasson í Skálholti, en á þessum árum hefur faðir þeirra Jóns og Sigfúsar, séra Tómas Ólafsson, verið prestur á Hálsi, en þó ekki tekinn við staðarforráðum. Jón Espólín hefur því haft bághorið prestatil að styðjast við.

Saga Jóns Espólíns um hestavígið virðist hvergi sögð nákvæmlega í Ættartölum Espólíns (í ÍB 9–16 4<sup>to</sup>). Þó er þar til hennar vitnað, og er auðsýnt, að hann hefur þar í huga sömu eða mjög áþekka atburðarás og þá, sem er í Árbókunum og raunar einnig í skýrslunni. Svo segir í Ættartölunum í dálki 1806:

Sigmundr bjó á Gardsá í Eyjafyrði umm og eptir 1600, hann átti

<sup>54</sup> Dómarnir tveir eru í handriti *Steph.* 62, bl. 96v–97r (16. sept.) og bl. 15v–16r (21. apríl), ljósmynd í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

<sup>55</sup> *Íslensk fornrit* II, bls. 297–298, og I, bls. 385–386.

Vind sem sagt er Vind hólar séu vidkendir, og att var vid Bleik Sveins ríka á Illhugastöðum cfr. pag. 5650 sem drapst á Bleiksmýrardal. Það var seinast Hestavíg hér, Sigmundur átti mörg börn, Árna, Guðrúnu etc.<sup>56</sup>

En undir dálki 5650 segir svo:

Sigrídr (Kolbeinsdóttir Eiríkssonar) átti Svein á Illhugastöðum Magnússon Þorlákssonar p 5251 þeirra afkvæmi þar.

Undir dálki 5251 er gerð grein fyrir Þórdísi, konu Tómasar, sonar Sveins á Illhugastöðum Magnússonar. Séu þessi orð Jóns Espólíns í Ættartölunum um Svein Magnússon borin saman við ættakninguna, sem kemur fyrir undir lokin í frásögn Jóns Espólíns í Árbókunum, til Sveins lögmanns Sölvasonar (d. 1782), verður ekki betur séð en Sveinn Magnússon, langafi Sveins Sölvasonar, sé dóttursonarsonur Sveins ríka á Illhugastöðum Jónssonar. Ættartölur Espólíns eru hinu sama marki brenndar sem flest önnur gömul ættartölurit, að erfitt er að átta sig á tímatali þeirra nema með því að draga saman meiri og minni efnivið til samanburðar, ef hann er þá fáanlegur. Einhver tvískinnungur finnst mér vera í Ættartölum Espólíns annars vegar og í Árbókum hans hins vegar í hugmynd höfundarins um, hvenær þeir voru uppi hvor um sig, Sveinn Jónsson og Sveinn Magnússon, sem báðir virðast hafa búið á Illhugastöðum. Ég læt þó ættfræðingum eftir að greiða úr því máli. Það breytir hvort sem er engu um það, hver var heimild Jóns Espólíns fyrir síðasta hestavígi á Íslandi.

Þeir, sem þekkja til skýrslugerðar íslenskra yfirvalda til danskra stjórnvalda í Kaupmannahöfn á 18. öld, furða sig ef til vill á því, að Jón Jakobsson skuli hafa sent rentukammerinu þær þrjár skýrslur um jarðvegsefni, sem hér hafa verið birtar, á íslensku. Ástæðuna tel ég hiklaust vera þá, að sýslumaður veit sem er, að Jón Eiríksson konferensráð hefur persónulega áhuga á, að rannsókuð séu ýmis jarðvegsefni á Íslandi. Að baki þessara rannsókna lá sennilega ekki frammar öllu hreinn vísindalegur áhugi, heldur ekki síður viðleitni til að fitja upp á einhverjum nýjungum, sem verða mættu liður í eflingu atvinnuvega

<sup>56</sup> Sonarsonur þessa Sigmundar gæti verið Sigmundur sá Árnason, sem býr á Garðsá 1703, 44 ára að aldri (*Manntal á Íslandi 1703*, Rvík 1924-1947, bls. 343). Þeir, sem nota Ættartölur Jóns Espólíns, komast brátt að raun um, að þar nægir að vísa til dálka.

landsmanna. Það kom svo í ljós, eins og stundum endranær, að hugmyndin um postulínsleir á Bleiksmýrardal var ekki raunhæf, en upp kom saga um tilþrifamikið hestavíg á dalnum endur fyrir löngu.

#### POSTULÍNSEFNI VIÐ GUNNUHVER

Fyrst hér er á annað borð farið að ræða um íslensk jarðefni til postulínsgerðar, er freistandi að minnast á hverinn Gunnu eða Gunnuhver á Reykjanesi, sem var einhver kunnasti leirhver landsins. Laust eftir 1700 dó kona að nafni Guðrún Önundardóttir í Sandhólakoti hjá Kirkjubóli á Miðnesi, sennilega ekkja eftir mann, sem Oddur hefur heitið. Talið var, að hún hefði gengið aftur og sótt að Vilhjálmi lög-réttumanni Jónssyni á Kirkjubóli (d. 1706) allhastarlega. Var hinn kunní galdramaður séra Eiríkur Magnússon í Vogsósum (d. 1716) fenginn til að ráða niðurlögum afturgöngunnar, og kom hann henni fyrir í hver þeim úti á Reykjanesi, sem síðan er nefndur Gunna eða Gunnuhver. (Sbr. Þjóðs. J.Á. (ný útgáfa) I, Rvík 1954, bls. 563, nr. 577-8; sama rit III, Rvík 1955, bls. 508-511).

Danski fræðimaðurinn P.E. Kristian Kålund kemst svo að orði í hinu kunna riti sínu *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island* (I, Kh. 1877, bls. 36):

Næset (þ.e. Reykjanes) er gennemtrængt af en stærk underjordisk varme, man finder her rygende dampe og hverer eller kogende kilder; den bekendteste af disse er den såkaldte 'Gunna', der skal have sit navn efter en gengangerske, som den bekendte galdrekyndige præst Erik Magnussøn i Selvåg (†1716) manede her ned; stedet har været meget passende valgt, kilden er nemlig at se til som en stor kogende lerpøl. I den omgivende høj har man i de seneste år trot at finde en art porcellænæmne (silica), som man er begyndt at bryde for at få det udført til England.

Að öðru leyti en hér greinir er höfundi þessarar ritgerðar alls ókunnugt um útflutning á þessu postulínsefni. En minna má á gamlar frásagnir, hjátrú blandnar, af Gunnuhver í Landfræðissögu Íslands eftir Þorvald Thoroddsen (I, Rv. 1892-1896, bls. 257, og III, Kh. 1902, bls. 126), sem varða þó á engan hátt postulínsefni.



Gunnhver er nú horfinn, en mörg hveraop eru nú á svipuðum slóðum. (Sbr. Árbók Ferðafélagsins 1984, bls. 61, mynd).

FRÁSÖGNIN UM HESTAVÍGIÐ Á BLEIKSMÝRARDAL  
SEM SAGNFRÆÐILEG HEIMILD

Pá er einnig ekki úr vegi að spyrja: Hvers virði er frásögn Jóns Espólíns og þá jafnframt skýrsla Jóns Jakobssonar um hestavígið, sem skrifuð var upp á Espihóli 13. ágúst 1779 og send til Kaupmannahafnar 6. september sama ár, sem sagnfræðileg heimild? Sagan hefur á sér eindreginn þjóðsögublæ, enda þótt lærður maður haldi á penna, eins og latínuglósurnar í frásögn skýrslutextans sýna best. Raunar má segja, að orð eins og al(íter) gat skrifari lært án þess að kunna latínu. En skýringuna á orðinu vindóttur hefur latínulærður maður samið. Jón Espólín bætir engu við um sjálft hestavígið, þegar sleppir tímasetningunni og því, sem óhjákvæmilega verður að fylgja henni, en eykur við öðrum þjóðsögulegum atriðum um fjáreign Sveins ríka, hagagöngu fjár hans, fjárrekstra hans í þrjá kaupstaði norðanlands og fólgið fé í jörðu, allt með hinum mesta ævintýrablæ. Engan veginn er það heldur sjálfsagt mál, að látið sé óatalið, að hrossastóð bænda eins og Sveins ríka á Illugastöðum og Sigmundar á Garðsá gangi frjáls inni á Bleiksmýrardal, sem Munkaþverárklostur og Hrafnagilskirkja eiga allan rétt á, eins og best sést á því, að Jón prestur Arason, síðar biskup, bregst hinn versti við, þegar maður nokkur lætur reka þangað í leyfisleysi 40 lömb árið 1508.

Jón Espólín var hátt á 10. aldursári (fæddur 22. október 1769), þegar sagan um síðasta hestavígið á Íslandi barst að Espihóli. Jón Espólín hefur vafalaust verið gæddur traustu minni eins og fleiri frændur hans, svo sem t.d. Bjarni Thorarensen skáld og amtmaður. Það er þó ótrúlegt, að Jón Espólín hafi svo ungar að aldri numið söguna til þeirrar hlítar, að hann hafi munað hana nærri því orðrétt áratugum saman. Miklu líklegur er, að Jón Jakobsson, sem sjálfur var fræðilega sinnáður, hafi haldið eftir eftirriti af sögunni, þó ekki væri nema í bréfabók sinni, en engar bréfabækur Eyjafjardarsýslu úr embættistíð Jóns Jakobssonar hafa varðveitst til vorra daga. Líklegast er, að Jón Espólín hafi haft þessa skýrslu föður síns skriflega fyrir sér, þegar hann samdi frásögn sína í Árbókunum, og aukið við hana framan til munnmælum

um fjáreign Sveins ríka og tilvísun til dóms í máli Sveins, en þann dóm hefur hann vafalaust haft fyrir sér í skrifuðu dómasafni.<sup>57</sup> Fróðleik um Sigurð Hrólfsson og ættmenn hans er komið að til að styrkja tímasetningu atburðarins.

Fróðlegt er að gefa gaum niðurlagi frásagnar Jóns Espólíns um hestavígð, þar sem hann tekur svo til orða:

. . . enn söguna um hestavíggit heyrda eg af Þingeyingi einum í æsku, er svo var gamall, at muna mátti þá menn gamla er mundu Sigmund, ok var hún þá skrásett.

Vitanlega hefur hinum gáfaða og fróðleiksfúsa dreng Jóni Jónssyni (síðar Espólín) sem vantaði aðeins rúma tvo mánuði upp á 10. árið sitt, verið það minnisstætt, þegar sagan var færð í letur, líklega á Espihóli, 13. ágúst 1779. Ekki er víst, hvað umræddur Sigmundur hefur lifað lengi. Einnig var mikil hætta á, að honum væri ruglað saman við Sigmund þann Árnason, sem býr á Garðsá 1703 (44 ára) og 1712, er jarðabókin var saman tekin. Eðlilegast er, að orðin 'Þingeyingi einum' eigi við gamlan Fnjóskdæling, enda hafa sendimenn Jóns sýslumanns úr Kaupangssveitinni vafalaust haft samband við gamla Fnjóskdæli til að spyrjast fyrir um bleikjuna á Bleiksmýrardal. Þegar athugaðar eru dánarskrár í prestsverkabók séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar á Hálsi (hann mun þó hafa búið lengst af á Hallgilsstöðum), getur þar að líta einn mann, sem nær eftirtakanlega háum aldri. Annars er það aðalmeinið við sumar gamlar 'prestsverkabækur', að það hvarflar stundum að manni, að ekki séu allir færðir þar til bókar og að prestarnir geri sér þá ef til vill einhvern mannamun. En í prestsverkabók Gunnlaugs Gunnlaugssonar er það Sigurður Bjarnason, Krókum, 89 ára, grafinn 13. júní 1782, sem hlýtur að vekja sérstaka athygli. Sé aldurinn rétt tilfærður, ætti Sigurður að vera fæddur um 1694. Þó er rétt að geta þess, að í sumum gömlum heimildum verður vart tilhneigingar til að mikla enn aldur mjög gamals fólks. Af drengjum í manntalinu 1703 er líklegastur til að vera sami maður Sigurður Bjarnason, 10 ára, í Dyngju (grasbúð) við Stóruhellu í Neshreppi á Snæfellsnesi, sonur Þorgerðar Bjarnadóttur, sem þar býr. Ekki skal þó fullyrt, að drengurinn í Dyngju 1703 og gamalmennið í Krókum í Fnjóskadal séu ein og sama

<sup>57</sup> Um dóma þessa, sjá hér að framan bls. 37–38 og *Sýslumannaæfir* I, Rvík. 1881–1884, bls. 91–92. Gæta ber þess, að á bls. 92 (6. l. a.o.) er *Sigurð* (á Garðsá) prentvillur fyrir *Sigmund*.

persónan. Að öðru leyti er höfundi þessarar ritgerðar alls ókunnugt um Sigurð Bjarnason í Krókum.<sup>58</sup>

Í sóknarmannatali úr Hálsprestakalli árið 1785 eru ekki mjög margir á lífi yfir sextugt. Elstur er þar Þorgeir Stefánsson á Végeirsstöðum, sá sem Þorgeirsboli er við kenndur, sagður 69 ára. Hann ætti því að vera fæddur um 1716 og því 63 ára 1779, sem varla verður talinn mjög hár aldur, jafnvel ekki á þeim tímum. Þorgeir lifir fram í manntalið 1801 (í Tungu á Svalbarðsströnd), þá sagður 84 ára. Miðað við þá tölu er hann fæddur um 1717 og þá 62 ára 1779, og skakkar það vonum minna, þegar borin eru saman manntöl frá mismunandi tímum og stöðum. Mér kæmi það heldur á óvart, að Galdra-Geiri væri árið 1779 talinn í hópi mjög gamalla Þingeyinga.

Þó að hér hafi verið tæpt á tveimur mönnum, verður það frá minni hendi að liggja á milli hluta fyrst um sinn, hver sá maður hefur verið, sem sumarið 1779 sagði söguna um hestavígið á Bleiksmýrardal og sennilega heima á Espihóli, skráða 13. ágúst þetta sama sumar.

Ég þykist þess fullviss, að Sigurður Guðmundsson hreppstjóri á Þórisstöðum hafi skrifað skýrsluna um leitina eftir bleikju á dalnum. Stafsetning er þar mjög vönduð og sjálfri sér samkvæm, minnir á skjala-gerð frá fyrri hluta 18. aldar og jafnvel frá 17. öld. Í frumritinu af frásögninni af hestavíginu kennir hins vegar margra grasa í stafsetningu og öllum frágangi. Ýmislegt bendir þar fram til 19. aldar, sérstaklega hvernig táknuð eru þau hljóð, þar sem við notumst nú við *á* og *ó*. Í þeim efnum er skrifarinn furðanlega nútímalegur. Þar koma varla aðrir til greina en sýslumaðurinn sjálfur, Jón Jakobsson, og skrifari hans, Guðvarður Eiríksson, Skagfirðingur. Latínuglósurnar hljóta þó næstum að vera frá Jóni Jakobssyni.

#### ÓDEILA, SAMNAFN OG ÖRNEFNI

Ekki verður skilist við frásögnina af hestavíginu, bæði í skýrslunni, sem samin var til þess að skýra uppruna nafnsins Bleiksmýrardalur, og í Árbókum Espólíns, án þess að drepið sé á eitt orð, sem þar kemur fyrir, virðist harla sjaldgæft og kann að vera staðbundið. Það er orðið *ódeila*. Í skýrslunni segir: 'Hann (þ.e. hinn vindótti hestur Sigmundar á Garðsá) gieck a Dalnum (fyrer) vestann Fnióská og var sá Dalur

<sup>58</sup> *Prestsverkabók Gunnlaugs Gunnlaugssonar í Þjóðskjalasafni og Mantal á Íslandi 1703*, Rvík 1924–1947, bls. 114.

Kalladur Fnióskadals-afrett, allur frammdalur til Ódeilu.' (Sbr. hér að framan bls. 35–36).

Heita má, að Jón Espólin komist nákvæmlega eins að orði, og væri það með hreinum undrum, ef hann hefði ekki þekkt skýrsluna. (Sjá hér að framan, bls. 23).

Enginn vafi er á því, að orðið ódeila er þarna samnafn og haft um óskipt land. Vera má, að landið fram af Bleiksmýrardal hafi verið óskipt beutiland Fnjóskdælinga, þar eð Bleiksmýrardalur var eign Munkaþverárklosturs og Hrafnagilskirkju.

Þetta orð virðist koma aðeins einu sinni fyrir í fornum bókmenntum og þá sem örnefni, nafn á landsvæði.

Sturlubók og Hauksbók Landnámabókar eru samhljóða um það, að Þórir snepill hafi fyrst numið 'Kaldakinn milli Skuggabjarga og Ljósa-vatnsskarðs . . . nam þar eigi ynði . . . nam síðan Hnjóskadal allan til Ódeilu ok bjó at Lundi; hann blótadi lundinn.' Enn skýrar er um Ódeilu fjallað, þar sem segir frá landnámi Eyvindar Loðinssonar önguls (Sturlubók og Hauksbók enn samhljóða): '. . . Eyvindr . . . nam Flateyjardal upp til Gunnsteina ok blótaði þá. Þar liggir Ódeila á milli ok landnáms Þóris snepils.' (Íslenzk fornrit I, Rvík 1968, bls. 270, 271 og 273).

Tvennt má hugsa sér um notkun orðsins ódeila í skýrslunni (og um leið í Árbókum Espólíns). Það er annaðhvort vitnisburður um það málfar, sem sögumanni var tamt, eða hann eða ritari skýrslunnar hefur hent á lofti orð úr Landnámu og hnikað til notkun orðsins, vegna þess að auðskilið er, hvernig það er hugsað. Vitanlega verður þá ekkert um það sagt, hvort sögumaður/skrásetjari hefur þekkt Landnámuhandrit eða prentaða útgáfu ritsins. Landnámuútgáfur voru tvær til fyrir 1779, þ.e. Skálholtsútgáfa frá 1688 og útgáfa Hannesar Finnssonar prentuð í Kaupmannahöfn 1774. Er skemmst frá því að segja, að allt það, sem sagt er um Ódeilu í áður tilvitnaðri útgáfu Hins íslenska fornritafélags, er einnig að finna í útgáfunum frá 1688 og 1774.

Telja má víst, að Ódeila hafi verið nefnd landspilda á vatnaskilum Fnjóskadals og Flateyjardals, ekki fjarri bænum Kambsmýrum. Hefur ýmislegt verið um það ritað, sem of langt mál yrði að gera grein fyrir hér. Svo er að sjá, að hið forna nafn á svæði þessu hafi algerlega fallið í gleymsku. Um það eru til vitnis eftirtalin rit: Íslenzk fornrit I, Rvík 1968 (einkum bls. 273 og tilvísun þar til rits Jóns Sigurðssonar *Sudur-*

*Pingeyjarsýsla* frá 1954), rit Haralds Matthíassonar *Landið og Landnáma*, Rvík 1982 (II, bls 325–327). Í lýsingu Jóhanns Skaptasonar á Suður-Pingeyjarsýslu í *Árbók Ferðafélagsins* 1969 (Rvík 1969, bls. 79 og 83) ræðir hann um örnefnið Ódeilu á vatnaskilum Flateyjardals og Fnjóskadals (í nánd við Kambsmýrar) eins og það hefði haldist frá fornu fari og til vorra daga. En allt er það mjög tortryggilegt, enda bætir Haraldur Matthíasson við (á bls. 325), er hann hefur tekið upp orð Jóhanns Skaptasonar: 'Nafnið mun þó lítt notað um þann stað'. Raunar má einnig segja, að Jóhann dragi sjálfur úr fyrri staðhæfingu sinni á bls. 85.

Hitt er svo annað mál, að Ódeila hefur lengi verið kölluð fjall eitt vestan Skjálfanda við Náttfaravíkur. Í *Landaskipunarfræði* Gunnlaugs Oddsens (I, 1, Kh. 1821, bls. 266) er umrætt fjall við Náttfaravíkur kallað Ódeila. Þessu er raunar andmælt í *Göngum og réttum* (III, Ak. 1950, bls. 63), þar sem rætt er um Víknalönd, þriðja afréttarland Kinnunga, með þessum orðum: 'Par, sem mætast lönd Kinnar og Flateyjardals, heita Hágöng (ranglega nefnd Ódeila í Landaskipunarfræði Oddsens 1822 ⟨svo⟩, og þaðan hefir villan slædzt inn á herforingjaráðskortin'. Þetta sama fjall kallar Kristian Kálund í áður tilvitnuðu riti sínu (II, Kh. 1879–82, bls. 156–157) Ódeilu. Þrátt fyrir bríður þær, sem bornar hafa verið á Ódeilunafnið í nánd við Náttfaravíkur hefur höfundur þessarar ritgerðar heyrt skilríka Pingeyinga nefna einmitt þetta fjall Ódeilu. Það er engan veginn fyrir það að synja, að fjallið kunnir frá fornu fari að hafa verið nefnt Ódeila eins og landspildan á mörkum landnáma þeirra Þóris snepils og Eyvindar Loðinssonar önguls, enda þótt fornar heimildir bresti um Ódeilu við Náttfaravíkur. Þess munu og mörg dæmi, að sama fjallið gengur ekki ævinlega og alls staðar undir sama nafni.

Enn verður að nefna Ódeilu í nýju og ef til vill dálítið óvæntu sambandi. Hólmi einn í Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu heitir *Ódeiluhólmur*. Hann er víða nefndur í Íslenzku fornbréfasafni og alls staðar talinn eign Grenjadarstaðarkirkju, enda kemur nafnið oftast fyrir í máldögum þeirrar kirkju. Staðirnir í Fornbréfasafni eru þessir: II, bls. 431, á þessum eina stað nefndur *Ódæluhólmur* (Auðunarmáldagi frá 1318, en handrit frá 17. öld), III, bls. 579 (í Pétursmáldögum frá 1394 og síðar, handrit aðallega frá 17. öld, en torlesin skinnbrot frá 16. öld), IV, bls. 17 (afhendingarskrá Grenjadarstaðar 1391 og 1393, handrit frá 18. öld),

V, bls. 280, máldagi Ólafs Rögnvaldssonar 1461 eða síðar (frumrit á skinni í AM 274, 4<sup>to</sup>, nú í Þjóðskjalasafni), IX, bls. 323, Sigurðarreg-  
istur 1525 (frumrit á skinni í Þjóðskjalasafni).

Hólmi þessi er ekki lengur eign Grenjaðarstaðarkirkju, en þó enn vel kunnur. Séra Sigurður Guðmundsson vígslubiskup á Grenjaðar-  
stað hefur tjáð höfundu þessarar ritgerðar, að hólminn heiti nú *Ódeilu-  
hólmi*. Það fer ekki milli mála, að nafnið hefur haldist öldum saman lítt breytt. Rithátturinn *Ódæluhólmur* getur hæglega verið afbökun, þó að svo vilji til, að orðmyndin kemur fyrir í því skjalinu, sem elst er að stofni, en varðveitt í ungum handritum.

Helst er hallast að því hér, að nöfnin á Ódeilu milli Flateyjardals og Fnjóskadals og svo aftur á fjallinu við Náttfaravíkur séu bæði upp-  
runaleg, þó að ekki finnist forn heimild nema fyrir öðru þeirra. Aldur nafnsins Ódeiluhólmur er einnig ótvíræður. Merkilegt má það teljast, að eftir rækilega leit í margs konar prentuðum heimildum, seðlasafni Orðabókar Háskólans og eftirgrennslan í örnefnaskrárn Órnefnastofn-  
unar hefur fernt komið fram um notkun orðsins ódeila, bæði sem samnafns og sérnafns: 1) ódeila, í merkingunni óskipt land, í skýrslu, sem Jón Jakobsson sýslumaður sendi rentukammerinu 6. september 1779. Sennilegast er, að orðið sé þar haft eftir gömlum Fnjóskdælingi þó að ekki sé hægt að fortaka, að orðið sé frá skrásetjanda runnið. Jón Espólín notar sama orð í sama samhengi og hefur þá að dómi höf-  
undar þessarar ritgerðar haft skýrsluna fyrir sér, líklega skrifaða og e.t.v. einnig í kalli sínum. 2) sérnafn í Landnámu og hefur líklega verið skráð þar snemma á 12. öld. 3) nafn á fjalli við Náttfaravíkur. Nafnið kann að vera fornt, þó að ekki sé unnt að segja neitt um aldur þess. 4) Ódeiluhólmur í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, öldum saman eign Grenjaðarstaðarkirkju.

Merkilegt er það, að öll þessi dæmi eru úr Suður-Þingeyjarsýslu, en þess ber þó að gæta, að ókannaðar eru margvíslegar örnefnaskrár, landamerkjabréf og ógrynni óprentaðra rita, þar sem staðfræðilegar heimildir kunna að leynast. Þar eð þessari ritgerð var aldrei ætlað að fjalla um staðfræði eða málfræði, hefur ekki verið lagt út í víðtæka könnun í þessum efnum. Ritgerðin á að vera heimildarýni á mjög þröngu og afmörkuðu sviði.

## EF BLEIKJAN HEFÐI FUNDIST

Hugsum okkur nú, að sá, sem lét sér til hugar koma, að gnótt bleikju væri að finna inni á Bleiksmýrardal, hefði átt kollgátuna. Hverju hefðu þá Íslendingar í umkomuleysi sínu – eða segjum aðeins Fnjóskdælir – verið bættari? Það hefði svo sem verið mikið verk og ærið baslsamt að kjótla leirnum á klyfjalestum, hvort sem var til Húsavíkur eða Akureyrar til skips. Það hefði vitaskuld aldrei verið gert, nema bleikjan hefði verið samkeppnisfær um verð og gæði við postulínsleirinn á Borgundarhólmi. Það hefur því verið takmarkaður kostnaður, sem mátti leggjast á bleikjuna, en vinnan við flutninginn til skips frek á mannafla og hesta. Íslendingar hafa einnig mátt súpa af því seyðið fyrr og síðar, að allir flutningar til og frá landinu hafa verið og eru dýrir. Engin hjól voru til í landinu nema nokkrir kvarnarsteinar og hjól þeirra rokka, sem voru að breiðast út frá Innréttingunum í Reykjavík. Flutningurinn gat aðeins farið fram um hábjargræðistímann, meðan annað brýnna var við vinnuaflið í landinu að gera. Helst hefði mátt nota tímann milli fráferna og sláttar, en snjóa hefði áður þurft að hafa leyst inni á Bleiksmýrardal. Ekki voru verkfærin heldur beysin, meðan pállinn var eina járnverkfærið (fyrir utan járnkarla, sem tilheyrðu graftólábúnaði kirkna), en rekur allar úr tré með pjáturvari að framan, þegar best lét. Ekki hefði það heldur verið nein skrautsýning að sjá klyfjalestina silast þessa löngu leið, vinnumennina oft gegndrepa og karga, en marga hesta meidda, enda varla búna að ná sér eftir útigang á síðasta vetri. Eins og á stóð, var það Íslendingum ofraun og Dönnum, stjórnvöldum eða fyrirtækjum, ekki ætlandi sú ofrausn að leggja kerrufæran veg frá Akureyri eða Húsavík inn á Bleiksmýrardal, hvað þá að gera bændum kleift að eignast kerrur og aktygi í einu vetfangi. Það hefði orðið meiri breyting en sögur fara af á þeim tímum. Postulínsiðnaðurinn hefði aldrei risið undir þeim kostnaði. Það væri þá helst, að Skúli Magnússon hefði getað talið dönskum stjórnvöldum trú um, að hér væri arðvænlegt fyrirtæki í auglýsning. Bændur hefðu e.t.v. fengið einhverja hungurlús fyrir að leggja til vinnumenn og hesta, en hefðu vafalaust haft miklu meira upp úr því að senda vinnumennina til fiskjar út á Eyjafjörð á sama tíma, ef ekki hefði verið því meiri ördeyða til sjávarins. Hagur vinnumannsins hefði í engu breytst. Hann var á föstu kaupum bóndans og bundinn vistarbandi. Þó var það að öðru

jöfnu ávinningur vinnumannsins, að búinu farnaðist vel, því að það tryggði honum betra viðurværi og jafnvel betri framtíðarhorfur.

Jafnvel lítilfjörlegar endurbætur á vinnubrögðum og tækjabúnaði í landbúnaði og sjávarútvegi hefðu orðið þjóðinni affarasælli í hinni hörðu lífsbaráttu sinni en þótt hún hefði getað flutt úr landi eitthvað af jarðefnum með ærinni fyrirhöfn.

Það er því vandséð, hvers Íslendingar, og þá sérstaklega Fnjóskdælir, hafa farið á mis, þó að hugmyndirnar um bleikju á Bleiksmýrardal hafi reynst tálsýn ein Anno Domini 1779.

#### LOKAORÐ

Staðreyndir máls þessa liggja ljósar fyrir: Eftir fyrirmælum rentukammersins 1779 lætur Jón Jakobsson sýslumaður Eyfirðinga á Espihóli rannsaka, hvort finnanlegur sé á Bleiksmýrardal leirinn bleikja, sem menn telja hentugan til að nota við postulínsgerð. Sú leit ber engan árangur, en upp kemur saga um hestavíg, sem átti sér stað á Bleiksmýrardal endur fyrir löngu. Sögunni er ætlað að skýra uppruna nafnsins á dalnum, en óhætt er að vísa þeirri nafnskýringu eindregið á bug. Sonur Jóns Jakobssonar sýslumanns, Jón Espólín sagnaritari og sýslumaður, notar þessa frásögn næstum orðrétt, en þó með nokkurri aukningu og tímatafsbreytingu í Árbókum sínum löngu síðar, enda er hann ekki fullra 10 ára, þegar sögnin er skráð. Þjóðfræðilega séð er það mikils virði að vita svo nákvæmlega, hvenær frásögn þessi er skráð. Verður ekki annað sagt en sagan beri þess vott, að undir yfirborði þessarar lærdómsaldar hafi leynst alþýðlegur og háþróaður frásagnarháttur, arfur aftan úr öldum. Það beið 19. aldar að kunna að meta hann. Enn er vert að minnast fallegra orða Jóns Sigurðssonar, er hann ritaði í tilefni útgáfu Konrads Maurers á safni íslenskra þjóðsagna á þýsku 1859:

Vér horfum með undrun á hinar fornu sögur, sem standa eins og fjallháar eikur, óhræranlegar og fastar, en vér virðum lítils hinar, sem eru í kringum oss eins og smáblóm alls staðar á vegi vorum, spretta upp og vaxa með oss í æskunni, lifa undir tungurótum mæðra og fósturmæðra og gæti orðið að fögrum eikum og blómguðum, en hverfa fyrr, af því vér köstum þeim frá oss eins



og visnuðum skarifflum. Þær hafa aldrei komist á skinn, þess vegna metum vér þær að engu.<sup>59</sup>

Sagan um hestavígið hefur lengi verið talin gott dæmi um frásagnarhátt Jóns Espólíns, og fræðimenn, bæði innlendir og erlendir, hafa vísað til þessarar frásagnar sem sagnfræðilegrar staðreyndar. Ég hef enga löngun til að níða skóinn ofan af Jóni Espólín sem sagnfræðingi, en ég tel það eindregið til bóta að geta gert sér grein fyrir vinnubrögðum hans. Þjóðsögur hljóta jafnan að vera varhugaverðar sagnfræðilheimildir. Þær verða því alltaf að sæta ströngu mati. Í lokin er til þess mælt, að sagnfræðingar endurmeti sagnfræðilegt heimildargildi frásagnarinnar um hestavíg á Bleiksmýrardal (um 1400 eða um 1623) í ljósi þeirrar vitneskju, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan í helst til löngu máli.

Vegna þeirra, sem kann að þykja gömul stafsetning mjög afskræmleg, skal skýrsla sú eða frásögn um hestavígið, sem Jón Jakobsson sendi til Kaupmannahafnar með bréfi sínu 6. september 1779, að lokum skráð í þeim búnging, sem nú tíðkast helst að hafa á rituðu máli.

#### *Um Bleiksmýrardals nafns uppruna*

Á Garðsá í Kaupangssveit bjó circa 1400 bóndi að nafni Sigmundur; hann átti hest vindóttan (colore cæruleo album), vaninn til víga. Hann gekk á dalnum (fyrir) vestan Fnjóská, og var sá dalur kallaður Fnjóskadalsafrétt, allur framdalur til ódeilu.

Hesturinn var oftast í sama plássi, sem nú kallast Vindhólar.

Þá bjó bóndi á Illugastöðum, kallaður Sveinn ríki. Hann átti bleikan hest, vaninn til víga; hann gekk framur á dalnum, fyrir austan ána, þar sem nú kallast Bleiksmýri.

Sveinn og Sigmundur voru kappsmenn og áttu stundum deilur saman; mæltu þeir eitt sinn mót með sér að reyna hesta sína á dalnum og etja þeim til vígs, en þeir hestar voru þeir seinustu, er vandir voru til vígs í Norðlendingafjórðungi og máske á öllu Íslandi.

Þeir hlóðu tvo garða á Vindhólanesi, sem enn nú sjást augljós merki til; öttu svo hestum sínum milli garðanna, en menn hjuggu

<sup>59</sup> Jón Sigurðsson, 'Álit um ritgjörðir', *Ný félagsrit* XX, Khöfn 1860, bls. 191.

sér rjóður í skógarbrekkunni framan í hólnum fyrir ofan til að horfa á hestaatið.

Vindur var stærri og stíðleiknari, en Bleikur minni og mjúkari. Sviptust þeir lengi og hlupust á, þar til Bleikur tók í nára Vinds og reif á hol, svo út héngu innyflin, stökk svo á garðinn og braut í skarð, hljóp svo yfir ána og fram í stóð nokkurt, er hönum fylgdi á Bleiksmýri, af hverri dalurinn hefur síðan nafn fengið og er kallaður Bleiksmýrardalur.

Sigmundur þykkjaðist stórum við missir Vinds og óvirðing sína, svo lítið varð um kveðjur bænda, en sagði þetta mundu verða seinustu hestavíg (al(íter) at) í Norðurlandi og Fnjóskadal. Sveinn var auðgastur maður að ganganda fé í dalnum, og því var hann (sem sagt er) kallaður hinn ríki.

Næsta vor eftir hestavígið bar svo til á hvítasunnmorgun, að sauðamaður Sveins á Illugastöðum fann gemling dauðan í kíl þar við túnið. Sveini brá á brún og illa við missir sinn, greip birkiraft mikinn og fór að brjóta ís á kílnum og segir hann skuli ei drepa fyrir sér fleiri kindur.

Prestur reið til tíða um morguninn og sér Svein bónda liggja dauðan á grúfu með birkilurk í kílnum við höndina (og heitir þar síðan Sveinskíll). Nokkru síðar var vitjað stóðs á Bleiksmýri. Fannst Bleikur dauður í Bleiksmýrargröf, og héldu menn hann farist hafa um sömu mundir og Sveinn létst í kílnum. Eignaði alþýða Sigmundi á Garðsá (sem þótti rýndur maður um sig), að svo óheppilega hafði til gengið um dauða Sveins og dráp Bleiks.

Undir frásögn þessa skrifar Jón sýslumaður Jakobsson á dönsku, að sagan sé skráð 13. ágúst 1779 eftir sögn skilríkustu manna.

Þó að Sigurður hreppstjóri á Þórustöðum Guðmundsson og tveir ungir aðstoðarmenn hans, allir sendimenn sýslumanns, fyndu enga bleikjuna á Bleiksmýrardal til að afla Dönum efnis til veglegrar postulínsgerðar þeirra, þurfti ekki annað en ljósta sprota á bæjarþil Fnjóskdælinga, til þess að fram sprytti silfurtær lind íslenskrar frásagnarlistar.

*Bjarni Vilhjálmsson andaðist 2. mars 1987.*

UM ÞRÓUN ÖRVAR-ODDS SÖGU<sup>1</sup>

1. ÞEGAR ÉG las Örvar-Odds sögu í fyrsta skipti sem tiltölulega ungur og óvitur maður, fannst mér hún mjög skemmtileg, með köflum meira að segja bráðskemmtileg, en þegar ég las hana í annað sinn, var hún allt í einu orðin að heldur þurrum lestri. En þegar ég fór að rannsaka, hvernig á þessu gæti staðið, kom brátt í ljós að hér hafði verið um að ræða yngri og eldri gerð, sem hlutu að vera nokkuð mismunandi, en í fávisku minni hafði mér ekkert verið kunnugt um það. Varð mér nú ljóst, að hér lá fyrir dálítið skemmtilegt vandamál, að talsverð þróun hlyti að hafa átt sér stað milli eldri og yngri gerðar sögunnar, en hvorki í útgáfum né bókmenntafræðilegum ritum var mikið að finna um þetta. Í útgáfu R.C. Boers (Boer 1888) fann ég að vísu ætterskrá handritanna með þeim upplýsingum, að:

S (Stokkhólmshandritið, perg. 7, 4<sup>o</sup> frá byrjun 14. aldar) væri bæði elsta handritið og elsta og jafnframt stysta gerð,

A, B (frá 15. öld) geymdu yngri og lengstu gerð, en

M (frá síðari hluta 14. aldar) lægi einhversstaðar á milli.

En um þróun sögunnar, aðallega milli eldri og yngri gerðar, stóð þar svo sem ekki neitt.

1.1. Að því er mér skilst, hefur ekki mikið verið skrifað um Örvar-Odds sögu, að minnsta kosti ekki í bókmenntafræðilegum ritum. Eins og kunnugt er, voru fornaldarsögur afar vinsælar á fyrri hluta 19. aldar, þegar Carl Christian Rafn bjó þær til útgáfu í þremur bindum 1829–30, og bæði rómantísk og eftirrómantísk skáld voru hrifin af hetjuanda og fornlegum svip þessara sagna. En þegar á leið, urðu aðrar sögur yfirsterkari, sérstaklega Íslendingasögur, að minnsta kosti að því er varðar vísindalegar rannsóknir, enda vel þekkt að menn hafa ekki fyrr en á síðustu áratugum fengið nýjan áhuga á fornaldar-, riddara- og ævintýrasögum og þess konar bókmenntageinum.

<sup>1</sup> Fyrirlestur fluttur við Háskóla Íslands 22. október 1984.

1.2. Um Örvar-Odds sögu hefur verið skrifað nokkuð mikið frá flólógísku sjónarmiði – varðandi þróun efnis, uppruna ýmissa mótíffa, tengsl við aðrar sögur o.s.frv. – en þegar leitað er upplýsinga um bókmenntasögulega afstöðu hennar, eru kostir ekki eins góðir. Hún er yfirleitt talin til fornaldarsagna og þykir sérstaklega gott dæmi þeirrar tegundar sem kallast ‘víkingasögur’; en eins og kunnugt er, er fornaldarsögum oft skipt í þrennt: hetju-, víkinga- og ævintýrasögur.

Innan þessa ramma hefur Örvar-Odds saga einkum verið skoðuð sem meira eða minna heilsteypt ‘listaverk’, og þeir fáu fræðimenn sem á einhvern hátt hafa túlkað hana bókmenntafræðilega hafa yfirleitt lítið hirt um muninn milli eldri og yngri gerðar eða innri mótsetningar sem einkum er að finna í yngri gerðinni. R.C. Boer lagði á sínum tíma aðaláhersluna á eldri gerðina, en taldi hinar gerðirnar afbakanir sem stöfuðu aðallega af því að þarflausu og óviðkomandi efni hefði verið skotið inn í upprunalega textann (Örvar-Odds saga 1892, bls. VII–XI). Jan de Vries (1964–67, II, bls. 483–87) nefnir alls ekkert um mismunandi gerðir, en Hermann Pálsson og Paul Edwards (Pálsson-Edwards 1971) styðjast eingöngu við yngri gerðina í sinni greinargerð um höfuðatriði þess sem þeir kalla ‘legendary fiction’. Sá sem gerir sér skýrasta grein fyrir gildi eldri og yngri gerða frá sjónarmiði söguþróunar, bæði þessarar sérstöku sögu og fornaldarsagna yfirleitt, er kannski Guðni Jónsson, sem skrifar í formála sínum 1943 (bls. XIX): ‘Handrit Örvar-Odds sögu gefa mjög fróðlega hugmynd um fornaldarsögu á sköpunarstigi.’ Reyndar virðist Finnur Jónsson þegar hafa verið svipaðrar skoðunar, þegar hann skrifar í bókmenntasögu sinni:

Sagaen er i yngre håndskrifter stærkt bearbejdet og udvidet med æventyr og udmalinger (jættehistorier og lignende), hvor man meget lærerigt kan iagttage, hvorledes det ene lag ligesom føjes til efter det andet (Finnur Jónsson 1920–24, II, bls. 806–809).

1.3. Eins og má skilja af því sem hér hefur verið sagt, hafa menn hingað til varla gert neina tilraun til að túlka texta Örvar-Odds sögu í heild, en ýtarlegustu rannsókn einstakra atriða má finna hjá Hermanni Pálssyni og Paul Edwards (1971). (Mjög áhugaverð, en efnislega takmörkuð er einnig grein Lönnroths 1979.) Þessir höfundar eru þeirrar skoðunar að Oddur sé einhver fjölþættasta og forvitnilegasta hetja í fornaldarsögum – eins konar blendingur eða samruni ólíkra eiginleika

í eðli sínu og forlögum: styrkleika, hraustleika, hófsemi o.s.frv.; að líf hans sé bæði hamingjusamt og dapurlegt, hann sé sjálfum sér nægur, en hræðist samt þau forlög sem völvan hafði spáð honum; hann sé í senn ævintýra- og harmleikahetja og uppbygging og eðli sögunnar sé í samræmi við þetta: hún hafi að geyma bæði alvarlegt og gamansamt efni og umhverfi og siðgæði bæði fornra hetjusagna og nýrra riddarasagna. Þeir telja að aðalinntak sögunnar sé lýsing vaxandi sjálfsmeðvitundar hjá hetjunni: að Oddur viðurkenni um síðir – eftir vonlausu bardaga við ofurefli Ögmundar – takmörkun mannlegs lífs og mannlegs persónuleika og geti þá loksins dáíð. Þessi skoðun á Örvar-Odds sögu sem eins konar þróunar- eða þroskasögu er mjög íhugunarverð og virðist gefa góða skýringu á samblöndun mismunandi efnis, þar sem fram kemur bæði víkinga- og riddaralíf, gamansemi og afkáralegar ýkjur. Þó þykir mér þessi skýring yfirleitt of nútímaleg, og einkum virðist hún vera vafasöm af því að hún tekur ekki tillit til hinnar bókmenntasögulegu þróunar frá eldri til yngri gerðar.

Mér finnst því ekki alveg óþarft að taka þetta upp á nýjan leik og reyna að svara eftirfarandi spurningum:

Hvernig á að skilja þróun Örvar-Odds sögu? Hver eru helstu atriði hennar?

Hvernig á að túlka hvora gerð um sig?

Hver er staða sögunnar miðað við aðrar, skyldar sögur: aðrar svo kallaðar víkingasögur, ævintýrasögur ('Abenteuersagas') og frumsamdar riddarasögur ('Märchensagas')?

Á hvern hátt geta slíkar athuganir varpað ljósi á skilgreiningu og afmörkun hinna ýmsu greina fornsagna?

2.1. Lítum fyrst á eldri gerð, eins og hún liggur fyrir í Stokkhólms-handritinu. Þó að þar gerist mikið og margt óvenjulegt og ótrúlegt og atburðarásin sé þess vegna heldur flókin, held ég að henni megi skipta í þrjá hluta:

I. Inngangur, sem aftur skiptist í þrennt:

A. ætt Odds og uppruni, fæðing hans í Berurjóðri í Suðvestur-Noregi, æskuárin,

B. spá völunnar (Heiðar) um líf Odds í 300 ár og dauða af völdum hestsins Faxe; viðbrögð Odds: dráp Faxe til þess að forðast forlög-in,

C. burtför Odds frá Berurjóðri ásamt Ásmundi fóstbróður hans, koma þeirra til Hrafnistu.

## II. Miðhluti: röð ævintýra, sem einnig skiptist í þrennt:

A. Bjarmalandsför í þremur áföngum:

- a) ofbeldi Guðmundar og Sigurðar gagnvart Finnum (og hefnd þeirra á heimleiðinni),
- b) bardagi við Bjarma og sigur yfir þeim, þar sem Oddur aflar sér mikillar frægðar,
- c) dvöl í Risalandi: Oddur skýtur augu úr Gneip tröllkonu og sigrar risakonung (skýtur úr honum annað augað), fær síðan ákafan byr heim í Hrafnistu.

Þessi fyrsti kafli í miðhluta sögunnar er mjög ævintýra- og þjóðsagnakenndur; þar eru nærri því öll þau mótíf sem samkvæmt Propp einkenna ævintýrið ('Zauber Märchen'), en þau eru í stórum dráttum:

*skortur*: Odd skortir frægð og metnað (það 'hlutverk' sem Propp táknar með α; sjá Propp 1972, bls. 31 ff.)

*ákvörðun um að fara út*: Oddur ákveður að fara Bjarmalandsför (C)

*aðstodarmaður/gefandi*: Grímur loðinkinni, sem gefur Oddi örvarnar Gusisnauta, en þeim fylgja yfirnáttúrlegir eiginleikar (Propp: Sch – Z)

*ýkjukennnd ferð til ævintýralandsins* (W)

*bardagi og sigur* (K – S)

*heimferð með fé og frægð* (L)

*eftirför Finna* (V)

*björgun garpsins* (R)

*nýtt próf vits og dugnaðar hjá risum* (Gneip): Oddur sigrar ekki alveg, en reynist þó öllum fremri (P – Lð)

*nafngiftin sem er sambærileg viðurkenningu hetjunnar* (E): risinn gefur Oddi nafnið Örvar-Oddur, en þar með er frami hans og frægð endanlega staðfest.

Miðað við Greimas, sem hefur reynt að draga saman 'hlutverk' Propps og sett fram kenningu um 'hetjupróf' af ýmsu tagi ('kvalifiserandi próf', 'úrslita- eða aðalpróf', 'glorifiserandi próf' eða 'dýrðarpróf'), má segja, að þau komi öll fyrir í þessum kafla (1. Oddur fær magísk hjálpartæki, sem gera honum kleift 2. að vinna sigur og frægð og 3. að fá staðfestingu á hetjuskap sínum í átökum við risakonung). Athyglisvert er að risakonungur gefur Oddi nafnið Örvar-Oddur og að það er Bjarmalandsferðin sem gerir hann frægan um allan heim, en

með tilliti til þess að þessi kafli stendur fremst í langri röð ævintýra, sem ná hámarki sínu löngu seinna, væri kannski eins rétt að kalla kaflann *í heild* 'kvalifiserandi próf': örvagjöfin og nafngiftin tákna viðurkenningu hetjuhlutverks sem er forsenda þess sem kemur á eftir.

B. Annar kafli í miðhlutanum er heldur flókinn og er auðséð að upprunalega sagan hefur þar blandast ýmsu öðru efni: annaðhvort hreinum uppspuna söguritarans eða sögum sem upprunalega eiga heima annarsstaðar, og ber þar einkum að nefna hetjusögu um Hjálmar og Sámseyjarbardaga. Þegar Oddur hefur verið kyrr í Hrafnistu um stundar sakir, koma næst tvö víkingaævintýri, sem hafa ekkert beint samband við aðra hluta sögunnar og má telja innskot eða milliliði. Þá er komið að átökum og fóstbræðralagi við Hjálmar og Þórð stafnglámu, og er það byrjun langrar raðar ævintýra, sem ná hámarki í viðskiptum við Ölvöru og enda á Sámseyjarbardaga, dauða Hjálmars og ferðinni til Svíþjóðar (kaflann frá Sámseyjarbardaga til Svíþjóðarferðar vantar að vísu í S, en hann hlýtur samt snemma að hafa fylgt sögunni).

Í öðrum kafla miðhlutans er um að ræða fjölbreytta víkingaferð, sem að verulegu leyti vantar innra samhengi; margir atburðir sem gerast þar eru meira eða minna einangraðir, hafa ekkert beint samband hver við annan, og á þetta meðal annars við orrustu Odds og Ögmundar Eyþjófsbana, sem síðar verður að mikilsháttar efni í yngri gerð (sjá síðar). Þó er ljóst, að kjarni máls í öllum kaflanum eru atburðirnir kringum írsku kóngsdótturina, skyrtu sem hún lætur sauma handa Oddi (sem ekkert bitur á) og konungsríki sem hann fær með henni. Aftur eru það einkenni ævintýrisins, sem hér skipta mestu máli: að hetjan fær að lokum bæði kóngsdóttur og konungsríki, er eitt-hvert mikilvægasta atriðið í skrá Propps (H\*), en hér er það tengt atriðinu um mikilsháttar (töfra)hlut sem hetjan nær og bætir með því úr skorti/skaða (L hjá Propp). Samkvæmt Greimas mætti kalla það 'úrslita- eða aðalpróf': Oddur sannar með sigri á Írum að hann er hetja, og þó að hann yfirgefi kóngsdótturina eftir þrjú ár, heldur hann skyrtunni sem ekkert bitur á og er forsenda þess að hetjuhlutið geti haldið áfram með glæsibrag.

Eftir dvölinu í Svíþjóð og dráp Sæviðar ræðst Oddur í ferðalag til Suðurlanda, heyr ósköpin öll af bardögum við ræningja og illmenni, en stundum við höfðingja, dvelst eitt misseri í klaustri á Sikiley og tekur kristna trú, fer austur á Jórðsalaland (Palestínu) og þaðan til Ungverja-

lands og loksins til Húnalands. Frásögnin af öllum þessum atburðum er stutt, ekkert sérstakt atriði má telja miðdepil – t.d. virðist kristnitaka Odds vera ákaflega yfirborðsleg – og þess vegna vil ég helst ekki telja þessar sneiðar með aðalhlutum sögunnar, en heldur kalla þær milliliði eða röð af milliliðum.

C. Þriðji kafli miðhlutans hefst að mínu áliti, þegar Jólfur vísar Oddi til Herrauds Húnakonungs. Hér er aftur mikið um ævintýramótíf: Jólfulur bóndi er aðstodarmaðurinn og ráðgjafinn (hann líkist að vissu leyti Óðni; sjá Kroesen 1985, sem að vísu gerir of mikið úr þessu), en hann er einnig gefandi: steinörvarnar þrjár sem hann gefur gesti sínum eru þau hjálpargögn sem löngu seinna gera Oddi kleift að sigra Álf Bjálka-konung. Auk þess leynir Oddur nafni sínu og lætur sem hann sé óduglegur til verka og íþróttá; það er ekki alveg ljóst, hversvegna hann gerir það, en hitt er víst, að sagan hefur hér orðið fyrir áhrifum frá ævintýrum: Lönnroth (1979) talar, með tilliti til atburðanna í höll Herrauds, um Odysseifs- eða Widsith-mótíf, en eins líkleg eru áhrif frá ævintýrinu um kolbítinn. En hvað sem því líður, þá er dulbúningur Odds nauðsynlegur til þess að hann geti loks breytt útliti sínu í hetjulíki í samræmi við ævintýrið (hlutverk T hjá Propp). Frásögnin af upphafningu Odds í hirð Húnakonungs er yfirleitt mjög ævintýra- og þjóðsagnakennd, en hún fer fram í þremur stigum: Oddur sýnir sérstakan dugnað og skotfimi í veiðiferð og þreytir tvö veðmál sem sýna garpskap hans og birta hver hann er. Lönnroth telur kappdrykkjuna hámark allrar sögunnar, enda er það alveg ljóst, að þar er um að ræða mikið hetjupróf. Réttast væri að kalla það enn eitt úrslitaprófið, en samtímis er það byrjun þess sem samkvæmt Greimas má kalla 'dýrðarpróf' ('glorífiserandi próf'): konungur býður Oddi upp í hásætið og þegar Oddur nokkru seinna biður sér Silkisifjar konungsdóttur, svarar konungur játandi, en aðeins með því skilyrði að hann fari að skattgilda Bjálkaland. Þetta verður síðasta prófið: enn einu sinni er um skort að ræða (Bjálkar borga ekki skatt), Oddur er hetjan sem kallað er á til að leysa úr vandamálinu, hann gerir það í stórhættulegri ferð móti heiðnum og fjölkunnugum mönnum og sannar á þennan hátt fullkomlega hetjuskap sinn. Í fullu samræmi við ævintýrið endar dýrðarprófið á því að Oddur fær bæði konungsdóttur og konungsríkið eftir Herraud dauðan (hlutverk H\* hjá Propp); verður hann nú kyrr og nýtur sinnar hamingju um langa ævi.

Atburðaröð þessa kafla er ekki alveg einföld, prófin hafa margfald-



ast, mörgum minniháttar atriðum hefur verið skotið inn í atburðarásina, en grundvallarstrúktúrinn er skýr: kjarni málsins er dýrðarpróf í hetjulífi, sem hefur verið prófað og sannað fyrir löngu, en nær hámarki sínu hér.

**III.** Um síðasta hluta sögunnar þarf ekki að fara mörgum orðum. Eins og kunnugt er, er það frásögn um ævilok Odds: heimsókn hans í Hrafnistu og Berurjóður og dauða hans af eitri orms sem skríður úr hausi hestsins Faxa, svo að spádómurinn rætist.

2.2. Þegar litið er yfir atburðarás sögunnar í heild, er auðvelt að sjá, að hún er í góðu samræmi við miðaldarómana (riddarasögur). Grundvallarformgerðin er löng röð ævintýra, sem að vísu má skipta í kafla og atriði og sem við og við nær ákveðnu hámarki, en sem að öðru leyti sækir samhengi sitt aðallega í líf hetjunnar (Righter-Gould 1980 gerir að vísu ráð fyrir strangari formgerð í fornaldarsögum Norðurlanda, en það er augljóst að einmitt Örvar-Odds saga samsvarar heldur illa þeim sameiginlega strúktúr sem hún heldur fram). Það er ævisaga manns sem ungur fer út í heim til þess að leita ævintýra (*aventure* alveg eins og í miðháþýskum eða fornfrönskum riddararóman) og afla sér frægðar og öðlast hana eftir margar hættur og afreksverk. Ég er ekki samála þeim sem leggja mikla áherslu á spádóm völunnar og hvernig hann rætist að lokum og halda því fram að þarna sé um að ræða harmleiksefni sem stingi í stúf við bjartsýnan anda ævintýra og miðaldarómana: menn hafa sýnt fram á að þetta mótið á sér hliðstæðu í Væringjasögu (Nestorskróníku) og er að öllum líkindum komið þaðan; það hefur sýnilega verið tengt við söguna sem eins konar umgerð sem gerir hana áhugaverðari og tengir hana betur saman.

Það er annars áberandi, hvað lítil áhersla er lögð á orsakasambönd. Að undanskildu upphafi sögunnar, þar sem skýra má útferð Odds sem tilraun til að fordast forlögin, og að vissu leyti atburðunum kringum Herraud og Silkisif er það aðallega sókn eftir frægð og heiðri eða kannski hrein ævintýraþrá, sem skapar innra samhengi. Að öðru leyti hafa flestallir atburðirnir hvorki beina orsök né afleiðingu. Það er meira eða minna hrein tilviljun að Oddur hittir Ölvöru Írakonungsdóttur, að þeir Oddur hjálpa Skolla gegn Englandskonungi o.s.frv., og helsta afleiðing af hjónabandinu við Ölvöru er skyrtan góða sem Oddur ber með sér eftir skilnaðinn (það skiptir harla litlu máli að Ragnhildur dóttir þeirra er nefnd í sögulokin); annars gleymast bæði Ölvör og

konungsríkið á Írlandi og reyndar einnig allar vesturhafseyjarnar. Það hefur varla nein áhrif á hugarfar og framkomu Odds, að hann tekur kristna trú, og þannig mætti nefna mörg önnur dæmi.

Aðferð höfundar er aðallega samlagning. Hann hefur að vísu áform í stórum dráttum, en framkvæmir þau ekki í neinu ströngu orsakasamhengi, heldur raðar hann saman fjölda atburða, sem oft eru mjög svipaðir, þ.e. hann notar í ríkum mæli endurtekningaraðferð, endurtekur aftur og aftur týpísk mótíf og efni: áskorun/bardaga, árás/orrustu, sigur á miklu ofurefli, hefnd, valdatöku, frægd. Allsstaðar þar sem Oddur kemur við, er spurt á sama hátt: 'Ertu sá Oddur sem fór til Bjarmalands?' eða á þá leið, og þegar höfundur segir frá veðmálum í höll Herraúðs, notar hann tvisvar sinnum nærri því sama skema í atburðarás og orðalagi. Á sama hátt hefur hann áberandi tilhneingingu til að nota þrítölu (þrjár víkingaferðir, áður en Oddur gengur í fóstbræðralag við Hjálmar, þrjú dæmi um mikilmennsku Odds hjá Herraúði, áður en hann fer til Bjálkaland, þrjú ár sem hann dvelst á Írlandi, þrjár örvar Gusisnautar, þrjár steinörvar Jólfs o.s.frv.), en einnig aðrar fastar tölur (t.d. hefur Oddur eða andstæðingur hans eða hvortvegja 30 skip). Þetta leiðir af sér að öll frásögnin er – þrátt fyrir allar ýkjurnar – nokkuð þurr; höfundur lætur sem hann sé óhlutdrægur, kemur varla neinsstaðar fram með beinar umsagnir eða dóma, og hann notar mikið af formúlum eða formúlukenndu orðalagi – í stuttu máli: hann notar yfirleitt þær aðferðir sem Axel Olrik á sínum tíma kallaði 'epísk lög' og taldi einkenna alþýðlegar 'bókmenntir' (sjá Olrik 1908, 1909). Að vísu segir höfundur frá sumum atburðum í nokkuð skýrum myndum, sem eins vel gætu komið fyrir í einhverri Íslendingasögu, en yfirleitt er málfar hans heldur fátæklegt (t.d. í efnislitlum samtölum) og algerlega laust við þá fjölbreytni sem sérkennir málið á bestu Íslendingasögum.

2.3. Samsvarandi þessu eru persónulýsingar. Það má óhætt segja, að Oddur sé eina persónan í allri sögunni sem er nokkurn veginn mótaður sem mennskur maður. Myndin af persónuleika hans, sem frásögnin framkallar, er ekki alveg einhliða: hann er sterkur, kjarkmikill, trygglyndur, örlátur, hjálpsamur, en einnig íhugull (mannamissir sem hann hefur orðið fyrir, liggur þungt á honum), en á hinn bóginn er hann drjúglátur, óráðþægur, metnaðargjarn (þó án valdagræðgi) og samtímis tiltakanlega líft ásthneigður (að því leyti er hann allt annað en ekta 'rómantísk' hetja). En þótt þessi margbreytni sé að nokkru leyti sann-

færandi, er Oddur samt ekki nema að hálfu leyti mennskur maður: hæfileikar hans eru alltof yfirnáttúrlegir, lýsingar á honum of hástemmdar og líf hans of óvenjulegt og ýkjukennt. En enn síður kemur mannlegt eðli fram í hinum persónunum. Flestallar eru aðeins mótaðar til hæfis við Odd, annaðhvort samlyndar honum eða óvinir hans, og þær hafa í flestöllum tilfellum ekki nema einn eiginleika: Ásmundur fóstbróðir Odds er góður drengur (og að sumu leyti nýrri tíma riddari við hliðina á víkingnum), Hjálmar er göfuglynd og kannski dálítið tragísk hetja, Ögmundur er illur og ljótur og reyndar ekkert annað en illur andi, o.s.frv. En versta meðferð fá konur: þær hafa hreint og beint hvorki útlit né persónuleika. Persónulýsingar hafa yfirleitt ekki mikla dýpt, þær eru 'flatar' og yfirborðslegar, en einmitt þetta er aftur í góðu samræmi við ævintýrið.

2.4. Sama er að segja um tíma og rúm. Að vísu er nokkur raunsæisblær yfir sögunni: hún er að vissu leyti bundin Suðvestur-Noregi (Oddur virðist hafa verið söguleg persóna, sjá síðar); umhverfi og félagslegar aðstæður eru að minnsta kosti sumpart ekki fjarlæggar víkingaöldinni; þar að auki koma kristindómur og pílagrafmsferðir 11. og 12. aldar við sögu. Ævitími Odds er ákveðinn, en *innan* þessa 300 ára ramma bregður einnig fyrir einhverju sem mætti kalla tímatilfinningu og er heldur ólíkt öðrum miðaldabókmenntum: þegar Hárekur spyr Odd, hvort hann ætli ekki að giftast, talar hann um að hann sé að eldast (Örvar-Odds saga 1892, bls. 86)!

En þetta er hér um bil allt sem mætti segja um raunsæi Örvar-Odds sögu. Að öðru leyti er svo að segja allt frábrugðið og fjarlægt venjulegum tíma og rúmi. Víkingalög Hjálmars sem Oddur samþykkir eru hreinn uppsuni til þess að sanna, hve miklir hugsjónamenn þeir eru, sem lifa samkvæmt þeim. Löndum og þjóðum í Evrópu og Asíu er ruglað saman svo að torvelt getur verið að átta sig á þeim; t.d. fer Oddur frá Sikiley um Grikkland og Miðjardarhafið til Akvitaníu og þaðan beinleiðis austur á Jórdan. Mikilvægir atburðir gerast í ævintýraleikum eða blátt áfram loftkenndum löndum eins og Bjarma-, Risa- og Bjálkalandi, en einnig það sem nefnt er raunverulegum nöfnum, er látið vera svo óskýrt að það virðist liggja ákaflega langt frá veruleikanum (um Risa-, Hellu- og Bjarmaland sjá Simek 1986). Bætum við öllu því sem lifir í þessu 'fjarlæga' umhverfi, og því sem kemur þar fyrir Odd – alls háttar kynlegum kvikindum eins og risum, tröllum,

berserkjum, illum öndum og öðrum fjölkunnugum og yfirnáttúrlegum verum, sem reyna að fyrirfara hetjunum; magískum hlutum eins og örvunum Gusisnautum sem fljúga aftur á streng af sjálfu sér, eða skyrtunni sem ekkert bítur á; yfirnáttúrlegum fyrirbærum og gjörningum eins og fárviðri sem Finnar búa til o.s.frv. – ef við bætum öllu þessu við, þá reynist Örvar-Odds saga vera nærri því fullkomin ævintýrasaga, þar sem allt gerist í fjarlægri veröld og þar sem gilda allt önnur lögmál rúms og tíma heldur en í Íslendingasögum.

Ég get hugsað mér, að þær sögur sem voru sagðar á Reykjahólum 1119 hafi verið af svipuðu tagi sem þessi eldri gerð Örvar-Odds sögu. Áhugi á hetjulífi, á ferðum um fjarlæg lönd, hugsjónir um drengskap og göfuglyndi, en einnig hugmyndir um gæfumennsku og forlög sköpuðu þær forsendur sem þurfti til þess að semja sögur, sem sögðu frá heimi sem lá langt fyrir utan þann takmarkaða veruleika sem menn lifðu í bæði í byrjun 12. aldar og ennþá fremur í lok 13. aldar.

3. En lítum nú á yngri gerð Örvar-Odds sögu til þess að sjá, hvernig sagan hefur þróast á hér um bil 100 til 150 árum! Hér mun vera best að styðjast við A/B-gerðina, en milli S og A/B liggur enn eitt skinnhandrit, M, sem hefur nokkrar, en þó takmarkaðar breytingar gagnvart S. Til M-gerðar mun ekki tekið tillit nema í fáeinum tilfellum.

3.1. Fljótséð er að A/B-gerðin er mun lengri en S. Meðal annars geymir hún alla ævidrápu Odds og langa nafnaskrá í kvæði Hjálmars, en ég mun ekki fara út í þá sálma, heldur takmarka mig við breytingar á óbundnu máli.

Fyrir koma styttingar í einstökum minniháttar atriðum – t.d. er sleppt skýringunni á drápi skjaldmeyjar í Bjálkalandsförinni (að hún þorði ekki að hlaupa yfir fenið) – en miklu meira ber á því að textinn sé aukinn, og eru slíkar breytingar af ýmsu tagi:

3.1.1. Frásögn af einstökum atriðum getur verið ýtarlegri. T.d. er meira sagt frá Bjálkalandsför; í 26. kapítula fjölgar veðmálunum úr tveimur í þrjú, o.s.frv.

3.1.2. Sama móttíf sem fram kemur í S, birtist aftur í yngri gerðinni, en í gerbreyttu formi. Þegar þeir Oddur eru búnir að herja 'um Valland, Frakkland og Helsingjaland', fara þeir í A/B næstum beinleiðis til Akvitanú; Oddur er skírður þar, fer frá kumpánum sínum, sér dráp biskups og hefnir hans og fer þaðan beint austur á Jórsalaland – með

öðrum orðum: mikill kafli um Akvitaníu er kominn í staðinn fyrir allar Miðjarðarhafsfærðir í S, þar sem Akvitanía er aðeins eitt lítið atriði (sama í M).

3.1.3. En það sem hefur valdið mestum breytingum, er innskot meira en sex kapítula, þar sem eldri gerðin hefur aðeins frásögn um tiltölulega stutta Ungverjalandsdvöl Odds. Þar að auki fylgir enn eitt innskot með algerlega nýju efni á eftir 29. kapítula. Það er margt skrýtið og ótrúlegt sem gerist í þessum nýju köflum: gammur tekur Odd og færir hann í bæli sitt, þaðan er honum bjargað af Hildi risa, hann dvelst þar sem leikfang risadóttur, en getur þó barn með henni; hann heldur áfram ferðinni og kemur á fund Rauðgrana nokkurs, sem talinn er vera Óðinn (sjá Kroesen 1985), og gefur hann Oddi nánari upplýsingar um Ögmund og móður hans sem er hræðilegt skrímsli. Oddur fer til Englands til að drepa hana, leitar að nýju að Ögmundi, heyr tvo bardaga við hann og ber að nokkru sigur af honum; en þegar Oddur hefur sest að í Grikklandi (í staðinn fyrir Húnaland), er enn einu sinni fjallað um viðureign við Ögmund: eftir mikla orrustu sættast þeir loks af því að báðir eru ósigrandi.

3.2. Aukning söguefnis og atburða hefur í för með sér breytingar á formgerðinni:

Það sem er mest áberandi við fyrstu sýn, er að hér hefur verið skotið inn nýrri og sýnilega nokkuð sundurleitri röð ævintýra með miklu ýkjukenndu, fáránlegu efni, en einnig bardögum og orrustum af venjulegri gerð, og virðist þessi atburðarás sprengja sundur uppruna- legu formgerðina.

En ef lítið er nánar á, hvað gerist í þessum köflum, kemur brátt í ljós að mestur hluti þess tengist efni í öðrum hlutum sögunnar; meira að segja er lögð meiri áhersla á orsakasamhengi og samtengingu atburðanna en í eldri gerðinni. Nú fær Oddur skýringu á því að Ögmundur hafði skorað hann á hólmi við fyrsta fund þeirra (hann ætlar að hefna Bjarmalandsfarar Odds); og sögumaður yngri gerðar gleymir ekki eins fljótt og hinn, hann lætur Vigni son Odds, sem hefur verið uppallinn hjá móður sinni, Hildigunni tröllkonu, koma á hans fund og hjálpa honum, og einkanlega víkur höfundur aftur og aftur til Ögmundar. Þessi illi andi verður að eins konar miðdepli í innskotunum, leit Odds að Ögmundi verður að vissu leyti söguþráður – þó ekki svo að atburðir varðandi Ögmund séu komnir í staðinn fyrir önnur efnis-

atriði; það má heldur segja að höfundur auki Ögmundarefnið á þann hátt að það vefjist um hitt sem stendur í eldri gerðinni, svo að það verður eins konar 'hringrás' í formgerðinni. Og þessi hneigð til að endurtaka sama efni kemur einnig í ljós í aukaatriðum; t.d. er mörgum sinnum bent á skyrtuna góðu og á hin yfirnáttúrlegu siglingatæki Hrafnistumanna. En rétt er þó að taka fram, að þótt orsakasamhengi skýrist þá verður sagan ekki raunsærri. Það er ekki síst það mikla hlutverk sem yfirnáttúrlegur andi eins og Ögmundur fær í þessari gerð, sem fjarlægir söguna ennþá meira frá veruleikanum, og yfirleitt er tíma- og staðatilfinning yngri gerðar enn óákveðnari en í S.

3.3. Í yngri gerð koma einnig til greina nýjungar í frásagnarhætti:

3.3.1. Greinilegar eru breytingar á áhugamálum höfundar. Ástarlíf er að vísu ekki miklu meira en í eldri gerðinni. Þar er þegar sagt frá því að Hjálmari og Ingibjörgu er bannað að eigast, svo að þau geta ekki sameinast fyrir en í dauðanum. Í hvorugri gerðinni gætir verulegra áhrifa frá riddaralífi og riddarasögum; frásögnin er í báðum gerðum eins órómantísk og maður getur hugsað sér. Þegar Ingibjörg fær dauðafréttina, hafa sögumenn ekki miklu meira að segja en að 'hún hnígur þá aftar í stólsbrúðunum og deyr þegar', meðan Oddur stendur hjá og rekur upp skellihlátur. Þó tala Oddur og Jólfulr nokkru meira um Silkisif og vænleika hennar í yngri en í eldri gerð.

En aðallega sýnir höfundur A/B-gerðar aukinn áhuga á yfirnáttúrlegum, fáránlegum hlutum og atburðum. Hann endurtekur risaefnið og finnur upp nýtt risaland (en í þetta skipti eru Oddur og risarnir góðir vinir), dularfullur ráðgjafi (og gefandi), sem sögumaður setur í beint samband við Óðin, kemur við sögu. Ógurlega stórir fuglar og skrímsli af ýmsu tagi ógna mannlífinu: gammurinn sem ber Odd 'yfir mörg lönd og höf' í klóm sínum; finngálknið sem hefur mannshöfuð, en er dýr fyrir neðan, með langan og digran hala, furðulega stórar klær og með sverð í hverri kló; Hafgufa og Lyngbakur sem eru í sjó, en stór sem eyjar. Mörg efnisatriði sem í fyrri gerðinni eru nokkurn veginn með raunsæjum hætti, eru ýkt og færð út í öfgar, 'mælikvarðinn' er stækkaður: Oddur er orðinn tólf álna hár í staðinn fyrir sjö; í staðinn fyrir kufl býr hann til næraföt til að leyna sér í áður en hann kemur í heimsókn til Jólfs og Herrauds; skotfimi hans er orðin enn ótrúlegri eins og kemur í ljós við veðmálið hjá Herraudi; Álfur Bjálkalandskonungur og Gyðja kona hans skjóta 'af hverjum fingri'; Ögmundur getur

horfið niður í jörðina hvenær sem er, o.s.frv. Það er líka auðséð, að höfundur hefur gaman af skoplegum hlutum og atburðum, t.d. þegar hann lætur hetjuna sitja í gammsbæli eða liggja í vöggju hjá risadóttur sem hann samt sem áður getur barn með, eða þegar menn drukkna af því að þeir fara í land á sjóskrímsli sem þeir halda vera eyju.

Öll þessi atriði benda í átt að því sem menn kalla 'ýkjstíll' (hyperbóllískan stíll), en hann verður sérstaklega vinsæll, þegar líður á seinni hluta miðalda. Það má víst telja í samræmi við þennan stíll, þegar höfundur skýtur inn landfræðilegum og sögulegum upplýsingum í 30. kaþítula: myndin sem hann gefur þar af löndum og konungum í Garðaríki, er alveg eins ótrúleg og ýkjukennd og þau efnisatriði sem fyrr eru talin.

3.3.2. Sögumaður er yfirleitt ekki eins 'ósýnilegur' og í eldri gerðinni. Að vísu er það ekki mikið sem hann segir fyrir eigin hönd; hann notar oftast gamlar, ópersónulegar formúlur eins og 'nú er þar til at taka', 'sem fyrr er skrifað' og því um líkt. En á nokkrum stöðum snýr hann sér til áheyrenda/lesenda með athugasemdir sem gera hann miklu áþreifanlegri og væru óhugsanlegar í eldri gerðinni. Í A/B endar sagan þannig: 'Og lýkur þar nú sögu Örvar-Odds, eftir því sem þér hafið nú heyrt frá sagt.' Í M-gerðinni lýkur sögunni með langri hugleiðingu, þar sem sögumaður og afstaða hans til söguefnis og áheyrenda koma enn miklu skýrara fram:

Og lýkur hér nú sögu Örvar-Odds eftir því sem eg hefi hana á bókum heyrt. En þó að eg hafi mörg orð þau mælt eða framsagt í þessi sögu, er ónytsamleg eru, þvíáð eg veit eigi, hvort nokkuð orð er satt eða ekki, þá bið eg þess, að guð almáttigur láti engan gjalda, þann er les eða hlýðir eða ritar. Nú sé guð varðveitandi oss frá öllum illum hlutum, meðan vér lifum hér í heimi, en styrki oss til allra góðra hluta . . .' (Boer 1888, bls. 196)

En í A/B-gerðinni er þessum kafla annaðhvort sleppt eða hann hefur aldrei verið þar.

3.3.3. Að öðru leyti er frásagnarstíllinn víða orðríkari en í eldri gerðum, án þess að inntak sé víkkað eða dýpkað að verulegu marki. Þetta kemur skýrt fram í samtölum sem eru ósjaldan enn efnisminni en í S, en stundum er sjálf frásögnin einnig litlausari; t.d. skortir frásögnina af berserkjabardaganum á Sælundi þá sviðsetningu, sem setur þó nokkurn svip á samsvarandi atriði í S. Frásögnin getur einnig verið fá-

tæklegri eða yfirborðslegri og kemur það stundum þegar fram í M. Gott dæmi þess er samtal Odds og Háreks hjá Herraudi, þar sem skapraun Odds (harmur vegna vinamissis og tilfinning fyrir elli) kemur skýrt fram í S, en vantar alveg í A/B og M.

Hins vegar getur stíllinn í A/B stundum verið grófari og óheflaðri. T.d. segir Oddur við Ölvöru: 'Hvað *tröll* veistu til þess?' og eftir misheppnaða sundkeppni Sigurðar og Sjólfs '*kastar* hann þeim upp á land' í staðinn fyrir 'flytur þá nú til lands'.

3.3.4. Eins og sjá má af því sem sagt var hér á undan um ástarlýsingar í sögunni, virðist yfirlétt ekki vera mikið um áhrif frá riddaralífi og riddarahugsjónum. Má þó vera að nokkuð grilli í sögu svið riddarasagna, þegar sagt er frá Akvitaníu og kannski einnig í frásögnum af konungsborg Herrauds. Fyrirmynd riddarans má ef til vill að nokkru leyti sjá í framkomu Odds, þegar hann fer að eldast og sest um kyrrt. Stöku sinnum má finna áhrif frá 'lærðum stíl', t.d. í notkun hluttaksorða í staðinn fyrir aukasetningar, eða í orðasamböndum eins og 'þinn vegur og virðing', 'um sker og um skóga, eyjar og andnes'; og alveg víst má telja að A/B-gerðin hafi tekið upp móttíf og efnisatriði úr nýrri alþjóðabókmenntum (eitt dæmi er, að Oddur rífur alla ásjónuna af Ögmundi, sem á sér hliðstæðu í þýska kvæðinu *Salman und Morolf*, sjá Naumann 1978, aths. 43). En þó að nýjungar í stíl, móttífum, efni og frásagnarhætti séu ekki eins áberandi og í riddarasögum, þykir mér þróun sögunnar frá eldri til yngri gerðar merkileg, meira að segja dæmigerð.

4. Það er vissulega alveg rétt sem R.C. Boer segir í yfirliti sínu yfir handrit Örvar-Odds sögu 1888, að sagan hafi upprunalega verið tiltölulega raunsæ, en hafi í yngri gerðum breyst samkvæmt smekk seinni tíma. Lítum því enn einu sinni sem fljótast yfir þróun hennar í heild og reynum að skilja meginatriði hennar.

4.1. Eins og flestir fræðimenn munu álíta, er sögulegur kjarni í Örvar-Odds sögu: hjá Saxo Grammaticus kemur fyrir einhver '*Jathriae regulus Oddo*' og Sögubrot af nokkrum fornkonungum í Dana- og Svíaveldi nefnir '*Odd víðförla af Jaðri*'. Það getur vel verið, að einhver smákonungur frá Suðvestur-Noregi, nefndur Oddur, hafi (ef til vill á 9. öld) farið Bjarmalandsför og kannski víðar um heim og að hann hafi orðið frægur sem víkingur og bogaskytta. Munnmæli eða munnmæla-



sögur um hann munu hafa verið þekktar frá fornu fari og munu snemma hafa verið tengdar sögum sem fóru af Grími loðinkinna og Katli hæng Hrafnistumönnum, og má vel vera að þaðan hafi komið ýmis atriði, t.d. yfirnáttúrleg fyrirbæri eða hlutir eins og örvarnar Gúsisnautar, inn í Örvar-Odds sögu.

4.2. Það er náttúrlega torvelt að ákveða, hvenær frumgerð Örvar-Odds sögu hefur verið samin, en líklegt finnst mér, að til hafi verið eitthvað í munnlegu formi sem mætti kalla sögu í þrengri merkingu þess orðs. Þessi saga hefur líklega verið til á 11./12. öld og hlýtur – að minnsta kosti að nokkru leyti – að hafa verið undirstaða þeirra kvæða sem fjalla um Örvar-Odd og eru tengd sögunni (nokkuð frábrugðin er skoðun Lönnroths 1979, sem heldur að mannjafnaðarkvæðið hafi verið fastara mótað en munnlegar sögur og að þetta kvæði hafi kannski verið kveikja allrar sögunnar). Ef dæma má eftir S-gerðinni, hefur fyrsta gerðin verið tiltölulega stutt og með þó nokkrum raunsæisblæ; hún hefur líklega náð yfir þá kafla sem ég hef hér á undan talið vera aðalhluta sögunnar: Bjarmalandsför, víkingalíf á Norðurlöndum og á Írlandi, Bjálkalandsför; þar að auki hefur umgerðin: spádómurinn/dauði Odds, snemma verið tekin upp úr Væringjasögu.

4.3. Sambland við hetjusögu Hjálmars hlýtur líka að hafa átt sér stað á einhverju fyrsta stigi söguþróunarinnar, af því að Saxo nefnir báðar hetjurnar í sambandi við Sámseyjarbardagann. En allt hitt, öll þau smáatriði (milliliðir), sem eru á milli meginatriða, ef til vill einnig Suðurlandaförin, þurfa ekki að hafa verið í sögunni fyrir en S-gerðin var samin. Að minnsta kosti geri ég ráð fyrir að ævintýrablær muni hafa aukist milli þeirra gerða – t.d. má vel vera að kolbíts-/Odysseifs-minnið og Ögmundur sem illur andi hafi komið inn á þessu þróunarstigi – og að kristinn sögumaður, sem vissi eitthvað um krossfara og píligríma 12. og 13. aldar hafi tiltölulega seint skotið inn ferðinni austur á Jórdan (sami sögumaður hefur kannski lagt til víkingalögin og drengskaparhugsjónina).

4.4. Þrátt fyrir öll þessi innskot og allar aðrar breytingar er grundvallarformgerðin ennþá sæmilega skýr og ljós í S-gerðinni, en í yngri gerðum er þetta nokkuð öðruvísi.

Í M-gerðinni er að vísu ekki mikið um breytingar sem máli skipta,

en samt eru nokkrar nýjungar í henni eftirtektafverðar. Atburðirnir í Akvitaníu, sem hér eru í fyrsta skipti með riddaralegu sniði, og hugleiðingar höfundar í sögulok benda í átt að þeim stíl og hugsjónum sem tíðkast í ungum ævintýra- og riddarasögum. Sama er að segja um það að annars vegar er sleppt dýpri hugsunum í samtali Odds og Háreks og hins vegar virðist höfundur í sambandi við Bjarmalandsför forðast eins og hægt er orðin 'tröll', 'risar', 'flagðkona' og því um líkt.

Í A/B-gerðinni er aftur á móti sjálfri formgerðinni breytt. Ævintýrablærinn hefur aukist yfirleitt, og samtímis hefur *eitt* ævintýraminni: Ögmundar-efnið, verið víkkað, svo að það myndar eins konar hringrásar-formgerð innan um hin gömlu efnisatriði sögunnar. Eins og yngsta gerðin liggur fyrir, skerast í henni tvær formgerðir: gömul hefðbundin ævintýrasaga og nýtt söguefni sem fylgir sínum eigin lögum. Það mætti kannski segja, að nýja efnið trufla gömlu söguna; en ef rétt er athugað, geymir þessi strúktúr margt sem er merkilegt frá siðfræðilegu- og bókmenntasögulegu sjónarmiði. Ef til vill mætti segja, að dýpri merking Ögmundar-efnisins sé að sýna takmörk hins forna hetjulífs frá kristilegu og riddaralegu sjónarmiði. Með öðrum orðum: mótsetningin í formgerðinni felur í sér mótsetningu í lífsskoðun manna á seinni hluta miðalda, mótsetningu milli aðáunar á gömlu hetjulífi og viðurkenningar á skuggahliðum þess; og samtímis speglar hún kannski vandamál í þjóðfélagslífi miðalda. En ætli þessi mótsetning feli ekki einnig í sér skýringu á þeirri gamansemi og þeim áhuga á ýkjum og fáránlegum hlutum sem koma fram í yngstu gerðum sögunnar? Hvað sem því líður, þá sýnir þróun Örvar-Odds sögu hvernig fornaldarsaga gat breyst úr kjarna sem kannski hefur verið sögulegur, í víkinga-, ævintýra- og ýkjusögu og loks – þrátt fyrir allt – í söguform sem liggur alveg í nánd við riddarasögur; hún sýnir – að vissu leyti í mótsetningu við Íslendingasögur – hæfileika fornaldarsagna til að fylgjast með tíma og smekk sem breytist.

5. Það mætti þannig að orði komast, að Örvar-Odds saga – að minnsta kosti í yngstu gerð – sameini einkenni mismunandi sagnagreina í einum og sama texta. En þá er spurning, til hvernar greinar helst megi telja hana, hvort yfirleitt sé hægt að skipa henni í ákveðinn sagnaflokk.

5.1. Eins og kunnugt er, hefur lengi verið algengt og er reyndar enn

að skipa fornaldarsögum niður í hetju-, víkinga- og ævintýrasögur ('Abenteuersagas' á þýsku), en í tengslum við þær má einnig nefna frumsamdar riddarasögur eða 'Märchensagas' á þýsku. Í bókmenntasögum er Örvar-Odds saga venjulega talin með víkingasögum, meira að segja munu sumir fræðimenn telja hana eitthvert besta dæmi þessa flokks. En hvernig á að skilgreina þessar sagnagreinar? Eftir efni, formgerð, stíl eða öllu þessu? Hér vantar ennþá mikið af ýtarlegri rannsóknnum, mikið hefur verið gert af handahófi eða vana og er því óáreiðanlegt; en á síðustu árum hafa farið fram umræður, þar sem hefðbundin sagnaflokkun er dregin í efa (sjá Kalinke 1985). Að því er varðar víkingasögur, hefur skilgreining og afmörkun gagnvart öðrum greinum auðsjáanlega verið gerð eftir efni: af því að Oddur var víkingur, er saga hans talin víkingasaga. De Vries 1964-67 nefnir að vísu fleiri einkenni: formgerð sem er röð ævintýra, yfirnáttúrleg fyrirbæri, jákvæða (sjaldan tragíska) lífsskoðun, en ætli þessi einkenni komi ekki fyrir í hinum greinum?

5.2. Þegar rætt er um Örvar-Odds sögu virðist hugtakið 'víkingasaga' vera ófullnægjandi. Lítum því á næsta flokk: 'ævintýrasögur' (hetjusögur er óþarfi að miða við í þessu sambandi, af því að þar er að mestu leyti um að ræða sögur, sem eru samdar eftir gömlum kvæðum og nokkuð vel afmarkaðar). Um ævintýrasögur ('Abenteuersagas') hefur Hans-Peter Naumann skrifað tvær ritgerðir sem gefa góða mynd af þeim sögum, sem samkvæmt hefðbundinni flokkun eru taldar til þessarar greinar (sjá Naumann 1978 og 1983). Eins og hann segir með réttu, eiga ævintýra- og víkingasögur margt sameiginlegt: tilbreytingarlausla (skematíska) formgerð; röð ævintýra, þar sem hetjan vinnur sigur og fær brúði og ríki; skort á hetju-hugsjónum; ýkjur og gamansemi. Þó eru að áliti Naumanns nokkuð mörg sérstök einkenni ævintýrasagna: áþreifanlegur sögumaður sem tekur afstöðu til atburða og frásagnar; upphaf og lok sögu í fastmótuðu formi, endurtekningarregla, þrítala; landfræðileg innskot, atburðaskipun í mörgum þáttum ('Mehrsträngigkeit'); sambland efnis og minna af ýmsum uppruna – úr norrænum hetjusögum og goðafræði, skandinavískum ævintýrum, riddarasögum og (þýskum) 'leikarakvæðum' (Spielmannsdichtung). En ef við berum nokkrar af þeim sögum sem Naumann byggir á saman við nokkrar svokallaðar víkingasögur, kemur brátt í ljós, hvað munurinn er lítill. Það vantar varla neitt einasta einkenni ævintýrasagnanna í

víkingasögnum í heild, þar er ekki um að ræða meira en stigsmun: meðal annars er atburðaskipun í mörgum þáttum ekki eins áberandi í víkingasögum, og framfarir öllu er ævintýraformgerðin (ævintýramynstrið) yfirleitt skýrara í ævintýrasögum, þó að það sé vissulega einnig til í víkingasögum. Þegar hugað er að einkennum Naumanns í Örvar-Odds sögu, er auðsjáanlegt að þau koma öll fyrir að minnsta kosti í yngstu gerð. Nokkur þeirra vantar að vísu í hina eldri, en þar er þó að finna það einkenni sem ríður mest á: sjálfa ævintýraformgerðina. Sú ævintýrasaga sem virðist vera svipuðust Örvar-Odds sögu í þema og uppbyggingu er Göngu-Hrólfss saga, og er því sérstaklega skemmtilegt að bera saman þessar tvær sögur. Báðar segja þær frá löngu ævintýra-/hetjulífi, frá garpi sem vill láta á sér bera en er samt stilltur og hjálpsamur (hugsjónamaður), fer herferðir um nærri því allan heim (alla norðurálfu), er hvorki valdafíkin né ásthneigður, en fær loks þrátt fyrir allt konungsdóttur og konungsríki. Þó er nokkur munur á þessum sögum: ævintýramynstrið er skýrara í Göngu-Hrólfss sögu, fleiri og meiri ýkjur, áhrif riddaramenningar meira áberandi, höfundur áþreifanlegri. En ljóst er að þetta er ekki nema stigsmunur, svo að engin ástæða virðist til þess að skipa Örvar-Odds sögu í annan flokk en Göngu-Hrólfss sögu.

5.3. Frumsamdar riddarasögur hafa eins og kunnugt er lengi notið lítils álits, en á síðustu árum hafa nokkuð margir fræðimenn fengist við þær, meðal annars Jürg Glauser í ágætri doktorsritgerð (sjá Glauser 1983). Eins og Glauser sýnir þar fram á, fylgja allar þessar sögur að meira eða minna leyti þeirri formgerð sem samkvæmt Propp liggur öllum ævintýrum til grundvallar. Þar eru frásagnarliðir eins og skortur eða tjón, kvaðning hetjunnar, útferð hennar, fundur við aðstodarmann eða gefanda, viðtaka töfragrips, bardagi, sigur, viðtaka þess sem hetjan hefur leitað að, heimför, (ef til vill ný eftirför og ofsókn), heimkoma og laun (hetjan fær konungsdóttur og -ríki). Stíll og minni eru mótuð af föstum fyrirmyndum, þungamiðja innihalds og boðskapar eru riddaralegar hugsjónir í mótsetningu við að það sem er fjandsamlegt ævintýraheimi riddarans. Tími og rúm eru 'abstrakt', miðuð við hetju og andstæðinga hennar.

Það er auðséð að allt þetta á með nokkrum hætti einnig við Örvar-Odds sögu, en að vísu í nokkuð minni mæli. Eins og riddarar er Örvar-Oddur fyrirmyndarhetja, þó með nokkru frumstæðara sniði. Ég hef

líka víða getað bent á samsvörun við ævintýraformgerð Propps, en einnig við Greimas, þó að þessi formgerð sé ekki eins fastmótuð í Örvar-Odds sögu. Röð atburða, endurtekning og formúlur eru einnig grundvallaratriði þessarar sögu, og alveg eins og í frumsömdum riddarasögum er það persóna hetjunnar sem mótar tíma og rúm.

5.4. Mér er fjarri skapi að neita því að verulegur munur sé bæði á Örvar-Odds sögu og öðrum fornaldar- og riddarasögum og á hinum ýmsu sagnaflokkum innbyrðis. En það sem mestu máli skiptir er að mínu áliti, að flestallar þessar sögur hafa sameiginlegan grundvallarstrúktúr, og það er því spurning, hvort rétt sé að halda uppi hefðbundinni flokkun í fornaldar-, riddara-, víkinga- og ævintýrasögur. Þegar hefur verið bent á, að þessi spurning er ekki út í bláinn, og má auk Kalinke 1985 vitna í fleiri ritgerðir og greinar eins og t.d. Hermann Pálsson 1979, van Nahl 1981, Glauser 1983 o.s.frv. (sbr. einnig Schlauch 1934), sem allar saman bera vott um hve nauðsynlegt er að leita að nýjum og nákvæmari skilgreiningum sagna og sagnaflokka, en samtímis verður að viðurkenna hversu torvelt mun vera að komast að ákveðnum niðurstöðum. Það er alveg rétt hjá Hermann Pálssyni 1979 að skipa íslenskum fornsögum í heild einhversstaðar á milli sögulegra staðreynda og hreins skáldskapar, og eins rétt er að gera ráð fyrir þróun fornaldarsagna frá sögum um forna tíma gegnum ævintýrasögur og til frumsaminnar riddarasagna (sjá t.d. Ebel 1982). En skemmtilegasta niðurstaða minnar rannsóknar á ýmsum gerðum Örvar-Odds sögu er einmitt sú, að þessi þróun hefur getað átt sér stað innan sömu sögu.

Af þessu mætti draga þá ályktun að best væri að sleppa orðunum fornaldarsögur og riddarasögur, og þó einkum heitum sem eru notuð um flokka sem áreiðanlega eru ekki til sem sérstakar greinar, til dæmis 'víkingasögur', sem er ekki hægt að skilgreina hvorki á grundvelli formgerðar né stíls né efnis. Ég þori ekki að segja, hvaða heildarnafn ætti að koma í staðinn fyrir fornaldar- og riddarasögur: 'lygisögur' mundi vissulega geta átt við þær flestar en það er of neikvætt – en ætli 'ævintýrasögur' (með tvöfaldri merkingu eins og orðið ævintýri hefur í íslensku) væri ekki vel við hæfi?

## HEIMILDARRIT

- Örvar-Odds saga*, herausgegeben von R.C. Boer (Altnordische Saga-Bibliothek 2), Halle a.S. 1892 [með formála bls. VII–XXII].
- Örvar-Odds saga*, í *Fornaldarsögum Norðurlanda I*, Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson sáu um útgáfuna, Reykjavík 1943, bls. 281–399.
- Boer, Richard Constant, *Örvar-Odds saga*. Academisch proefschrift, Groningen, Leiden 1888, LII + 220 bls.
- Ebel, Uwe, 'Darbietungsformen und Darbietungsabsicht in Fornaldarsaga und verwandten Gattungen,' í Uwe Ebel, *Beiträge zur nordischen Philologie*, Frankfurt a.M. 1982, bls. 56–118.
- Finnur Jónsson, *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*, 3 bindi, önnur útgáfa, København 1920–24.
- Gläser, Jürg, *Isländische Märchensagas*. Studien zur Prosaliteratur im spätmittelalterlichen Island (Beiträge zur nordischen Philologie 12), Basel/Frankfurt a.M. 1983.
- Greimas, Algirdas Julien, *Sémantique structurale. Recherche de méthode*, Paris 1966.
- Guðni Jónsson, 'Formáli' í *Fornaldarsögum Norðurlanda I*, Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson sáu um útgáfuna, Reykjavík 1943, bls. V–XIX.
- Hermann Pálsson, 'Towards a Definition of Fornaldarsögur,' *Fourth International Saga Conference München July 30th – August 4th, 1979* (Paper).
- Hermann Pálsson + Edwards, Paul, *Legendary Fiction in Medieval Iceland* (Studia Islandica 30), Reykjavík 1971.
- Kalinke, Marianne E., 'Riddarasögur, Fornaldarsögur, and the Problem of Genre,' *Les Sagas de Chevaliers. Riddarasögur*. Actes de la V<sup>e</sup> Conférence Internationale sur les Sagas. Présentés par Régis Boyer (Toulon. Juillet 1982) [1985], bls. 77–91.
- Kroesen, Riti, 'The christianization of two initiatory patterns in the Örvar-Odds saga' (Paper), *6th International Saga Conference 1985. Workshop Papers II*, København 1985, bls. 645–659.
- Lönnroth, Lars, 'The double scene of Arrow-Odd's drinking contest,' *Medieval Narrative. A Symposium*, Odense 1979, bls. 94–109.
- Nahl, Astrid van, *Originale Riddarasögur als Teil altnordischer Sagaliteratur* (Texte und Untersuchungen zur Germanistik und Skandinavistik 3), Frankfurt a.M./Bern 1981.
- Naumann, Hans-Peter, 'Die Abenteuersaga. Zu einer Spätform altisländischer Erzählkunst,' *Skandinavistik* 8, 1978, bls. 40–55.
- Naumann, Hans-Peter, 'Erzählstrategien in der Fornaldarsaga: Die Prüfungen des Helden,' *Akten der Fünften Arbeitstagung der Skandinavisten des deut-*

- schen Sprachgebiets 16.–22. August in Kungälv*, hg. von Heiko Uecker, St. Augustin 1983, bls. 131–142.
- Olrik, Axel, 'Episke love i folkedigtningen,' *Danske Studier* 1908, bls. 69–89; á þýsku: 'Epische Gesetze der Volksdichtung,' *Zeitschrift für deutsches Altertum* 51, 1909, bls. 1–12.
- Propp, Vladimir, *Morphologie des Märchens*, hg. von Karl Eimermacher, München 1972. (Tákn hlutverka samkvæmt þessari útgáfu.)
- Righter-Gould, Ruth, 'The Fornaldarsögur Norðurlanda. A Structural Analysis,' *Scandinavian Studies* 52, 1980, bls. 423–441.
- Schlauch, Margaret, *Romance in Iceland*, New York 1934.
- Simek, Rudolf, 'Elusive Elysia or Which Way to Glæsisvellir? On the Geography of the North in Icelandic Legendary Fiction,' *Sagnaskemmtun. Studies in Honour of Hermann Pálsson*, Wien-Köln-Graz 1986, bls. 247–275.
- Vries, Jan de, *Altnordische Literaturgeschichte*, 2 bindi, Berlin/Leipzig 1942, önnur útgáfa 1964–67.





ÓLAFUR HALLDÓRSSON

## UM DANAKONUNGA SÖGUR

ÁRIÐ 1982 kom út hjá Hinu íslenska fornritafélagi bók ein mikil, *Danakonunga sögur*, í útgáfu Bjarna Guðnasonar prófessors með innangi eftir hann og miklum skýringum neðanmáls við texta (stytt hér á eftir DS). Á þessa bók eru prentaðar þrjár sögur: Skjöldunga saga, Knýtlinga saga og Ágrip af sögu Danakonunga.

Það sem er prentað undir titlinum Skjöldunga saga er í fyrsta lagi kafli úr Danasögu Arngríms lærða (Rerum Danicarum fragmenta), aðaltexti á latínu og íslensk þýðing neðanmáls af þeim hluta verksins, þar sem hliðstæðir íslenskir miðaldertextar eru ekki varðveittir. Á eftir fylgja íslenskir textar sem útgefandi telur ættaða frá Skjöldunga sögu; þessir textar eru sem hér segir: Upphaf allra frásagna, líttill kafli, tæp hálfönnur blaðsíða í útgáfunni, varðveittur í undarlegu samtíningshandriti frá lokum 14. aldar, AM 764 4to (ekki AM 746 4to, eins og stendur í handritaskrá á bls. 2 í DS), þar næst 28. og 29. kapítuli Ynglinga sögu í Heimskringlu, 54. og 55. kapítuli Snorra-Eddu, Sögubrot af fornkonungum, Svíakonungatal Arngríms lærða (Ad catalogum regum Sveciæ, aðaltexti á latínu og íslensk þýðing neðanmáls), kafli úr Ragnarssona þætti sem er varðveittur í Hauksbók (AM 544 4to), og loks 63. og 64. kapítuli Ólafs sögu Tryggvasonar hinnar mestu (stytt hér á eftir ÓlTr).

Íslensku textarnir eru prentaðir með samræmdri stafsetningu, þeirri sem hefur verið tíðkuð í útgáfum Hins íslenska fornritafélags, en latneskir textar Arngríms lærða eru teknir stafrétt eftir útgáfu Jakobs Benediktssonar í *Bibliotheca Arnamagnæana* IX; þar er texti Danasögu Arngríms prentaður eftir því eina handriti sem varðveist hefur með textagildi, sem er óvandað eftirrit af glötuðu handriti.<sup>1</sup> Einnig eru smákláusur á dönsku í texta Arngríms prentaðar í DS stafrétt eftir útgáfu Jakobs, þ.e. með stafsetningu þess handrits sem þær eru varðveittar í. Jakob hefur í útgáfu sinni leiðrétt augljósar ritvillur handrits-

<sup>1</sup> *Bibliotheca Arnamagnæana* XII, bls. 181–85.

ins og prentað ranga leshætti þess neðanmáls, en einnig hefur hann bent á í skýringum (Bibl. Arn. XII 232), að orðið *qvod* í Bibl. Arn. IX 337.20 (DS 11.2) muni vera villa fyrir *qvoad*, en ekki hefur Bjarni Guðnason tekið mark á því. Í handriti því sem Jakob prentaði eftir eru tveir kapítular í *Rer. Dan.* fragm. tölusettir með rómversku tölunni VII. Þessu er haldið óbreyttu í DS. Stafir og orð sem ljóst er að vantar í handritið eru í útgáfu Jakobs sett innan oddklofa. Þessu er einnig haldið óbreyttu í DS, sjá t.d. bls. 3–5. En sama er ekki að segja um texta sem eru teknir eftir íslenskum handritum eða útgáfum gerðum eftir þeim, sjá t.d. bls. 11–12 í *Sögur Danakonunga*, utg. av Carl af Petersens och Emil Olson, København 1919–1925 (stytt hér á eftir SD), þar sem orð og bókstafir sem ekki standa í handriti því sem prentað er eftir eru innan sviga, en án auðkenna í DS, sjá bls. 54–55. Ef sömu reglu hefði verið fylgt við frágang íslenska textans og latínunnar hefði t.d. átt að prenta bls. 54.12 sk⟨i⟩pin, 54.14 lé⟨t⟩, 55.5 ⟨Hǫrðr svarar⟩:, 55.5 hræddas⟨tr⟩, 55.11 ⟨Hǫrðr svarar⟩:, 55.13 fe⟨i⟩gð, 55.26 skj⟨ó⟩tast, o.s.frv. Ég sé ekki ástæðu til í útgáfu sem þessari að auðkenna þannig einstöku stafi sem ritara handrita hafa hlaupið yfir og engu fremur í texta Arngríms lærða en öðru efni. Aftur á móti er sjálf-sagt að auðkenna heil orð, eitt eða fleiri, sem ekki standa í handriti, en útgefendur bæta inn í texta, svo og allar lagfæringar aðrar á texta handrita.

Sögubrot af fornkönungum, prentað á bls. 46–71 í DS, er illa varðveitt; einungis tveir kaflar sögunnar eru enn til á sex blöðum úr skinnbók frá því um 1300, sem hefur verið fallega skrifað handrit, en ekki sérlega vandað eftirrit eldri texta. Handritið er víða torlesið og sum orð raunar ólæsileg. Útgefendur SD auðkenndu í útgáfu sinni það sem ekki varð lesið með vissu og settu innan hornklofa, en innan oddklofa það sem þeir tóku úr eftirriti Árna Magnússonar af skinnbókinni (AM 1 da fol.). Engin slík auðkenni eru í útgáfu Bjarna Guðnasonar, enda hefur hann borið textann saman við ljósmyndir af handritinu, sem voru teknar í útbláu ljósi, og á þeim má raunar greina flest það sem útgefendur SD auðkenndu sem óljóst eða ólæsilegt, a.m.k. hef ég ekki fundið neitt tortryggilegt í því sem ég hef borið saman.

Á bls. 48.12–15 í DS er þessi klausa prentuð orðrétt eftir handritinu:

Ferr þat orð á dóttir mín sé kvenna vitrust, en hon væri it mesta

fól, mundi hon eigi annan veg um þetta kjósa, at neita þér, þvílíkum konungi, en mér virðisk miklu heldr Hræreki.

Neðanmáls er tekið fram að textinn sé brenglaður og líkleg merking hans sögð þessi:

Það orð fer á, að dóttir mín sé kvenna vitrust, en hún væri hið mesta fól (= fífl), ef hún kysi ekki á annan veg en þann að neita þér, þvílíkum konungi, er mér virðist miklu fremri Hræreki.

Og þar fór í verra, því að þessi texti er litlu skiljanlegri en hinn. Útgefendur SD bættu '(þott)' við á eftir 'en' (DS 48.13), og virðist vera sjálf-sögð leiðrétting. Ég hefði prentað upphaf klausunnar þannig: 'Ferr þat orð á <at> dóttir mín sé kvenna vitrust, en <þótt> hon væri it mesta fól' o.s.frv. Síðasta setningin er örðugri viðfangs; í handritinu hefst hún á stórum staf: 'En mer uirðiz miklu helldr hrør'. Væntanlega er 'En' hér í merkingunni er/að,<sup>2</sup> og mun þá eiga að skilja setninguna eins og Bjarni gerir. En ógerningur er að giska á hvað hafi afbakast eða fallið niður í þessari setningu.

Kaflí sem er tekinn úr ÓITr (DS 84–90) er orðréttur texti aðalhandrits sögunnar, AM 61 fol., tekinn eftir útgáfunni í Editiones Arnarnæanæ, Series A, vol. 1 (stýtt hér á eftir ÓITrEA). Þar eru leshættir annarra handrita prentaðir neðanmáls, en Bjarni Guðnason hefur ekki hirt um þá. Hann hefur það til afsökunar, að útgáfu ÓITr er ekki lokið og engin grein hefur verið gerð fyrir skyldleika handritanna, en honum er raunar þannig háttáð, að erfitt er að skera úr um hvar texti sé betur varðveittur í öðrum handritum en 61, einkum þar sem ekki eru öll handrit sögunnar til samanburðar. En þar sem hægt er að hafa stuðning af hliðstæðum textum í öðrum ritum er allt auðveldara viðfangs, og þannig er því raunar háttáð um kaflann sem er prentaður í DS; hliðstæður texti er í Ragnarssona þætti og að hluta til í Jómsvíkinga sögu þeirri sem er varðveitt í Perg. 4to nr. 7, skinnbók frá öndverðri 14. öld í Konungsbókhöfðu í Stokkhólmi (hér eftir stýtt Jómsv. 7). Að vísu telur Bjarni Guðnason að ein af heimildum Ragnarssona þáttar hafi verið ÓITr, sjá DS xliv, og væri fengur að þeirri vitneskju ef sönn væri. Ragnarssona þáttur er í Hauksbók skrifaður af Hauki Erlendssyni sjálfum, samkvæmt athugunum Stefáns Karlssonar sennilega á árunum

<sup>2</sup> Ólafur Halldórsson, *Grænland í miðaldaritum*, Reykjavík 1978, bls. 110.2 og 116, aths. 3 við 4. kapitula.

1306-08.<sup>3</sup> Ef ÓlTr væri ein af heimildum þáttarins hlyti hún að vera eldri, og þyrfti þá varla að gera því skóna, að Bergur Sökkason hefði samið hana. Bergur 'gekk . . . til bræðralags' á Píngeyrum 1316 eða 1317, en var í læri hjá Lárentíusi Kálfssyni veturinn 1312-13.<sup>4</sup> Fyrir þann tíma hefur hann varla skrifað bækur. En augljóst er að Ragnarssona þáttur dugir ekki til að tímasetja ritun ÓlTr eftir honum. Þegar textar ÓlTr, Ragnarssona þáttar og kaflans í Jómsv. 7 eru bornir saman kemur í ljós, að fáein sameiginleg frávík frá texta ÓlTr eru í Ragnarssona þætti og Jómsv. 7; þau eru sem hér segir (vísað til blaðsíðu og línu í DS, texti ÓlTr fyrir framan hornklofann): 89.12-13 synir Gorms ins gamla] synir Gorms konungs. 89.14 mart fólk] mikit ríki. 89.21 Eptir þat fóru þeir suðr með landi ok ætluðu til Jórvíkr] Síðan fóru þeir suðr til Jórvíkr *Rsb*, Eptir þat ætluðu þeir til Jórvíkr suðr *Jómsv.* 7. 89.25-26 Þeir tóku líkit] ok tóku þeir líkit. 90.24 jafnlengðinni] jafnlengð. Texti DS 90.6-26 'Haraldr - konung' er dreginn saman í eina setningu í Ragnarssona þætti: 'Ok er hann spurði þessi tíðindi, þá hné hann aptr ok sprakk af harmi annan dag eptir at jafnlengð', en í Jómsv. 7 er óstytur texti; þar af er augljóst að ritari þess handrits hefur ekki stuðst við Hauksbók. Í báðum handritunum eru mörg frávík frá texta ÓlTr og mun fleiri í Hauksbók en í Jómsv. 7, en engin þeirra koma heim við það sem ætla má að séu frávík frá upphaflegum texta í handritum ÓlTr. Það verður því að teljast líklegast, að öll þessi verk: ÓlTr, Ragnarssona þáttur og Jómsv. 7, hafi stuðst við mismunandi handrit sömu sögu. En eftir er að vita hvaða saga það hafi verið.

Í þeim kafla úr ÓlTr sem er prentaður á bls. 84-90 í DS hefði að mínu viti átt að víkja frá texta aðalhandrits og taka upp leshætti annarra handrita sem hér segir (lesháttur 61 fyrir framan hornklofa, upphaflegri leshættir annarra handrita fyrir aftan; vísað til blaðsíðu og línu í DS): 84.12 Lungbarði] Lumbarði. 85.1 hét] heitir. 85.3 aptr] + í ríki sitt, þá. 85.3 með sér ríki sínu] ríkinu með sér. 87.16 í Danmørk, er kallat er] Danmarkar er þá var kallat.<sup>5</sup> 88.9 Gormr] hann. 89.9 var<sup>2</sup>]

<sup>3</sup> Stefán Karlsson, *Aldur Hauksbókar, Fróðskaparrit* 13, Tórshavn 1964, bls. 114-21.

<sup>4</sup> *Laurentius saga biskups*, Árni Björnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1969, bls. 73. Sverrir Tómasson, 'Íslenskar Nikulás sögur', *Helgastaðabók* (Íslensk miðaldahandrit II), Reykjavík 1982, bls. 25-27.

<sup>5</sup> Hér gæti Bjarni Guðnason spurt með réttu, hvers vegna ég hafi sjálfur prentað texta eftir ÓlTr eins og ég gerði í Jómsvíkinga sögu (Reykjavík 1969), bls. 34, og mundi mér vefjast tunga um höfuð.

varð. 89.15 aðrir] + áðr. 89.25 Þá var] Var þá. 90.7 en] ok. 90.11 þogðu allir menn] þá þogðu allir. 90.13 dróttningin] dróttning. 90.17 af honum eru allar fjaðrar] allar fjaðrar eru af honum. 90.17–18 fuglinn ónýtr] ónýtr fuglinn 90.18 haukr] haukrinn. 90.22 sem] er.

Í ÓITr eru frásagnir af Danakonungum í 60.–65. kapítula inngangur að því sem í sögunni segir af kristnun Danmerkur í 66.–70. kapítula. Talið er að frásögnin af kristnun Danmerkur og orrustunni við Danavirki sé ættuð úr Ólafs sögu Tryggvasonar eftir Gunnlaug munk Leifsson,<sup>6</sup> en engin líkindi eru til að höfundur ÓITr hafi tekið 60.–65. kap. úr þeirri sögu. Í þessum kapítulum er stuðst við ýmsar heimildir. Bjarni Guðnason telur í formála fyrir DS, að í 61.–64. kap. sé blandaður texti Jómsvíkinga sögu og Skjöldunga sögu; 61. og 62. kap. telur hann að mestu styðjast við Jómsvíkinga sögu, en 63. og 64. kynjaða frá Skjöldunga sögu, að undanskilinni einni málsgrein, ÓITrEA I 127.18–21 'þann – hernadi'.<sup>7</sup> En augljóst er að upphaf 61. kap. ÓITr getur ekki verið ættað úr neinni gerð Jómsvíkinga sögu, þ.e. ÓITrEA I 121.17–123.6 'ÞA er Sigurðr hringr – Gormr en heimski'. Ég fæ ekki betur séð en að Bjarni Guðnason hefði átt að taka þennan kafla með í DS; samkvæmt greinimarki því sem hann notar til að skilja að efni ættuð úr Jómsvíkinga sögu og Skjöldunga sögu hlyti þessi kafla að vera kynjaður úr Skjöldunga sögu. Í þessum kafla er stuðst við engilsaxneskt konungatal, samskonar og það sem var á skinnbók í Resenssafni og er varðveitt í eftirritum, meðal annars vönduðu eftirriti Árna Magnússonar í AM I eð II fol., f. 85v–87r. Í 61. kap. ÓITr segir frá því að Sigurður hringur fór með miklu liði vestur til Englands að leggja undir sig það ríki 'er Haraldr hilditönn frændi hans hafði átt . . . ok fyrir Haraldí Ívarr enn víðfaðmi'. Sagt er að þar réð þá fyrir 'Ingjaldr . . . ok er svá sagt at hann væri bróðir Vestr saxa konungs.' (Í AM 61 fol. stendur 'petrs saxa konungs', sem er mislestur). Í konungatali Resensbókar er konungur þessi nefndur 'Ingeld broðir vestr saxa konungs'. Í ÓITr segir að Ingjaldr og Ubbi sonur hans féllu fyrir Sigurði hring, en Sigurður setti Ólaf Kinriks son yfir ríkið, og segir að Ólafur þessi 'var son Kinriks þess er sagt er að væri bróðurson Móaldar digru,

<sup>6</sup> Bjarni Aðalbjarnarson, *Om de norske kongers sagaer* (Skrifter utg. av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo II. Hist.-Filos. Klasse. 1936. No. 4.), Oslo 1937. Sjá bls. 91, 92 og 97–98.

<sup>7</sup> Sjá bls. xlviii–li.

móður Ívars víðfaðma'. Móöld digra er nefnd kona Hálfðanar snjalla og móðir Ívars víðfaðma í ættarskrá í *Rerum Danicarum fragmenta*,<sup>8</sup> en annars staðar er hennar hvergi getið. Væntanlega er kaflinn í ÓlTr kominn úr sögu þar sem Móaldar digru og Ívars víðfaðma hefur beggja verið getið áður. Í ÓlTr segir að Eava sonur Ubba konungs hafi lagt undir sig ríki Ólafs Kinrikssonar, en hann hafi síðar gerst skattkonungur á Jótlandi 'fyrst Hrings konungs, en síðan Ragnars loðbrókar.' Sagt er að Ólafur var faðir Gríms gráa, föður Auðúlfs öflga, föður Gorms heimska, en síðan tekur við frásögn sem er hliðstæð upphafi Jómsvíkinga sögu, og er þar gert ráð fyrir að Gormur heimski hafi verið sami maður og Gormur fóstri Præla-Knúts. Ensku konungarnir Ingjaldur, Ubbi og Eava eru í konungatali Resensbókar nefndir Ingeld, Ioppa og Eava, en þau nöfn eru komin úr engilsaxnesku konungatali.<sup>9</sup> Ólafur Kinriksson er væntanlega ættaður úr sömu ensku heimildum og Ingjaldur, Ubbi og Eava; í konungatali Resensbókar er nefndur Kinrik, sjötti konungur á undan Ingeld, og Kenred næstur á undan Ingeld, sem kemur heim við áðurnefnt engilsaxneskt konungatal. Ólafur Kinriksson, sonur hans Grímur grái og sonarsonur Auðúlfur öflgi, hafa notið lítillar umönnunar fræðimanna, og hefði verið gustuk, ef Bjarni Guðnason hefði tekið þá upp á sína arma og fengið þeim vist hjá Skjöldungum, en það hefur hann líklega ekki viljað gera, af því að hann hefur talið frásagnir í lokum Sögubrots standa nær upphaflegum texta Skjöldunga sögu en 61. kap. ÓlTr, en í Sögubroti segir að sá konungur hét Aðalbrikt sem lagði undir sig Norðimbraland á efri árum Sigurðar hrings og að hans synir hétu Áma og Ella, en Ella sá er væntanlega hinn sami og getið er í Ragnars sögu loðbrókar og Ragnarssona þætti.

Eins og áður segir er stuðst við ýmsar heimildir í 60.–65. kap. ÓlTr, en ég sé engin líkindi til að á þeirri samsteypu sé handbragð þess manns sem setti ÓlTr saman; hans stíl bregður hvergi fyrir í þessum köflum, nema hvað aðeins örlar á honum í beinni ræðu sem er höfð eftir þeim saxneska þræl sem sagði Knúti fundna ætt sína, sjá ÓlTrEA I 126.1–10. Þá virðist einsætt að höfundur ÓlTr hafi tekið þessa kapit-

<sup>8</sup> *Bibl. Arn.* IX, bls. 353.29–30, og XII, bls. 240 og 244–45.

<sup>9</sup> Sjá Anthony Faulkes, 'The Genealogies and Regnal Lists in a Manuscript in Resens's Library', *Sjöttú ritgerðir* helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977, Reykjavík 1977, bls. 177–90.

ula alla úr einu og sama ritinu, og verður seint svarað hvaða rit það hafi verið. Sjálfum finnst mér raunar trúlegast að þeir séu ættaðir úr glötuðu upphafi Knýtlinga sögu.

Fræðimönnum kemur saman um að upphaf Knýtlinga sögu sé glatað, en varðveitt gerð þannig til komin, að Sögubroti hafi verið skeytt framan við hana í stað upphaflegs kafla, þar sem hafi verið sagt frá Danakonungum fram til dauða Gorms gamla. Til þessa gæti bent, að varðveittar leifar Sögubrots í AM 1 eþ I fol. eru úr sama handriti og 9 blöð úr Knýtlinga sögu í AM 20 b I fol. Skoðanir fræðimanna á þessu eru raktar í skömmu og skýru máli á bls. lxxi–lxxiii í formála Bjarna Guðnasonar fyrir DS. Carl af Petersens og Emil Olson geta þess í innangi að SD, að í einstöku atriðum sé munur á rithætti í Sögubroti í AM 1 eþ I fol. og Knýtlinga sögu í AM 20 b I fol., og væri einfaldast að gera ráð fyrir að það stafaði af því, að ritari hefði ekki skrifað Sögubrot eftir sama forriti og Knýtlinga sögu.<sup>10</sup> Ef þetta er rétt bendir það til þess að sá sem skrifaði handrit það sem brotin úr Sögubroti og Knýtlinga sögu eru leifar af hafi sjálfur skeytt þessum sögum saman, en lok Sögubrots og upphaf Knýtlinga sögu hafa glatast úr þessu handriti, og verður þess vegna ekki vitað hvernig texti á samskeytum sagnanna í þessu handriti hafi verið. En skýring á mismunandi rithætti í Sögubroti og Knýtlinga sögu getur verið önnur en sú, að ritarinn hafi farið eftir tveimur forritum; í fyrsta lagi er ekki handvíst að mismunurinn eigi rætur að rekja til forrita, en í öðru lagi getur að sjálfsögðu verið að forrit hafi verið skrifað af tveimur eða fleiri mönnum, þótt um eitt handrit hafi verið að ræða. Af þeim sökum er óþarft að gera ráð fyrir að ritari Sögubrots hafi sjálfur skeytt þeirri sögu framan við Knýtlinga sögu í stað upphaflegs texta.

Knýtlinga saga var á skinnbók í Háskólabókasafni í Kaupmannahöfn, en sú bók brann með safninu 1728. Talið er að þetta handrit (Codex Academicus, stýtt hér á eftir Cod. Ac.) hafi verið skrifað á Íslandi um 1300. Árni Magnússon gerði sjálfur vandað eftirrit af skinnbókinni, en langur kafli úr því eftirriti hefur glatast. Textinn er þó varðveittur bæði í eftirritum ættuðum frá handriti Árna og frumprentun Knýtlinga sögu, sem var gerð í Kaupmannahöfn á árunum 1740–42,

<sup>10</sup> *Sögur Danakonunga*, utg. av Carl af Petersens och Emil Olson, København 1919–1925, bls. lix–lx.

en komst aldrei á markað.<sup>11</sup> Texti 1.–21. kapitula sögunnar er varðveittur einungis í eftirritum ættuðum frá Cod. Ac., og er augljóst, ef það handrit hefur verið heilt þegar Árni Magnússon gerði sitt eftirrit, að í því hefur Sögubroti ekki verið skeytt framan við Knýtlinga sögu. Textar í Cod. Ac. og AM 20 b I fol. eru náskyldir, en þó greinilegt að hvorugt handritið hefur verið skrifað eftir hinu.

Á bls. clxxxiv í DS hefur Bjarni Guðnason þetta að segja um feril Cod. Ac.:

Arild Hvitfeldt, kanslari Danakonungs, komst yfir bókina 1588 úr hendi Magnúss Björnssonar, sem Árni Magnússon hyggur hafi verið sonarsonur Jóns biskups Arasonar.

Neðanmáls er vísað í heimild: 'Sjá Kr. Kålund: Katalog over de oldn.-isl. håndskrifter i Det store kgl. Bibliotek o.fl. (Kh. 1900), X og nmgr. 2.' En þar stendur ekkert um að Hvitfeldt hafi fengið bókina frá Magnúsi Björnssyni, og ekki stendur það heldur á minnisseðlum Árna Magnússonar í AM 20 c fol., sem Kålund vísar til. Minnisgrein Árna Magnússonar um þetta handrit er á bls. 33–36 í AM 20 c fol. með hendi eins af skrifurum Árna; hún hefur aldrei verið prentuð í heilu lagi, og er rétt að bæta úr því:

Framan á membrana Academica sem mitt Knytlinga Sögu exemplar er epterskifad, stendur:

**Til Areldt Huitfeltt Danmarks rijkis Cancellar fra Island 1588.**

Á Spatiu hennar j einum stad stendur skrifad

**Magnus Biorns son a þessa (bok) med gudz rieti þui fader min hefur giefid þier hana. H. . . Pietur son.<sup>12</sup>**

Um þenna Magnús Biörnsson consulerade eg fyrrum j Kaupenhavn Biörn Magnusson þá hann þar sidast var, og meinte hann ad þesse Magnus Biörnsson mundi eiga ad vera sonar sonur biskups Jons Arasonar, hver buid hefði á Hofi á Höfdaströnd, Item á Grund j Eyiafirde. Þad liet hann vist vera, ad ecki mundi hier under skiliast Magnus Biörnsson (lögmadur) fader sinn. Hvad og satt mun vera, því hafi þessi codex 1588. frá Jslandi far-

<sup>11</sup> Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík* (Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga V), Kaupmannahöfn 1926, bls. 218–19.

<sup>12</sup> Um Magnús Björnsson, sjá Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*, Reykjavík 1952–1955, bls. 361–62. Nafn manns þess sem þetta skrifaði hefur Árni Magnússon ekki getað lesið, nema upphafsstafinn. Enginn vegur er að vita hvaða maður þetta hefur verið.



id (sem víst synest) þá er lióðst, að sa Magnus biörnsson getur hann *eckj* áttan haft. Það er og óefad, að þessi codex hefur epter Hvitfeldtz dauda með öðrum hans relictis carthis komid in Bibliothecam Academicam, og filger þar af að hann hefur allðrie aptur til Jslandz komest. Þessu til styrkingar er, (jafnvel þótt það eige kunne bevising kallast) að af þessum codice hefur eckert apographum á Jslandi vered, það *menn* vita, fyrr enn nu nylega að eg feck *Sira* Porde Jonssyne, eitt gott exemplar j 4<sup>o</sup> með hende Hakonar Hannessonar, ritad j Kaupenhavn, anno . . . . Epter þeirre Copiu er eg sialfur skrifad hafde, epter nefndum codice Academico. Sidan 1702. tók eg mitt exemplar með til Jslandz, var það um veturinn 1705=1706. j láne hia *biskupinum* Mag: Jone Thorkelssyne, og liet hann þar epter skrifa eitt exemplar af Benedict Einarssyne. Og eru svo nu (1707.) þesse tvo apographa til af nefndum codice Academico, fyrir utan mitt, enn ecke fleire það eg veit.

Þetta um Magnus Biörnsson skrifa eg því svo greinilega, að eg ecke sidan j villu eigne Magnuse Biörnssyne lögmanne þennann codicem Academicum, hellst ef mjer kynni j minni að falla bref *Sira* Sveins Jonssonar, sem eignar nefndum lögmanne Knytlinga Sögu. Hvað ef riett er (sem það vera mun) þá hefur það óefad vered sá codex j folio, sem Mag. Brijnjolfur sina Knytlinga Sögu hefur epter skrifa láted, og til min er sidan komenn nordan ur lande.

Á öðrum seðli með sömu hendi stendur:

A þeirre membrana in 4<sup>o</sup> er mitt Knytlinga Sögu Exemplar er epter skrifad.<sup>13</sup>

En þetta er dregið út. Það sem á þessum seðlum stendur er hið eina sem vitað verður um Cod. Ac., að undanskildu því sem verður ráðið af eftirriti Árna.

Varðveitt upphaf Knýtlinga sögu er einkennilegt. Sagan hefst með frásögn af Haraldi Gormssyni, en allt sem segir af honum, Sveini tjúguskegg, Knúti ríka Sveinssyni og Hörða-Knúti syni hans er því líkast að það sé útdráttur einn úr öðrum heimildum. Bjarni Guðnason ræðir upphaf sögunnar í formála, rekur það sem fræðimenn á undan

<sup>13</sup> AM 20 c fol., bl 11r.

honum hafa um það að segja og sýnir fram á hvaða heimildir sé líklegast að höfundur hafi stuðst við. Um samband sögunnar og Heimskringlu segir Bjarni meðal annars:

Það er engu líkara en höfundar forðist markvisst að rekja söguþráð Hkr., og er Knýtl.s. augljóslega *fyllingarrit* við hana. Með því er átt við, að höfundur hafi stöðugt Hkr. til hliðsjónar, víki sér yfirleitt undan því að endursegja hana, en sæki til annarra sögubóka, þegar færi gefst.<sup>14</sup>

Ég fæ ekki betur séð en að þarna sé vinnubrögðum höfundar Knýtlinga sögu rétt lýst; hann hefur af skiljanlegum ástæðum sleppt öllum frásögnum Heimskringlu, sem voru Danakonungum til vansæmdar, en það skýrir ekki allt sem hann lætur ósagt. Bölvunin er að upphaf sögunnar skuli vera varðveitt einungis í eftirritum einnar skinnbókar, en af því leiðir að ekki verður fullyrt að 21 kapituli í upphafi hennar sé óbreyttur texti höfundarins.

Bjarni Guðnason ræðir um nafn sögunnar á bls. lxxii–lxxiii í formála og bendir á að það komi fyrir í eftirriti Árna Magnússonar af Cod. Ac.; þar hefur Árni Magnússon skrifað efst á fyrstu blaðsíðu: '(Æfi Danakonunga, vulgo Knytlinga saga.)'. Í Ólafs sögu helga eftir Snorra Sturluson er heitið Knýtlingar haft um afkomendur Knúts ríka, bæði í sérstöku sögunni og í Heimskringlu, svo og í Morkinskinnu og Fagrskinnu,<sup>15</sup> og bendir Bjarni á, að Gormur gamli, Haraldur blátönn eða Sveinn tjúguskegg séu hvergi nefndir Knýtlingar í fornum sögum, en af þessu leiði, að sú ályktun verði ekki dregin af nafninu Knýtlinga saga, að sagan hafi upphaflega byrjast á frásögnum af Knúti fundna. Hér hefði Bjarni mátt styðja mál sitt með því að vitna í orð Árna Magnússonar í samantekt hans um Íslendingabók Ara fróða: '... Knytlingorum ( : Canuti magni nepotum) historia . . .'<sup>16</sup> Því miður er ekki vitað með vissu að hvaða marki titill sögunnar í eftirriti Árna Magnússonar styðst við Cod. Ac. Í eftirritinu hefur Árni tölusett kapitula

<sup>14</sup> Bls. lxxvi–lxxvii.

<sup>15</sup> *Saga Ólafs konungs hins helga*, utg. av Oscar Albert Johnsen og Jón Helgason, Oslo 1941 (stytt hér á eftir *ÓIHJH*), bls. 596.1 og 611.5. Snorri Sturluson, *Heimskringla*, Bjarni Aðalbjarnarson gaf út (Ísl. fornrit XXVII), Reykjavík 1945 (stytt hér á eftir *HkrBA*), bls. 401.5 og 412.18. *Morkinskinna*, udg. ved Finnur Jónsson, København 1932, bls. 18.10, 22.12 og 89.12–13. *Fagrskinna*, udg. ved Finnur Jónsson, København 1902–03, bls. 195.16 og 235.5.

<sup>16</sup> *Árni Magnússons levned og skrifter*, København 1930, II, bls. 74.8–9.

með rómverskum tölum og skrifað fyrirsagnir í næstu línu fyrir neðan, eða á eftir tölunni; þær fyrirsagnir eru ugglaustr teknar eftir skinnbókinni. Á undan fyrsta kapítula stendur: 'Cap: I.', en engin fyrirsögn er þar á eftir. Þó hefur ugglaustr verið fyrirsögn við upphaf þessa kapítula í Cod. Ac., en varla samhljóða titlinum í eftirriti Árna. Orðin 'Æfi Danakonunga' gætu þó verið úr fyrirsögn í Cod. Ac.

Í AM 180 b fol., skinnbók sem væntanlega hefur verið skrifuð um 1500,<sup>17</sup> er samfelldur kafli úr Knýtlinga sögu, sem hefst á orðunum: 'um sumarit fóru þeir Magnús ok Haraldr . . .' í 22. kap. (DS 133.11) og lýkur með 88. kapítula. En þessum kafla er undarlega komið fyrir í handritinu. Texti sögunnar hefst í 9. línu á f. 19v með 28. kapítula og endar neðst á bl. 32v á næst síðustu setningu 88. kapítula, en þar lýkur fjórða kveri bókarinnar, og eru griporð á spássíu undir texta, eins og annars staðar á síðustu blaðsíðum kvera; þar á eftir vantar í handritið, og er ljóst af eftirritum að lok sögunnar, 89.–130. kapítuli, hafa glatast, svo og framan af 22. kapítula. Ljóst er að 22.–27. kapítuli, það er kafli sögunnar af Sveini konungi Úlfssyni og Haraldi hein syni hans, og e.t.v. allt upphaf sögunnar, hefur verið skrifaður aftar í handritið en hinn hlutinn.<sup>18</sup> Yfir texta á f. 19v stendur: 'Knytlinga Saga byriazt hier', og segir Árni Magnússon í AM 20 c fol., bl. 30r–v, að þetta sé með hendi Brynjólfs biskups Sveinssonar: 'Hefur hann og in margine þessa sama codicis, circa initium hujus historiae, med eigen hende nafn hennar annoterad . . .' Eftirrit af Knýtlinga sögu í 180 b, gert meðan

<sup>17</sup> Í frumriti Oddverjaannáls, AM 417 4to, eru fáeinir klausur sem styðjast við Knýtlinga sögu (við ár 1006, 1088 og líklega víðar), og á bls. 33r eru tvær klausur skrifaðar á spássíu, þ.e. DS 137.20–138.1 (SD 63.18–22) og DS 135.4–10 (SD 60.22–61.7). Í þessum klausum eru leshættir sem koma heim við 180 b eitt varðveittra handrita. Samkvæmt athugunum Eiríks Pormóðssonar og Stefáns Karlssonar er AM 417 4to skrifað með hendi Gísla Þórðarsonar lögmanns (um 1545–1619), en hann var tengdafaðir Magnúsar lögmanns Björnssonar, sem Árni Magnússon nefnir í minnisgrein þeirri í AM 20 c fol., sem er prentuð hér á undan, að hafi átt handrit það af Knýtlinga sögu sem Brynjólfur biskup lét skrifa eftir, þ.e. 180 b. Heimild Árna fyrir því að Magnús lögmaður hafi átt 180 b er bréf frá Sveini presti Jónssyni á Barði til Brynjólfs Sveinssonar biskups, sjá *Bibl. Arn.* VII, bls. 477, aths. við bls. 251.7. Í Oddverjaannál er í annálagrein 1006 stuðst við kaflann um Knút ríka í Knýtlinga sögu, sjá *Islandske Annaler indtil 1578*. Udg. ved Dr. Gustav Storm. Christiania. 1888. Bls. 467. Ennfremur DS 122–24. Þetta bendir til að upphaflega hafi verið meira af texta Knýtlinga sögu í 180 b en eftirrit frá 17. öld gefa til kynna.

<sup>18</sup> *Laurentius saga biskups*, Árni Björnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1969, bls. xxvii–xxviii.

handritið var heilla en það er nú, er AM 1005 4to, skrifað á fyrri hluta 17. aldar; það handrit átti Ole Worm, og er líklegt að Þorlákur biskup Skúlason hafi sent honum það 1639.<sup>19</sup> Í þessu handriti eru engar fyrir-sagnir, en í öðru eftirriti, Gl. kgl. sml. 1006 fol., sem er skrifað af séra Jóni Erlendssyni í Villingaholti, er fyrirsögn: 'Hier Byriar Knytlinga Savgv, *first* af Knute Dana könnng', og í því handriti hefur einnig verið 'Sogupattur af Sueine konge Vlfssyne'.<sup>20</sup> Brynjólfur biskup hefur klausa úr Knýtlinga sögu í bréfi til Ole Worm, sem er dagsett 24. júlí 1649, og er auðséð að klausan er tekin eftir handriti Jóns Erlendssonar.<sup>21</sup> En eldri heimild um nafn sögunnar er klausa sem Árni Magnússon hefur tekið upp úr bréfi frá Brynjólfi Sveinssyni til Arngríms lærða og Árni getur á þessa leið:

1642. Brynolfus Svenonius Arngrimo Jonæ scribit, petitqve: ut sicubi delitescere sciat *Knitlinga Sögu*, sibi indicium faciat, ut ad tempus saltem inspicere qveat.<sup>22</sup>

Í þessu sama bréfi hefur Brynjólfur einnig spurt Arngrím um Skjöldunga þátt, sjá AM I eð II fol., bl. 77r, þar sem Árni vitnar í þetta bréf með sama orðalagi og í klausunni hér á undan, nema í stað '*Knitlinga Sögu*' stendur '*Skioldunga þatt*' og í stað síðasta orðsins 'qveat' stendur 'detur'. En elsta heimild um nafn sögunnar, sem mér er kunnugt um, er Specimen Lexici Runici, sem Ole Worm gaf út í Kaupmannahöfn 1650; frumgerð þess tók séra Magnús Ólafsson í Laufási saman, væntanlega á síðustu árum ævi sinnar, en hann lést 1636; þar er við orðin 'Kongsæler' og 'Hein' vitnað í '*Knitlinga Sögu*' og '*Knitlinga Sag*:' og undir 'Klækur' í '*Knitlingu*', og er engin ástæða til að ætla annað en að þetta sé komið úr handriti séra Magnúsar.<sup>23</sup> Af þessu er ljóst að á 17. öld hefur sagan verið nefnd Knýtlinga saga, og þess vegna hefur Árni Magnússon sett orðin: 'vulgo Knytlinga saga' í titil eftirrits síns af Cod. Ac., en ekki vegna þess að þau hafi staðið í skinnbókinni.

<sup>19</sup> *Bibl. Arn.* VII, bls. 299–300 og 502, aths. við bls. 300.27–28.

<sup>20</sup> *Katalog over de oldnorsk-islandske håndskrifter i Det store kongelige bibliotek*, [Kr. Kålund], København 1900, bls. 16–17.

<sup>21</sup> *Bibl. Arn.* VII, bls. 120.4–10 og 415, aths. við bls. 120.3.

<sup>22</sup> AM 20 c fol., bl. 2r.

<sup>23</sup> Anthony Faulkes, 'The Sources of Specimen Lexici Runici', *Íslenzk tunga*, 5. árg., bls. 32 og 90–92.

Jakob Benediktsson hefur sýnt fram á, að Arngrímur lærði hafi notað handrit af Knýtlinga sögu þegar hann samdi *Rerum Danicarum* fragmenta, sem hann lauk við 1596. Jakob telur að handrit það sem Arngrímur notaði hafi verið af A-flokki, en muni þó hvorki hafa verið Cod. Ac. né AM 20 b I fol., eða eftirrit af þessum skinnbókum, heldur handrit sem engar leifar séu lengur til af. En af þessu leiðir, að við útgáfu Knýtlinga sögu verður að taka tillit til texta Arngríms; t.d. stendur í upphafi 95. kapitula í eftirritum af Cod. Ac.: 'Pat finnsk ritat í fróðum dǫnskum bókum . . .', sjá DS 258.2; en í eftirritum af AM 180 b fol. stendur 'fornum' í stað 'fróðum' og hjá Arngrími: '. . . in antiqvissimis Danorum annalibus scriptum reperitur',<sup>24</sup> sem bendir til að *fornum* gæti verið upphaflegri texti en *fróðum*. En nafn sögunnar kemur hvergi fyrir hjá Arngrími.

Augljóst er að Brynjólfur biskup hefur ekki haft neitt handrit af Knýtlinga sögu þegar hann skrifaði Arngrími lærða 1642, en síðar hefur hann fengið 180 b lánað norðan úr landi og látið Jón Erlendsson í Villingaholti skrifa söguna eftir því. Árni Magnússon fékk 7 blöð úr AM 20 b I fol. frá Skálholti og 2 frá séra Halldóri Torfasyni í Gaulverjabæ. Um þessi blöð segir Árni m.a. í AM 20 c fol., bls 17r:

Þetta Knytlingasögu fragment hefur (öfud) annadhvert fylgt Skalholltskirkiu, eða vered eign Mag. Bryniólfs. Eg skylldi trua þad hefdi þá alla reidu ei vered nema litid fragment (þó kynni miked þar af sidann tynt ad vera) fyrst Mag. Bryniólfr hefur ecki lated epter því skrifa.

Jakob Benediktsson telur að handrit það sem Arngrímur lærði notaði hafi verið náskylt AM 20 b I fol.<sup>25</sup> En þegar þetta er lagt saman: fyrirspurn Brynjólfs biskups til Arngríms lærða um handrit Knýtlinga sögu og varðveitt brot úr handriti náskyldu því sem Arngrímur lærði notaði og líklegast er að séu komin úr fórum Brynjólfs biskups, hlýtur sú spurning að vakna, hvort AM 20 b I fol. sé raunar ekki leifar af handriti því sem Arngrímur notaði og að hann hafi sent Brynjólfi þetta brot eftir að hann fékk bréfið.

Þessar hugleiðingar hér á undan um handrit Knýtlinga sögu eru einungis sprottnar af því, að undarlegt upphaf sögunnar hlýtur að leiða huga lesandans að því, hvernig varðveislu hennar sé háttað.

<sup>24</sup> *Bibl. Arn.* IX, bls. 430.19–20, og XII, bls. 89–90 og 253, aths. við IX 430.19.

<sup>25</sup> *Bibl. Arn.* XII, bls. 89–90.

Bjarni Guðnason hefur skrifað langt mál í formála DS um Knýtlinga sögu, samtals 117 blaðsíður. Í þessum meginhluta formálans er dreginn saman mikill fróðleikur um heimildir sögunnar og víða leitað fanga. Parna hefur Bjarni leyst af hendi mikið og erfitt verk sem lengi mun koma þeim að gagni, sem vilja fræðast um söguna og tilurð hennar, og ég á ekki von á að niðurstöðum hans verði hnekktt að neinu marki. Hér verður aðeins vikið að örfáum atriðum.

Á bls. lxxviii–lxxix er rætt það sem í sögunni segir um dauða Eiríks jarls Hákonarsonar og bornar saman frásagnir Knýtlinga sögu, Fagurskinnu, Heimskringlu, Ágrips og Noregskonungatala. En í samanburðinn vantar frásögn ÓlTr; sú frásögn er hins vegar prentuð neðanmáls á bls. 121, og þó ekki öll.

Það sem segir í 265. og 266. kapítula ÓlTr af Sveini tjúguskegg, Knúti ríka og Eiríki jarli kemur heim við Ólafs sögu helga eftir Snorra Sturluson aftur að ÓlTrEA II 317.1 'Rómferðar', en þar á eftir er ÓlTr sér um texta, sem hér segir:

En áðr hann hæfi þá ferð upp fekk hann til lækni at skera sér úf. En í því er læk'nirinn miðaði til hvar hann skyldi af skera gekk at þeim maðr; segja sumir menn at þar væri Knútr konungr, en hitt segja fleiri, at þar væri einn af þeim mǫnnum er vǫru á Orminum langa með Óláfi konungi. Sá maðr mælti til læk'nisins: 'Par munda ek nú nǫkkuru meirr.' Læk'nirinn svarar: 'Hversu meirr?' 'Svá,' sagði hann, 'at eigi þyrfti optarr af at skera en um sinn.' Gekk þessi maðr þá í brott. En læk'nirinn veik eptir orðum hans ok skar meira af úf jarlsins en hann hafði áðr ætlat; blœddi þá ákafliga svá at eigi varð stǫðvat. Fekk Eiríkr jarl af því bana. Þá vǫru liðnir þrettán vetr frá því er hann barðisk fyrir Vinðlandi við Óláf konung Tryggvason.

Þessi klausa er ekki frumsamin af þeim sem setti ÓlTr saman; það er augljóst af samsvörun við Fagurskinnu og Knýtlinga sögu, t.d. Fsk.: 'Eiríkr jarl fekk bana á Englandi', Knýt.l.s.: 'Fekk hann af því bana' og ÓlTr: 'Fekk Eiríkr jarl af því bana.' Ennfremur Knýt.l.s.: 'ok varð eigi blóð stǫðvat' og ÓlTr: 'blœddi þá ákafliga svá at eigi varð stǫðvat.' Síðasta setning klausunnar mun hins vegar frumsamin af höfundi ÓlTr; hún er sama eðlis og athugasemdir hans um tímatal annars staðar í sögunni.

Í Ólafs sögu helga eftir Snorra Sturluson segir að Eiríkur jarl hafi

andast 'af blóðláti þar á Englandi',<sup>26</sup> en í kvæðinu Noregskonungatali, Ágripi, sögu Noregskonunga eftir Theodoricus, Fagurskinnu, Knýtlinga sögu og ÓlTr segir að hann hafi andast er honum var skorinn úfur, og er orðið blóðrás notað í Noregskonungatali, Ágripi og Fagurskinnu og 'effusione sanguinis' hjá Theodoricus. Af þessu er ljóst að sögnin um dauða Eiríks jarls er gömul og hefur, að því er best verður séð, fyrst verið skráð á bók í riti Sæmundar fróða, eins og Bjarni Guðnason bendir á. En hver var heimild ÓlTr og hvernig stendur á skyldleika hennar og Knýtlinga sögu? Líklegt væri að klausan um dauða Eiríks jarls væri úr þeirri sömu sögu af Danakonungum og stuðst er við í 60.–65. kap. ÓlTr, en einnig kæmu til greina Hlaðajarla saga, Knúts saga ríka eða Ólafs saga helga eftir Styrmi fróða. Skyldleiki klausunnar við Fagurskinnu og Knýtlinga sögu bendir óneitanlega til að Knúts saga gæti verið heimildin. Í málfari er ekkert sem bendir til að klausan væri þýdd úr latínu, og er af þeim sökum líklegt að hún muni hvorki komin beint úr riti Sæmundar fróða né Ólafs sögu Tryggvasonar eftir Gunnlaug munk Leifsson.

Á bls. lxxxviii–lxxxix í DS er borin saman frásögn Knýtlinga sögu og Heimskringlu af hernaði Sveins tjúguskeggs á Englandi. Þarna hefði verið betra að bera texta Knýtlinga sögu saman við Ólafs sögu helga hina sérstöku, sbr. ÓIHJH 33.11–34.2:

Sveinn Danakonungr fór með her sinn vestr til Englands á hendr Aðalráði Englakonungi Játgeirssyni ok áttu þeir orrostur ok hofðu ýmsir sigr.

Og Knýtlinga sögu (DS 98):

At lykðum fór hann með her sinn vestr til Englands . . . Þar var þá Aðalráðr konungr Játgeirsson. Þeir Sveinn konungr áttu margar orrostur, ok hofðu ýmsir sigr.

Sama máli gegnir um kafla á bls. lxxxi, þar sem eru taldar heimildir sem eru samsaga Knýtlinga sögu um að Danakonungar hafi tekið skatt af Noregi eftir fall Haralds gráfeldar. Bjarni getur þess að í Heimskringlu sé tekið fram, að Hákon jarl hafi engan skatt goldið Danakonungi, og rétt er það, að þannig stendur í Ólafs sögu Tryggvasonar í Heimskringlu,<sup>27</sup> en í Ólafs sögu helga stendur hins vegar:

<sup>26</sup> HkrBA II, bls. 32.9, ÓIHJH, bls. 55.6–7.

<sup>27</sup> HkrBA I, bls. 254.2–5.

Haraldr Gormsson, fõðurfaðir Knúts konungs, hafði eignask Nóreg eptir fall Haralds Gunnhildarsonar ok tekit af skatta, sett þar til landsgæzlu Hákon jarl enn ríka.<sup>28</sup>

Þessi texti er skyldari Knýtlinga sögu en allar aðrar varðveittar heimildir. En þar fyrir má vel vera að höfundur Knýtlinga sögu hafi ekki hér stuðst við Ólafs sögu helga eftir Snorra, heldur aðra heimild eldri og þá væntanlega þá hina sömu og Snorri notaði.

Á bls. xci–cix fjallar Bjarni um frásagnir Knýtlinga sögu af Knúti ríka og rekur skilmerkilega hvaða heimildir höfundurinn hafi stuðst við, svo og hvað vitað er um ævi Knúts af öðrum heimildum. Í þessum kafla er dreginn saman mikill fróðleikur og vísað til margra rita, og ég fæ ekki betur séð en að öll vinnubrögð við frágang þessa kafla séu til fyrirmyndar. Bjarni getur þess (bls. xcii–xciii), að frásagnir Fagur-skinnu af Knúti ríka, sem fræðimenn hafa talið runna frá Knúts sögu ríka, skili sér ekki allar í Knýtlinga sögu, en samt verði að gera ráð fyrir að höfundur sögunnar hafi notað Knúts sögu (sjá bls. xcvi). Bjarni segist ekki koma auga á aðra skýringu en þá, ‘að höfundur Knýtl.s. hafi titið á sögu sína allar götur frá Haraldi blátönn til Sveins Úlfssonar sem eins konar inngang að sögu Knúts helga.’

Augljóst er, eins og Bjarni bendir á í formála, að höfundur Knýtlinga sögu hefur í frásögnum af Danakonungum frá Haraldi blátönn til Sveins Úlfssonar látið hjá líða að taka upp í sögu sína mikið efni úr heimildum sem þó er fullvíst að hann hefur haft við höndina, og er ekki auðráðið hvernig á þessum vinnubrögðum stendur. Er e.t.v. hugsanlegt að þarna sé ekki um að kenna höfundi sögunnar, heldur eftirritara sem hafi skeytt sögunni aftan við handrit af Heimskringlu í þeim tilgangi að búa til konungabók og hafi af þeim sökum sleppt öllu sem hann hafði áður skrifað? Þessu verður aldrei svarað með vissu, en a.m.k. er augljóst að sá sem gekk frá sögunni eins og hún er varðveitt hefur gert ráð fyrir að lesendur hennar þyrftu ekki á því efni að halda sem áður hafði verið skrifað í Heimskringlu. Kaflinn um Svein Úlfsson er að vísu ekki eins ágripskenndur og það sem á undan er komið, en þar er þó miklu sleppt af efni sem er í Heimskringlu. Með 23. kapitula (sjá DS cxi), þar sem er sagt frá kvonfangi Sveins og börnum, breytir sagan um svip og ber eftir þetta engin merki þess að textinn sé ágrip af öðrum heimildum eða skrifaður sem fyllingartexti við þær.

<sup>28</sup> *ÓIHJH*, bls. 337.1–3, *HkrBA* II, bls. 221.11–13.



Á bls. cxiii–cxxxiv ræðir Bjarni um Knúts sögu helga, heimildir hennar og tilurð. Niðurstaða hans er, að Knúts saga helga hafi engin verið til á íslensku eldri en saga hans í Knýtlinga sögu. Höfuðröksemd hans er sú, að í frásögnum Knýtlinga sögu af Knúti helga sé augljóst að höfundurinn hafi leitað fanga í Ólafs sögu helga eftir Snorra Sturluson; um þetta nefnir Bjarni ótvíræð dæmi. Og þetta væri allt gott og blessað ef ekki væri vitnað til Knúts sögu helga í Morkinskinnu. Þar er frá því sagt, að Ólafur kyrri Noregskonungur og Knútur Sveinsson hittust austur í Elfi og komu sér saman um að gera her vestur til Englands og að Ólafur kyrri fékk 'Knúti konungi sex tigu stórskipa með ágætligum búnaði ok traustu liði . . . ok var þat mælt, at hann hefði stórmannliga til fengit at jafnmörgu liði, sem segir í sögu Knúts konungs . . .'<sup>29</sup> Þessi texti hefur verið tekinn eftir Morkinskinnu í Huldu-Hrokkinskinnu, svo og í aukin handrit Heimskringlu, þ.e. Jöfraskinnu, Fríssbók, Eirspennil og Gullinskinnu. Í formála fyrir DS segir Bjarni einungis að 'lítið hald er í orðum Msk.'<sup>30</sup> Aftur á móti hefur hann rætt þetta vanda-mál nánar í grein sinni, Aldur og uppruni Knúts sögu helga, sem birtist í *Minjar og menntir*, afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn, Reykjavík 1976, sjá bls. 56–58. Þar tekur hann undir það sem Finnur Jónsson segir í inngangi að útgáfu sinni af Morkinskinnu: 'Dette stykke beror på fremstillingen i Knytlingasaga, og er uddrag deraf, her citeres ligefrem »saga Knúts«.'<sup>31</sup> Það er rétt, að kaflinn í Morkinskinnu getur verið endursögn frásagnarinnar í Knýtlinga sögu; í texta Morkinskinnu er það eitt umfram það sem stendur í Knýtlinga sögu, að Knútur konungur hafi gefið Norðmönnum 'leyfi at fara í kaupferðir hvert er þeir vildi ok sendi Noregskonungi dýrlegar vingjafar fyrir sitt liðsinni.' En varla er hægt að segja að sama orðalagi bregði fyrir í þessum textum. Þá vaknar sú spurning, hvort sá maður sem setti varðveitta gerð Morkinskinnu saman hafi beitt sömu vinnubrögðum annars staðar, þ.e. gert útdrátt úr langri frásögn án þess að neitt að ráði votti fyrir orðalagi heimildarinnar, og ennfremur hvort hægt sé að finna önnur rök en þessa ívitnun í Knúts sögu fyrir því að varðveitt gerð Morkinskinnu sé yngri en Knýtlinga saga, og verður þá fyrst að reyna að ákvarða aldur Knýtlinga sögu. Ef Ólafur Þórðarson hvítaskáld hefur samið hana er

<sup>29</sup> *Morkiskinna*, udg. ved Finnur Jónsson, København 1932, bls. 293.8–12.

<sup>30</sup> *DS*, bls. cxiv.

<sup>31</sup> Nefnd útgáfa, bls. xxv.

líklegast að það hafi gerst á árunum 1253–59, en sumir fræðimenn hafa þó talið söguna yngri, sjá DS clxxix–clxxxiv. En af þessu er ljóst, að áður en fullyrt er að tilvísun til sögu Knúts konungs í Morkinskinnu vísi til sögu hans í Knýtlinga sögu, verður að finna óyggjandi rök fyrir því að varðveitt gerð Morkinskinnu sé yngri en Knýtlinga saga. Bjarni Guðnason hefur ekki vikið einu orði að þessu vandamáli, hvorki í grein sinni í *Minjar og menntir*, né heldur í formála fyrir DS, og ekki verður ráðið fram úr því hér, enda hef ég ekki fundið að fræðimenn hafi haft neinar áhyggjur af því, hvenær varðveitt gerð Morkinskinnu hafi verið sett saman.

Í síðari hluta formála fjallar Bjarni Guðnason rækilega um samband Knýtlinga sögu og Danasögu Saxa málsþaka, svo og tengsl sögunnar við aðrar danskar heimildir. Bjarni heldur því fram, að höfundur Knýtlinga sögu hafi stuðst við rit Saxa og styður mál sitt með dæmum um samsvörun texta, en telur að með því að gera sér grein fyrir vinnubrögðum höfundar Knýtlinga sögu megi skýra mismuninn á frásögnum Saxa og sögunnar. Bjarni hefur fært óyggjandi rök fyrir að höfundur sögunnar hafi stuðst við danskar heimildir og telur 'sjálfgefið, að höfundur Kný .s. hefur haft greiðan aðgang að bókasafni, líklega fyrir orð konungs, og er þá hendi næst að gera ráð fyrir bókasafni erkistólsins í Lundi, . . .'<sup>32</sup> En nærri má geta, ef höfundur sögunnar hefur komist í bókasafn erkistólsins í Lundi, hvort hann hafi ekki séð þar rit Saxa, og væntanlega láir honum enginn þótt hann hafi, þegar þess var kostur, valið sér aðrar heimildir að fara eftir, sem ekki voru eins harðar undir tönn og rit Saxa. Og hvort sem höfundurinn hefur verið í Lundi eða annars staðar í Danmörku að viða að sér efni í sögu sína hefur hann varla komist hjá því að líta í Danasögu Saxa.

Um Ágrip af sögu Danakonunga fjallar Bjarni á bls. clxxxviii–cxcí. Ritkorn þetta er varðveitt með hendi Árna Magnússonar í Don. var. 1 fol., Barth. D. (III), og segir Árni í fyrirsögn að það sé tekið eftir skinnbók í 4to í Háskólabókasafni í Kaupmannahöfn, þar sem það hafi verið aftan við Sverris sögu ('Ex Ms. membraneo Bibliothecæ publicæ Acad. Hafn. in 4to post Sverris sögu in capsâ rubra minori.')

'Ritið er í senn ættartala og króníka', segir Bjarni Guðnason á bls. clxxxviii í formála og fylgir þar Gustav Storm, sem gaf þetta rit út í *Forhandlinger i Videnskabs-Selskabet i Christiania Aar 1878*, (Christi-

<sup>32</sup> DS, bls. clxxvii.

ania 1879). Gustav Storm getur þess (bls. 11) að 'Arne Magnusson har skilt de to Stykker, som fulgte efter hinanden i Codex; men det er aabenbart, at de høre sammen.' Í eftirriti Árna er autt bil milli ættartölunnar og þess sem á eftir fer, sem svarar til fjögurra lína; strik er dregið undir síðustu línu í ættartölunni og þar undir skrifað: 'Ex eodem Codice' (þ.e. úr sama handriti). Þetta bendir eindregið til, að ættartalan og króníkan, sem hér á eftir verður nefnd konungatal, hafi verið aðskildar í handritinu. Ljóst er af stafsetningu í eftirriti Árna, að báðir hlutar hafa verið skrifaðir af sama manni, en að öðru leyti er ekkert sem styður þá hugmynd, að ættartalan hafi frá upphafi fylgt konungatalinu, og raunar er augljóst, að þarna er um tvö rit að ræða: ættartöluna og konungatalið. T.d. segir um Sigurð hring í ættartölunni:

Ráðbarðr konungr í Hólmgarði fekk Unnar, dóttur Ívars ins víðfaðma. Þeira son var Randvér, bróðir Haralds hilditannar. Hans son var Sigurðr hringr . . .

En í konungatalinu stendur:

Þann Sigurð segja menn verit hafa bróðurson Haralds hilditannar.

Í athugasemd á eftir texta konungatalsins getur Árni Magnússon þess, að þrjú blöð hafi verið skorin úr skinnbókinni, en var óviss um hvort eitthvað hefði verið skrifað á þau ('in quibus an aliquid exaratum fuerit incertum est'), og einnig var hann í vafa um hvort eitthvað vantaði aftan af textanum. Hann hefur síðan sett hornklofa fyrir framan og aftan athugasemdina og bætt við: 'nihil deesse puto' (þ.e. ég hygg að ekkert vanti). Gustav Storm gerði ráð fyrir, að þar sem ættartalan endaði á Ingibjörgu drottningu í Noregi (1263–1280) og bræðrungi hennar, Eiríki Kristóferssyni (1259–1286) mundi ritið hafa verið sett saman milli 1263 og 1286 (1280).<sup>33</sup> Bjarni Guðnason tekur undir þessa tíma-setningu, en bendir á, að Ingibjörg dó ekki fyrr en 1287. Bjarni stingur upp á að Sturla Þórðarson hafi tekið þetta ritkorn saman til að gleðja Ingibjörgu drottningu.

Við þetta er ýmislegt að athuga. Í konungatalinu, frá Haraldi blátönn til Knúts Valdimarssonar, er þess getið um alla konunga hve lengi þeir ríktu. En um Valdimar gamla Valdimarsson er þetta ekki

<sup>33</sup> *Forhandlinger i Videnskabs-Selskabet i Christiania Aar 1878*, Christiania 1879, bls. 11–12.

tekið fram. Um Valdimar III Valdimarsson segir að hann var konungur 'með feðr sínum nokkura vetr'.<sup>34</sup> Valdimar III var tekinn til konungs 1215 og krýndur 1218, en dó 1231. Aðrir synir Valdimars gamla eru nefndir Eiríkur og Abel og Kristófór, og frillusynir tveir: Knútur hertogi og Nikulás greifi. Nikulás dó 1218, en hafði fengið greifadæmi 1216. Knútur varð hertogi 1219. Eiríki var gefið konungsnafn 1231, og hefur hann því verið konungur með föður sínum í tíu ár, Abel varð hertogi 1232 og konungur 1250, og Kristófór varð konungur 1252. Nú mætti reyna að tímasetja konungatalið eftir því, að dauða Valdimars gamla er ekki getið né heldur dauða Valdimars sonar hans, sem dó 1231. Frillusynir Valdimars gamla eru titlaðir: hertogi Knútur og greifi Nikulás, en synir hans með Berengaríu, Eiríkur, Abel og Kristófór, eru nefndir án titla. Eftir þessu mætti gera ráð fyrir að konungatalið hafi verið sett saman eftir 1219 og fyrir 1231. Þá er að athuga hvort notkun heimilda í konungatalinu bendi til að þessi tímasetning fái staðist. Bjarni Guðnason vísar í fáeinum stöðum til Heimskringlu sem heimildar, sjá nmgr. 11, þar sem tekið er upp það sem í Heimskringlu segir um Ragnhildi móður Eiríks blóðöxar til samanburðar við texta konungatalsins. Í þessum stað er sama orðalag í konungatalinu og Heimskringlu:

## Heimskringla:

*Hann fekk þessar konu er Ragnhildr hét, dóttir Eiríks konungs af Jótlandi. Hon var kölluð Ragnhildr in ríka. Þeira sonr var Eiríkr blóðöx.*

## Konungatalið:

*Hann fekk þá konu af Danmörk, er Ragnhildr hét, ok hyggju vér hana verit hafa dóttur Eiríks konungs ins síðara af Jótlandi, er fyrr var nefndr. Þeira son var Eiríkr blóðöx.*

Parna verður að gera ráð fyrir að annaðhvort ritið styðjist við hitt, nema um sameiginlega heimild sé að ræða. Annars staðar þar sem Bjarni vísar til Heimskringlu sem heimildar eða hugsanlegrar heimildar (nmgr. 16 og 39) getur allt eins verið um aðrar heimildir að ræða, t.d. Fagurskinnu. Sama máli gegnir um dæmi það sem Gustav Albeck nefnir í doktorsriti sínu, *Knytilinga* (Kjöbenhavn 1946), bls 23; hann telur að frásögn konungatalsins af sáttmála Magnúsar góða og Hörða-Knúts sé sótt til Heimskringlu, en þar koma aðrar heimildir engu síður til greina: Ágrip, Morkinskinna eða Fagurskinna. Öllu vænlegri til ár-

<sup>34</sup> DS, bls. 335.13.

angurs er samanburður konungatalsins og Knýtlinga sögu. Bjarni Guðnason er sammála Ellen Jørgensen og Gustav Albeck um að höfundur konungatalsins 'hefði dregið sér rifleg föng úr Knýtlinga'.<sup>35</sup> Til að leggja dóm á þetta atriði verður ekki hjá því komist að taka saman í einn stað dæmi um samsvaranir í texta konungatalsins og Knýtlinga sögu. Vísað er til blaðsíðutals og línu í DS og dæmin tölusett.

Knýtlinga saga	Konungatal:
1. Haraldr Gormsson var tekinn til konungs í Danmörk eptir fõður sinn. (93.2-5)	Haraldr konungr blátõnn tók ríki í Danmörk eptir Gorm konung, fõður sinn. (327.12-13)
2. Á dögum Haralds konungs Gormssonar . . . (93.21)	Á hans dögum . . . (327.13)
3. Hann var kallaðr Sveinn tjúguskegg. (97.7)	Þenna Svein kalla Danir ok Norðmenn tjúguskegg. (327.17-328.1)
4. Sveinn tók konungdóm í Danmörk eptir Harald konung, fõður sinn. (97.6-7)	Sveinn tjúguskegg tók ríki í Danmörk eptir fõður sinn. (328.12)
5. . . . andaðisk hann ( <i>b.e. Knútur ríki</i> ) Ídús Nóvembris. (124.1)	Hann andaðisk í Englandi Ídús Nóvembris. (330.2-3)
6. Þá hafði hann verit konungr yfir Danmörku sjau vetr ok tuttugu, en ráðit fyrir Englandi fjóra vetr ok tuttugu, en fyrir Nóregi sjau vetr. (124.3-6)	Þá hafði Knútr verit konungr yfir Danmörk sjau vetr ok tuttugu, en yfir Englandi fjóra vetr ok tuttugu, en yfir Nóregi sex vetr. (330.4-6)
7. . . . Sveinn sá er sagt er Magnús hétu fõðru nafni. Hann var son Úlfs jarls Þorgilssonar sprakaleggs. (128.18-19)	Sveinn, er Magnús hét fõðru nafni, son Úlfs jarls . . . (331.4)
8. Móðir Sveins var Ástríðr, dóttir Sveins konungs tjúguskeggs. Var hon systir Knúts konungs gamla . . . (128.19-129.1)	Móðir Sveins konungs var Ástríðr, dóttir Sveins tjúguskeggs, systir Knúts konungs ríka. (331.6-7)
9. Hann ( <i>b.e. Sveinn Úlfsson</i> ) átti fjórtán sonu, þá er ór barnæsku kómusk. (135.4-5)	Sveinn konungr átti fjórtán syni, þá sem ór bernsku kómu . . . (331.9-10)
. . . yfirléitt orkar þessi texti svo á máltilfinningu mína, að hann sé frá 14. öld. En auðvitað má hann vel vera saminn upp úr 13. aldar texta. Frá sama frumtexta mun svo Vatnshyrnusagan komin, en hún er áreiðanlega stytt, og hygg ég sumt, sem á milli ber gerðunum tveim, stafa af villum sem komið hafi inn, þegar styttingin í Vatnshyrnutextanum var gerð.

Í undanfarandi ritgerð er rennt stöðum undir tilgátu Einars Ól. Sveinssonar með nákvæmum samanburði sögutextanna. Telur höfundur engan vafa á því að bæði handritin, 556 og 564, séu runnin frá sama frumtexta og sé hann að öllum líkindum stytur í 564. Styttingin er fremur hroðvirknislega gerð, og mun tilgangurinn hafa verið sá að gera nothæft ágríp af aðalefni sögunnar.

<sup>12</sup> Sigurður Nordal, *Nordisk Kultur* 8B, København 1953, s. 263; Jón Jóhannesson, *Gerðir Landnámabókar*, Reykjavík 1941, s. 88 f.

Greinarhöfundur telur líklegt að sagan hafi einnig verið stytt í hinni 'eiginlegu' Vatnshyrnu, á sama hátt sem Flóamanna saga hefur verið stytt í því handriti. Telur hann líklegt að hinir stytta textar hafi verið gerðir úr garði seint á 14. öld, áður en sögurnar voru felldar inn í þessi tvö miklu safnhandrit Íslendingasagna.

HERMANN PÁLSSON

## BRANDS ÞÁTTUR ÖRVA

MIKIL SNILLD býr með þeim *Morkinskinnu* og skáletruðum frænkum hennar, *Huldu* og *Hrokkinskinnu*. Þær yppa fögru lofi um norræna höfðingja í kristnum sið, en þó hýrnar sjaldan jafnmikið yfir frásögn og þegar langförlan Íslending ber að konungsgarði að hressa hirðlíf um stund. Íslendinga þættir í konunga sögum orka á lesanda eins og sólheiður dagur eftir þrálátan dumbung, en slík birti stafar af þeirri umhyggju og góðu tómi sem höfundum stuttra bóksagna er tamt að beita við ritsmíðar sínar. Með því að konungar ráða ríkjum og örlögum heilla þjóða, þá standa þeir jafnan á stalli, skörum hærra en Íslendingar og önnur alþýða, og fyrir bragðið koma kostir þeirra og lestir ekki jafnskýrt í ljós og þegar fólk af lægri stéttum á í hlut. Frásagnir af konungum Norðmanna lýsa sögulegum atburðum og eru því skyldur fróðleikur hvenær sem þessi dáðrakka þjóð fer á stúfa sína í leit að fortíð og sjálfri sér. En þættir af þeim Íslendingum sem gista Noreg í því skyni að forvitnast um þá siðu, sem tíðkast með göfugum mönnum, og vera þá útlendingar um leið eru annars eðlis: athafnir mörlandans eru yfirleitt svo lítilvægar að þær lenda langt út fyrir sagnfræði, þótt einstaka sinnum takist þeim að lauma sér inn í neðanmálsgreinar lærðra manna, sem runnið hafði í brjóst við skrifborð. Furðu skemmtilegt er að kynnast þeim Íslendingum sem byggja litla þætti um sinn, þótt þeir fái ekki inni í veglegri sögum. Íslendinga þætti lesum vér ekki í því skyni að kynnast tilteknu fólki og atvikum á söguöld, heldur einkum til að glæða skilning vorn á mannlegum verðmætum yfirleitt, hvenær og hvar sem vera skal á kringlu þessa heims. Menn mega ekki láta það glepja sig að sumir þættir fjalla um menn sem kunnir eru af öðrum frásögnum, enda ber hitt ekki síður við að nafnhetja er gersamlega ókunn utan þáttar; þá skal ekki gleyma tveim þáttum af ónafngreindum Íslendingum.

Þótt fróðleikur Íslendinga þátta um söguöld sé í rýrara lagi, þá liggja ærnar ástæður til þeirra vinsælda sem þeir hafa löngum notið hér norður undir stjörnu. Þar voru á ferð slíkir höfundar að þeir kunnu til hlítar

þá list að velja hæfileg orð í ritsmíð sína og finna þar hverju þeirra maklegan stað. Á hinn bóginn bera þessi íslenzku ævintýri austan hafs vitni um glöggva þekkingu á vandamálum mannlegs lífs. Hvorutveggja atriði bendir ótvírætt í þá átt að höfundar hafi verið lærðir menn á þeirrar aldar vísu, og er því ekki að ófyrirsynju þótt ritkönnuðir svipist fyrir í þáttum um áhrif frá þeim bókum sem menn lásu um þær mundir í skólum og annars staðar. Við slíkar rannsóknir reynast *ræður* manna og *hugmyndir* oft þyngri á metum en *atburðir*; mikilvægara er að vita hverjar bækur höfundur hefur lesið og hvaðan honum komu hugmyndir í samantekt sína en að rýna eftir því hvað hefur getað gerzt með íslenskum ferðalang í Noregi á elleftu öld.

Ein af þeim listrænu frásögnum sem prýða *Morkinskinnu* og stöllum hennar tvær er *Brands þáttur örva*. Honum er ætlaður staður í Niðarósi á ríkisárum Haralds harðráða, sem sé einhverja dagstund á tímabilinu 1046–1066. Þáttur þessi gerist á örskömmu bragði og hefur einungis þrjár persónur: Harald harðráða, Brand örva og Þjóðólf skáld. Hlutverk Brands er að einu leyti óvenjulegt: hann lætur ekki eitt orð sér um munn fara, heldur gefur hann hugsanir sínar í skyn með látæði og einföldum athöfnum. Mig rekur ekki minni til annarrar sögu á móðurmáli voru sem lætur nafnhetju gegna slíku hlutverki í algerri þögn.

Í því skyni að átta sig sem bezt á gerð *Brands þáttar* skal ekki prenta hann í belg og biðu, heldur láta orð og atvik ráða tilhögun. Þótt stuttur sé, þá má skipta honum í þrennt: *upphaf* (exordium), *raun* (experimentum) og *niðurlag* (conclusio). Með því að persónur eru þrjár má þrídálka meginbálk þáttar (*raun*). Í fremsta dálki er Haraldur einráður og hefst þó ekkert að nema að ræða við Þjóðólf og skipa honum fyrir. Í hinnta dálki er lýst viðbrögðum Brands við kröfum Haralds; hann er staddur á skemmulofti og stundar þar iðju sína þögull og örlátur, hnöggvingur til máls en mildingur á dýrgripi. Á móti þögn Brands vegur nákvæm lýsing á búnaði hans og viðbrögðum við þrábeidni konungs um gjafir. Lýsing þessi er ekki ætluð lesöndum einvörðungu heldur Haraldri harðráða sérstaklega, enda skilst honum af glöggum orðum Þjóðólfs skálds hugarfar Brands og skapgerð. Með þessu móti er næstum eins og þeir Haraldur og Brandur ræðist við, þótt hvor sé á sínum stað og öðrum þeirra hrjóti ekki orð af munn.

Miðdálkur er helgaður Þjóðólfi, sem er raunar á sviði einnig í dálkum þeirra Haralds og Brands, ella arkar skáld frá konungi til farmanns og sömu leið til baka, enda er það helzta hlutverk hans í aðalbálki

Þáttar að bera orð frá konungi til Brands og gjafir frá Brandi og lýsingar á honum til konungs. Með lofi sínu um Brand í upphafi frásagnar gefur Þjóðólfur konungi tilefni til að freista mildings, en í þeirri raun verður hann auðsveipur þjónn, sem lætur konung stjórna sér til hlítar. Þótt Þjóðólfur maldi í móinn og sé tregur til að spotta vin sinn, þá lætur hann undan og rekur erindi konungs eins og fyrir hann er lagt. Skal nú ekki lengur bíða að birta *Brands þátt örva*.<sup>1</sup>

## I

Nú er frá því sagt, að á einu sumri kom til Noregs utan af Íslandi Brandur sonur Vermundar í Vatnsfirði. Hann var kallaður Brandur hinn örvi; var honum það sannnefni. Brandur lagði skipi sínu inn til Niðaróss. Þjóðólfur skáld var vinur Brands og hafði margt sagt Haraldí konungi frá Brandi, hve mikill mætismaður hann var og vel að sér, og svo hafði hann mælt Þjóðólfur, að honum þætti eigi sýnt, að annar maður væri betur til konungs fallinn í Íslandi fyrir sakar örleika hans og stórmennsku.

## II

Hann hefir sagt konungi margt  
frá örleikum hans,

og mælti konungur: „Það skal eg  
nú reyna,“ segir hann. „Gakk til  
hans og bið hann gefa mér  
skikkju sína.“

Þjóðólfur fór og kom inn í  
skemmu,

þar er Brandur var fyrir. Hann  
stóð á gólfinu og stikaði léreft.  
Hann var í skarlatsskyrtli og  
hafði skarlatsskikkju yfir sér, og  
var bandið uppi á höfðinu.

<sup>1</sup> Dálkaskipting *Brands þáttar* hér á að nokkru leyti rætur sínar að rekja til ritgerðar eftir Claude Lévi-Strauss, 'The Structural Study of Myth,' *Myth: A Symposium*, edited by Thomas A. Sebeok, Bloomington (1971), 81–106. Sjá einnig grein mína, 'Form and Meaning in Early Icelandic Fiction,' *Les vikings et leur civilisation*, ed. Régis Boyer, Paris 1976, 113–128. bls.

Hann hafði öxi gullrekna í handarkrikanum.

Þjóðólfur mælti: „Konungur vill þiggja skikkjuna.“

Brandur hélt fram verkinu og svaraði engu, en hann lét falla af sér skikkjuna,

og tekur Þjóðólfur hana upp og færir konungi,

og spurði konungur, hversu færi með þeim.

Hann segir, að Brandur hafði engi orð um; segir síðan, hvað hann hafðist að og svo frá búnungi hans.

Konungur mælti: „Víst er sjá maður skapstór og mun vera mikils háttar maður, er honum þótti eigi þurfa orð um að hafa. Gakk enn og seg, að eg vil þiggja að honum öxina þá hina gullreknu.“

Þjóðólfur mælti: „Ekki er mér mikið um, herra, að fara oftar. Veit eg eigi, hversu hann vill það virða, ef eg kref vopns úr hendi honum.“

“Þú vaktir umræðu um Brand, bæði nú og jafnan,” segir konungur, “enda skaltu nú fara og segja, að eg vil þiggja öxina þá hina gullreknu. Ekki þykir mér hann ör, nema hann gefi.“

Fer Þjóðólfur nú til fundar við Brand og segir, að konungur vill þiggja öxina.

Hann rétti frá sér öxina og mælti ekki.

Þjóðólfur færir konungi öxina og segir, hve fór með þeim.

Konungur mælti: „Meiri von, að



Þessi maður muni vera fleirum  
örvari, og heldur fénar nú um  
hríð. Farðu enn og seg, að eg vil  
hafa kyrtlinn, er hann stendur  
í.“

Þjóðólfur segir: „Ekki samir  
það, herra, að eg fari oftar.“

Konungur mælti: „Þú skalt fara  
að vísu.“

Fer hann enn og kemur í loftið  
og segir, að konungur vill þiggja  
kyrtlinn.

Brandur bregður þá sýslunni og  
steypir af sér kyrtlinum og mælti  
ekki. Hann sprettir af erminni  
annarri og kastar braut síðan  
kyrtlinum, en hefir eftir ermina  
aðra.

Þjóðólfur tekur hann upp og fer  
á fund konungs og sýnir honum  
kyrtlinn.

Konungur leit á og mælti síðan:  
„Þessi maður er bæði vitur og  
stórlyndur. Auðséð er mér, hví  
hann hefir erminni af sprett;  
honum þykir sem eg eigi eina  
höndina og þá þó, að þiggja  
ávallt, en veita aldregi, og farið  
nú eftir honum.“

### III

Og var svo gert, og fór Brandur til konungs og þá af honum góða  
virðing og fégjafir. Og var þetta gert til raunar við hann.

— — —

Í upphafi þáttar er gerð örstutt grein fyrir Brandi og atvikum þeirrar  
raunar sem gerir meginbálk, en niðurlag skýrir í einni málsgrein hvað  
verður eftir að tilraun lýkur. Lokasetning: *Og var þetta gert til raunar  
við hann felur í sér tilgang sögu og bergmálar fyrstu orð Haralds í við-*

ræðu við Þjóðólf: *Það skal eg nú reyna*. Þegar meginbálki lýkur hefur konungur ekki einungis reynt Brand að örleika, vitsmunum og stórlyndi, heldur hefur hann einnig numið af athöfn Brands hver ljóður var á tilraun hans sjálfs: Haraldur þiggur hvern dýrgrip eftir annan af Brandi og lætur þó ekkert af hendi rakna sjálfur. Með þessu brýtur konungur alkunna siðareglu: *Gjalt gjöf við gjöf*. Úr þessu er þó bætt í þáttarlok. Hins verður einnig að minnast að konungur þiggur ekki gjafir með venjulegum hætti þar sem þær eru gefnar að boði hans sjálfs; þær eru ekki sprottnar af vináttu eða þakkarhug, heldur notar konungur aðstöðu sína í því skyni að þröngva útlendingi til að láta af hendi dýrmæta hluti. Eins og höfðingjum er tamt, þá beitir Haraldur boðhætti miskunnarlaust *Gakk til hans og bið hann . . . Gakk enn og seg . . . Farðu enn og seg . . .* Einnig beitir hann orðtakinu *skaltu / þú skalt*, og lætur þá um leið í ljós konunglegan vilja: *eg vil þiggja að honum öxina þá hina gullreknunni* (tvítekið); *eg vil hafa kyrtilinn, er hann stendur í*.

Af orðum Haralds vekur þó ein setning mesta athygli: *Ekki þykir mér hann ör nema hann gefi*. Vel má vera að hér liggi spakmæli að baki: *\*Enginn þykir ör, nema hann gefi*. Vitaskuld reynir einkum á örlæti manna þegar um gjafir er að ræða, enda eru lýsingarorðin *örlátur* og *gjafmildur* býsna skyld að merkingu. Þó þekki ég ekki slíkan orðskvið á íslensku; hins vegar minna ummæli Haralds á latneskan málshátt sem gekk á miðöldum:

*Nequaquam largus homo sive probus reputatur,  
Cui, si quid dederit, res ingens esse videtur.*<sup>2</sup>

(Þeygi þykir sá maður örlátur eða aldyggur, sem finnst ærið um, ef hann hefur gefið eitthvað.)

‘Verður þrisvar allt forðum,’ segir í Sturlungu, enda er það algengt fyrirbæri í hvers konar sögum, bæði fornum og nýjum, að þrív svipaðir atburðir gerist hver á fætur öðrum.<sup>3</sup> Haraldur sendir Þjóðólf þrívægis

<sup>2</sup> Hans Walther, *Proverbia Sententiaeque Latinitatis Medii Aevi* II, Göttingen 1965, 105. bls.: nr. 16498.

<sup>3</sup> Sem dæmi um notkun þrítölu í lærðu riti má nefna upphaf *Trójumanna sögu* (1963), 1.–2. bls. Saturnus á þrjá sonu; hann gefur Júpíter himin og hvetur hann til að láta þrjár eldingar fara saman að óvinum, ‘svo að það megi allir sjá merking þrenningar ríkis þíns.’ Neptúnusi gefur hann krók þríangadan. ‘Skaltu þar með alla hluti til þín draga til marks þrenningar þinnar.’ Plútó gefur hann varðhund þann, ‘er Ceberus heitir og á þrjú höfuð til þrenningar marks.’ Það er alger misskilningur að notkun þrítölu í fornsögum bendi

til Brands, og fyrir tilvikið eignast konungur þrjá dýrgrip. Örlátur maður gefur þrisvar á skömmu bragði. Í útlendri sögu sem snarað var á íslenzku á fjórtánu öld, að því er talið er, segir frá manni sem játar mikla glæpi fyrir presti og tekur ýmsar skriftir, meðal annarra þessar:

Ef þú mætir fátækum manni, þá gef honum *yfirhöfn* þína; mætir þú öðrum, gef honum *syrkotið*; mætir þú þriðja, gef honum *undirkyrtilinn*. En línklaðum þínum skaltu halda, þó að þú finnr fleiri.<sup>4</sup>

Tvær af þremur gjöfum Brands eru flíkur, en sú hugmynd að menn eigi að gefa af sér klæðnað í ölmusu skyni er vitaskuld komin úr heilagri ritningu. Um Jóhannes skírara segir í fornri hómilíu:

Hann kenndi svo mikla örlyndi, að maður skyldi gefa annan kyrtil sinn þeim, er engan ætti, og þannig svo taka nær sér en að skipta fæðslunni við aðra. Það boðorð mun flestum mönnum ærið örlyndið þykja og það vel gert, er svo er. Og eigi er maður skyldur að gefa frammar, en eigi þverrir það dýrðarverkið, að maður geri frammar en honum sé boðið og vilji hann heldur hneppa við sig þann hinn eina búninginn, er honum er leyfður. Það sýna oss dæmi hins sæla Marteins biskups, þars hann gaf tvisvar svo klæði af sér, að hann var varla óber eftir.<sup>5</sup>

Frásögn af örlyndi Marteins biskups hljóðar á þessa lund:

Það var of vetrardag í frosti miklu, að Martinus mætti klæðlausum manni í borgarhliði. Sá bað þá, er um liðu, að þeir mis kunnaði honum. Þá skildi guðs maður sér vera ætlaðan þann, er aðrir veittu eigi miskunn. En hvað skyldi hann gefa, þar er hann hafði þá ekki nema klæði þau, er hann stóð í, því að hann hafði öll önnur veitt í slíka þurft?

Þá brá hann sverði og reist í sundur möttul sinn og gaf hálfan hinum volaða, en hálfan hafði hann sjálfur. Þá hlógu sumir að honum, er hann var stuttbúinn, en þeir komust við, er heilli voru

yfirleitt til munnlegra alþýðusagna. Þrítalan þekkist hvaðanæva að, ekki sízt í lærdómsritum.

<sup>4</sup> *Íslendzk æventýri* I, Halle a. S. 1882, 31–2. bls.

<sup>5</sup> *Homíliu-Bók*, Lund 1872, 12. bls. Sbr. Lúkas, iii 11. Ian Kirby, *Biblical Quotation* I, Rvík 1976, 233. bls.

í hug, er þeir höfðu ekki slík verk unnið, þar er þeir máttu klæða hinn auma, svo að þeir væri ókálnir eftir . . .<sup>6</sup>

Hugsanlegt er að meðferð biskups á möttli sínum hafi gefið höfundi *Brands þáttar* þá hugmynd að láta milding spretta ermi af kyrtli og halda eftir. En þó renna fleiri stoðir undir þessa frásögn. Kyrtill með einni ermi gefur Haraldi hugmynd um eina þiggjandi hönd sem þó veitir hvergi. Í heilagri ritningu eru gjafmildir menn hvattir til að láta eina hönd ekki vita hvað önnur gerir:

Pá er þú gerir ölmusugæði, viti eigi hin vinstri hönd þín hvað hin hægri gerir, að ölmusa þín sé í leyndum hlutum, og faðir þinn, sá er sér í leyndum stað, mun gjalda þér.<sup>7</sup>

Með frekju sinni virðist Haraldur konungur ekki einungis misþyrma sönnu örlæti (sem er engan veginn óskýlt ölmusugæðum), heldur jafra orð hans og athafnir við skop að frásögnum guðspjalls af ölmusu. Hann áttar sig því ekki til hlítar á merkingu þeirri sem afsprett ermi felur í sér.

Óskýlt er að hafa neinar áhyggjur af sagnfræði *Brands þáttar*, en þó skal þess minnst að Brands er fyrst getið í Noregsför árið 999, þegar Ólafur Tryggvason leggur farbann á skip hans. Í inngangi sínum að IV. bindi Íslenzkra fornrita segir Einar Ól. Sveinsson að Brandur hljóti 'að vera kominn eitthvað á sjötugsaldur' þegar þáttur hans gerist. Nú hlýtur maður sem er orðinn skipseigandi fyrir lok tíundu aldar að vera kominn yfir sjötugt um miðja elleftu öld, en naumast gæti gjafadægur Brands hafa orðið öllu fyrr, enda er þætti skotið inn á milli dráps Einars þambarskelfis (1050/1051?) og Nizarorrustu (1062). Hins vegar er engin ástæða til að ætla að þessi þáttur hafi nokkurn tíma 'gerzt' nema þá í hugskoti þess manns sem orti hann forðum. Svipað má segja um *Brands þátt örva* og *Morkinskinna* kveður að orði um ævintýri Sveins konungs á flótta þegar hann leitar sér hælis í koti nokkru: 'Þetta er gamans frásögn og eigi sögulegt eins kostar, fyr þá sök að hér er lýst grein speki og óvizku.' *Brands þáttur* er prýðilegt dæmi um vizku, en þó einkum um örlyndi og stórmennsku. Höfundur hirðir lítt um sögu-

<sup>6</sup> *Martinus saga byskups* I (Heilagra manna sögur I), Chria 1877, 555. bls., sjá einnig 575.-6. og 608.-9. bls.

<sup>7</sup> *Leifar fornra kristinna fræða íslenzkra*, Kh. 1878, 180. bls. (Matt. VI 3-4). Kirby, 149. bls; *Bisk. Bók. I*, 105. / 279. bls.

leg sannindi, en hins vegar velur hann í hlutverk mildings tiltekinn Íslending, sem var kunnur fyrir örlæti sitt, eins og ráða má af *Ísleifs þætti biskups* og draumvísu í *Íslendinga sögu* Sturlu Þórðarsonar, sem á að hafa verið ort um það leyti sem Þjóðveldi lýkur og mönnum þótti ástæða til að minnast glæsibrags söguldar:

Þá var betra,  
er fyr baugum réð  
Brandur hinn örvi  
og bur skata.  
En nú er fyr löndum  
og lengi mun  
Hákon konungur  
og hans synir.

Í upphafi þáttar telur Þjóðólfur skáld Brandi það til hróss, 'að honum þætti eigi sýnt, að annar maður væri *betur til konungs fallinn á Íslandi* fyrir sakar örleika hans og stórmennsku.' Nú vill svo skemmtilega til að Haraldi harðráða eru eignuð svipuð ummæli um tvo aðra Íslendinga. *Bandamanna saga* leggur svofellð orð í munn Ófeigi gamla á þingi<sup>8</sup>:

„Par situr þú, Skegg-Broddi. Hvort var satt, að Haraldur konungur mælti það, að værir *bezt til konungs fallinn á Íslandi?*“ Hann segir: „Eigi veit eg það. Margt mælti Haraldur konungur það til mín, er eg veit eigi, hver alhugi því fylgdi.“  
(Konungsbók)

„Par situr þú, Skegg-Broddi, en hvort er það satt, að Haraldur konungur Sigurðarson mælti það, þá er þú varst með honum, að honum þættir þú *bezt til konungs fallinn þeirra manna, er út hér eru?*“ Broddi svaraði: „Oft talaði konungur vel til mín, en eigi er það ráðið, að honum þætti allt, sem hann talaði.“

(Möðruvallabók)

Engin ástæða er til að telja þenna dóm um Skegg-Brodda kominn frá Haraldi harðráða sjálfum, heldur kann hugmyndin að vera komin úr *Brands þætti örva*. Í báðum þessum sögum er fjallað um örlæti og stórmennsku, og freistandi er að gera ráð fyrir því að lýsing á búnaði Ófeigs gamla á þingi bergmáli meðferð Brands á kyrtli sínum<sup>9</sup>:

<sup>8</sup> *Íslenzk fornrit* VII, 348.–9. bls.

<sup>9</sup> *Íslenzk fornrit* VII, 318.–19. bls.

Og í búðasundunum gengur maður einn í mót þeim, gamall og hrumur, og hafði kápu svarta og *ein ermur á*, bugstaf í hendi og broddur í.

(Konungsbók)

Og er hann kemur í búðarsundið, þá gengur maður í mót honum; sá er við aldur. Hann var í svartri ermakápu, og var hún komin að sliti; *ein var ermur á kápunni*, og horfði sú á bak aftur. Hann hafði í hendi staf og brodd í, hafði síða hettuna og rak undan skyggnum, stappaði niður stafnum og fór heldur bjúgur.

(Möðruvallabók)

Þannig verður einerma yfirhöfn eins konar sérkenni örláttra manna í örbirgð.

Í *Hungurvöku* (1938, 83. bls.) er Gizuri biskupi lýst á merkilega lund:

Gizur var alger að sér um alla hluti, þá er karlmaður átti að sér að hafa. Hann var farmaður mikill hinn fyrri hlut ævi sinnar, meðan Ísleifur lifði, og var jafnan mikils virtur hvar sem hann kom, og var þá tignum mönnum á hendi er hann var utanlands. Haraldur konungur Sigurðarson var þá konungur í Noregi, og mælti hann þeim orðum við Gizur, að honum kvaðst svo sýnast til, að hann mundi *bezt til fallinn að bera hvert tignarnafn sem hann hlyti*.

*Morkinskinna* (1932, 251. bls.) hermir fyllri dóm Haralds harðráða um Gizur biskup:

Þá er Gizur Ísleifsson kom á fund Haralds konungs, var rætt um að hann væri merkilegur maður. Þá sagði Haraldur konungur: „Svo er það sem þér segið, en þar má gera vel af þrjá menn:

Hann má vera *víkínga höfðingi*, og er hann vel til þess fenginn.

Þá má hann og vera *konungur* af sínu skaplyndi, og er vel fengið.

Með þriðja hætti má hann vera *biskup*, og það mun hann helst hljóta og mun vera hinn mesti ágætismaður.“

Einsætt er að skyldleiki hlýtur að vera með öllum þeim ritum sem geta um Íslending ‘vel fallinn til konungs’ á dögum Haralds harðráða, sem raunar kemur þar sjálfur við sögu. Hér verður gert ráð fyrir því að *Hungurvaka* sé upphaflegust, hvort sem lof um Gizur biskup er réttilega eignað Haraldi konungi eða ekki. *Hungurvaka* er sagnfræðirit, en

hin eru að verulegu leyti skáldskapur. Um samband *Brands þáttar örva* og *Haralds sögu harðráða* í *Morkinskinnu* verður ekki rætt hér, heldur verður farið með hvort um sig sem sjálfstætt rit, enda þótt *Brands þáttur* sé óneitanlega hluti af sögu Haralds. Engin ástæða er til að ætla, að höfundar *Brands þáttar* og *Bandamanna sögu* hafi þekkt neinar munnlegar arfsagnir um úrskurði frá elleftu öld þess eðlis að þeir Skegg-Broddi á Hofi í Vopnafirði og Brandur úr Vatnsfirði hafi verið vel fallnir til konungs heldur mun þetta vera þegið úr eldri ritum, einkum þó *Hungurvöku*. Skal þessu næst hyggja að *Hungurvöku* og áhrifum hennar á áðurnefnd rit.

A. *Haralds saga harðráða* tekur ummælin um Gizur í *Hungurvöku* að hann 'mundi bezt til fallinn að bera hvert tignarnafn sem hann hlyti' og stílfærir þau; er það mjög í þeim hetjuanda sem sérkennir *Haralds sögu* að víkingahöfðingja er skipað við hliðina á konungi og biskupi; í öðrum ritum er víkingahöfðingi naumast talinn til tignarnafna. En auk þeirra orða sem *Hungurvaka* eignar Haraldi um Gizur, þá leggur hún aðra dóma um biskup sem höfundur *Haralds sögu* kann að hafa haft í huga:

Hann tók tign og virðing svo mikla þegar snemmendis biskupsdóms síns, og svo vildi hver maður sitja og standa sem hann bauð, ungur og gamall, sæll og fátækur, konur og karlar, og var rétt að segja, að hann var bæði konungur og biskup yfir landinu meðan hann lifði. (Hv. 85).

Það hefir og verið allra vitra manna mál, að hann hafi af guðs góðgift og sjálfs sinni atgervi göfgastur maður verið á Íslandi bæði lærðra manna og ólærðra. (Hv. 90).

Orð Döllu Þorvaldsdóttur í Ísleifs þætti hníga í sömu átt: 'Ég hefi þá metnaðargirnd að eiga hinn bezta manninn og hinn göfgasta soninn með honum er á Íslandi mun fæðast.' (Ísl.þ. 23).

B. *Brands þáttur örva*. Orðalag á setningu um hæfni Brands til konungs minnir nokkuð á *Hungurvöku* en er nauðalíkt *Bandamanna sögu*, þ.e. Konungsbók; Möðruvallabók er frábrugðin. Þetta sést greinilega, þegar rit eru borin saman:

*Hungurvaka*

Haraldur konungur . . . mælti . . . þeim orðum . . . að honum kvaðst

svo sýnast til, að hann mundi bezt til fallinn að bera hvert tignarnafn sem hann hlyti.

*Brands þ.*

. . . og svo hafði hann mælt Þjóðólfur, að honum þætti eigi sýnt, að annar maður væri betur til konungs fallinn í Íslandi fyrir sakar örleika hans og stórmennsku.

*Bandam.s. (K)*

Hvort var það satt, að Haraldur konungur mælti það, að værir bezt til konungs fallinn á Íslandi?

Um skyldleika þessara rita verður ekki fjallað að sinni, þótt hins megi geta að mér þykir sennilegt að *Bandamanna saga* hafi stuðzt við þátt. Að vísu bregður oft fyrir svipuðu orðalagi í tveim sögum, þótt þær virðist vera lítt skyldar að öðru leyti, og skal því fara varlega í þær sakir að draga ákveðnar ályktanir af slíku. En þegar vönduð saga á borð við *Bandamanna sögu* á í hlut, verður að gera ráð fyrir víðlesnum höfundi.

Lítill vafi leikur á því að *Brands þáttur* hefur þegið úr *Ísleifs þætti biskups*. Eftirfarandi glefsur úr síðarnefndum þætti má bera saman við orð Haralds og lýsingu á Brandi hér að framan: 'Og á einni háttíð mælti konungur: „Brandur, þigg að mér skikkju þessa.“ Það var skarlaks-möttull . . . Ísleifur var þá prestur og félítill, er hann kom sunnan úr löndum. Þá mælti Brandur: „Þú skalt þiggja að mér skikkju þessa, er konungurinn gaf mér.“ Hann svarar: „Eigi hefir þú enn tapað örlyndinni, og vil eg gjarna þiggja.“' (Útg. 1938, 21. bls.). Þetta á að hafa gerzt á dögum Ólafs helga, sem gefur Brandi skikkju, sem Brandur gefur síðan Ísleifi; að lokum tekur konungur gjöfina aftur og gefur sjálfur Ísleifi, en geldur Brandi verð fyrir.

(Hér skal þess getið innan sviga að *Hungurvaka* hafði greinilega áhrif á *Auðunar þátt vestfirzka* sem einnig er í *Morkinskinnu* og öðrum konungabókum. *Hungurvöku* segist svo frá um vígsluför Ísleifs biskups: 'Síðan fór hann utan og suður til Saxlands, og sótti heim Heinrek keisara Konráðsson og gaf honum hvítabjörn, er kominn var af Grænlandi, og var það dýr hin mesta gersemi. En keisarinn fékk Ísleifi bréf sitt með innsigli um allt veldi sitt. Síðan fór hann til fundar við Leonem páfa.' (1938: 76). *Auðunar þáttur* segir frá manni sem sækir hvítabjörn til Grænlands frá Noregi og fer síðan með hann til Danmerkur



og færir Sveini konungi, sem gefur honum fé mikið fyrir og skipar til um ferð hans til Rómaborgar. Í báðum sögum er björn kallaður 'gersemi mikil'. Menn hafa trúað því að *Auðunar þáttur* væri um sannsögulegan atburð, en hitt má þó þykja sennilegra að orð *Hungurvöku* um suðurferð Ísleifs hafi verið sá fnjóskur sem tendraði hug höfundar til að yrkja ævintýri af vestfirzkum kotungi á suðurvegum. Áður en svigum er lokað þykir rétt að vara menn við þeirri trú að Morkin-skinna (með öllum sínum þáttum) hafi verið rituð fyrir 1220.).

C. *Bandamanna saga*. Áður hefur verið dregið á, að hún muni hafa þegið úr *Brands þætti* þá hugmynd að tiltekinn maður væri sérlega vel fallinn til konungs yfir Íslandi. En hvernig fór höfundur að láta sér detta í hug að tengja þessa hugmynd við Skegg-Brodda Bjarnason austan úr Vopnafirði? Brandur örvi sýnir gjafmildi sína Ísleifi föður Gizurar sem fyrstur Íslendinga í frásögnnum mun hafa verið talinn vel fallinn til konungs, en hvers konar samband er með þeim Gizuri biskupi og Skegg-Brodda? Þegar höfundur *Bandamanna sögu* lætur Ófeig gamla á Reykjum, örlátan mann í slitinni kápu og ein ermur á, brigzla austfirzkum höfðingja um oflof af Haraldi harðráða, þá veit hann eins og endranær hvert ferð er heitið. Skegg-Broddi bjó á Hofi í Vopnafirði, og að honum látnum tekur Þórir sonur hans við óðali ættar, en honum varð ekki langlífis auðið. Gizur Ísleifsson gekk að eiga ekkju Þóris og síðan bjuggu þau á Hofi um skeið, unz hann verður kjörinn biskup og flyzt búferlum að föðurleifð sinni í Skálholti. Gizur var ekki einungis kvæntur sonarekkju Skegg-Brodda og bóndi á Hofi eins og hann, heldur mun hann einnig hafa farið með goðorð þeirra Hofverja meðan hann átti heima þar eystra. En þótt Skegg-Broddi hafi verið talinn 'hinn mesti afbragðsmaður um sína daga'. (Þorsteins þáttur stangarhöggs, 1950: 78), þá virðist fátt benda til þess að hann hafi átt skilið þau ummæli, sem Haraldur konungur notaði forðum við Gizur Ísleifsson. Vitaskuld skiptir slíkt ekki höfuðmáli í *Bandamanna sögu*, enda er Ófeigur að skopast að Skegg-Brodda á þingi.

Einstaka sinnum bregður fyrir svipuðu orðalagi með *Bandamanna sögu* og *Hungurvöku*, og þarf þá ekki að sökum að spyrja hvor sé upphaflegri. Hér má lauslega minna á lýsingu á þeim Oddi og Gizuri:

Er hann nú í kaupferðum og gerist stóru-  
auðugur maður og ágætur, og er hann oft-  
ast á hendi tignum mönnum og vel virður  
utanlands.

Hann var farmaður mikill hinn fyrra hlut  
ævi sinnar . . . og var þá tignum mönnum  
á hendi er hann var utanlands.

(Hv. 83.)

(Bandam. 297 (K).)

Þess skal að lokum getið að lof Haralds harðráða um Gizur Ísleifsson í konungabókum minnir á ummæli Sveins tjúguskeggs um Þorvald víðförla, þótt hann geti að vísu ekki um hæfileika Húnvetnings að gegna embætti biskups:

Þessi maður, er eg tala hér til, er vitur sem spökum *konungi* hæfði að vera, styrkur og hugdjárfur sem hinn öruggasti *berserkerur*, svo siðugur og góðháttaður sem hinn siðugasti *spekingur*.<sup>10</sup>

<sup>10</sup> Þorvalds þáttur víðförla, Halle a. S. 1905, 64. bls.

HUBERT SEELOW

## VIER GEDICHTE FÜR EINE HOCHZEIT IM JAHRE 1738

1. IN DER Handschrift Lbs 202 fol., einer Sammlung von losen Manuskripten und Drucken verschiedener Herkunft und verschiedenen Alters, finden sich u.a. auch vier Gedichte, die alle für denselben Anlaß, nämlich eine Hochzeit im Jahre 1738, verfaßt wurden.

Das erste dieser Gedichte (I) stammt von Erlendur Ólafsson (1706–1772), das zweite, dritte und vierte (II–IV) von dessen Bruder Jón Ólafsson, genannt Grunnavík-Jón (1705–1779). Die Gedichte (I), (III) und (IV) sind nur in Lbs 202 fol. überliefert; Gedicht (II) findet sich außer in Lbs 202 fol. auch in der Handschrift ÍB 230 4to.

Diese Gedichte und beide Handschriften werden – wenn auch nur sehr knapp – von Jón Helgason in seiner Monographie über Grunnavík-Jón erwähnt. In dem Kapitel über Jón Ólafssons Islandaufenthalt 1743–1751 schreibt er: 'Í júní 1744 fór Jón fyrst suður að Tjaldanesi í Dalasýslu og heimsótti Ingibjörgu móðursystur sína, er Brynjólfur Bjarnason átti. . .' – und in einer Anmerkung zu diesem Satz heißt es dann:

Jón hafði kveðið heillaóskavísur við brúðkaup þeirra 1738 og sömuleiðis Erlendur. Vísur Jóns eru í frumriti í ÍBmf. 230, 4to og eru sniðnar að útlendum hætti, átta erindi með 'cavalleur-dantzlagi' og tvær aríur síðast. En kvæði Erlends er í Lbs. 202 fol, og auk þess eru í því handriti ljóðmæli Jóns fleiri en í ÍBmf. 230, 4to.<sup>1</sup>

Páll Eggert Ólasons Katalog der Handschriften in Landsbókasafn führt das Gedicht (II) von Jón Ólafsson in ÍB 230 4to auf, sowie das

<sup>1</sup> Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík* (Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga V), Kopenhagen 1926, S. 232, S. 232 Fußnote 3, sowie die Ergänzung hierzu auf S. 342.

Gedicht (I) von Erlendur Ólafsson in Lbs 202 fol.; die Gedichte (II–IV) von Jón Ólafsson in Lbs 202 fol. werden hingegen nicht genannt.<sup>2</sup>

2. Das Brautpaar, zu dessen Vermählung diese vier Gedichte verfaßt wurden, stammte aus vornehmen und einflußreichen isländischen Geschlechtern.<sup>3</sup> Die Braut Ingibjörg Pálsdóttir (1703–1774) war eine Tochter des Pfarrers Páll Jónsson á Melstað (um 1649–1721), der u. a. Magnús Jónsson prúði und den Bischof Guðbrandur Þorláksson zu seinen Vorvätern zählte. Ihre Schwester Þórunn Pálsdóttir (geb. 1684) war die Mutter der Autoren der Hochzeitsgedichte, Erlendur und Jón Ólafssynir.<sup>4</sup>

Der Bräutigam Brynjólfur Bjarnason (1713–1791) war ein Sohn des Bjarni Pétursson á Skarði, der *sýslumaður* und einer der reichsten Männer Islands war und u. a. von Páll Jónsson (Staðarhóls-Páll) und dem Bischof Jón Arason abstammte.

Die Brautleute waren also auch weitläufig miteinander verwandt, beide waren direkte Nachkommen des Jón Magnússon á Svalbarði (gest. 1564) und seiner ersten Frau Ragnheiður Pétursdóttir. Vor allem über diese gemeinsamen Ur-ur-ur-ur-Großeltern läßt sich der Stammbaum beider zu berühmten alten Geschlechtern zurückverfolgen.<sup>5</sup>

3. Der Tradition nach soll sich Brynjólfur Bjarnason ursprünglich eine andere Braut gewählt haben. In Bogi Benediktssons *Sýslumannaæfir* heißt es hierzu in dem Abschnitt über Ormur Daðason:

1737 . . . Nálægt þessum tíma er sögn, að Brynjólfur son Bjarna ríka á Skarði og Jóhanna dóttir Orms sýslumanns hafi viljað ná saman, en Ormur brugðizt þar við reiður eða mikið sundurþykki

<sup>2</sup> Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, Reykjavík 1918 ff., Bd. 2, S. 784 und Bd. 1, S. 69.

<sup>3</sup> Siehe zu den biographischen Daten vor allem Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*, Bd. I–V, Reykjavík 1948–52.

<sup>4</sup> Siehe Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir* I–V, Reykjavík 1881–1932, Bd. II, S. 375 f.

<sup>5</sup> Siehe Páll Eggert Ólason, *Menn og mennir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*, Reykjavík 1919–26, Bd. III, S. 507 ff. – Vgl. auch Bd. III, S. 425 ff., wo die engen familiären Verflechtungen innerhalb der sozialen Schicht, zu der das Brautpaar gehörte, sehr deutlich werden.

hafa komið millum Orms og Brynjólfs, svo Brynjólfur hvarf þar frá og giptist 1738 Ingibjörgu dóttur séra Páls á Melstað Jónssonar sýslumanns.

Und in dem Abschnitt über Brynjólfur Bjarnason:

Brynjólfur . . . fór 18 vetra (1731) í þénustu hjá Ormi sýslumanni, og var hjá honum 5 ár (til 1736), til þess að sundurlyndi kom þeirra á milli og Brynjólfur giptist 1738.

Und weiter:

Mælt er, þá Brynjólfur var hjá Ormi sýslumanni hafi Jóhanna og Brynjólfur fellt hugástir hvort til annars; Ormur hafi þar að fundið og mælt, að hún fengi orð af honum, en vildi þó ekki gipta honum hana. Hafi af þessu komið ósamþykkja þeirra á milli.<sup>6</sup>

Da Bogi Benediktsson keine Quellen oder Gewährsleute nennt, läßt sich nicht nachprüfen, was es mit dieser Überlieferung auf sich hat. Tatsache ist jedoch, daß Jóhanna Ormsdóttir unverheiratet blieb.<sup>7</sup> Die Mütter von Jóhanna und Brynjólfur waren Schwestern, doch Bedenken wegen der engen Verwandtschaft können kaum der Grund dafür gewesen sein, daß eine Ehe zwischen Jóhanna und Brynjólfur nicht zustandekam. Ehen zwischen Geschwisterkindern waren nicht selten, und 1745 heiratete sr. Eggert Ormsson (ein Bruder der Jóhanna) seine Kusine Þorbjörg Bjarnadóttir (eine Schwester des Brynjólfs). Während Jóhanna Ormsdóttir einige Jahre jünger war als Brynjólfur, war Ingibjörg Pálsdóttir zehn Jahre älter als er. Möglicherweise hat dieser Altersunterschied Gerüchten Nahrung gegeben, die in der Heirat mit Ingibjörg nur ein Trostpflaster sehen wollten, zu dem Brynjólfur gegriffen habe, nachdem er Jóhanna nicht bekommen konnte.

Darüber, ob Ingibjörg und Brynjólfur glücklich wurden, berichten die Quellen nichts. Ihrer Ehe entstammten vier Töchter, und nachdem Ingibjörg 1774 gestorben war, lebte Brynjólfur noch siebzehn Jahre als Witwer, ohne sich wieder zu verheiraten.

4. Jón und Erlendur Ólafssynir, die Verfasser der Hochzeitsgedichte, waren nur wenig – genau gesagt zwei bzw. drei Jahre – jünger als ihre

<sup>6</sup> Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir*, Bd. II, S. 709, 712, 713.

<sup>7</sup> Siehe *Íslenzkar æviskrár* IV, S. 95 f.

Tante Ingibjörg. Nicht nur die Tatsache, daß sie sich die Mühe machten, diese Hochzeitsgedichte zu verfassen, sondern auch die in der Handschrift AM 996 4to überlieferten Auszüge von Briefen, die Jón von Kopenhagen aus an Ingibjörg schrieb,<sup>8</sup> lassen erkennen, daß die Brüder ein gutes freundschaftlich-familiäres Verhältnis zu dieser Tante hatten.

Im Jahre 1738, als Ingibjörg heiratete, waren Jón und Erlendur schon seit längerer Zeit in Kopenhagen. Im Sommer 1737 kam Erlendur jedoch zu einem kürzeren Besuch nach Island, um eine Erbschaftsangelegenheit zu regeln.<sup>9</sup> Wie Hannes Þorsteinsson in seinen handgeschriebenen *Æfir lærðra manna in Þjóðskjalasafn* notiert, wurde anlässlich dieses Islandaufenthaltes noch eine zweite Erbschaftsangelegenheit geregelt, und hierbei dürfte Erlendur auch mit Ingibjörg zusammengetroffen sein:

23. sept. 1737 er Erlendur staddur á Söndum í Miðfirði, þá er móðursystur hans fimm taka hann til jafns arfs við sig eptir Ingiríði sál. Pálsdóttur systur þeirra, er séra Ormur á Melstað hafði átt (. . .).

Als Erlendur im Herbst wieder nach Kopenhagen zurückkehrte, brachte er seinem Bruder Jón Strickwaren und Geld von Ingibjörg, und – wie man vermuten darf – auch die Nachricht von ihrer bevorstehenden Heirat mit Brynjólfur. In AM 996 4to findet sich nämlich für das Jahr 1738 folgender Auszug eines Briefes von Jón an seine Tante:

*Ingebiörgu 24 Maj.*

Oskad til Lucku giptingen; og beden ad heilsa bonda efne, og virda vel versenn frá mier, er eg vard ad syna lit ä fyrer hennar skuld. Packad fyrer sendjngarnar i fyrra med Erlende, sem mier þottu alls of-miklar, sem var 4 ½<sup>rd</sup> peisa blá, og húa. og 1.<sup>rd</sup> frá Biörgu, er eg raunar reikna Ingebiörg ege hiá mier. þvi eg giörde alla Reikninga mina klara vid bádar þær i fyrra. ä so Ingebiörg alls hiá mier 5 ½<sup>rd</sup> og fyrer huuna og peisuna ad auke, er eg sende nú eckert fyrer, og það med vilia, fyrst hun vill ei segia

<sup>8</sup> Vgl. Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, S. 325–26.

<sup>9</sup> Siehe *Íslenzkar æviskrár* I, S. 443, und Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, S. 26–27.

mier hvad hun vilie fyrer hafa, lerept, Klæde, edur þeðhattar, þó eg hafe opt umbeded, Læt það so byða til árs. enda vil eg eingvar Sendjngar frá i árs, nema ef hun hefde fyrer hende tvenna Konu Socka edur eina Kall-Mans nærsocka hvijta, þó liggur mier eckert á þeðu. Porunne Kerlingu sende eg trafsefne, og ætla það nóg. enn ef ei er, villda eg frá það ad vita, því eg hefde annad þarfara ad festa i Minne, enn Kvenn folks Klædasnid og stærdarskamt þar hiá yckur. Bid eg hana þetta vel ad virda, og fel hana gude, med óllum Náungum Minum þar ä bæ.

Möglicherweise war dies der Brief, der die Hochzeitsgedichte begleitete: Jón beglückwünscht Ingibjörg zu der Hochzeit, sendet ihrem zukünftigen Ehemann Grüße und bittet sie, die Verse, die er für sie gedichtet habe, zu würdigen. Es wird also nicht nur deutlich, daß Jón damit rechnet, Ingibjörg werde diesen Brief vor der Hochzeit erhalten, sondern auch, daß die Gedichte nicht als Überraschung für die Braut gedacht waren, nachdem er sie vor der Hochzeit in einem Brief an die Braut erwähnt.

5. Wo und wann die Hochzeit genau stattgefunden hat, wissen wir nicht. Kirchenbücher aus dieser Zeit sind nicht erhalten und auch die Manuskripte der Hochzeitsgedichte geben hierüber keine Auskunft: Das Gedicht (I) von Erlendur und das Gedicht (IV) von Jón erwähnen in der Dedikation weder Ort noch Zeit, die Gedichte (II) und (III) von Jón nennen nur den Miðfjörður und das Jahr 1738, lassen für die genauen Angaben von Ort und Zeit jedoch jeweils Platz im Manuskript (siehe unten).

Wir wissen auch nicht, ob die Gedichte das Gefallen der Adressaten und der Hochzeitsgäste gefunden haben, denn in einem Brief vom folgenden Jahr 1739 beklagt sich Jón darüber, daß er keine Antwort von Ingibjörg erhalten habe (AM 996 4to):

Ingibiörgu Pælsdóttur, mödursystur minne ad Tiallda nese. 21. Maíi, innlagdt i bref mitt til Mons' Arnórs. og hann fyrer bedenn. Eg feck eckert svar frá henne i fyrra, vorkenne eg það, því hun mun vered hafa i ódrum þarfare Erendum, óskad til lucku Egta-standet, og beden ad läta mig vita, ef gud gefe henne börn, hvad þau heite. Eg sende henne eckert i þetta sinn, þó hun eige miked hiá mier, þar sem hun liet mig ei vita forlided haust, hvers hun

villde af Klæda tóye edur line hellst beidast. bid eg hana þeß enn á ny. og vegna þeß bid eg umm eckert fremur enn i fyrra, nefnel. tvenna Konu Socka, og eina hvijta Kallmanna nærsocka, sem eg vil sialfur brúka, edur eina saudsvarta edur lyngvada Karlmanns socka.<sup>10</sup>

6. Die vier Gedichte in Lbs 202 fol. sind Autographen der Verfasser. Sie sind äußerst sorgfältig auf Papierbögen gleicher Art geschrieben, und man darf annehmen, daß es sich bei ihnen um die Originale handelt, die von Jón und Erlendur nach Island geschickt wurden, damit sie bei der Hochzeit vorgetragen würden.

Das von Erlendur verfaßte und geschriebene Gedicht (I) ist allem Anschein nach von Jón – oder unter seiner Anleitung – korrigiert worden. Das Manuskript weist zahlreiche Verbesserungen der Orthographie und Interpunktion auf, die sich durch die grauere Färbung der Tinte deutlich von dem von Erlendur Geschriebenen abheben. Bei dem überwiegenden Teil dieser Korrekturen handelt es sich um Angleichungen an die Orthographie und Interpunktion Jóns, wie sie sich in den Gedichten (II–IV) manifestiert (siehe unten).

Die Manuskripte der vier Gedichte in Lbs 202 fol. kamen laut Vermerk von Pétur Eggerz in die Sammlung von Landsbókasafn. Dieser Pétur Eggerz (1831–1892) stammte in direkter Linie von Bjarni ríki Pétursson, dem Vater des Bräutigams Brynjólfur Bjarnason, ab: Bjarni ríki (1681–1768) – Eggert Bjarnason (1705–1782) – sr. Jón Eggertsson í Holti (1731–1783) – sr. Eggert Jónsson (1775?–1846) – sr. Friðrik Eggerz (1802–1894) – Pétur Eggerz Friðriksson.

Die Hochzeitsgedichte wurden also ganz offensichtlich in der Familie weitervererbt, bis sie Landsbókasafn übergeben wurden.

7. Das Manuskript des Gedichts (II) von Jón Ólafsson in ÍB 230 4to ist ebenfalls ein Autograph. Der Text unterscheidet sich nur unwesentlich von dem des entsprechenden Gedichts in Lbs 202 fol. (siehe unten).

In ÍB 230 4to ist das Gedicht auf sehr viel stärkeres, kartonartiges Papier geschrieben und zusammengefaltet hinten in die Handschrift

<sup>10</sup> Die Briefauszüge aus AM 996 4to sind hier vollständig zitiert, da sie Jón Ólafsson von einer Seite zeigen, die – soweit ich sehen kann – in Jón Helgasons Monographie gar nicht erwähnt wird, nämlich als Händler: Er bestellte in Island wollene Stricksachen, um sie in Kopenhagen zu verkaufen, und besorgte seinen Lieferantinnen dafür Stoffe und Galanteriewaren, wobei er sich offenbar mit der Abrechnung Zeit ließ.



eingeklebt. Laut Vermerk kam es 1865 von Þorvarður Ólafsson hreppstjóri in die Sammlung. Eine verwandtschaftliche Beziehung dieses Þorvarður zu dem Brautpaar, für das die Hochzeitsgedichte verfaßt wurden, ist nicht erkennbar; er dürfte das Manuskript also kaum geerbt, sondern auf anderem Weg erworben haben.

## (I) GEDICHT VON ERLENDUR ÓLAFSSON

Þæ  
 Brudguminn,  
 Gøfigur Høfdingsmann,  
 Mons' Brynjolfur Biarnason,  
 og  
 Brudrin,  
 Gøfig Høfdings Jungfru,  
 Mad<sup>le</sup> Ingebiörg Paalsdotter,  
 hallda þeirra Brullaups=Hætid, i margra Gøfigra og  
 Æruverdra manna Vidurvist, bad, ad þesse Brullaups osk bærest þeim,  
 Brúdhionanna  
 Vin og Pienare.  
 Erlendur Olafsson.

1.  
 Enn það ordtak sannast  
 Eik ej langt frá reikar  
 Eple. ad eg geiple  
 eige kann hier segiast:  
 Þad hefr Brynjolf beina  
 Bonordz fór at giðra  
 Ingebiargar at feinge  
 allgreidan giørt ad leida.

2.  
 Gøfigr gloggt því hefur  
 giætt, ad beggia Ættin  
 ut af einu flotin  
 Adals er mann-vale:

ad su Edla Rötin  
 ej út skyldi deya  
 matte manna sætter  
 maka jafnan taka.

3.

Eyk eg ej med ykium,  
 annra Gófgast manna  
 Ætt-folk edla þetta  
 allvel mege kalla:  
 elldri þvj at alldrei  
 Ytar finnast nyter  
 fleiri frægdar-dyrer  
 forðum hier ä Stordu.

4.

Og þott eg tilsette  
 (einginn kynni reingia)  
 Sögur, sem at duga,  
 segiast allvel mege:  
 Yngva til afspreingis  
 ytur sem hafde nytan  
 Röt sú rakist giæti  
 röm, i heidnum dome.

5.

Peirra Fedur fyrre  
 full-göfiger Jöfrar  
 hietu, og hilldar teiter  
 hardla marger Jarlar:  
 Ættarstofn þeir ättu  
 austur-älfu siälfar  
 Godakyns (eg gade)  
 gunnar, röt afrunnin.

6.

Padan hingad heidrad  
 hölldar framan af ölldum  
 Kongakyned lönga  
 kappveliendur telia:

Daner, Svijar sína  
 slíka Nordmenn líjka  
 rekiá þängað Ríkía  
 ráðendur Nordur láða.

7.

Hitt mjer helldur þætte  
 handar nær til standa  
 flesta fremdar trausta  
 folkveliendur telía  
 Jsa sem, af AAsum  
 upprunner, laðe, Runnar  
 (riett er reiknast mættu)  
 rijta, stýrdu nyter.

8.

Fyrst læt eg hugar-hraustan  
 Hvamm-Sturlu í framme  
 Gissur hilldar hvassann  
 hæfann Jarlínngiæfu.  
 Edur ef eg skoda  
 Ætt Riddara mætte  
 Son hvern níður af Syne  
 sem að til vor kemur.

9.

† Sveinbiörn Norskan syne' eg,  
 síðan Eirik fríða,  
 Vatzfiardar, eg víska,  
 víst og Einar prístann:  
 for Jörsala-fare  
 frágr Biörn mórg dægur,  
 Christín fremd á fýsti  
 Frú Vatzfiardar Búa.

†Eirekur Sveinbiarnarson í Vatzfirde var sleginn til  
 Riddara af Hakone konge Magnussyne Lagabætirs  
 Anno 1316.

10.

Tel eg tignar-sæla  
trausta fedga hrausta

- \* Biörn og Þorleif borna  
bada ä Jsa läde:  
þesser voru þiassa  
þing-briälendur mäla  
ädur, odt eg ræde,  
aller Riddarar snialler.

- \* Biörn Þorleifsson var sleiginn til Riddara af Kong  
Christiern i Kaupmanna höfn feria secunda post  
Dominicam Cantate nostro 1457. gaf kongur hön-  
um þä Adals Frijheit, og ad meiga bera hvitan  
Biörn i bläu felldi i skylldi, og hvitan Biörn i Hialm-  
inum; Hvert Bref, og Adalsfrijheit kongur Christi-  
an fiordi stadfeste uppä ný i Nyborg 1620. d. 15.  
Januarii, og var það sama är i Jslande, upplested i  
Logrettu ä Alþinge 1. Julii.

11.

Lika mä hier leika  
Loptur medur þoptum  
Riki manna make  
Mödruvallna ódrum;  
Erlend eg tel fundin  
Arfa Þorvards þarfan,  
Audar ættarþrúdur  
Afan Lopt ried hafa.

12.

- \* Fleire fremdar skýrer  
finnast hugar-svinner:  
Torfa þegnum þarfan  
þiöd, i Klofa, biodum.  
Gudmundr get eg reindist  
godur Torfa broder,  
Jungherra alldur ærinn  
öl ä Reykia-hoolum.

\* † Torfe Arason fieck adalleg frijheit af kong Christiern i Kaupmannahöfn. vigilia Andreæ Apostoli 1450. og fieck Lof til ad bera i skyllde hvitan Biörn i bláu felldi, og half hvitan i Hialminum.

13.

⊕ Pá er enn hin önnur  
 Ætt Eggerts, eg giætte,  
 Løgmanns virðum væga  
 Vijk úr Noregs ríkia.  
 Eggert, hans Son hyggium  
 ⊕ Hannes Nid vidkannest;  
 † þeir i þa tid voru  
 þrír Riddarar dyrer.

⊕ Eggert Eggertsson Løgmadur i Vijkinni i Noregi, var sleginn til Riddara af Kong Hans 1488.

⊕ † Hannes Sonar Son Eggerts fieck af Kong Christiern Stadfestingar Bref uppá Adalsbref Afa sins Eggerts 1551.

14.

Längar firdar feinge  
 froder manna sloder,  
 Ætt ef upp eg ytta  
 annra lands formanna:  
 Biskupa bæri hoska  
 bida framm i liodum  
 Løgmenñ líka fræga  
 ladstyrendur dyra.

15.

Læt eg elldri Yta  
 alldar alls otallda  
 mun eg miög lítt greina  
 menn sídare nenna:

þó er af Bokabörvum  
 blessudum nöfn þesse  
 (firda fatt um vardar  
 fleire) gott að heyra.

16.

Arason ried öra  
 æsa Trúar svæsinn  
 Jon, so geck af grunur  
 Gudbrandur um vandar  
 Brynjolf ber framm sialfan  
 bestann Styre presta  
 þeir voru af Gude giörver  
 göfugustu Höfud.

17.

Hier um hvad skal meira  
 haler goder tala?  
 vita virda sveiter  
 völdugt Folk ä Folldu.  
 Brudhionunum badum  
 Blöd og Adal-slöder  
 samanflytur, sem að  
 siä, og teingder, näum.

18.

Allar eru fullar  
 Ætter þeirra' ägiættar  
 Höfdingia med hafda  
 hätt til Tignar mäta:  
 Jöfrar Jarlar ofan  
 jafnan hingad safnast  
 Herrar Hersar fyrr  
 Höfud Lands Stor-göfug.

19.

Gud med Forsion frída  
 fest þvj hefur bestann  
 Adal þenna', eg inne  
 ädur ä Kölldu läde;

sídur so ad næde  
 sangöfugt val manna  
 (ædre eg veit Fedur  
 eige) út af deya.

20.

Pess hafa frægdar fuser  
 forðum varer orded,  
 Röt þvj sokt ad ræta  
 rádsnialler sína aller:  
 Synest sä og mune  
 sídan allar tíder  
 Lundur lofe bundinn<sup>11</sup>  
 Lande hier i standa.

21.

Brúdhion seinast blídu  
 bættu vid þar hættu  
 Fedur rausnar radum  
 rík, so Gude líkar  
 Hitt er rád eg hætti  
 Heidurs mönnum greidist  
 (mäl er ad þesse Pula  
 þriote) Ender skiotur.

22.

Adur skal þo Ydur  
 Æru-göfig færa  
 Brud-hion qvediu bädum  
 blessunar i vessum  
 Oska' eg Ydur Protske  
 Æfestunder giæfar  
 (lyse eg þvi med liosum  
 Liodum) ætid biödist.

23.

Dag-bæar allt dryge  
 Drottenn það sem gott er

<sup>11</sup> bundinn verbessert zu vendur.

Yckur Æ til lucku  
Yndis og Línkindar!  
Og ef audnast eiga  
Afkvæme, þad sæme  
Gud med öllu godu  
gagne, heillum, fagnad.

24.  
Fete þad med flyte  
Forfedranna Sporin!  
ytur ä þeim ræfest  
Adalskapur talin.  
Ordinn eins sem Giörder  
innra' og ytra fynnest  
borinn öll med æru  
Edal framm af Gede.

25.  
Verde þad än Purdar,  
Pid, og Yckar Nidiar  
Röduls til Einräda  
rirdarlausrar Dyrdar!  
Sæke sier og lika  
Soma Manna froman!  
Gagn og Giæda Fögnud  
greppar af þeim hreppel

26.  
Enda eg mitt Erende  
ödarloks i Liödum  
Godu Yckur giæde  
geimer tveggia Heima!  
Ætt og Virding veitta  
vare Ydrum Skara  
JSLAND medan endest  
Alldur Heims margfalldann.



8. Wie oben bereits erwähnt, finden sich im Manuskript zahlreiche Verbesserungen, die sich durch die andere Färbung der Tinte deutlich vom ursprünglichen Text unterscheiden. Diese Verbesserungen sind im hier abgedruckten Text nicht berücksichtigt, da es sich durchwegs nur um Korrekturen der Orthographie und Interpunktion handelt.

Die häufigsten Änderungen sind folgende: Einfacher Punkt über *i* wird verdoppelt; Zusammensetzungen werden durch Bindestrich kenntlich gemacht; am Zeilenende werden Interpunktionszeichen (Punkt, Strichpunkt, Doppelpunkt, Ausrufezeichen) ergänzt. Diese Korrekturen gleichen den Text an die drei anderen Gedichte (II–IV) an, weshalb zu vermuten steht, daß die Änderungen auf Jón Ólafsson zurückgehen.

9. Das Gedicht (I) besteht aus regelmäßigen *dróttkvætt*-Strophen und steht damit formal in der Tradition der altnordischen Skaldendichtung. Dies darf als ein ganz bewußter Rückgriff auf mittelalterliche Überlieferungen aufgefaßt werden, der sich zumindest teilweise durch Erlendur Ólafssons eigene Beschäftigung mit der alten Literatur erklären läßt – auch er war eine Zeitlang arnamagnäanischer Stipendiat und kopierte in dieser Eigenschaft einige der alten Werke –,<sup>12</sup> zweifellos aber auch mit dem wiedererwachenden Nationalstolz der Isländer zusammenhängt.<sup>13</sup>

10. Inhaltlich betont das Gedicht vor allem die vornehme Abkunft der Brautleute, wobei mehrmals der Begriff *aðall* bemüht wird. Die Str. 4–6 spielen auf die göttliche Abstammung der nordischen Königshäuser an, wie sie etwa bei Snorri Sturluson überliefert ist. In Str. 8 beginnt die Reihe der norwegischen und isländischen Vorfahren von Braut und Bräutigam mit Hvamms-Sturla (Þórðarson, 1115–1183), dem Stammvater der Sturlungen, und Gissur jarl (Þorvaldsson, 1208–1268). Str. 9 nennt Sveinbjörn (Súðvíkingur Sigmundsson) und dessen Sohn Eiríkur (Sveinbjarnarson í Vatnsfirði, gest. 1342), dessen Sohn Einar (Eiríksson, gest. 1383), dessen Sohn Björn Jórsalafari (Einarsson, gest. 1415) und dessen Tochter Vatnsfjarðar-Kristín (Björnsdóttir,

Eina handritið sem til var af kvæðinu er nú glatað, en búið var að gera af því eftirrit og var það gefið út á prent árið 1836. Handritið var geymt í British Museum, King's Library, en þaðan hvarf það árið 1879 og síðan hefur ekkert til þess spurst. Handritið var talið vera frá lokum 13. aldar eða byrjun þeirrar 14. og skrifað á eyjafrönsku (angló-normönsku).

Karlamagnús og kappar hans voru skáldum á miðöldum algengt yrkisefni og fjölluðu þau í kvæðum sínum um afreksverk þeirra og hetjudáðir. Slíkt efni er þó ekki að finna í *Le Voyage de Charlemagne*, ekki svo mikið sem eina bardagalýsingu. Er för Karlamagnúsar hin friðsamlegasta.

Frönsk hetjukvæði eru að jafnaði nokkur þúsund ljóðlínur að lengd, en það á þó ekki við um *Le Voyage de Charlemagne*, sem aðeins hefur að geyma 870 ljóðlínur. Yfirleitt eru ljóðlínur þessara hetjukvæða mjög langar, allt að því tíu atkvæði. Ljóðlínur *Le Voyage de Charlemagne* eru ennþá lengri, tólf til fjórtán atkvæði. Er kvæðið ort undir

<sup>1</sup> Coulet og Aebischer nota þennan titil. Sjá J. Coulet, *Études sur l'ancien poème français du Voyage de Charlemagne en Orient*, Montpellier 1907, og P. Aebischer, *Les versions norroises du 'Voyage de Charlemagne en Orient', Leurs sources*, Paris 1956. Við samningu þessarar greinar hef ég stúðst við eftirtaldir útgáfur af kvæðinu: P. Aebischer, *Le Voyage de Charlemagne à Jerusalem et à Constantinople*, Genève-Paris 1965. Tilvitnunar eru teknar úr þeirri útgáfu. E. Koschwitz, *Karls des Grossen Reise nach Jerusalem und Constantinople*, Leipzig 1923.

alexandrískum hætti, en sá háttur varð ekki algengur í Frakklandi fyrr en á 13. öld. Af þeirri ástæðu telja ýmsir að kvæðið geti ekki verið mjög gamalt.

Af framangreindu má sjá að kvæði þetta er á ýmsan hátt 'óvenjulegt' og þess vegna ekki auðvelt viðfangs. Auk þess er það torráðið og ber fræðimönnum ekki saman um hvernig eigi að túlka það. Hvað þetta atriði varðar skiptast menn í tvo flokka.

Annars vegar eru þeir fræðimenn sem líta svo á að kvæðið sé bæði alvara og grín. Grín sá hluti kvæðisins sem fjallar um dvöl Karlamagnúsar í Miklagarði og raup þeirra jafningja, alvara sá hlutinn sem fjallar um dvöl þeirra í Jórsölum, um heilaga dóma og kraftaverkin sem af þeim leiða. Undirtónn kvæðisins sé í rauninni alvarlegur. Í hópi þessara fræðimanna eru Frakkarnir Gaston Paris, Joseph Bédier, J. Coulet, og af seinni tíma mönnum má nefna Belgann Jules Horrent.

Hins vegar eru þeir fræðimenn sem líta svo á að kvæðið sé grín frá upphafi til enda, jafnt dvölin í Jórsölum sem Miklagarðsdvölin. Í hópi þeirra eru Svisslendingurinn Paul Aebischer og Þjóðverjarnir Theodor Heinermann og Hans-Jörg Neuschäfer.<sup>2</sup> Gallinn er bara sá að fræðimennirnir eru ekki sammála um að hverju sé verið að skopast. Heinermann telur að skáldið sé að hæðast að 2. krossferðinni 1147 og þá að Loðvík 7. Frakkakonungi, sem það gefi nafnið Karlamagnús. Með öðrum orðum, í huga Heinermanns er kvæðið einskönar pólitískur bæklingur. Neuschäfer er þeirrar skoðunar að verið sé að hæðast að hetjukvæðum Frakka almennt og þá einkum að Karlamagnúsi sem godsögulegri persónu. Aebischer er á hinn bóginn þeirrar skoðunar að höfundur sé að skopast að ákveðnu kvæði, sem nú sé glatað, og fjallaði um ferðalag Karlamagnúsar til Jórsala og Miklagarðs. Muni það hafa verið hetjukvæði.

Ýmsar fleiri túlkanir hafa verið settar fram, en of langt mál yrði að rekja þær allar.

Skal nú vikið á aðrar slóðir.

Á dögum Hákonar Hákonarsonar Noregskonungs (1217–1263) var töluvert þýtt af frönskum miðaldakveðskap á norræna tungu, bæði hetjuljóð og riddarakvæði. Voru þau þýdd á óbundið mál og klæddust því búningi sögunnar. Eitt þessara kvæða var *Le Voyage de Charle-*

<sup>2</sup> Sjá P. Aebischer, *Versions norroises*, Th. Heinermann, 'Zeit und Sinn der Karlsreise', *Zeitschrift für romanische Philologie* LVI, 1936, bls. 497–562, og H.J. Neuschäfer.

*magne en Orient* og er það í norrænum sögubúningi nefnt *Jórsalaferð*.<sup>3</sup> Handrit þau sem til eru af sögunni eru öll íslensk<sup>4</sup> og hluti af miklu sögusafni, *Karlamagnús sögu*. Sögurnar í því safni eru af nokkuð ólíkum uppruna,<sup>5</sup> en eiga það sameiginlegt að fjalla að einhverju leyti um *Karlamagnús konung*. Ekki er neitt um það vitað hvenær þessum sögum af *Karlamagnúsi* var safnað og þeim steipt saman í eitt heildarverk. Ekki er heldur vitað hver eða hverjir gerðu það, né hvort það var gert í Noregi eða á Íslandi. Vera má að eithvert þessara verka hafi

er, 'Le Voyage de Charlemagne en Orient als Parodie der Chanson de geste', *Romanisches Jahrbuch* X, 1959, bls. 78–102.

<sup>3</sup> Sagan ber þó ekki þessa yfirskrift í handritum. Í handriti A (sjá nmgr. 4) er yfirskriftin: *För Karlamagnús til Jørsala*. Í handriti B heitir sagan: *Geipunar þátr*.

<sup>4</sup> Við samningu þessarar ritgerðar hef ég notað eftirtaldir útgáfur á handritum. C.R. Unger, *Karlamagnús saga ok kappá hans*, Christiania 1860, bls. 466–83. Tilvitnanir eru teknar úr þeirri útgáfu. *Karlamagnús saga. Branches I, III, VII et IX*. Édition bilingue projetée par Knud Togeby et Pierre Halleux. Texte norrois édité par Agnete Loth. Traduction française par Annette Patron-Godefroit. Avec une étude par Povl Skårup, Copenhague 1980.

Af *Jórsalaferð* eru til nokkur handrit sem eru heil. Fjögur þessara handrita eru varðveitt í Árnasafni í Kaupmannahöfn og byggir Unger útgáfu sína á þeim. Þessi handrit eru: AM 180 c, fol (í útgáfu Ungers kallað A) og AM 180 a, fol (nefnt a í útgáfu Ungers). Er fyrra handritið skrifað um 1400, hið seinna á 15. öld. Handritum þessum svipar mjög innbyrðis. Einnig eru náskyld handritin AM 180 d, fol (í útgáfu Ungers nefnt B) og AM 531 4to (nefnt b). Tvö síðastnefndu handritin eru pappírshandrit frá því um 1700, afrit af eldri skinnhandritum er glötuðust í Kaupmannahafnarbrunnum 1728. Unger leggur handrit A (og a) til grundvallar útgáfu sinni. Einnig styðst hann við B-gerð sögunnar, þegar frásaga hennar virðist vera fyllri og standa nær frumtextanum, en á stöku stað er frásaga A-gerðar dregin saman. Auk þess þrýtur handrit A í 16. kafla sögunnar og vantar í það öll seinustu blöðin. Nokkur munur er á stíl handritanna A og B. Í handriti B eru setningarnar oft lengri, samheiti eru mikið notuð og ýmiskonar orðskrúð. Meðal annars af þeim sökum stendur handrit B fjær frumtextanum en handrit A gerir. Ég er því ekki sammála P. Aebischer þegar hann segir: 'Aurais-je dû établir ce qu'on appelle une édition critique que, tout compte fait, j'aurais adopté B,b comme manuscrit de base, quitte à truffer mon texte avec les variantes de A et, quand il est présent, de a' (*Versions norroises*, bls. 30).

Til eru nokkur handritabrot af *Jórsalaferð*, NRA 62 og NRA 63 og eru þau varðveitt í norska Ríkisskjalasafninu. Handritabrot þessi eru talin vera íslensk. Unger gefur þau út aftan við útgáfutexta sinn. A. Loth lætur þau koma fram á þeim stað þar sem þau eiga heima í frásögunni.

<sup>5</sup> Handritagerð B hefur að geyma fleiri þætti en A-gerðin. Sjá grein Skárups í tilvitni, bls. 333–355. Flestar eru sögurnar taldar eiga sér franska fyrirmynd, en það er þó ekki algilt.

verið þýtt í þeim tilgangi að fella það inn í safnið, en líklegra þykir að flestir þættir Karlamagnús sögu hafi verið þýddir til að standa sem einstök verk og óháð og hafi þeim ekki verið safnað fyrr en síðar.<sup>6</sup>

Svissneski fræðimaðurinn Paul Aebischer gerði á sínum tíma samanburð á *Le Voyage de Charlemagne* og *Jórsalaferð* og komst að þeirri niðurstöðu að frönskukunnátta þýðandans hefði verið bágborin: 'nous savons désormais que ces suppressions sont surtout commandées par le fait que le traducteur n'était pas à la hauteur de sa tâche, qu'il n'avait qu'une connaissance limitée du vocabulaire français'.<sup>7</sup> Nú er ekki víst að slíkar breytingar á frumtextanum stafi af vankunnáttu þýðanda í franskri tungu, heldur geta aðrar ástæður búið að baki.

Aebischer gerir miklar nákvæmniskröfur til þýðandans, kröfur sem fáir könnuðust við á miðöldum. Hann virðist gleyma að þýðandinn stóð frammi fyrir þeim vanda að snúa á óbundið mál ljóðtexta og á þann hátt að í hinum nýja búningi, sögunni, yrði textinn auðskilinn og læsilegur.

Norski fræðimaðurinn E.F. Halvorsen segir um norrænu þýðinguna að í henni séu 'practically no additions and few omissions'.<sup>8</sup> Virðist hann vera á svipuðu máli og þýski fræðimaðurinn Koschwitz, sem Aebischer álitur að hafi verið 'trop bienveillant' í mati sínu á norrænu þýðingunni.<sup>9</sup>

Hér á eftir mun ég í stórum dráttum gera samanburð á *Le Voyage de Charlemagne* og *Jórsalaferð*. Reyni ég að kanna hversu nákvæm þýðingin sé og hvort fullyrðingar Aebischers eða Halvorsens eigi við rök að styðjast. Einnig verður reynt að athuga hver sé skilningur þýðandans á því verki sem hann þýðir, en eins og greint var frá hér að framan ber fræðimönnum ekki saman um hvernig eigi að túlka það.

Og hefst hér samanburðurinn.

Kvæðið byrjar á aðfaraorðum sem eru einskonar titill: 'Ci comence le liuere cumment charels de fraunce voiet in ierusalem Et pur parols

<sup>6</sup> Sjá Skárup, tilv. rit, bls. 334.

<sup>7</sup> Aebischer, *Versions norroises*, bls. 73.

<sup>8</sup> E.F. Halvorsen, *The Norse Version of the Chanson de Roland*, (Bibliotheca Arnamagnæana XIX), 1959, bls. 56.

<sup>9</sup> Aebischer, tilv. rit, bls. 72.

sa feme a constantinoble pur vere roy hugon'.<sup>10</sup> *Jórsalaferð* hefst með svipuðum hætti, nema ekki er minnst á Miklagarð og að þangað fari Karlamagnús fyrir orð konu sinnar: 'Hér hefr upp ok segir frá þeim atburðum, hversu Karlamagnús konungr sótti Jórsalaborg ok hina helgu gröf dróttins várs'.<sup>11</sup> Af þessum orðum mætti ætla að í sögunni skipti meira máli förin til Jórsala en Miklagarðsferðin, en þegar á líður frá-sögnina kemur annað í ljós. Ætla má að aðfaraorð kvæðis og sögu hafi verið 'skálduð' af afriturum, líkt og algengt var.

*Ljóðlínur 1-75, kap. 1.*<sup>12</sup>

Dag nokkurn fer Karlamagnús til Saint-Denis kirkju og setur á höfuð sér kórónu sína og gyrðir sig sverði. Með honum eru barónar hans og riddarar og einnig drottning hans sem ber sína kórónu. Karlamagnús spyr drottninguna hvort hún hafi nokkurn tíma séð mann er betur sómi sverð og kóróna en honum. Hún segir að vera megi að hann lofi um of sjálfan sig. Viti hún um konung sem betur beri sína kórónu. Karlamagnús verður æva-reiður þegar hann heyrir þetta, því að margir heyra á tal þeirra, og heimtar að hún skýri frá nafni þessa konungs. Kveðst vilja fara á fund hans til að kanna sannleiksgildi orða hennar, en hafi hún logið ætlar hann að höggva af henni höfuðið með sverði sínu. Drottning fellur til fóta konunginum og biðst vægðar, vill fá að sanna að hún hafi ekki sagt þetta honum til háðungar. En Karlamagnúsi er það eitt í mun að vita hver þessi konungur sé, og þegar drottning sér að ekki verður hjá því komist að svara, kveðst hún hafa heyrt getið konungs sem heiti Húgon hinn sterki og sé hann keisari af Miklagarði. Þegar Karlamagnús er kominn aftur til Parísar kallar hann saman jafningjana tólf og aðra riddara og segir þeim að þeir eigi að fara með honum til Jórsala að gröf drottins og krossinum helga. Hafi honum verið það boðað þrisvar í svefni. Síðan muni þeir fara á fund konungs nokkurs

<sup>10</sup> Koschwitz, *Karls des Grossen Reise*, bls. 1. Hér hefst bókin sem segir frá því þegar Karl Frakkakonungur fór til Jórsala og fyrir orð konu sinnar til Miklagarðs að hitta Húgon konung.

<sup>11</sup> Unger, bls. 466.

<sup>12</sup> Kvæðinu skipti ég niður í einingar sem samsvara köflum sögunnar.

sem hann hafi heyrt getið. Skuli þeir hafa með sér til fararinnar sjö hundruð úlfalda hlaðna með gulli og silfri, svo að þeir geti verið í burtu í sjö ár.<sup>13</sup>

Í sögunni er gert ráð fyrir að Karlamagnús beri kórónu sína í París en ekki í Saint-Denis (v. 1), og þess vegna snýr hann ekki aftur til Parísar, eins og hann gerir í kvæðinu (v. 60), heldur 'fer heim til hallar sinnar'. Nokkurn mismun annan er að finna í þessum hluta milli kvæðis og sögu.

Reynt er í sögunni að gera ögn mildari hótun konungs um að höggva af eiginkonu sinni höfuðið (vv. 25, 42), og er hann látinn segja: 'ok skaltu þar fyrir týna lífi þínu',<sup>14</sup> 'ella er annarr [kostur] verri'.<sup>15</sup> Í kvæðinu heldur drottning því fram að hún viti um konung sem beri kórónu sína glæsilegar ('plus belement', v. 16) en eiginmaðurinn. Í sögunni segist hún vita um konung sem beri sína kórónu 'hærra'. Þegar líður að lokum kvæðisins setja Karlamagnús og Húgon keisari upp kórónur sínar og kemur þá í ljós að Karlamagnús ber sína kórónu nokkru hærra. Hvað þetta atriði varðar tengir þýðandinn upphafið við endinn.

Kvæðið hefst með þessum orðum: 'Un jur fu Karlemaine al seint Denis muster.'<sup>16</sup> Sögumaður Jórsalaferðar felur sig hins vegar á bak við frásögu annarra: 'Svá er sagt at hann var í París at þessu sinni.'<sup>17</sup>

Í kaflalok segist Karlamagnús ætla á fund konungs þess sem drottningin hefur sagt honum frá og vera þar sjö vetur 'ef þörf gerist'. Í kvæðinu segir hann: 'Ja ne m'en turnerai trescque l'avrai trovez' (v. 75).<sup>18</sup>

Í þessum fyrsta kafla sögunnar eru allmargar ljóðlínur felldar brott, en þó er ekki um að ræða samfellda hluta, heldur aðeins stakar línur. Efnislega eru sagan og kvæðið samhljóða, en þar sem frásaga sögunnar er knappari er á henni dálítið annar blær. Felldar eru niður ljóðrænar endurtekningar (vv. 34, 52, 55–57), lýsing á útliti drottningar (v. 6) og sverði Karlamagnúsar (v. 3), skýring á því hvers vegna Karla-

<sup>13</sup> Ágrip þetta, og þau sem á eftir koma, eru miðuð við kvæðið, en ekki við söguna.

<sup>14</sup> Unger, bls. 466.

<sup>15</sup> Unger, bls. 467.

<sup>16</sup> *Le Voyage de Charlemagne*, v. 1: Dag nokkurn fór Karlamagnús til kirkju heilags Dionisii.

<sup>17</sup> Unger, bls. 466.

<sup>18</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Ég mun ekki koma heim aftur fyrr en ég hef fundið hann.



magnús verður konu sinni reiður (v. 18) og lýsing á því hvernig hún bregst við (v. 44). Einnig eru samræður Karlamagnúsar og drottningar ögn styttri í sögunni en í kvæðinu, þar sem felldar eru niður ljóðlínur 11, 19–21 og 45. Ekki kemur fram í sögunni fyrr en undir lok kaflans (þýðing á v. 58) að Karlamagnús beri kórónu á höfði sér, því að sleppt er línu 3 í upphafi kvæðisins. Þegar kemur að upptalningunni á nöfn-um jafningjanna tólf (vv. 61–65) vantar nafn Ernalds, en það kemur fram síðar í sögunni (hdr. B) þegar Karlamagnús og jafningjar fara að grobba í Miklagarði.

Engu er bætt við efni kvæðisins í þýðingu þessa fyrsta hluta, en finna má í henni stuttar innskottskýringar. Þegar Karlamagnús spyr drottningu sína, hvort hún hafi nokkurn tíma séð mann er betur sómi sverð og kóróna en honum (vv. 9–10), þá er sagt í sögunni að hann spurði drottningu 'at gamni sér' (viðbót við v. 8). Og Karlamagnús sögunnar lætur sér ekki nægja að grobba við drottningu sína vegna kórónunnar (v. 10), heldur bætir við: 'eða jafnvel sami sér í herklæðum sem ek.'<sup>19</sup>

Svo er að sjá sem þýðanda finnist framkoma Karlamagnúsar ekki nógu 'konungleg' úr því að hann lætur Karlamagnús spyrja drottninguna 'at gamni sér' og reynir síðan að milda hótun hans í garð drottningar, því að gamanið snýst upp í reiði. Karlamagnús bregst hinn versti við athugasemdum drottningar og hvað skapsmuni snertir virðist ríkja jafnræði með þeim hjónum. Er í sögunni sagt um drottningu að hún sé 'bráðskeytt'. En um hana er sagt í kvæðinu: 'Cele ne fud pas sage' (v. 12).<sup>20</sup> Hégómagirnd Karlamagnúsar gengur lengra í sögunni en í kvæðinu, hann spyr ekki aðeins hvernig hann sómi sér með kórónuna, tákni konungvaldsins, heldur líka hvernig hann taki sig út með öllum herbúnaði.

Þegar Karlamagnús tilkynnir mönnum sínum að þeir eigi að fara með honum til Jórsala, segir hann: 'Jo l'ai trei feiz sunged, moi i covent aler./ Et irrai un rei querre, dount ai oi parler' (vv. 71–72).<sup>21</sup> Ekki verður ráðið af þessum ljóðlínum hvort Karlamagnús talar af einlægni og segir satt til um draumana eða ekki.<sup>22</sup> Það atriði er heldur ekki ljóst í sögunni, en hins vegar kemur þar skýrt fram að markmið hans með

<sup>19</sup> Unger, bls. 466.

<sup>20</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Eigi var hún vitur.

<sup>21</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Þrívegis hefur mig dreymt það og þangað vil ég fara./ Skal ég leita konungs sem ég hef heyrt getið um.

<sup>22</sup> Sjá P. Aebischer, *Rolandiana et Oliveriana*, Genève 1967, bls. 309.

Jórsalaförinni er fyrst og fremst það að hitta Húgón Miklagarðskeisara: 'ok er mér þat boðat í svefni þrysvar; ok hér með vil ek sækja á fund konungs þess, er dróttning hefir mér frá sagt.'<sup>23</sup>

Inngangi er lokið. Næstum allar persónur hafa verið kynntar til sögunnar. Karlamagnúsi og Húgoni er stillt upp sem hliðstæðum og má því ætla að þeir séu einskonar spegilmynd hvor af öðrum. Eftirvænting áheyrandans/lesandans er í því fólgin að vita hvor þeirra sé voldugri og hvers konar maður þessi Húgon sé. Skáldið leikur sér að því að tefla fram persónu sem allir þekktu og svo persónu sem hann býr til sjálfur. Einnig gætir hann þess að draga það á langinn að láta Húgon stíga inn í söguna. Hið óþekkta skapar eftirvæntingu.

Stórmenni konungs og jafningjarnir tólf eru lítið annað en kór umhverfis kóng og drottningu, á þau fellur ljósið á sviðinu. Skapbræði drottningar hrindir af stað atburðarásinni, þótt Karlamagnús eigi líka sök á deilum þeirra hjóna, því að hann er ofstopamaður, eins og fram kemur í viðræðum hans við drottningu, í meira lagi metnaðargjarn og lætur duttlunga ráða gerðum sínum. Rifrildi hjónanna snýst um hégóma.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 17 ljóðlínur. Tekið skal fram að ekki eru teknar með í reikninginn hálfar ljóðlínur, heldur að eins heilar, og á það við bæði hér og síðar.

#### *Ljóðlínur 76–232, kap. 2.*

Karlamagnús og förunautar leggja upp frá klaustrinu Saint-Denis og eru búnir að hætti pílagríma, með píkstafi og skreppur. Túrpín erkibiskup blessar þá. Heima situr drottning hrygg í huga. Í forustuliði pílagrímana eru áttatfubúsund manns og kemur skari þessi saman á velli miklum. Þegar Karlamagnús lítur yfir svo fagurt lið getur hann ekki stillt sig um að dást að því. Þeir fara sem leið liggur til Jórsala og koma í kirkju þar í borg, sjá þar þrettán stóla sem Jesús og postularnir höfðu setið í. Karlamagnús sest í miðstólinn og umhverfis hann setjast jafningjarnir tólf. Í kirkjunni gefur að líta allskonar myndir málaðar sterkum litum. Af tilviljun rekst inn í kirkjuna Gyðingur einn og er hann kemur auga á Karlamagnús fer hann að skjálfa og hleypur í

<sup>23</sup> Unger, bls. 467.

spretti til patriarkans og heimtar að fá af honum skírn. Kveðst hann hafa séð guð og postulana. Patriarki og prestar hans skryðast í skyndi og fara í prósessíu til kirkjunnar. Karlamagnús kynnir sig fyrir patriarka og patriarki segir að hann skuli krýndur vera yfir alla konunga aðra. Að beiðni Karlamagnúsar gefur hann honum marga helga dóma að fara með til Frakklands. Túrpín erkibiskup geymir þá í fagurlega gerðu gullskríni. Karlamagnús lætur hefja byggingu á kirkju sem er kölluð Sainte Marie la Latanie og eftir fjögurra mánaða dvöl biður hann patriarka leyfis að snúa heim á leið. Patriarki fer þess á leit við hann að hann útrými sarracenum, og lofar Karlamagnús að hann skuli fara til Spánar á móti heiðingjum. Stóð hann við það loforð en týndi þar Rollant og öllum jafningjum.

Í sögunni er dregin saman lýsingin á útbúnaði Karlamagnúsar og liðs hans er þeir leggja upp til Jórsala 'með allskonar gripum er góðir váru.'<sup>24</sup> Í kvæðinu eru gripir þessir taldir upp; töskur fullar af gulli og silfri, af borðbúnaði, peningum og öðru, en þeir taka líka með sér gullstóla og silkitjöld (vv. 83–86). Og þegar Frankismenn ríða úr hlaði eru þeir í kvæðinu nokkru gustmeiri en í sögunni. Í henni er sleppt fáeinum ljóðlínum (89, 91 og seinni helmingi v. 90) þar sem sagt er frá því að ferðalangarnir hafi stigið á bak múldýrum sem voru sterk og viljug og hafi þeir keyrt þau sporum.

Ferðalagið til Jórsala er nokkru styttra í sögunni en í kvæðinu, því að felldar eru brott ljóðlínur 102 og 104–7. Vera má að þýðandi hafi átt erfitt með að skilja orðið *Croiz Partie* (v. 104), að honum hafi fundist óþarfi að láta Karlamagnús koma við í Grikklandi (v. 105) á leiðinni til Jórsala, þar sem hann heimsækir það ríki á leiðinni til baka, og óþarfi líka að taka það fram að þeir komi að lokum til landsins þar sem Kristur þoldi dauða (v. 107), enda er ferðinni heitið þangað. Ekki er í sögunni greint frá fögru og heiðskíru veðri í Jórsölum ('*Li jours fu beaus e clers,*' v. 109), né frá því að Karlamagnús færi kirkjunni sem hann kemur til offur (v. 110), né að stóllinn sem hann sest í sé vandlega innsiglaður og læstur ('*ben seélee e close,*' v. 117). Ljóðlínur 111 og 112 eru felldar niður, enda er um að ræða ljóðræna endurtekningu. Og ekki lætur sagan þess getið að hjarta Karlamagnúsar hafi fyllst af gleði þegar hann kom í umrædda kirkju (v. 118), né að hann hafi tekið sér

<sup>24</sup> Unger, bls. 467.

stundarhvíld í stóli Krists ('un petit se reposit,' v. 120), ekki að í þann stól hafi aldrei nokkur maður sest né muni sitja þar framur ('Ainz nen i sist nuls hum, ne unkes pus uncore,' v. 122). Karlamagnús kvæðisins fyllist líka gleði yfir þeirri miklu fegurð sem við honum blasir í kirkjunni (v. 123), en ekki er þeirrar gleði getið í sögunni og ekki er því heldur lýst hversu vel Karlamagnús tekur sig út í stólnum sem Kristur sat í: 'Karles out fer le vis: si out le chef levez' (v. 128).<sup>25</sup>

Ljóðlína 131 er felld brott, en þar segir að Gyðingurinn sem kom í kirkjuna hafi ekki þorað að horfa framan í Karlamagnús, því að hann hafi verið svo mikilúðlegur. Og ekki er heldur greint frá því í sögunni að Gyðingurinn hafi hlaupið upp marmaratröppur í einu stökki til að ná fundi patriarkans (v. 133).

Þó að Gyðingurinn í sögunni vilji láta skírast, hvetur hann samt ekki patriarka til að hraða sér að skírnarfontunum, né heldur tilkynnir hann patriarka að postularnir séu komnir í heimsókn, því að felldur er brott seinni helmingur ljóðlína 135 og 140.

Þegar patriarki kemur á fund Karlamagnúsar í kirkjunni tekur sá síðarnefndi ofan höfuðfat sitt og þeir spyrja hvor annan tíðinda, en ekki er þess getið í sögunni því að felldur er niður fyrri helmingur ljóðlínu 146 og seinni helmingur ljóðlínu 147.

Er þá komið að hinum helgu dómum sem patriarki gefur Karlamagnúsi. Áður en ég fjalla um þá er rétt að staldra við og athuga fáein atriði önnur þar sem sögu og kvæði ber á milli.

Ljóðlínur sem felldar eru brott hafa einkum að geyma lýsingar. Lýsingarnar á reiðskjótum og útbúnaði Karlamagnúsar og liðs hans, sem getið var um hér að framan, eru mun einfaldari í sögunni en í kvæðinu, en einmitt þær lýsingar þykja bera þess merki að skáldið hafi viljað sveipa förina til Jórsala sem mestum dýrðarljóma og um leið upphefja Karlamagnús.<sup>26</sup> Umhverfis hann er allt með virðingu og glæsibrag. Hugsanlegt er að þýðanda hafi fundist að pílagrímsferðir ættu að hafa á sér yfirbragð einfaldleika og ekki eins mikinn umbúnað og fram kemur í kvæðinu, og því hafi hann numið brott nokkrar ljóðlínur. En líka er hugsanlegt að hann hafi álitnið að það væri áhrifameira að lýsa í einföldum dráttum öllu því gulli og silfri sem Karlamagnús tekur með

<sup>25</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Karl lyfti ásjónu sinni og var mikilúðlegur.

<sup>26</sup> Sjá J. Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*. Essai d'explication littéraire avec des notes de critique textuelle, Paris 1961, bls. 26–28.

sér. Ekki til að upphefja hann, heldur þvert á móti til að leggja áherslu á hégómleika fararinnar. Sé nógu oft hamrað á orðunum gull og silfur, eins og gert er í sögunni, kemur í þau tómahljóð.

Í sögunni situr drottning heima 'úglöð ok í illum hug'<sup>27</sup> og ber ekki nein merki iðrunar eins og í kvæðinu, en þar situr hún sorgmædd og grátandi ('doloruse e pluraunt', v. 92).

Þegar Karlamagnús lítur yfir fagurt lið sitt, sem er samankomið á miklum velli, getur hann ekki orða bundist og kallar á Bertram: 'Ki ço duit e governet, ben deit estre poant!' (v. 97).<sup>28</sup> Karlamagnús sögunnar er drjúgari með sig: 'máttugr skal sá vera ok vitr, er slíku liði á at stjórna.'<sup>29</sup> Og vaknar sú spurning hvort hegðun hans síðar meir bendi til viturleika.

Í kvæðinu er forystulið Karlamagnúsar áttatíuþúsund manns (vv. 96, 99), en í sögunni eru liðsmennirnir allir áttatíuþúsund. Löndin sem þeir fara um eru Burgund, Lothringen, Bæjaraland (Beiferi) og einnig koma þeir við hjá Tyrkjum og Persum (vv. 100–106) (í sögunni eru lönd þeirra kölluð 'Perse' og 'Tulke'). Í upptalningu sögunnar vantar Ungverjaland. Á hinn bóginn er talið upp Langbardaland og Apulia. En hvorki er minnst á hið mikla vatn 'Flum', né heldur á 'Lalie' (Laodikea?), sem um getur í ljóðlínu 103. Er sú ljóðlína þýdd í sögunni þannig: 'en síðan kómu þeir til hafsins, ok héldu yfir hafit öllu liði sínu.'<sup>30</sup> Eins og áður er komið fram er yfirreið þessi lítið eitt stytt í sögunni.

Kirkjan sem Karlamagnús kemur til í Jórsölum heitir í sögunni 'Paternoster'. Í kvæðinu er sagt að í kirkjunni hafi verið altari 'de sainte Paternostre' (v. 114). Þegar Karlamagnús kemur auga á stól Krists sest hann í stólinn. Í sögunni er hann látinn biðjast fyrir áður en hann fær sér sæti: '*En er Karlamagnús konungr hafði lokit bæn sinni*, þá settist hann í þann stól, er dróttinn várr sat í.'<sup>31</sup> Skáletraða setningin á sér ekki neina samsvörun í kvæðinu. Er hugsanlegt að þýðanda hafi fundist tími til þess kominn að Karlamagnús hefðist eitthvað það að sem minnti á þílagrímsför? Eða vill hann leggja áherslu á visst ósamræmi í

<sup>27</sup> Unger, bls. 468.

<sup>28</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Sá er þessu stýrir og stjórnar hlýtur að vera afar völdugur.

<sup>29</sup> Unger, bls. 468.

<sup>30</sup> Unger, bls. 468.

<sup>31</sup> Unger, bls. 468.

hegðun hans? Ég hallast að síðari skýringunni. Þegar Karlamagnús leggst á bæn sýnir hann lítillæti og auðmýkt, en að bæninni lokinni tekur hann sér sæti í þeim æðsta stóli sem til er. Og verður hrokinn auðmýktinni yfirsterkari.

Þessa ósamræmis gætir þegar í fari Karlamagnúsar í lok fyrsta kafla þegar hann kveðst ætla til Jórsala að vitja grafar drottins, en segir jafnframt að hann vilji *hér með* sækja fund Miklagarðskeisara. Hið sama er uppi á teningnum þegar Karlamagnús kynnir sig fyrir patriarka. Hann segir: 'tölf konunga hefi ek undir mik lagða, en nú leita ek ins þrettánda.' En svo bætir hann við: 'en för mín var sú hingat at sækja helga dóma.'<sup>32</sup> Eru þessar tvær athafnir fyllilega samræmanlegar? Húgón er svo þrettáandi konungurinn sem Karlamagnús leggur undir sig. Á hinn bóginn er Karlamagnús þrettáandi höfðinginn sem Gyðingurinn sér í kirkjunni. Þannig er á það minnt að þessir tveir konungar eru hliðstæður.

En hliðstæðurnar eru fleiri og margbrotnari. Karlamagnús minnir auðvitað á Krist og kemur það skýrt fram í því sem Gyðingurinn segir við patriarka: 'at þar er guð sjálfr ok hans tólf postular.'<sup>33</sup> En þess ber að gæta að Gyðingurinn er skopleg persóna<sup>34</sup> og því hæpið að taka hann alvarlega. En svipuð hugmynd kemur fram hjá patriarka þegar hann segir við Karlamagnús: 'ok þú hefir nú sezt í þat sæti, er dróttinn várr sat í, ok fyrir því skaltu heita yfirkonungr allra annarra konunga jarðligra.'<sup>35</sup> Orðið 'jarðligra' er ekki að finna í kvæðinu og má vera að þýðandi hafi viljað fyrirbyggja að hann yrði ásakaður um 'guðlast'. Í sögunni er það augljóst að Karlamagnús verður yfirkonungur vegna þess eins að hann settist í stól drottins ('ok fyrir því skaltu heita yfirkonungr'). Þetta orsakasambandi er ekki jafn auðsætt í kvæðinu: 'Sis as en la chaere u sist meïmes Deus:/ Aies nun Charle[maine] sur tuz reis curunez!' (vv. 157–58).<sup>36</sup> Samræður Gyðingsins við patriarka, þegar hann skýrir honum frá því að hann hafi séð guð, eru því einskonar fyrirboði þess að patriarki útnefni Karlamagnús yfirkonung. Er sá fyr-

<sup>32</sup> Unger, bls. 469.

<sup>33</sup> Unger, bls 468.

<sup>34</sup> Sjá Aebischer, *Versions norroises*, bls. 163. Neuschäfer, 'Le Voyage de Charlemagne en Orient,' bls. 87.

<sup>35</sup> Unger, bls. 469.

<sup>36</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Í þann stól hefurðu sest er sjálfur guð sat í./ Heita skaltu Karl[amagnús] og krýndur vera yfir alla konunga aðra.

irboði ögn skoplegur. Og ef til vill er patriarki-ekki eins alvarleg persóna og menn vilja vera láta. Er raunverulega hægt að líta svo á að hann útnefni Karlamagnús yfirkonung 'parce qu'il [Karlamagnús] s'est comporté comme le successeur prédestiné du Christ?'<sup>37</sup> Sé Karlamagnús í huga skáldsins 'prédestiné', hlýtur það að ímynda sér að guð leiði hann til Jórsala og hafi einnig haft hönd í bagga með rifrildi hans við eiginkonuna.

Eins og áður er komið fram finnst þýðanda ástæða til að draga úr samlíkingu Karlamagnúsar við Krist. Bæði í kvæðinu og sögunni verður Gyðingurinn yfir sig hræddur þegar hann sér Karlamagnús í stólnum. Í kvæðinu er það vegna þess að hann 'unc ne vi si formet!' (v. 138),<sup>38</sup> og er það í samræmi við þá hugmynd sem menn gera sér um guð. En Gyðingurinn í sögunni verður hræddur vegna þess að þrettánda höfðinginn sem hann sér og heldur að sé guð er 'ógurligastr'. Er ótti hans því annars eðlis. Frásaga Gyðingsins verður til þess að patriarki lætur lærða menn skryðast og fara í prósessiu til kirkjunnar. Í kvæðinu gerir hann það í lotningarskyni. Í sögunni virðist sú lotning vera óttablandin, vegna lýsingar Gyðingsins á Karlamagnúsi-guði, og að hræðslugæði ráði gerðum hans. Þegar hann er búinn að heilsa Karlamagnúsi tilkynnir hann honum að hann hafi fyrstur manna farið inn í kirkjuna í leyfisleysi ('at úlofi mínu'). En þegar hann heyrir að Karlamagnús hafi lagt undir sig tólf konunga og leiti hins þrettánda og sé kominn til Jórsala að sækja helga dóma, segir hann lempinn: 'Vel ertu hér kominn í friði góðum ok fagnaði heilagra manna.'<sup>39</sup> Þessi setning á sér ekki neina samsvörin í kvæðinu. Og síðan flýtir patriarki sér að útnefna Karlamagnús yfirkonung.

Patríarkinn er staddur í vanda sem hann þarf að bjarga sér úr. Hann stendur í viðhafnar- og virðingarklæðum frammi fyrir manni (ekki guði eins og hann bjóst við) sem hefur óhlýðnast honum: gengið í kirkjuna og sest í stól Krists. En það er búið og gert og nú ríður á að vera 'diplómatískur', komast hjá því að verða að athlægi. Hann veitir manningum virðingarsess. Patríarki og Karlamagnús eru fulltrúar valds, annar kirkjuvaldsins, hinn konungsvaldsins. Fulltrúi hins síðarnefnda brýtur reglur sem geistlega valdið hefur sett og umboðsmaður þess sér þann

<sup>37</sup> Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 37.

<sup>38</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: aldrei fyrr sá ég neinn svo fagan.

<sup>39</sup> Unger, bls. 469.

kost vænstan að upphefja þann sem reglurnar hefur brotið. Þetta eru broslög átök. Brosleg eins og persónurnar sem taka þátt í þeim.

Ekki kemur fram, hvorki í kvæðinu né sögunni, að Karlamagnús hafi komið að gröf drottins, eins og var yfirlýstur tilgangur hans með förinni til Jórsala. Hins vegar er hann ákveðinn í að verða sér úti um helga dóma 'at þrýða land sitt með'.

Miklu bleki hefur verið úthellt um þá helgu dóma sem Karlamagnús fær að gjöf hjá patriárka og eru fræðimenn ekki sammála um hversu alvarlega beri að taka frásöguna um þá.<sup>40</sup> Vissulega er það rétt að þessir helgu dómar gera kraftaverk og er máttur þeirra hvað mestur þegar komið er til Miklagarðs, en ekki verður sagt að þau kraftaverk séu í hefðbundnum stíl. Mun hefðbundnari eru kraftaverkin sem gerast á leiðinni til Miklagarðs og einnig það sem á sér stað þegar Karlamagnús er búinn að fá helgu dómana afhenta. Frásagan af því kraftaverki er í sögunni mjög stuttaraleg: 'Par var maðr sá borinn fram, er kryppill hafði verit sjau vetr, ok varð þegar heill.'<sup>41</sup> Í kvæðinu er hins vegar skýrt frá því hvernig kraftaverkið gerðist: 'Tut li os li crussirent, li ners li sunt tendut:/ Ore sailt sus en peez: unkes plus sain ne fud' (vv. 194–95).<sup>42</sup> Óneitanlega er lýsing kvæðisins meira lifandi en í sögunni, og auðvitað broslégi.

Þegar fjallað er í sögunni um helgidómana og kraftaverkin sem þeim eru samfara er það gert á mjög hlutlausan hátt og einfaldlega með því að telja hvorttveggja upp. Þessi ópersónulegi framsetningarmáti kemur í veg fyrir að lesandi/ áheyrandi hrífist með frásögninni, hann stendur gagnrýninn í fjarlægð.

Þegar Karlamagnús er orðinn yfirkonungur biður hann patriárka um að gefa sér helga dóma. Í kvæðinu svarar patriárki málaleitan Karlamagnúsar með því að hrópa: Þú skalt fá gnótt af þeim! ('A plentet en avrez!' v. 162). Síðan þylur hann upp fyrir Karlamagnúsi hvaða helgidóma hann ætlar að gefa honum. Er sú þula tvívegis rofin til að skýra frá því að Karlamagnús færi honum þakkir (vv. 166, 182), og við sama tækifæri lofar patriárki hástöfum helgidómana (vv. 169, 186) og lætur í ljós þá skoðun sína, að það hafi verið guð sem leiddi Karlamagnús til

<sup>40</sup> Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 32–46.

<sup>41</sup> Unger, bls. 469.

<sup>42</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Í hverju beini hans brast og tognuðu vöðvarnir./ Hann stekkur á fætur og var aldrei nokkur maður jafn heill.



Jórsala (v. 185). Einnig er greint frá viðbrögðum Karlamagnúsar: 'Tut li cors li tressalt de joie e de pitez' (v. 183).<sup>43</sup> Ekkert þessara atriða er að finna í sögunni því að þar er sleppt úr ljóðlínunum 166–69, 182–86. Og svo er sleppt úr ljóðlínunum 172–74, frásögu patriárka af því að Gyðingar hafi gætt grafar Krists, en á þriðja degi hafi hann birst postulunum til að gleðja þá. Í sögunni er ekki heldur að finna lýsingu á diskum þeim sem Kristur borðaði af (v. 179) og er einn af hinum helgu dómum. Hins vegar er frá því sagt í sögunni, en ekki í kvæðinu, að hann hafi borðað af diskunum á skríþórsaftan. Þegar patriarki hefur talið upp helgigripina færir Karlamagnús honum þakkir í kvæðinu (v. 190). Í sögunni er hann látinn gera þakkir heilagri guðsmóður Marie.

Í *Jórsalaferð* talar patriarkinn ekki til Karlamagnúsar, eins og hann gerir í kvæðinu, heldur er notuð óbein ræða:

patriarcha . . . gaf honum armlegg ins helga Simeonis, ok höfuð Lazari, ok af blóði ins helga Stephani, af klæði því er dróttinn hafði um höfuð sér, þá er hann var í gröf lagðr, ok einn af nöglum þeim er Krístr var krossfestr með, ok hlut af kórónu hans, ok kalek þann er dróttinn blezaði, þá er hann söng messu í þeirri kirkju, kníf ok disk þann er hann hafði skríþórsaftan, þá er hann mataðist með postulum sínum, af skeggi ok hári sancti Petri apostoli, af mjólk heilagrar Marie móður dróttins várs, ok af serk hennar er hon hafði næst sér, ok skó þann er Gyðingar tóku þá er englar hófu hana til himins; eigi féngu þeir fleira.<sup>44</sup>

Þessi langa og þurra upptalning verður til þess að lítið situr eftir í huga lesanda/áheyrenda, nema kannski orðaflaumurinn. Fæstir þessara helgidóma eru skýrir eða eftirminnilegir. Í kvæðinu er þessu öðru vísi farið þar sem notaður er annar frásagnarháttur.

Eins og áður var minnst á eru fræðimenn ekki á einu máli um þessa helgu dóma. Álíta sumir þeirra að skáldið sé að gera grín, jafnvel deila á dýrkun þeirra.<sup>45</sup> Belgíski fræðimaðurinn J. Horrent er þó annarrar skoðunar og segir að helgidómarnir gegni því hlutverki í kvæðinu 'de présider au triomphe de celui qui est digne de les posséder' og að

<sup>43</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Hann var altékinn gleði og miskunnsemi.

<sup>44</sup> Unger, bls. 469.

<sup>45</sup> Sjá Aebischer, *Versions norroises*, bls. 162–163. Heinermann, 'Zeit und Sinn der Karlsreise,' bls. 543–45. G. Favati, *Il 'Voyage de Charlemagne'*. Edizione critica a cura di Guido Favati, Bologna 1965, bls. 51–57.

skáldið noti þá 'pour assurer la suprématie française.'<sup>46</sup> Það er rétt að Fransmenn fara með sigur af hólmi í Miklagarði fyrir tilstilli hinna helgu dóma, en þó að þeir séu sigurvegarar útilokar það ekki á neinn hátt að skáldið sé að gera að þeim grín og jafnvel að helgidómunum líka. Horrent segir jafnframt máli sínu til stuðnings, að þessir helgu dómur hafi allir verið 'intensément vénérées au moyen âge.'<sup>47</sup> Nú er það svo að ekki voru allir miðaldamenn steyptir í sama mót og til voru menn sem leyfðu sér að 'efast'; skopskyn höfundarins eða alvara hans verða naumast metin með svona rökum. Raunar er þetta atriði sem þýðandi þurfti ekki að hafa stórar áhyggjur af. Fæstir áheyrendur hans eða lesendur munu hafa þekkt þessa helgidóma nema af afspurn. Ekki verður ráðið af upptalningu sögunnar hvort þýðandi leit á þá sem alvöru- eða gamanmál, en hins vegar er þar talinn upp einn heilagur dómur, sem hvergi kemur fram í kvæðinu, og gefur hann nokkra vísbendingu um afstöðu þýðanda. Er það sá sem rekur lestina, skór Maríu 'er Gyðingar tóku þá er englar hófu hana til himins.' Aebischer er sammála Koschwitz um það að í franska kvæðið vanti eina ljóðlínu þar sem minnst hafi verið á skó þennan: 'Supposition d'autant plus vraisemblable que le texte gallois lui aussi mentionne, comme dernières reliques, 'some of the milk of Mary's breasts, her shirt and one of her shoes.'<sup>48</sup> En þó að þessi velski texti nefni skó Maríu meyjar, þá er þar ekki skýrt frá því, eins og í sögunni, hvernig hann sé fenginn: það virðist sem Gyðingar hafi teygt sig upp eftir Maríu, þegar hún hófst á loft, og hrifsað af henni skóinn (í þessari mynd er skemmtilega blandað saman hinu guðdómlega og hinu jarðneska). Ekki er heldur að finna í franska kvæðinu setningu sem rekur endahnúttinn á upptalninguna í sögunni: 'eigi féngu þeir fleira.' Hljómar setning þessi háðslega þegar haft er í huga hversu marga helgidóma Karlamagnús fékk. Setning þessi og mynd sú sem dregin er upp af seinasta helgidóminum, skó Maríu, læðir þeim grun að lesanda/áheyrenda að þýðandi taki ekki mjög hátíðlega frásögnina af helgidómunum.

Hinir helgu dómur gera 'stórar jarteinir með guðs miskunn'<sup>49</sup> og er athyglisvert að þeir hafa áhrif sameiginlega, virðast allir gæddir sömu

<sup>46</sup> Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 39.

<sup>47</sup> Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 40.

<sup>48</sup> Ensk þýðing á velska textanum. Sjá Aebischer, *Versions norroises*, bls. 71.

<sup>49</sup> Unger, bls. 469.

eiginleikum, og sker enginn þeirra sig úr. Fleirtalan 'jarteinir' á þó naumast við, þar sem aðeins er um að ræða eitt kraftaverk, þegar kryppillinn varð heill. Gæti verið um vísitandi ýkjur að ræða í sögunni? Eftir þetta kraftaverk lætur patriarki hringja öllum klukkum í borginni (vv. 196–97), en ekki er þess getið í sögunni.

Í framhaldi af kraftaverkinu er sagt frá gullskríni því hinu mikla er Karlamagnús lætur gera utan um helgidómama og er sú frásaga sögunnar ýtarleg, nema ekki er skýrt frá því að hann láti innsigla það vel og vandlega (v. 200). Ekki er heldur skýrt frá því að Karlamagnús og jafningjarnir lifi góðu lífi ('demeinent grant barnage') í Jórsölum, því að keisarin sé ríkur (vv. 205–6). Á hinn bóginn er greint frá því að Karlamagnús hafi látið gera kirkju þá 'er landsfólkið kallar sancte Marie Letanie,' en þó er látið ósagt að fólk af ýmsum þjóðtungum hafi selt í henni varning sinn (sjá vv. 207–13).<sup>50</sup> Hvers vegna fellir þýðandi niður þessar ljóðlínur? Fannst honum kannski efni þeirra óviðeigandi? Í tveimur þessara ljóðlína grípur sögumaður inn í frásögnina: '... jo ne vus sai dire./ Deus est uncore el cel, quin volt faire justise!' (vv. 212–13).<sup>51</sup> Þar sem þýðandi fellir að jafnaði niður skýringar, lýsingar og inngrip sögumanns í frásögnina, hallast ég að því að hann vilji segja hlutlaust frá og halda vissum frásagnarhraða. Einföldun í frásögn, eins og sú sem á sér stað í þessum hluta, hefur í för með sér að kjarninn sem eftir stendur tengist mjög náið þeim atriðum sem frá er sagt næst á undan og næst á eftir. Í sögunni er nánast í sömu andrá greint frá skríni því sem Karlamagnús lætur gera utan um helgu dómama, kirkjubyggingu hans og gulli því og silfri sem hann býður patriarka þegar hann biður um heimfararleyfi. Patriarki býður honum á móti að 'taka af sínu fé slíkt sem hann vildi.'<sup>52</sup> Patriarki og Karlamagnús nálgast varlega hvor annan líkt og glímumenn. Og þeir leika jafnvægislist: ég gef þér, á móti gefur þú mér. Einkennir hún samskipti þeirra frá upphafi til enda.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 49 ljóðlínur.

<sup>50</sup> Sjá Koschwitz, *Karls des Grossen Reise*, bls. 65–66.

<sup>51</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: . . . sem ég kann ekki skil á./ En guð er ennþá á himninum og mun gera það sem er réttlátt!

<sup>52</sup> Unger, bls. 469–70.

*Ljóðlínur 233–258, kap. 3.*

Karlamagnús minnst nú þess sem kona hans mælti við hann og vill finna konung þann sem hún hafði lofað svo mjög. Heldur hann með liði sínu til Jeríkó og þar taka þeir pálma og kveðja patriarka sem hafði fylgt þeim þangað. Síðan halda þeir af stað til Miklagarðs. Allstaðar þar sem þeir fara um gerast kraftaverk fyrir tilstilli helgra dóma.

Ekki er sagt frá því í sögunni að Karlamagnús kalli saman menn sína kvöld eitt og tilkynni þeim að hann sé á förum til Miklagarðs og að þeir verði glaðir við (vv. 237–38), ekki að þeir leggi af stað í dögun (v. 239) og séu þá búnir að tygja múlasnana og burðardýrin (v. 240); og ekki er greint frá 'herópi' pílagraímanna: Áfram með guðs hjálp! ('ut-ree, Deus aie!' v. 243); né að keisari segi við patriarka að skilnaði: verði guðs vilji ('al cumant Damne Deu!' v. 252). Frankismenn sögunnar eru sjaldan með guðsorð á vör.

Í kvæðinu er aðeins stuttlega greint frá kraftaverkunum sem gerast á leiðinni til Miklagarðs, en sú frásögn er ennþá hraðari í sögunni því að notuð er upptalning (eins og þegar sagt var frá helgidómunum) sem gerir hana hlutlausu og fjarlægja: 'blindir féngu sýn, ganglausir gang, dumbir mál, öll vötn lágu þurr fyrir þeim hvar sem þeir fóru.'<sup>53</sup>

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 6 ljóðlínur.

*Ljóðlínur 259–399, kap. 4.*

Karlamagnús og menn hans nálgast Miklagarð og blasir við þeim borgin með skínandi hvolfþökum, en skammt frá henni sjá þeir garða konungs og í þeim tuttugubúsund riddara. Eru sumir að tafli, aðrir halda á veiðifuglum. Þar gefur einnig að líta þrjú þúsund meyjar í dýrlegum klæðum að skemmta sér. En Miklagarðs-keisari situr að gullarðri og er að plægja. Keisararnir heilsast og kveðst Húgon hafa heyrt getið um ágæti Karlamagnúsar. Býður honum að dveljast með sér í heilt ár. Skuli hann gefa honum eins mikið af gulli og silfri og Frakkar geti borið. Síðan segist hann ætla að leysa uxa sína frá arðrinum í virðingarskyni við Karla-

<sup>53</sup> Unger, bls. 470.

magnús. En Karlamagnúsi líst ekki á þá ætlun keisarans að skilja eftir arðurinn úti á víðavangi og kveðst óttast að eitthvað muni fyrir hann koma. Húgon fullvissar hann um að ekkert sé að óttast. Þeir fara heim til hallar. Höllin er hringlaga og í henni miðri stólpi, en auk þess eru þar hundrað aðrir stólpar og á þeim líkneski af börnum og heldur hvert um sig á horni. Þegar vindur blæs snýst höllin og blása þá börnin í hornin og horfa hvert á annað hlæjandi. Karlamagnúsi kemur í hug það sem kona hans hafði mælt. Og sem hann er að dást að þessu öllu skellur á hvass vindur og snýr höllinni og geta hvorki Karlamagnús né menn hans staðið á fótunum. Húgon róar þá og segir að veðrinu muni slota með kvöldinu og þá stöðvist höllin. Og það varð. Var þá náttverður tilbúinn.

Í sögunni er ekki getið þeirra staða sem Karlamagnús og menn hans fara um á leiðinni til Miklagarðs (vv. 260–61) og þar er ekki heldur lýst skínandi hvolfbökum borgarinnar (v. 263), né jurtum þeim og trjám sem vaxa í görðum Miklagarðskeisara (vv. 265–66). Stúlkurnar sem ganga um þá garða eru í sögunni fjögur þúsund, í kvæðinu eru þær þrjú þúsund. Er líklega um að ræða mislestur afritara. Ekki kemur fram að Karlamagnús sitji á múlasna (v. 298) og fer reyndar lítið fyrir þeim skepnum í sögunni (ekki er minnst á múlasnana sem ganga sitt hvoru megin við arður Húgons, v. 287). Karlamagnús sögunnar ferðast á hestbaki og það gera menn hans líka.

Lýsingin á arðri Húgons konungs er stytt til muna í sögunni, því að felldar eru brott ljóðlínur 284–87, 290–94. Þýðandi heldur eftir því sem honum þykir skipta máli: að arðurinn sé úr gulli, að konungur sitji á gullstóli við að erja og haldi á gullvendi í hendi sér. Einnig fellir hann niður ljóðlínur 298–301, en við það styttist til muna lýsingin á fundi þeirra konunganna. Og ekki hefur honum þótt ástæða til að láta koma fram þessa lýsingu á Karlamagnúsi: 'Les braz gros e quarrez, le cors greile e delget' (v. 304).<sup>54</sup>

Húgon leysir uxu sína og þeir fara á beit í haganum (vv. 317–19). Er þessu atriði sleppt í sögunni og einnig fullyrðingu Húgons um að enginn muni stela arðri hans því að 'unkes nen out larun, tant cum ma ter-

<sup>54</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Handleggirnir sterkir og stæltir, en bolurinn mjósleginn og grannur.

re dure' (v. 324).<sup>55</sup> Varla hefur hann sleppt orðinu er Villifer af Orenge<sup>56</sup> tilkynnir viðstöddum að hefðu Bertram og hann arðurinn heima á Frakklandi mundu þeir brjóta hann allan sundur með hömrum (vv. 326–28). Þessi yfirlýsing virðist gegna tvennskonar hlutverki. Hún sýnir að maðurinn er óheflaður, en einnig býr hún lesandann/áheyr-andann undir þau 'skemmdarverk' sem Frakkar eiga eftir að vinna í Miklagarði, bæði í orðum og með athæfi sínu.

Miklagarðsriddarar og meyjar fríðar skemmta sér í görðum keisarans, í umhverfi sem minnir á 'le roman courtois',<sup>57</sup> á meðan hann sjálfur stritar við arðurinn. Dáist sögumaður að því, bæði í kvæðinu og í sögunni, hve leikinn hann er í að búa til beinar rákir. Aldrei hefur það þótt við kónga hæfi að fara á eftir uxum og múlösnum, jafnvel þótt sá kóngur sitji á gullstóli og stýri skepnunum með gullvendi. Mun lýsingunni ætlað að laða fram bros.

Karlamagnús kynnir sig fyrir Húgoni og segir til nafns, kveðst vera konungur af Frakklandi, en keisari af Rómaborg (síðastnefnt atriði er ekki að finna í kvæðinu). En síðan heldur hann áfram: 'ek sótta Jór-salaborg, en nú em ek kominn þín at vitja.'<sup>58</sup> Í kvæðinu segir hann: 'Jo ai nun Carlemaines, Rollant si est mis nés; / Venc de Jerusalem, si m'en voil retorner: / Vus e vostre barnage voil veër volenters' (vv. 307–9).<sup>59</sup> Eins og komið hefur fram er frásögn sögunnar knappari en frásögn kvæðisins. Frásagnarhraði sögunnar gerir það stundum að verkum að tónninn í henni verður nálægur og allt að því kumpánlegur. Er enginn vafi á því að það er með ráðnum hug gert til að hið skoplega komi skýrar fram.

Ekki er greint frá því í sögunni að Húgon láti konu sína klæðast sínu besta skarti (vv. 331–32), ekki að Karlamagnús stígi af baki við marmarartröppur og hlaupi svo upp tröppurnar inn í höllina (vv. 334–35), ekki að riddararnir sjö þúsund í höllinni skemmti sér við skáktafl (ef til

<sup>55</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: aldrei mun finnast þjófur á landi mínu meðan það er til.

<sup>56</sup> Ég nota mannanöfn eins og þau koma fyrir í sögunni.

<sup>57</sup> Sjá Martín de Riquer, *Les chansons de geste françaises*, 2e édition, 1968, bls. 204. Neuschäfer, 'Le Voyage de Charlemagne,' bls. 90.

<sup>58</sup> Unger, bls. 471.

<sup>59</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Nafn mitt er Karlamagnús og er hann Rollant frændi minn./ Ég er á leið heim til mín frá Jörsölum./ Og vildi gjarnan kynnast þér og mönnum þínum.

vill hefur þýðanda fundist óþarft að endurtaka þetta atriði, áður var búið að minnst á að riddararnir í görðum Miklagarðskeisara léku sér að skáktafli) og hvergi er þess getið að nokkrir hafi hlaupið út að taka á móti gestunum (vv. 338–39). Og ekki er frá því greint að borð, stólar og bekkir í höll Húgons séu úr skíragulli (v. 343), að máluðu myndirnar sem þar eru séu af dýrum og snákum ('bestes e serpenz'), meira að segja af fljúgandi fuglum ('oiseaux volanz', vv. 345–46). Í sögunni segir stutt og laggott: 'ræfrit var alt skrifat með ymsum sögum.'<sup>60</sup> Einnig er sleppt lýsingu á miðstólpa hallarinnar (vv. 348–49). Og hvergi kemur fram að stólparnir hundrað hafi verið úr marmara (seinni helmingur v. 350). Á hinn bóginn er þess getið í sögunni, en ekki í kvæðinu, að stólpar þessir hafi verið allir holir innan. Þegar vindur snýr höllinni er sagt að hann komi upp í stólpana, og virðist sem að baki þessum skýringum búi 'tæknilegar' áhyggjur þýðandans, sem skáldið var hins vegar laust við. En einnig ber að hafa í huga að síðar kemur Húgon njósnaarmanni fyrir í holum steinstólpa inni hjá Frankismönnum. Muni lesandi sögunnar eftir holu steinstólpunum hundrað rennur upp fyrir honum að Húgon er viðsjárverður maður!

Þegar vindur skellur á höllinni og hún fer að snúast er sagt að hún sé líkt og kerruhjól ('röe de char', v. 357) og að hljómurinn úr hornum barnalíkneskjanna sé 'cum taburs u toneires u grant cloches qui pent' (v. 359).<sup>61</sup> Er hvorug þessara ljóðlína þýdd í sögunni.

Karlamagnús lofar höllina hástöfum við menn sína og telur upp nokkur mikilmenni fyrri alda sem aldrei áttu svo ágæta höll (vv. 365–68), en áður en hann byrjar þá ræðu er frá því skýrt að Karlamagnús hafi ekki haft minnsta áhuga á að eignast höllina: 'la sue manantise ne priset mie un quant' (v. 363). Öllum þessum ljóðlínnum er sleppt í sögunni. Ekki er heldur skýrt frá því að inni í höllinni var 'cume en mai en estet quant soleil esclarcist' (v. 383).<sup>62</sup>

Þegar höllin fór að snúast vissi Karlamagnús ekki hvað þetta var, 'ne l'out de luign apris' (v. 386) og settist hann á marmarasteinininn (v. 387) þegar hann gat ekki lengur staðið á fótunum, en Frakkar 'covrurent lur chef e adenz e suvin' (v. 389).<sup>63</sup> Ekkert þessara atriða er að finna í sög-

<sup>60</sup> Unger, bls 471.

<sup>61</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: eins og trumbusláttur eða þrumuhljóð eða klukkna-hringing.

<sup>62</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: eins og að sumri í maí þegar sólin skín.

<sup>63</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: gripu um enni sér og hnakka.

unni. Einnig eru felldar brott ljóðlínur 392 og 393, en í þeim er endurtekið efni ljóðlína 385 og 389. Um leið og Frakkar grípa um höfuð sér segja þeir hver við annan: 'Mal sumes entrepris!' (v. 390).<sup>64</sup> Í sögunni er aftur á móti skýrt frá viðbrögðum þeirra í óbeinni ræðu: Hugðu þeir að þeim væru 'gervar görningar'.

Ljóðlínur 396–97 eru einnig felldar niður í sögunni, en í þeim kemur fram að Karlamagnúsi líður illa og að Húgoni konungi er skemmt. Ljóðlína 398 sem er óbein ræða ('Li vespres aproçat, li orages remest'<sup>65</sup>) er í sögunni lögð í munn Húgoni keisara: 'ok mun veðrit minka í mót kveldinu.'<sup>66</sup>

Í þessum hluta sögunnar eru felldar niður 50 ljóðlínur.

#### *Ljóðlínur 400–438, kap. 5.*

Náttverður er fram reiddur og allir setjast til borðs, Húgon konungur, drottning hans og gestirnir. Við borðið situr einnig fögur mæ, dóttir Miklagarðskeisara, og til hennar rennir Oliver hýru auga. Á borðum eru dýrlegar krásir og er mönnum skemmt með strengleik. Að borðhaldi loknu leiðir Húgon Karlamagnús og jafningja til sængur í herbergi sem er fagurlega búið og skreytt. Þar standa tólf rúm, en það þrettánda, sem stendur í miðjunni, ber af öllum hinum. Húgon lætur koma með vín handa gestum sínum.

Í sögunni sest Húgon við borðið 'í hásæti sitt' og sitt hvoru megin við hann setjast drottning og Karlamagnús. Í kvæðinu taka Karlamagnús og jafningjar sér sæti við borðið og við hlið þeirra setjast Miklagarðskeisari og drottning hans. Því er ekki gleymt í sögunni að Húgon er gestgjafinn.

Um dóttur Miklagarðskeisara er sagt í sögunni, að hún 'var svá fögr sem blóm af rósi eða lilju', en hvorki er getið um háralit hennar né hörundslit, eins og gert er í kvæðinu (vv. 402–3). Oliver tekur að unna henni, en ekki verður sagt að sú ást sé af andlegum toga spunnin. Hann óskar þess að hann hefði stúlkuna í Frakklandi, 'þá mundi ek mega hafa minn vilja af þér.'<sup>67</sup> Í kvæðinu segir hann þetta 'entre ses

<sup>64</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Illa er nú komið fyrir okkur.

<sup>65</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Það líður að kvöldi, óveðrinu hefur slotað.

<sup>66</sup> Unger, bls. 472.

<sup>67</sup> Unger, bls. 472.



denz . . . qu'on nel pot escuter' (v. 408),<sup>68</sup> en þar sem sú ljóðlína er felld niður í sögunni virðist hann segja þetta upphátt.

Í A-handriti sögunnar er ekki lýst mat þeim og drykk sem á borðum er í höll Húgons, né heldur hljóðfærum þeim sem leikið er á (vv. 409–13). Samsvarandi lýsingu er hins vegar að finna í B-handriti sögunnar, en hún er mun lengri en lýsing kvæðisins og er ekki ólíklegt að afritari hafi víkkað hana út.

Í sögunni eru felldar brott ljóðlínur 416–18. Þar segir að yfirráðsmenn hafi tekið af borðum dúka og hestasveinar hafi tygjað hesta gestanna. Einnig er lítillaga stytt lýsing á svefnhúsi því sem Miklagarðskeisari leiðir gesti sína í. Er þess ekki getið að carbunculus sá er þar lýsir hafi verið 'confite en une estache del tens le rei Goliath' (v. 424).<sup>69</sup> Á hinn bóginn er sagt til skýringar: 'ok er þat hans náttúra, at hann lýsir jafnt um nótt sem um dag.'<sup>70</sup> Þessi setning er þýðing á ljóðlínunum sem koma fyrir síðar (442–43) og hafa þær verið færðar úr réttu samhengi, en slíkt kemur sjaldan fyrir. Að jafnaði eru ljóðlínurnar þýddar í þeirri röð sem þær koma fyrir í kvæðinu.

Mjög er dregin saman í sögunni lýsing á hinum glæsilegu rúmum og góðu sængurfötum sem Miklagarðskeisari ljær Karlamagnúsi og jafningjum hans og eru eftirtaldar ljóðlínur felldar brott: 426–29, seinni helmingur 430 og svo 431–32. Ekki er heldur lýst umhyggju Húgons fyrir gestum sínum (vv. 433–34), og ekki kemur fram í sögunni að hann hafi látið færa þeim vín að drekka (v. 437). Hins vegar er sagt frá því að 'keisari bað þá hafa góða nótt ok fór eptir þat til rekkju sinnar.'<sup>71</sup> Er setning þessi þýðing á ljóðlínu sem kemur fyrir síðar (444).

Í þessum kafla sögunnar eru felldar brott 14 ljóðlínur.

#### *Ljóðlínur 439–483, kap. 6.*

Húgon lætur koma njósnarmanni fyrir í stólpa inni hjá gestum sínum. Karlamagnús og jafningjar hátta og spjalla saman og eru orðnir hreifir af víni. Fransmenn eru hrifnir af höll Húgons og óska þess að Karlamagnús ætti hana og auðæfi hans. Karlamagnús kveður sér hljóðs og segist ætla að grobba (*gabber*).

<sup>68</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: í hljóði . . . þannig að enginn heyrði.

<sup>69</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: greyptur í stólpa á dögum Goliaths konungs.

<sup>70</sup> Unger, bls. 473. Setningin er tekin úr B-gerð sögunnar.

<sup>71</sup> Unger, bls. 473.

Hann ætlar að fá mann úr liði Húgons til að setja upp tvo hjálma og klæðast tveimur brynjum og setjast á hest, en síðan ætlar hann að höggva í sundur bæði mann og hest með sverði sínu. Ekki líkar njósarmanni þessi orð og gerir við þau athugasemd, sem hann tautar við sjálfan sig. Næsta 'gabb' (*gab*) fellur í hlut Rollants. Hann ætlar að fá lánað horn hjá keisaranum og blása í það svo að upp ljúkist öll borgarhlíð og keisarinn verði afkáralegur útlits. Ekki líkar njósarmanni þetta 'gabb'.

Hvers vegna kemur Húgon njósarmanni fyrir inni hjá gestum sínum? Í kvæðinu segir um Húgon að hann 'sages fud e membrez e plains de maleviz' (v. 438),<sup>72</sup> en sú ljóðlína er ekki þýdd í sögunni. Horrent bendir á að Frakkar 'n'ont rien fait pour justifier une telle méfiance', enda sé ætlun Húgons aðeins sú að fá að vita hvort Karlamagnús ætli að þiggja það boð sem hann gerði honum um að dveljast með sér í eitt ár.<sup>73</sup> Í sögunni er hins vegar sagt að Húgon komi njósarmanninum fyrir til að 'sjá ok heyra hjal ok athæfi Frankismanna'.<sup>74</sup> Er setningu þessari bætt við ljóðlínu 440. Kemur því óbeint fram í sögunni að Húgon grunar Frankismenn um græsku. Þýðandi virðist líta svo á að bak við glæsilegar móttökur Húgons búi nokkur tortryggni. Að því leyti er Húgon líkur patrjárkanum, en einnig svipar honum til Karlamagnúsar sem ekki má til þess vita að nokkur maður sé honum meiri.

Ekki er þess getið í sögunni að njósarmaður fylgist með Frankismönnum um gægjugat ('par un pertus petit', v. 441). Ljóðlínur 442–43 var búið að þýða áður og er þeim sleppt hér (sbr. bls. 225).

Ljóðlína 446, 'Des ore gabberunt li cunte e li marchis',<sup>75</sup> er í sögunni þýdd á þennan veg: 'þá mæltu þeir sér gaman ok kerski, sem siðr er til Frankismanna'.<sup>76</sup> Hér skýrir þýðandi hvað felst í sögninni *gabber*, en annars þýðir hann *gab* oftast með orðinu 'gabb' eða hann kallar það 'íþrótt'. Hann virðist líta svo á, og það með réttu, að um sé að ræða einskona keppni þar sem hver á að gorta sem mest hann má. Dæmi þetta sýnir að þýðingin er ekki fálmkennd.

Gaman er oftast græskulaust, en kerskni er það hins vegar ekki og í

<sup>72</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: klókur var hann og sterkur og fullur lævísí.

<sup>73</sup> Sjá Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 61–62.

<sup>74</sup> Unger, bls. 473.

<sup>75</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Og munu nú greifarnir og markgreifarnir fara að gabba.

<sup>76</sup> Unger, bls. 473.

Þessu tilviki beina Fransmenn henni að Húgoni konungi. Er ekki laust við að hjá þeim kenni öfundar: 'undruðust mjök þá bygð, báðu guð, at Karlamagnús konungr hefði unnit þat ríki með frækneik sínum.'<sup>77</sup> Setning þessi samsvarar ljóðlínunum 448–52, en sá er munurinn að þar er hún höfð í beinni ræðu. Eins og áður hefur komið fram er beinni ræðu oft breytt í óbeina ræðu í sögunni, og virðist það gert til að þjappa textanum saman og ná meiri frásagnarhraða. Hvergi kemur þetta greinilegar fram en í þýðingunni á inngangsorðum þeim sem notuð eru á undan hverju 'gabbi'. Í kvæðinu býður Karlamagnús hverjum þátttakanda fyrir sig að 'gabba' (það er þó ekki algilt), þátttakandinn kveðst fús til þess og svo byrjar hann 'gabbið':

E dist li emperere: Gabbez, bel neis Rolland!  
Volenters, dist il, sire: tut al vostre comand! (vv. 469–70).

Gabbez, sire Oliver! dist Rolland li curteis:  
Volenters, dist li quens, mais que Carle l'otrait! (vv. 484–85).

E dist li empereres: Gabez, dan Berenger!  
Volenters, dist li quens, quant vus le comandez! (vv. 540–41).<sup>78</sup>

Svipuð orð eru notuð við alla hina jafningjana, þá Túrpín, Villifer af Orenge, Oddgeir, Nemes, Bernharð, Ernald, Eimer, Bertram, og Gerin. Þessi inngangsorð eða samræður eru felldar brott úr sögunni og í staðinn er sett mun einfaldari 'formúla' sem notuð er með smátílbrigðum á undan hverju 'gabbi':

Þá tók Rollant at segja sína íþrótt.  
Því næst segir Oliver sína íþrótt.  
Þá tók Bæringr at segja sína íþrótt, o.s.frv.<sup>79</sup>

Frásögnin flýgur áfram, hver þátttakandi tekur umsvifalaust við af

<sup>77</sup> Unger, bls. 473.

<sup>78</sup> *Le Voyage de Charlemagne*:

Og þá segir keisarinn: Nú skaltu gabba góði frændi Rollant!  
Gjarnan vil ég það, herra, segir hann: úr því að þú mælir svo fyrir.

Nú skaltu gabba herra Oliver, segir Rollant hinn hæverski.  
Gjarnan vil ég það, segir greifinn, bara ef Karl leyfir það.

Og þá segir keisarinn: Nú skaltu gabba herra Bæringur.  
Gjarnan vil ég það, segir greifinn, fyrst þú mælir svo fyrir.

<sup>79</sup> Unger, bls. 473, 474, 475.

öðrum. En því er ekki að neita að 'formúla' þýðandans hefur þau áhrif að svo virðist sem Frakkar hafi margoft leikið þennan leik áður. Í kvæðinu verður leikurinn til um leið og lesið er eða hlustað.

Ekki er á það minnst í sögunni að Frakkar séu orðnir drukkniir þegar þeir ganga til náða (v. 447) og kemur það atriði ekki fram fyrr en síðar. Í kvæðinu líta Frakkar girndaraugum höll Húgons og ríkidæmi hans, í sögunni ágirnast þeir ríki hans allt og biðja guð að Karlamagnús hefði unnið það með fræknleik sínum. Og ekki eru þeir fyrr búnir í sögunni að minnast á fræknleik hans en Karlamagnús fer að grobba. Það er hann oft búinn að gera, beint eða óbeint, í þessari frásögu. 'Gabb' Karlamagnúsar er allnákvæmlega þýtt, nema felld er brott ljóðlína 463.

Í kvæðinu ætlar Rollant að blása svo fast í ólífantinn, sem hann hyggst fá að láni hjá keisaranum, að ekki aðeins hendist borgarhlíðin upp á gátt, heldur snúist yfirhöfn keisarans við á honum og hár hans og skegg brenni upp (vv. 479–81). Í sögunni ætlar Rollant að blása klæðin af Húgoni og hárið og skeggið með! 'Gabb' Rollants í sögunni niðurlægir Húgon meir en það gerir í kvæðinu.

Njósarmaður situr í felum og talar við sjálfan sig. Hann svarar 'gabbi' Karlamagnúsar með þessum orðum:

'Par Deu . . . fort estes e membret!  
Fols fud li reis Hugun quant vus prestat ostel.  
Si anuit meis vus oi de folie parler,  
Al matin, par sun l'albe, vus ferai cungeër!' (vv. 465–68).<sup>80</sup>

Í sögunni segir hann:

Mikill ertu ok sterkligr, ok úvitrliga gerði keisari, er hann veitti yðr þetta herbergi, ok skal hann þetta vita áðr dagr kemr á morgun.<sup>81</sup>

Ljóðlína 467 er felld niður.

'Gabbi' Rollants svarar njósarmaður á þennan veg:

<sup>80</sup> *Le Voyage de Charlemagne*:  
Það veit guð . . . að mikill ertu og sterkur!  
Heimskur var Húgon konungur þegar hann veitti þér gistingu.  
Ef ég heyri þig mæla meiri heimsku í kvöld,  
skaltu verða að snauta burt í dögun!

<sup>81</sup> Unger, bls. 473.

Pessi er útrúlig íþrótt, ok úvitrliga gerði keisari, þá er hann veitti yðr þetta herbergi.<sup>82</sup>

Í kvæðinu segir hann:

Par Deu . . . ci ad mal gabement:

Que fous fist li reis Hugue, qu'il herbergat tel gent! (vv. 482–83).<sup>83</sup>

Pannig svarar njósarmaður hverju 'gabbi' um sig og eru svör hans gamansöm og byggð upp með svipuðum orðum og orðalagi. Þýðandi leggur sig fram um að þýða svör þessi nákvæmlega og gera þau eins hnyttin og þau eru í kvæðinu. Reynir hann jafnvel að laða fram í setningunum vissa hrynjandi.

Upphrópun njósarmanns, *par Deu!* (vv. 465, 482, 490 o.s.frv.) er oftast þýdd með orðunum, 'þat veit trúa mín'. En setningin *fols fud [fist] li reis Hugun* (vv. 466, 483, 530 o.s.frv.) er þýdd á mismunandi hátt: 'úvitrliga gerði keisari, úhyggilega gerði keisari, ferliga gerði keisari.' Einnig er þýddur á ýmsa vegu vísuhelmingurinn *cist hom est enraget* (vv. 528, 551, 562, o.s.frv.): 'þú ert örvti, þú ert óðr maðr, þessi maðr er vitlauss'.<sup>84</sup> Eins og fram er komið eru orðin *gab* og *gabement* oftast þýdd sem 'gabb' eða 'íþrótt'. Með öðrum orðum, reynt er að þýða svör njósarmanns á sem fjölbreytilegastan hátt.

Heimska njósarmanns er ekki eins mikil og menn vilja vera láta.<sup>85</sup> Hvað eftir annað kemur fram bæði í sögunni og í kvæðinu, að njósarmaður veit mætavel að Fransmenn eru að 'gabbu' ('Par Deu, ço dist l'escut, cist gab valt .iii. des altres', v. 616<sup>86</sup>) og er því fyndnin ekki í því fólgin að hann misskilji Frankismenn og taki hátíðlega það sem þeir segja. Fransmenn segja ímyndaðar 'sögur' af því sem þeir vildu geta afrekað, og um leið og þeir segja þær öðlast þær ákveðinn 'veruleika' eins og sögur að jafnaði gera, en sem stangast á við hinn 'ápreifanlega veruleika'. Njósarmaður sveiflast milli þessara tveggja 'veruleika' og er fyndnin að miklu leyti fólgin í því, að hann þarf stöðugt að

<sup>82</sup> Unger, bls. 474.

<sup>83</sup> *Le Voyage de Charlemagne*:

Það veit guð . . . þetta er vont gabb:

Heimskur var Húgon konungur þegar hann hýsti slíkt fólk!

<sup>84</sup> Unger, bls. 474–76.

<sup>85</sup> Sjá Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 81.

<sup>86</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Það veit guð, segir njósarmaður, að þetta gabb er vert annarra þriggja.

fullvissa sig um að það sé engan veginn hægt að drýgja þessar íþróttir. Nefni ég sem dæmi ljóðlínur 576–78:

Ci ad merveillus gab! ceo ad dist li escute:  
 Unc de si dure carn n'oi parler sur hume.  
 De fer est u d'acer, si il cest gab demustret!<sup>87</sup>

Síðar gerist svo hið ótrúlega. Guð á beinan og óbeinan þátt í að þrjú þessara 'gabba' rætast, og sé það haft í huga hljómar napurlega þessi athugasemd njósnarmanns:

. . . cist hom est enragez!  
 Unques Deus ne vus duinst cel gab a cumencer (vv. 528–29).<sup>88</sup>

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 3 ljóðlínur.

*Ljóðlínur 484–506, kap. 7.*

Gabb Olivers á að vera í því fólgið að hafa hundrað sinnum 'vitni' af dóttur Miklagarðskeisara. Njósnarmaður heldur að fyrr muni Oliver gefast upp. Næst kemur röðin að Túrpín erkibiskupi. Hann ætlar að stökkva yfir tvo hesta og koma sitjandi niður á þann þriðja. Eiga hestarnir að vera á hardahlaupum. Og ekki nóg með það. Hann ætlar líka að henda eplum á loft. En falli eitt þeirra til jarðar má Karlamagnús klóra úr honum augun.

Í sögunni ætlar Oliver að leiða stúlkuna í landtjald sitt, en í kvæðinu ætlar hann að athafna sig í herbergi hennar (v. 487). Ef til vill hefur þýðanda þótt hugmynd Olivers helst til gróf og reynir því að 'fegra' hana dálítið.

Aebischer bendir réttilega á að tal Olivers í kvæðinu um 'vitni' ('Si jo n'ai testimonie anut de li cent feiz,' v. 488) sé býsna óljóst. 'En quoi consiste exactement cet engagement, que doivent être en réalité ces 'témoignages', nous ne le savons pas.'<sup>89</sup> En njósnarmaður skilur ekki

<sup>87</sup> *Le Voyage de Charlemagne:*  
 Þetta er fáheyrð gabb, segir njósnarmaður:  
 Aldrei heyrði ég getið um jafn hart hold á manni.  
 Úr járnri er hann eða stáli ef hann fremur þetta gabb.

<sup>88</sup> *Le Voyage de Charlemagne:*  
 . . . þessi maður er óður!  
 Guð gefi að þú byrjir aldrei þetta gabb.

<sup>89</sup> *Le Voyage de Charlemagne:* Ef ég hef ekki í nótt vitni af henni hundrað sinnum. – Sjá einnig bls. 90 í sama verki.

þetta nema á einn veg. Og þýðandi skilur það aðeins á einn veg: 'en ef ek drýgi eigi vilja minn 100 sinnum með henni á einni nótt til vitnis hennar.'<sup>90</sup>

Í sögunni er það ekki hinn virðulegi erkibiskup Túrpín sem ætlar að leika trúð og hlaupa yfir hesta og henda á loft eplum, heldur er það Bernharður. Þeir skipta um sess. Þegar svo röðin kemur að Bernharði fer erkibiskupinn í hlutverk hans. Ekki verður séð að nein sérstök ástæða liggi að baki þessari breytingu.<sup>91</sup>

Felld er brott ljóðlína 497 og er hún eina ljóðlínan sem felld er niður í þessum kafla sögunnar.

*Ljóðlínur 507–530, kap. 8.*

Röðin er komin að Villifer af Oreng. Í gabbi sínu kveðst hann ætla að mölva fjörutíu tígulsteina úr höllinni með gullknetti sem hann þykist geta varpað og lyft með annarri hendi þó að þrír tug-ir manna fái ekki bifað honum. Oddgeir ætlar að snúa sundur miðstólpa hallarinnar.

Í sögunni er hugmynd Villifers sú að kasta knettinum á borgarvegginn, ekki á höllina, og fella niður af honum 'fjóra faðma á hvern veg'. Hugsanlegt er að þýðanda hafi fundist að með þessu 'gabbi' væri gengið of nærri persónu Húgons og þess vegna hafi hann breytt því.

Felldar eru brott ljóðlínur 522, 526–27. Ekki eru aðrar ljóðlínur felldar niður í þessum kafla.

*Ljóðlínur 531–564, kap. 9.*

Nemes hertogi gortar af því að hann ætli að klæðast hringa-brynju og hrista af henni alla hringana eins og hálmstrá. Bæringur vill láta grafa sverð niður í jörðina þannig að oddarnir snúi upp, en síðan ætlar hann að kasta sér niður á sverðsoddana ofan af háum turni. Bernarður ætlar að fá á eina til að skreppa úr farvegi sínum og flæða yfir akra og fylla kjallarana í Miklagarði. Mun keisarinn verða að flýja upp í hæsta turn.

Nemes kvæðisins er hógværi en Nemes sögunnar og ætlar aðeins

<sup>90</sup> Unger, bls. 474.

<sup>91</sup> Sjá Aebischer, *Versions norroises*, bls. 47.

að klæðast einni brynju. Nemes sögunnar ætlar að hafa þær tvær og þykist samt geta hrist af þeim hvern hring.

Í frásögnina af 'gabbi' Bærings er bætt við setningu og er hún sett aftan við v. 544: 'ok seti [sverðin] sem þykkast (þannig hdr. B; A: skjótast) má hann hjá kastalavegg.'<sup>92</sup>

Eins og áður var minnst á skipta Bernardur og Túrpín um sess í sögunni. Í sögunni er það því Túrpín sem ætlar að koma af stað flóði og láta það flæða yfir Miklagarð. Í A-gerð sögunnar ber fljótið nafn, Iber. Í B-gerð er það nafnlaust eins og það er í kvæðinu.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 2 ljóðlínur.

*Ljóðlínur 565–590, kap. 10.*

Röðin er komin að Ernaldi. Hann ætlar að biðja keisara um að hella í ker vellandi blýi, því næst ætlar hann að setjast í kerid og biðja þangað til að blýið er orðið kalt og svo ætlar hann að rísa upp og hrista það allt af sér. Næstur tekur Eimer til máls og er gabb hans dálítið sérstætt. Ætlar hann að setja upp hött, sem geri hann ósýnilegan, og hleypa öllu í bál og brand við hirð Húgons.

Í sögunni eru felldar brott ljóðlínur 570 og 572, og því er þess ekki getið að Ernaldur (þannig hdr. B; A: Gerin) ætlar að láta fylla kerid upp að brún og sitja í því þangað til allar gárur eru orðnar sléttar ('rasises'). Og svo rækilega ætlar hann að hrista af sér blýið að 'eigi skal svá mikit við loða, at vert sé eins penings.'<sup>93</sup> En í kvæðinu segir: 'Nen i remandrat ja pesant une escalunie!' (v. 575).<sup>94</sup>

'Gabb' Eimers er nákvæmlega þýtt, nema þess er ekki getið að hötturinn sem hann ætlar að setja upp eigi að vera skreyttur dýrum steini úr sjávarfiski ('d'un grant peisun marage', v. 582).

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 2 ljóðlínur.

*Ljóðlínur 591–618, kap. 11.*

Bertram lætur sig dreyma um að fljúga og ætlar hann að æpa svo hátt að dýr öll leggi á flótta úr skógum. Gerin ætlar að láta setja tvo peninga efst á turn og síðan ætlar hann að taka spjót og

<sup>92</sup> Unger, bls. 475.

<sup>93</sup> Unger, bls. 475; A. Loth, bls. 274.

<sup>94</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Ekki skal einu sinni eftir loða vog eins karlottulauks.



skjóta niður annan peninginn án þess að hinn haggist. Spjótíð mun hann svo grípa á lofti áður en það fellur niður. Njósnaarmanni finnst ekki neitt athugasvert við þetta gabb því að í því er keisarin ekki svívirtur.

Svo virðist sem Bertram ætli að nota skildi við flugið. Eiga þeir að gegna hlutverki vængja. Í sögunni eru skildir þessir fjórir að tölu, en í kvæðinu eru þeir aðeins þrír (v. 593). Hins vegar er þessu flugi ekki nánar lýst, eins og gert er í kvæðinu (vv. 594–95). Og Bertram sögunnar ætlar ekki að láta sér nægja að fæla dýr úr skógum heldur einnig 'fiska or öllum vötnum' (viðbót við v. 599). Njósnaarmaður telur 'gabb' Bertrams vera vont ('mal gabement', v. 600) og muni keisarin verða sorgmæddur og hryggur ('grains e maris', v. 601). Í sögunni álitur hann það vera 'mikið gabb' og 'mjök mun keisarin við þessu reiðast, ef hann spyrr'.<sup>95</sup>

Ekki er þess getið í sögunni að skaftið á spjótinu sem Gerin ætlar að varpa sé úr eplatré ('li haunste de pomer', v. 606), né að hann ætli að koma peningunum fyrir á marmarasúlu efst á turni (vv. 607–8). Í sögunni er aðeins sagt: 'en síðan leggi hann [Húgon] upp á turn kastalans tvá peninga silfrs.' Í kvæðinu kveðst Gerin ætla að koma hlaupandi inn um salardyrnar ('par mi l'us de la sale', v. 614) til að grípa spjótíð áður en það fellur niður. Í sögunni er þess ekki getið hvert hann ætlar að hlaupa til að ná því.

'Gabb' Gerins er síðasta 'gabbíð'. Alls eru þau þrettán að tölu. Skal á það bent að helgidómarnir sem Karlamagnús kemur með frá Jórsölum eru í sögunni jafnmargir 'göbbunum'. Í kvæðinu eru helgidómarnir aðeins tólf.

Pegar Karlamagnús og jafningjar eru búnir að 'gabba' fara þeir að sofa.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 2 ljóðlínur.

*Ljóðlínur 619–637, kap. 12.*

Njósnaarmaður laumast burt úr stólpanum og fer á fund Húgons keisara. Keisarin spyr fréttu af Karlamagnúsi og Frökkum. Njósnaarmaður segir honum allt af létta um göbb þeirra Frankismana. Húgoni sárnar mjög er hann heyrir þetta og segist skuli

<sup>95</sup> Unger, bls. 476.

láta höggva af þeim höfuðið ef þeir ekki fremji göbb sín. Hann lætur senda eftir hundraðþúsund manna her.

Í kvæðinu er frá því sagt að njósarmaður hafi komið að svefnherbergisdyrum Húgons, þær verið opnar og hann gengið að rúmi hans (vv. 620–21). Bersýnilegt er að Húgon getur ekki sofið fyrir óþolinmæði, enda spyr hann strax tíðinda af Frökkum og Karli hinum mikilúðlega ('od le fer vis') og hvort njósarmaður hafi heyrt þá minnst á að þeir yrðu vinir ('si remaindrum ami?', vv. 623–24). Frásögn sögunnar er hins vegar útdúralaus. Njósarmaður fer á fund keisara sem spyr hann tíðinda: 'heyrðir þú nokkut Karlamagnús konung geta þess, at hann vildi með oss dveljast?'<sup>96</sup> Í sögunni er ekki slegið á neina tilfinningastrengi eins og gert er í kvæðinu.

Pegar Húgon heyrir um 'göbb' þeirra Frankismanna verður hann sorgmæddur og hryggur ('grains e mariz', v. 628). Í sögunni verður hann 'mjök reiðr'. Húgoni sárnar að Karlamagnús 'gaba de moi par si grant legerie. / Herberjai les er sair en mes cambres perines: / Si ne sunt aampli li gab . . .' (vv. 630–32).<sup>97</sup> Í þýðingunni kemur fram blæbrigðamunur, tónninn í Húgoni er þungur og í samræmi við reiði hans, en ekki sársaukafullur, eins og hann er í kvæðinu: 'hann hefir hætt at mér, en ek tók við honum fyrir guðs sakir, ok gerða ek honum beinleika, en hann hefir hæddan mik. En ef eigi fremja þeir gabb sitt . . .'<sup>98</sup> Hér kemur greinilega fram í sögunni að orðin 'háð' og 'gabb' eru notuð í sömu merkingu. Að gabba er því ekki græskulaust gaman og er fyndnin ekki í því fólgin að njósarmaður og Húgon skilji bókstaflegum skilningi 'göbb' þeirra Frankismanna.<sup>99</sup> Hún felst í aðstæðum. Tveir 'virðulegir' konungar hittast og eru á yfirborðinu ekkert nema elskulegheitin, en fara hvor í kringum annan eins og köttur kringum heitan graut. Milli þeirra ríkir gagnkvæm tortryggni og ekki að ástæðulausu. Karlamagnús er kominn til Miklagarðs að njósna um Húgon, vill sjá hvernig honum fer kórónan. Sú forvitni kemur honum í klípu. Húgon njósna um Karlamagnús, en sú forvitni og það sem af henni leiðir verður honum að falli.

<sup>96</sup> Unger, bls. 476.

<sup>97</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Hæddist svona smánarlega að mér./ Ég hýsti þá í gærkvöldi í steinsölum mínum./ Ef þeir ekki fremja göbbin . . .

<sup>98</sup> Unger, bls. 477.

<sup>99</sup> Sjá Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 79–83.

Herlið Húgons er mannfærra í sögunni en í kvæðinu, aðeins þúsund manns.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 2 ljóðlínur.

*Ljóðlínur 638–661, kap. 13.*

Pegar Karlamagnús kemur úr kirkju, eftir að hafa hlýtt á messu, og þeir tólf jafningjar, kallar Húgon til þeirra og spyr hvers vegna þeir hafi hæðst að honum. Heimtar hann að þeir fremji göbb sín, en geri þeir það ekki skulu þeir verða höfðinu styttri. Karlamagnús verður skelfingu lostinn, lítur til Frankismanna og segir að þeir hafi verið drukkni og muni hafa verið njósnað um þá. Sé það siður í París og Chartres að gabba þegar menn eru háttaðir.

Pegar jafningjar ganga út úr kirkjunni er sagt í kvæðinu að þeir séu drengir góðir ('les feres cumpanies', v. 639) og hafi Karlamagnús gengið í broddi fylkingar því að hann sé þeirra völdugastur ('car il est li plus riches', v. 640). Á hvorugt þessara atriða er minnst í sögunni. Á hinn bóginn kemur þar fram, en ekki í kvæðinu, að Húgon hafi komið gangandi móti Karlamagnúsi og mælt til hans 'hördum orðum'. Pagar Karlamagnús heyrir ásakanir Húgons óttast hann um líf sitt ('si se creinst de sa vie', v. 648). Viðbrögð hans í sögunni eru önnur: 'En Karlamagnúsi konungi rann nökkut þessi ræða í skap.'<sup>100</sup> Ekki minnkar í honum rostinn. Hann lítur til Frankismanna, 'les feres compaignies' (v. 649). Er þeirri lýsingu sleppt í sögunni. Þýðandi er trúr hlutleysisafstöðu sinni og reynir ekki að hafa áhrif á lesanda eða áheyranda með því að nota 'ágengar' lýsingar.

Del vin e del claret fumes er sair tuz ivres.

Jo quid que li reis out en sa cambre s'espie (vv. 650–51).<sup>101</sup>

Horrent er þeirrar skoðunar að Karlamagnús segi þetta *a parte* og beini hvorki máli sínu að Frökkum né að Húgoni.<sup>102</sup> Í sögunni er það

<sup>100</sup> Unger, bls. 477.

<sup>101</sup> *Le Voyage de Charlemagne*:

Við urðum drukkni allir í gær af víni og klare.

Hygg ég að konungur hafi sett njósnaðmann sinn í herbergið.

<sup>102</sup> Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 87.

ekki neitt vafamál við hvern Karlamagnús er að tala og að hann talar upphátt:

leit til Frankismanna ok mælti við þá: Vér várum mjök drukkknir í nótt af víni ok klare, ok ætla ek at njósn hafi verit haldin á oss.<sup>103</sup>

Fram að þessu hefur ekki verið á það minnst í sögunni að Frakkar hafi verið orðnir drukkknir þegar þeir fóru að 'gabba'. Hins vegar var það áður komið fram í kvæðinu (vv. 437, 477). Svo þegar Karlamagnús reynir að afsaka framkomu sína og manna sinna og ber því við að þeir hafi verið drukkknir, hljómar það í sögunni eins og sjálfsréttlætting sem verður til eftir á. Húgon brýtur lög gestrisninnar þegar hann lætur njósna um Karlamagnús. Karlamagnús brýtur þau líka þegar hann fer að 'gabba'. Í sögunni er lögð þung áhersla á þetta atriði. Húgon segir:

Mjök hafit þér mik skemdan í orðum yðrum, ok launat mér svá góðan beinleika er vér gerðum til yðvar.<sup>104</sup>

Er þessi setning þýðing á ljóðlínu 659:

A fei, ço dist li reis, trop i out grant huntage<sup>105</sup>

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 3 ljóðlínur.

*Ljóðlínur 662–681, kap. 14.*

Karlamagnús og jafningjar fara til skrafs og ráðagerða. Karlamagnús lætur færa þeim helgidómanna sem hann hafði meðferðis úr Jórsölum og leggjast Frankismenn á bæn, gera iðran og biðja guð um vernd. Þá birtist engill Karlamagnúsi og fullvissar hann um að ekkert sé að óttast. Hvert gabb muni ná fram að ganga.

Í kvæðinu halda Frankismenn fund undir bogahvelfingu ('desuz un arc volud', v. 663), en í sögunni koma þeir saman undir ólífutré eins og þeir gerðu í upphafi sögunnar, þegar Karlamagnús lenti í deilum við konu sína. Þeir varpa sér á kné, berja sér á brjóst og biðja guð ('A

<sup>103</sup> Unger, bls. 477.

<sup>104</sup> Unger, bls. 478 (B-gerð sögunnar).

<sup>105</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Það veit trúa mín, segir konungurinn, mér var gerð mikil smán.

ureisuns se getent, unt lur culpes batud,/ E prient Deu del cel . . .', vv. 668–69). Í sögunni eru þessar ljóðlínur dregnar saman og kemur því ekki fram að Frankismenn iðrist. Og þeir biðja guð þess að hann verndi þá fyrir Húgoni sterka ('del rei Hugun le fort que les garisset üi', v. 670). Í sögunni er bæn þeirra dálítið öðruvísi og auk þess lengri: 'ok báðu þess guð, at hann skyldi rétta mál þeirra, svá at eigi skyldi Hugon keisari yfir þá stíga.'<sup>106</sup> Svo virðist sem Frankismenn séu að tala frammi fyrir 'dómara'. En fyrir tilstilli helgidómanna gerist kraftaverk, engill drottins birtist Karlamagnúsi og lofar honum aðstoð. Aðstoð sú (þe. kraftaverkin sem síðan gerast) hefur að vonum vafist fyrir mönnum, því að hún er dálítið óvenjuleg. Samt er drottinn ekki sáttur við framkomu Frankismanna og lætur engilinn ávita þá:

Des gas qu'er sair desistes, grant folie en fud:  
Ne gabez ja mès hume, ço cumandet Christus! (vv. 675–76).<sup>107</sup>

Í sögunni segir:

gabb þat er þér héldut í nótt, þat var fólkska mikil; en þau orð sendi guð, at þú gabbir aldri menn síðan, fyrir því at þat var fólkska mikil er þér mæltut.<sup>108</sup>

Er lögð þyngri áhersla á það í sögunni en í kvæðinu hversu heimskulega Frakkar hafa hagað sér, og fer nú lítið fyrir 'visku' þeirri sem Karlamagnús gortaði af framar í sögunni (sbr. bls. 213).

Þegar engillinn er búinn að tala við Karlamagnús stendur Karlamagnús á fætur, lyftir hendi og gerir krossmark. Frá þessu atriði er ekki greint í sögunni, því að felldar eru brott ljóðlínur 679–80.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar brott 3 ljóðlínur.

#### *Ljóðlínur 682–725, kap. 15.*

Karlamagnús og jafningjar ganga fyrir Húgon keisara og segjast vera reiðubúnir að fremja göbbin. Skuli Húgon velja hver á að byrja. Hann kýs Oliver. Um kvöldið er Oliver leiddur til dóttur

<sup>106</sup> Unger, bls. 478.

<sup>107</sup> *Le Voyage de Charlemagne*:

Göbb þau sem þið sögðuð í gær voru mikil heimska: Kristur segir að þið skuluð ekki hæða menn framar.

<sup>108</sup> Unger, bls. 478.

Húgons, sem er mjög hrædd við hann. Hann lofar að vinna henni ekki mein ef hún lofar að bera honum gott vitni.

Þegar Karlamagnús kemur fyrir Húgon ávítar hann Húgon með þessum orðum:

Quant de nus vus turnastes, grant outrage feistes:  
En la cambre leisastes avec nus vostre espie (vv. 686–87).<sup>109</sup>

Í sögunni er hann þungorðari:

eigi var þat tiguliga gört, at þá er þú fórt í nótt frá oss, þá settir þú njósnarmann á hendr oss at heyra til várrar ræðu, ok var þér sjálfum mest úsæmd í því.<sup>110</sup>

Kemur það skýrt fram í sögunni að athæfi konunganna beggja er vítavert.

Í sögunni eru felldar brott ljóðlínur 684–85, 696 og seinni helmingur ljóðlína 697, 98, 99.

Karlamagnús fer að hlæja þegar hann heyrir að Oliver eigi að drýggja fyrsta 'gabbíð', 'því að hann treysti guði', segir í kvæðinu (v. 700). Í sögunni er aðeins sagt að Karlamagnús hafi glott að orðum Húgons, en ekki er minnst á að hann beri traust til guðs.

Í sögunni er sagt um dóttur Húgons að hún var 'eigi úfegri at sjá en blóm af rósi eða lilju.'<sup>111</sup> Var sama lýsing notuð um hana í upphafi 5. kap. (sbr. bls. 224). Í kvæðinu stendur að hún hafi verið jafn hvít á hörund og sumarblóm (v. 707).

Í sögunni stígur Oliver hlæjandi upp í hvílu stúlkunnar. Í kvæðinu gengur hann inn í herbergið hennar og fer að hlæja (v. 708). Sést á frá-sögn þeirri sem á eftir kemur að hlátur hans er ekki af sama toga spunninn í kvæðinu og í sögunni. Í fyrrnefnda textanum er stúlkan gripin skelfingu, þegar hún sér Oliver, og spyr hvort hann hafi farið af Frakklandi til að drepa konur ('pur nus, femmes, ocire?' v. 711). Í sögunni spyr hún hvort hann sé til þess kominn af Frakklandi 'at skemma konur í Miklagarði'. Oliver lofar henni að hún skuli 'óskemmd' frá sér fara. Í sögunni stafar hlátur hans meðal annars af því að hann hefur í

<sup>109</sup> *Le Voyage de Charlemagne*:

Þegar þú fórst frá okkur gerðirðu okkur mikla smán:  
Þú settir njósnarmann þinn inn til okkar.

<sup>110</sup> Unger, bls. 478.

<sup>111</sup> Unger, bls. 479.

hyggju að leika á Húgon og gefur hann stúlkunni hundrað kossa. Oliver kvæðisins hefur ekki aðeins í hyggju að leika á Húgon, heldur líka á kóngsdóttur. Þegar hann stígur upp í rúmið til hennar kyssir hann hana þrisvar sinnum (v. 715) og fullvissar hana um að hún hafi ekkert að óttast, því að hann ætli ekki að koma fram vilja sínum við hana ('de vus mes volentez cumplir, ço jo ne quier, par veir!' v. 719). Frá þessu er sagt í ljóðlínum 716–19 sem eru felldar niður í sögunni. Stúlkan biður sér miskunnar og segist aldrei munu verða glöð ef hann svívirði hana ('jamès ne serraï lee, se vus me huniset!' v. 721). Í sögunni er hún aftur á móti látin vera sér meðvitandi um blindu Húgons og hefnigirni, því að hún segir: 'lát mik njóta gæzku þinnar, en gjalda eigi úvizku föður míns.'<sup>112</sup> Oliver biður stúlkuna um að hjálpa sér og vitna honum í vil, geri hún það á hún að verða unnusta hans. 'Cele fud ben curteise, si l'en plevit sa fei' (v. 725).<sup>113</sup> Frásagan af loforði hennar er mun lengri í sögunni: 'Mærin játtaði því, ok handsalaði honum trú sína ok kristinndóm at halda ok sanna hans mál með honum, ok lauk svá þeirri ræðu.'<sup>114</sup>

Eins og fram er komið lætur Oliver sögunnar sér nægja að kyssa stúlkuna hundrað sinnum og taka af henni loforð. En ekki er Oliver kvæðisins fyrr búinn að taka af henni loforðið en frá því er sagt að 'li quens ne li fist la nuit mes que .xxx. feiz' (v. 726).<sup>115</sup> Þó var hann búinn að lofa stúlkunni að hann skyldi ekki 'fremja vilja sinn' með henni.

Horrent er þeirrar skoðunar að stúlkan gefist Oliver sjálfviljug og að 'leur union charnelle' sé 'justifée par un amour réciproque'.<sup>116</sup> Ekki verður ráðið af kvæðinu að stúlkan beri hlýjan hug til Olivers á þessari stundu, enda er þar ekki öðrum tilfinningum lýst en hræðslu hennar.

Um þátt guðs í þessu 'gabbí' segir Horrent að hann 's'est . . . pudiquement abstenu d'intervenir', enda sé ekki minnst á guð í sambandi við 'gabb' þetta eins og gert er þegar Villifer og Bernardur eru búnir að fremja sín 'göbb'. Er þá talað um kraftaverk (vv. 751, 774).<sup>117</sup> Þótt um eiginlegt kraftaverk sé ekki að ræða hlýtur guð samt að vera óbeint

<sup>112</sup> Unger, bls. 479.

<sup>113</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Hún var mjög kurteis og lofaði því upp á sína trú.

<sup>114</sup> Unger, bls. 479.

<sup>115</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Ekki tók greifinn hana nema þrjátíu sinnum þá nótt.

<sup>116</sup> Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 99.

<sup>117</sup> Sjá Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 99–100. Einnig Martín de Riquer, *Les chansons de geste*, bls. 205.

viðriðinn þann verknað sem Oliver drýgir, vegna loforðsins sem guð gaf Karlamagnúsi.

Aebischer<sup>118</sup> álfitur að ljóðlína 726 hafi í upphafi ekki verið í kvæðinu og hafi henni verið aukið við 'par un scribe inintelligent' og tekur hann ekki ljóðlínuna upp í útgáfu sinni af kvæðinu.<sup>119</sup> Bendir Aebischer á að yfir hana hafi verið strikað í eina handritinu sem til var af þessu kvæði. Einnig bendir hann á frásögn sögunnar máli sínu til stuðnings, en telur þó að kossunum þremur, sem Oliver kvæðisins gefur stúlkunni, hafi í sögunni verið breytt í hundrað til að þeir samræmdust 'gabbi' Olivers framfar í frásögunni, kap. 7. Seinni samskiptum Olivers og dóttur Húgons er lýst á nokkuð annan veg í sögunni en í kvæðinu eins og fram mun koma. Er því varlegt að treysta sögunni hvað þetta atriði varðar.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar brott 9 ljóðlínur.

*Ljóðlínur 726–793, kap. 16.*

Í dögun morguninn eftir kemur Húgon að máli við dóttur sína og stendur hún við loforð sín við Oliver. Verður Húgon reiður mjög og útnefnir hann Villifer til að fremja næsta gabb. Með guðs hjálp tekst Villifer að lyfta gullknettinum hinum þunga og varpa honum á hallarvegginn. Húgon verður sorgbitinn. Hann velur Bernard til að drýgja næsta afrek. Bernardur gengur til árinna og blessar hana og fyrir kraftaverk rennur hún úr farvegi sínum yfir akra og inn til Miklagarðs. Húgon flýr upp í hæsta turn og sér sitt óvænna. Býðst hann til að gerast handgenginn Karlamagnúsi og halda af honum ríki sitt. Karlamagnús leggst á bæn og enn gerist kraftaverk, áin rennur aftur í sinn fyrri farveg.

Í kvæðinu gengur Húgon hreint til verks og spyr dóttur sína: 'Dites mei, bele fille, ad le vus fait .c. feiz?' (v. 728).<sup>120</sup> Í sögunni er ræða hans óbein. Hann fer í kringum efnið og spyr 'ef Oliver hefði drýgt þat er hann sagði.' Greinilegt er að þýðandi reynir að slípa gróft orðalag

<sup>118</sup> Sjá Aebischer, 'Le gab d'Oliver,' *Revue belge de philologie et d'histoire*, vol. XXXIV, 1956, bls. 659–679, *Le Voyage de Charlemagne*, bls. 90–91, *Rolandiana et Oliveriana*, bls. 317–329. Í málsgreininni er vitnað til bls. 327 í síðastnefnda ritinu.

<sup>119</sup> Ég mun halda tölusetningu Aebischers á næstu ljóðlínunum, en hún er öðruvísi en tölusetning Koschwitz, vegna þess að Aebischer fellir niður ljóðlínu 726. Frá og með ljóðlínu 740 er tölusetning útgáfanna eins.

<sup>120</sup> *Le Voyage de Charlemagne: Segðu mér, dóttir góð, er hann búinn að taka þig hundrað sinnum?*



Húgons. 'En hon svaraði ok kvað hann drýgt hafa.'<sup>121</sup> Er svarið í óbeinni ræðu og ekki eins hispurslaust og í kvæðinu: 'Já, herra konungur' (v. 729).

Í sögunni er felld brott ljóðlína 734, einnig lýsing á búningi Villifers, og má geta þess að sú lýsing kvæðisins er torskilin (vv. 745–46). Villifer sögunnar varpar gullknettinum á borgarvegg, ekki á hallarvegginn eins og hann gerir í kvæðinu. Vera má að þýðanda hafi fundist að 'gabb' þetta gengi fullnærri persónu Húgons og því láti hann það bitna á borgarveggnum. Af honum falla niður fjörutíu faðmar. Í kvæðinu fellir Villifer úr hallarveggnum fjörutíu tígulsteina (v. 750). Húgon harmar að 'gabb' þetta skuli hafa tekist (vv. 754–55), en þær harmatölur er ekki að finna í sögunni og ekki heldur hótun hans þess efnis að hann skuli láta hengja Frankismenn í sterka gálga takist þeim ekki að fremja afreksverk sín (vv. 760–61).

Á þessum stað lýkur handriti A af *Jórsalaferð* og vantar seinustu blöð frásagnarinnar. Byggir Unger útgáfutexta sinn á handritum a, B og b í þeim hluta sem eftir er. Handrit A endar þegar Húgon ætlar að fara að útnefna Túrpín til að taka að sér næsta 'gabb': 'Hugon konungur svarar.' Setning þessi samsvarar fyrri hluta v. 764: 'E dist Hugue li Forz.' Í sögunni er það erkibiskupinn Túrpín sem kemur af stað flóðinu, en eins og áður er komið fram skipta hann og Bernardur um hlutverk í sögunni.

Í þessum kafla sögunnar er óvenju mörgum setningum aukið við texta kvæðisins, en það á aðeins við um þann hluta sem við tekur þegar handrit A þrýtur. T.d. er Húgon orðmargur mjög þegar hann 'gefst upp' fyrir Karlamagnúsi og auk þess er mál hans allt í beinni ræðu: 'Karlamagnús konungur, segir hann, hver er ætlan þín við mik, er þér alhugát at drekkja mér í vatni þessu? Ek vil gjarna gerast maðr þinn ok halda ríki af þér ok vera skattgildr undir þik, ok gefa þér alt fé mitt ok svá gripi, er þú kemr þessum vanda af oss.'<sup>122</sup> Í kvæðinu er sagt frá 'uppgjöf' Húgons í óbeinni ræðu og aðeins í tveimur ljóðlínunum (786–87). Einnig er skotið inn stuttri setningu milli vv. 777 og 78 og þrjúnað lítillaga framan við v. 781. Á hinn bóginn eru felldar brott ljóðlínur 770, 778, 782, 792.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar niður 17 ljóðlínur.

<sup>121</sup> Unger, bls. 479.

<sup>122</sup> Unger, bls. 481.

*Ljóðlínur 794–826, kap. 17.*

Vatnið sjatnar og Húgon fer niður úr turninum og gengur til Karlamagnúsar konungs og segist vita að guð elski hann. Kveðst hann vilja gerast maður hans. Karlamagnús stingur upp á því við hann að þeir geri veislu og haldi fagnað og beri kórónur sínar. Er svo gert og fara þeir í prósessíu. Kemur í ljós að Karlamagnús er hærri en Húgon, einu feti og þremur handargripum. Frankismenn komast að raun um að drottning Karlamagnúsar hafi haft rangt fyrir sér.

Í sögunni lætur Húgon sér ekki nægja að segja við Karlamagnús, 'ek veit at guð elskar þik' (sem er þýðing á v. 796), heldur bætir hann við, 'ok heilagr andi er með þér'. Ljóðlínur 798 og 806 eru felldar niður. Í þeirri fyrri býðst Húgon til að gefa Karlamagnúsi allt fé sitt, en í þeirri seinni segir Karlamagnús við Húgon að hann sé reiðubúinn að bera kórónu sína í vináttuskyni við hann. Er sagt í kvæðinu að Húgon hafi borið kórónu sína lítið eitt lægra en Karlamagnús (v. 810), en í sögunni kemur fram að hann ber hana miklu lægra. Þó er í báðum textunum sami stærðarmunur á konungunum: eitt fet og þrjú handargrip. Í frásögn kvæðisins og sögunnar gegnir kórónan mikilvægu hlutverki. Hún verður þess valdandi að Karlamagnús fer að gorta og lendir í rifrildi við konu sína. Í lok frásagnarinnar sýnir kórónan vald Karlamagnúsar og yfirburði hans. En hún er ekki aðeins tákn valdsins heldur líka héggómans sem fylgir valdinu. Er þeir broslegir konungarnir þegar þeir spranga um keikir með kórónur sínar. Karlamagnús notar gullkórónu sína ('la grant corone a or', v. 809) til að upphefja sig og sýna að hann er öðrum meiri. En í farangri Karlamagnúsar, sem hann hafði úr Jór-sölum, er þyrnikóróna og var hún notuð til að niðurlægja mann. Þá kórónu gefur hann kirkju heilags Dionisii þegar hann kemur aftur til Frakklands, en það var í þeirri kirkju sem hann bar sína kórónu í upphafi kvæðisins. Þetta eru tvær andstæðar kórónur.

Þegar Frakkar eru búnir að sannfærast um að Karlamagnús ber kórónu sína hærra en Húgon, segja þeir í hrifningarvímu og hugsa gott til glóðarinnar: 'Ja ne vendrum en terre nostre ne seit li los!' (v. 815).<sup>123</sup> Í

<sup>123</sup> *Le Voyage de Charlemagne*: Ekki snúum við aftur heim til lands vors án þess að fá lof.

sögunni belgja þeir sig meir út: 'ok aldri komum vér á þat land, at eigi hafim vér lof af allri þjóð.'<sup>124</sup>

Felldar eru brott ljóðlínur 816–19 og einnig 821. Í síðastnefndri ljóðlínu kemur fram að konungarnir ganga í prósessíu um klausturgarðinn. Dóttir Húgons tekur þátt í þeirri prósessíu og rennir hýru auga til Oliver, vildi gjarnan tala við hann ('hu que veit Oliver volenters i parolet', v. 824). Í sögunni er þessu öfugt farið. 'En þar var hugr Oliver optast sem hon var.'<sup>125</sup> Aflgölp eftirritara? Eða skildi ekki þýðandi ljóðlínuna? Líklegast er að hann vilji gera Oliver 'kurteisari' en hann er í kvæðinu, en einnig draga úr ástleitni stúlkunnar og gera hana 'siðsamari'. Hef ég til marks um það að numin er brott ljóðlína 825. Þar segir að dóttir Húgons horfi til Oliver's blíð á svipinn og að hún beri til hans hlýjan hug ('amisté li portet'). Síðan er sagt berum orðum að hana langi til að kyssa hann (v. 826). Í sögunni er það aðeins gefið í skyn: 'mærin vildi hann blíðliga þýðast.' En hún þorði það ekki fyrir föður sínum.

Í þessum kafla sögunnar eru 8 ljóðlínur felldar brott.

*Ljóðlínur 827–861, kap. 18.*

Að lokinni prósessíu er gengið til kirkju og síðan til veisluborðs og svo er farið að hugsa til heimferðar. Húgon býður Karlamagnúsi að taka það af fé sínu sem Frakkar geti með sér borið. Karlamagnús hafnar boðinu. Dóttir Húgons hleypur til Oliver's og vill fara með honum. Oliver kveðst ætla að skilja ást sína eftir hjá henni.

Karlamagnús kvæðisins neitar að taka við gjöfum Húgons og hefur mönnum sýnst það vera 'magnifique refus'<sup>126</sup> eða 'le mépris des richesses'.<sup>127</sup> Mér er nær að halda að um hvorugt sé að ræða. Karlamagnús fékk að heyra hjá konu sinni að Húgon væri auðugri honum að fé (v. 27) og nú vill hann sýna yfirburði sína gagnvart honum. Á fingerðan hátt niðurlægir Karlamagnús Húgon með því að hafna gjöfum hans. Í sögunni er frásögn þessi á annan veg. 'Hugon konungr gaf honum

<sup>124</sup> Unger, bls. 481.

<sup>125</sup> Unger, bls. 481.

<sup>126</sup> Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 109.

<sup>127</sup> Coulet, *Études sur l'ancien poème français*, bls. 380.

marga góða gripi, ok hvárr þeirra öðrum.' Í sögunni skiljast þeir jafnir hvað þetta atriði varðar.

Í sögunni eru felldar brott ljóðlínur 845–47, einnig v. 849 og fyrri helmingur v. 850. Kemur þar fram meðal annars að múlasnar og burðardýr bíði Frankismanna við hallartröppurnar ('as peruns') og sé haldið í þau. Virðist sem orðið 'stigreip' sé látið koma í stað 'peruns' (v. 850) og setningunni breytt í samræmi við það. Er hér um að ræða afglöp eftirritara eða misskilning þýðandans? Um það er erfitt að segja, en hitt er víst að orðið 'perun' kemur fyrir frammar í kvæðinu og er þá réttilega þýtt sem steinstólpi (en það er önnur merking orðsins og er um að ræða steinstólpann sem njósnarmaður faldi sig í). Ef til vill hefur orðinu verið breytt í 'stigreip' og Húgon látinn halda í þau til að skýrt komi fram að hann sé orðinn undirmaður Karlamagnúsar.

Þegar dóttir Húgons hleypur til Olivers, játar honum ást sína og segist vilja fara með honum (vv. 854–55), svarar hann:

Bele, . . . m' amur vus abandon:

Jo m'en irrai en France od mun seigneur Carlun! (vv. 856–57).<sup>128</sup>

Mörgum fræðimanninum hefur þótt kveðjur þessar kaldar og Oliver lítt til sóma.<sup>129</sup> Í sögunni er ekki að finna neina setningu er samsvari þessum ljóðlínunum. Í handriti *a* skýtur upp kollinum frásagnarmaður sem segir: 'En bók skilr eigi hvárt hon færi með honum at því sinni.' Í handriti *B* svarar Oliver stúlkunni og lofar að halda allt það 'sem vit höfum mælt okkar í milli'.<sup>130</sup> Þar sem handritunum ber ekki saman er erfitt að vita hvað stóð í þýðingunni upphaflega. Í kvæðinu minnir framkoma Olivers við kóngsdóttur á hegðun Karlamagnúsar við Húgon þegar hann neitar að taka við gjöfum hans.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar brott 6 ljóðlínur.

#### *Ljóðlínur 862–870, kap. 19.*

Karlamagnús kemur til Parísar og fer til Saint-Denis kirkju og gefur henni þyrnikórónuna og naglann sem Kristur var krossfest-

<sup>128</sup> *Le Voyage de Charlemagne*:

Fagra mæ'r . . . ég skil eftir ást mína hjá þér:

Ég verð að fara með herra mínum Karli til Frakklands.

<sup>129</sup> Sjá Aebischer, *Rolandiana et Oliveriana*, bls. 326. Einnig Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 110.

<sup>130</sup> Unger, bls. 482.

ur með. Hinum helgidómunum dreifir hann um ríki sitt. Drottning fellur til fóta Karlamagnúsi.

Í sögunni er sagt frá því að þegar Karlamagnús kom til Parísar, 'þá var þar mikill fagnaðr landsfólki öllu af hans tilkvámu.'<sup>131</sup> Ekki er minnst á atríði þetta í kvæðinu. Hins vegar er þar sagt að Karlamagnús hafi gert bæn sína í Saint-Denis kirkju (v. 863), þe. kirkju heilags Dionisii, en ekki er þeirrar bænagerðar getið í sögunni, né er heldur getið altarisins sem Karlamagnús leggur þyrnikórónuna á og naglann (v. 866). Í sögunni er aðeins sagt að hann 'ofraði þar kórónu dróttins várs ok nagla þeim er dróttinn várr var krossfestr með, ok marga aðra helga dóma.'<sup>132</sup>

Í kvæðinu varpar drottning sér við fætur hans (v. 868), en í sögunni lætur hún sér nægja að biðja sér miskunnar 'fyrir mismæli sitt'. Karlamagnús fyrirgefur henni bræði hennar ('sun mautalent', v. 869), sakir ástar hans á gröfinni helgu sem hann hafði veitt lotningu ('pur l'amur del sepulcre que il ad aüret', v. 870). Í sögunni fyrirgefur Karlamagnús drottningu sinni 'fyrir lof hins helga kross ok heilagra staða, er hann hafði vitjat.'<sup>133</sup> Sem fyrr gætir hjá honum ósamræmis. Raunar fyrirgefur hann konu sinni vegna þess að hann er ánægður yfir að hafa sigrað Húgon og borið kórónu sína hærra en hann.<sup>134</sup> Karlamagnús er samur við sig. Frásögnin endar á þeim stað þar sem hún byrjaði. Hringurinn lokast.

Í þessum kafla sögunnar eru felldar brott 2 ljóðlínur.

Ljóst má vera orðið að hinn norræni þýðandi *Le Voyage de Charlemagne en Orient* fylgir ekki frumtextanum út í æsar. Þýðir ekki af vélrænni nákvæmni. Engu að síður setur hann þýðingunni vissar skorður og verður ekki sagt um hana að hún sé fálmkennd eða tilviljunum háð.

Nokkrar þeirra breytinga sem gerðar eru á frásögn kvæðisins í þýðingunni má að líkindum rekja til seinni tíma eftirritara, en samt sem áður er ekki ástæða til að ætla annað en íslensku handritin (einkum A-gerðin) gefi af henni góða mynd. Kemst frásögn kvæðisins allnákvæm-

<sup>131</sup> Unger, bls. 482.

<sup>132</sup> Unger, bls. 482.

<sup>133</sup> Unger, bls. 483.

<sup>134</sup> Sjá Horrent, *Le pèlerinage de Charlemagne*, bls. 113.

lega til skila.<sup>135</sup> Í sögunni koma fyrir sömu persónur og í franska kvæðinu. Greint er þar frá sömu atburðum og eru þeir settir upp í sömu röð og með sama hætti. En margar ljóðlínur eru felldar niður. eru það rúmlega 190 ljóðlínur<sup>136</sup> sem er mjög há hlutfallstala, því að kvæðið hefur ekki að geyma nema 870 ljóðlínur. Þó eru aldrei felldir úr í einu stórir hlutar kvæðisins, aðeins stakar ljóðlínur, mest tvær til fjórar saman.

Þýðandi leggur sig fram um að færa þýðingu sína í 'sögubúning'. Hann fellir brott úr kvæðinu ljóðrænar endurtekningar og nokkrar 'formúlur' (t.d. inngangsorðin að 'göbbum' Frankismanna, en þó setur hann þar í staðinn eigin 'formúlu'). Hann notar oft óbeina ræðu í stað beinnar (þó skal tekið fram að samræður eru stór hluti frásögunnar, t.d. byggjast 'göbb' Frankismanna á orðræðulist).

Ljóðlínur þær sem felldar eru brott í þýðingunni hafa einkum að geyma lýsingar (á útliti persóna, munum, húsum, húsbúnaði), skýringar (t.d. á tilfinningum eða viðbrögðum persónanna), manna og staðanöfn. Einnig er samræðum manna þjappað saman. Augljóst er að þýðandi vill leggja áherslu á atburðarásina og hraða frásögn og skerpir hann því línur hennar, gerir hana einfaldari.

<sup>12</sup> 'Riktignok er ikke Kongespeilet noen politisk pamflett; med sitt omfattende innhold av moralsk, naturvitenskapelig og politisk art er det utvilsomt beregnet på å ha aktualitet langt ut over forfatterens egen samtid', en Sverre Bagge bætir því þó við að höfundurinn hafi engu að síður sagt skoðanir sínar á deilumálum samtíðarinnar. (Sverre Bagge, *Den politiske ideologi i Kongespeilet*, Bergen 1979, bls 559). Sbr. einnig: 'vi har tidligere vært inne på Schreiners oppfatning av Kongespeilet som hovedsakelig et kamp-

bendir á að í einstökum atriðum hafi Schreiner e.t.v. gefið orðum Konungsskuggsjár nákvæmari og sterkari merkingu en þau höfðu í raun og veru.<sup>13</sup> Í eðli sínu sé Konungsskuggsjá að verulegu leyti bókmennta- og jafnvel málskrúðsverk, og þess vegna víðsjarri því að vera tæknilegt rit um heimspeki eða lögfræðileg atriði.<sup>14</sup> Niðurstaðan virðist einna helst sú, að Konungsskuggsjá byggist ef til vill ekki á neinni ákveðinni grundvallarhugmynd og hafi ekki skýrt afmarkaðan tilgang, heldur sé höfundurinn talsmaður ákveðins þjóðfélagshóps og ráði þá hagsmuna- og áhugamál hans efnisvali verksins.<sup>15</sup>

Jafnvel þótt þessir sagnfræðingar séu mjög á öndverðum meiði um ýmis einstök atriði,<sup>16</sup> útiloka kenningar þeirra ekki hverjar aðrar. Hér er nefnilega ekki um að ræða andstæðar túlkanir á sama texta, heldur mismunandi viðhorf sem byggjast öll á einhverjum þáttum hans. Ef Konungsskuggsjá er lesin í heild má þar finna öll þessi atriði hlið við hlið: ritið er óneitanlega bókmennta- og málskrúðsverk, sem á að kenna mönnum að haga orðum sínum við ýmis konar aðstæður, það er einnig kennslubók fyrir framgjarna unglina, í því er haldið fram

skrift rettet mot geistligheten og konkludert med at denne oppfatningen neppe er holdbar'. Sama stað, bls. 268.

<sup>13</sup> Sbr. bls. 96: 'Det har ikke lykkedes Schreiner å finne noen direkte parallell til Kongespeilets begrepsbruk, og hans eksempler må derfor sies å ha liten bærekraft. Så lenge det ikke kan påvises at Kongespeilet må tolkes ut fra en fast europeisk terminologi, har det nemlig liten hensikt å henvise til kroningens statsrettslige betydning i land hvor den hadde århundregamle tradisjoner for å belyse forholdene i Norge i en tid da den var i ferd med å bli innført'. Sbr. einnig bls. 347. – Þess ber þó að gæta, að Sverre Bagge, sem hefur fyrstur fræðimanna gert heildarrannsókn á stjórnmálakeningum Konungsskuggsjár og sett hana í víðara samhengi en nokkur annar, er í mörgum atriðum sammála kenningum Schreiners, sem hann telur á meiri rökum reistar en kenningar eldri fræðimanna.

<sup>14</sup> Sverre Bagge leggur áherslu á 'Kongespeilets sterkt litterære preg': 'Verket har lite til felles med en filosofisk eller juridisk traktat'. 'Språket har lite av den presisjon vi venter oss av en filosofisk eller analytisk fremstilling, det er blomstrende og retorisk og gjør utstrakt bruk av synonymmer. Forfatterens 'tekniske' terminologi må derfor behandles med stor forsiktighet . . .' Sama stað, bls. 27–28.

<sup>15</sup> Sama stað, bls. 566–569.

<sup>16</sup> Mikill ágreiningur hefur t.d. verið um höfund Konungsskuggsjár. Vandvik hélt því fram að verkið væri eftir fleiri en einn höfund og meira en hálf öld milli þeirra. Paasche áleit að allt verkið væri eftir Einar Gunnarsson erkibiskup sem dó 1263, og var sú skoðun lengi ríkjandi. Johan Schreiner leiddi hins vegar rök að því að Konungsskuggsjá hefði m.a. verið stefnt gegn þessum sama Einari Gunnarssyni.

kenningum um konungsvald og stjórnámál, og það hefur að geyma langa kafla um landafræði og náttúrufræði. Innan um þessi atriði, sem fræðimenn hafa fjallað mikið um, eru svo önnur, sem ekki hefur jafnmikill gaumur verið gefinn. Í ritinu eru t.d. einnig langir kaflar um hernaðarlist og vopnaburð, siði við hirðina og biblíuskýringar, og væri því hægur vandinn að bæta ýmsum nýjum kenningum við þær sem áður voru taldar. Það mætti t.d. draga fram ýmsar ráðleggingar, sem höfundur gefur hirðmönnum og endurtekur margsinnis, og túlka þær þannig að Konungsskuggsjá hafi verið skrifuð til að stemma stigu við of mikilli ölteiti við hirð Hákonar konungs.

Þegar málum er þannig háttað er tvennt að varast. Það er engan veginn verjandi að leggja áhersluna á eitt atriði í Konungsskuggsjá og halda því fram að það sé aðalefni bókarinnar og hafi hún verið samin til að fjalla um það, en vanrækja öll önnur atriði verksins. Viðhorf Sverre Bagge hefur þann kost að sýna hve slík túlkunaraðferð getur verið varhugaverð, en ekki er laust við að það kunni samt að leiða út í aðrar ógöngur. Þótt það kunni að virðast nokkuð sennilegt, að efnisval og kenningar Konungsskuggsjár stafi að einhverju leyti af margvíslegum áhugamálum og hagsmunum þeirra lesenda, sem höfundur skrifaði fyrir, má ekki gleyma því, að Konungsskuggsjá er svo til eina raunverulega heimildin um þessi sömu áhugamál, og þannig er erfitt að forðast að lenda í einhvers konar hringavitleysu. Það er a.m.k. hætt við því að sú aðferð að skýra efnisval Konungsskuggsjár með því að vísa til þjóðfélagshóps höfundarins leiði ekki til annars en flytja vandamálið um set.<sup>17</sup> Þá verður verkið heldur ekki annað en eins konar sópdyngja fjölbreyttra og óskyldra atriða og það nær engri átt: bókmenntaverk getur ekki verið í einu og á sama hátt pólitískt deilurit, vísindarit um náttúrufræði og kennslubók handa unglíngum.

Hvort sem þessir sagnfræðingar, sem hér hefur verið vitnað í, velja þann kostinn að taka eitt atriði Konungsskuggsjár út úr samhengi og

<sup>17</sup> Sverre Bagge talar um 'miljø' höfundar og dugir það vel til almennrar lýsingar á verkinu, en reynist takmarkað þegar á að fara að skýra það nákvæmlega og einstök atriði þess. Menn hafa t.d. gjarnan haldið því fram að landfræðikaflarnir í kaupmannabálknum væru lýsing á verslunarsvæði Norðmanna á 13. öld og ættu þannig erindi til þeirra yfirstéttarmanna, sem flutt hefðu út framleiðsluvörur sínar. En þetta á engan veginn við um Írland, sem langur kafli er helgaður. Hverjir voru þessir 'kaupmenn', sem virtust ekki þurfa neinar upplýsingar um England – helsta viðskiptaland Norðmanna – og siglingar til þess, en höfðu þeim mun meiri áhuga á því hvort kvalastaðir væru í eld-



halda því fram að það sé aðalefni verksins, eða þeir leggja öll atriðin meira eða minna að jöfnu, eiga þeir yfirleitt það sameiginlegt að þeir ganga út frá efnisatriðum verksins og leitast við að finna tengsl þeirra við samtímadeilur, atburði eða félagshópa í Noregi. Ólík viðhorf þeirra sýna því ekki aðeins að nauðsynlegt er að kanna rækilega hvers konar rit Konungsskuggsjá er, heldur líka að þessi aðferð, sem beitt er, leiðir út á villigötur og stuðlar ekki að því að leysa vandamálið. Það verður að fara aðra leið, sleppa í bili hugsanlegum lesendum verksins og atburðum í Noregi, en beina athyglinni þess í stað að Konungsskuggsjá sem bókmenntaverki, kanna formgerð hennar, samfléttun hinna ýmsu efnisatriða og stöðu höfundar eins og hann skilgreinir hana sjálfur.

Fyrsta skrefið í þeirri rannsókn hlýtur að vera fólgið í því að finna hvaða bókmenntagrein Konungsskuggsjá tilheyrir, hvernig hún tengist henni og hvernig lögmál bókmenntagreinarinnar koma fram í ritinu. Þegar hér er komið virðist málið fara að einfaldast allmikið. Konungsskuggsjá er að vísu alveg einstakt rit í norrænum bókmenntum, en þegar litið er á hana í samhengi við vestrænar miðaldabókmenntir má finna ýmis konar hliðstæður. Þótt fræðimenn hafi greint á um margt, hafa þeir jafnan verið sammála um að Konungsskuggsjá sé hluti af þeirri vestrænu bókmenntagrein, sem nefnd hefur verið sama nafni, þ.e.a.s. konungsspeglar eða 'Fürstenspiegel' á þýsku. (Hér á eftir verður fræðiorð þetta stundum íslenskað 'furstaspegill', einkum í beygðum myndum sem íslenskan heimtar.) Hefur norska ritið gjarnan verið rannsakað í þessu samhengi. Wilhelm Berges ver miklu máli í að fjalla um Konungsskuggsjá í riti sínu *Die Fürstenspiegel des hohen und späten Mittelalters*.<sup>18</sup> Í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* spyrðir Anne Holtsmark Konungsskuggsjá saman við sænska ritið *Um styrilsi kununga ok höfðhinga*, sem er pólitískt verk frá 14. öld í anda Aristótelesar, og fjallar hún um bæði ritin í dálki sem hún nefnir 'Kongespeillitteratur'.<sup>19</sup> Í doktorsritgerð sinni ber Sverre Bagge stjórn-málahugmyndir Konungsskuggsjár saman við kenningar erlendra

fjöllum á Íslandi og hver væru helstu 'undur' Írlands? Ekki virðist vera hægt að benda á neitt ákveðið 'miljò' sem skýri í einu og öllu efnisval Konungsskuggsjár.

<sup>18</sup> Stuttgart 1938 (endurútgáfa 1952).

<sup>19</sup> *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder IX*, 1964.

'furstaspegla' frá sama tíma og eldri, en gerir þó ekki bókmenntalega rannsókn á samhenginu.<sup>20</sup>

Nú ætti að vera mjög auðvelt að gera slíka rannsókn, því að fræðimenn hafa löngum sýnt þessum vestrænu 'furstaspeglum' mikinn áhuga og helgað þeim margvísleg fræðirit. Fyrir utan verk Wilhelm Berges mætti nefna bók Hans Hubert Antons *Fürstenspiegel und Herrscherethos in der Karolingerzeit*<sup>21</sup> og bók Kleinekes *Englische Fürstenspiegel von Policraticus bis zum Basilikon Doron König Jakobs I.*<sup>22</sup> Ekki virðist því annað þurfa að gera en fylgja eftir niðurstöðum þessara rita og rekja tengsl Konungsskuggsjár við erlendu bókmenntagreininna.

En maður uppgötvar því miður fljótt, að þessir fræðimenn, sem fjallað hafa ítarlega um 'furstaspegla' miðalda, hafa vanrækt að gera það, sem þó virðist eiga að vera fyrsta stig rannsóknanna, þ.e.a.s. að setja fram skýra skilgreiningu á verkefninu. Enginn fræðimaður hefur þannig skilgreint nákvæmlega hvað sé 'Fürstenspiegel', í hverju eining þessarar bókmenntagreinar sé fólgin og hver sé afstaða hennar til annarra bókmenntagreina á sama tíma. Þeir hafa einnig vanrækt að gera skipulega bókmenntalega rannsókn á þessari grein, og því aldrei rannsakað það sem sérstakt verkefni hvort höfundar þessara 'furstaspegla' hafi haft áhrif hver á annan eða þeir hafi skrifað verk sín sjálfstætt og hvort bókmenntagreinin hafi þróast eftir einhverjum innri rökum eða einungis fylgt almennum breytingum á stjórnmálaástandinu. Reyndar virðast fræðimennirnir gera sér grein fyrir þessum vandamálum, og má finna á víð og dreif í ritum þeirra svör við ýmsum þeim spurningum, sem hér hafa verið settar fram. En ástæðan fyrir því að þeir fjalla ekki um þær á kerfisbundinn hátt er sú, að í raun og veru eru þeir ekki að rannsaka þessa 'furstaspegla' sem bókmenntaverk, heldur nota þeir verkin fyrst og fremst sem heimildir um eitthvað annað, þ.e.a.s. um hugmyndir miðaldamanna um siðferði í stjórnmálum. Þannig kallar H. H. Anton rit sitt *Fürstenspiegel und Herrscherethos*, og fyrsti hluti bókar Berges – og sá eini sem fjallar um miðaldaritin í heild – nefnist 'Die politische Ethik des hohen und späten Mittelalters nach seinen Für-

<sup>20</sup> Sverre Bagge, *Den politiske ideologi i Kongespeilet*, Bergen 1979, sjá einkum bls. 22–26 og 221–261.

<sup>21</sup> Bonn 1968.

<sup>22</sup> Halle 1937.

stenspiegeln'. Þegar rannsóknarefnið er afmarkað á þennan hátt er því mikil hætta á að einhver ruglingur verði milli þeirra rita, sem hægt er að kalla 'Fürstenspiegel',<sup>23</sup> og þeirra rita, sem eru heimild um siðferði í stjórnmálum, hvernig svo sem þeim kann að vera háttað að öðru leyti. Þessi ruglingur kemur fram í atriðum eins og því að ekki er gerður skýr greinarmunur á raunverulegum 'furstaspeglum' og þeim ritum sem hægt er að kalla 'fürstenspiegelachtig', eins og H.H. Anton kemst einhvers staðar að orði.

Fyrir rannsóknir á Konungsskuggsjá eru þessi vinnubrögð gagnslítill og verður að byrja á að skilgreina á eins skýran hátt og unnt er hvað er 'Fürstenspiegel' og gera síðan lista yfir þau verk, sem flokkast undir þá bókmenntagrein. Ég sting upp á því að orða skilgreininguna á þennan hátt: 'Fürstenspiegel' er ritgerð, sem samin er fyrir konung eða höfðingja – og gjarnan tileinkuð honum – og fjallar um það hvernig fyrirmyndarkonungur eigi að vera og hver sé staða hans í heiminum.

Þessi skilgreining kann að virðast einföld og jafnvel sjálfögð, en hún hefur samt þær afleiðingar að afmarka rannsóknarefnið miklu nákvæmar en yfirleitt hefur verið gert, og útiloka ýmis verk, sem fræðimenn hafa gjarnan tekið með í rannsóknum sínum á 'furstaspeglum'. Meðal þeirra verka, sem falla þannig burt af listanum, eru ýmis almennt guðrækileg verk eða siðavöndunarrit, sem eiga ekki frekar erindi til konunga en annarra manna, svo sem *De duodecim abusivis seculi* eftir Pseudo-Cyprianus, og svo líka stutt áminningarbréf, sem alls ekki er hægt að skilgreina sem ritgerðir.<sup>24</sup> Segja má að þessi rit skipti ekki ýkja miklu máli í sjálfu sér. En skilgreiningin leiðir einnig til þess að fella verður burt af listanum rit, sem margir fræðimenn hafa talið einn merkasta 'furstaspegil' á samanlögðum miðöldum, *Polycraticus* eftir Jóhannes frá Salisbury. En þetta fræga rit var ekki skrifað fyrir konung heldur fyrir annan mann og engu ómerkari, Tómas Becket, þáverandi kanslara og síðar erkibiskup, og efni þess er fyrst og

<sup>23</sup> Wilhelm Kleineke tekur fram að erfitt sé að gera lista yfir þessi verk: '... weil der Fürstenspiegel gattungsmässig nicht festbestimmt ist, weil er fließende Grenzen aufweist gegenüber dem politischen Pamphlet, gegenüber dem allgemeinen Moraltraktat und gegenüber der staatsrechtlichen Schrift' (tilv. rit, bls. 21). – Wilhelm Berges segir aðeins, að hann hafi leitt hjá sér persónuleg guðræknirit fyrir konunga eins og *La somme le roi* eftir bróður Laurentius.

<sup>24</sup> P.e.a.s. 'epistulae exhortatoriae', sem virðast hafa verið mikilvæg bókmenntagrein á Karlungatímabilinu, sbr. H.H. Anton, tilv. rit.

fremst að bera saman líf við hirðina og líf helgað heimspeki og sýna fram á yfirburði síðari kostsins.<sup>25</sup> Höfundur lýsir að vísu einnig þeim umbótum, sem hann telur nauðsynlegt að gera í Englandi, og veltir því fyrir sér hvernig heimspekin geti ráðið ríkjum, en þessar hliðar verksins gera það ekki að 'furstaspegli'. *Polycraticus* er umfangsmikið verk um heimspeki og siðferði, miklu stærra og yfirgrípsmeira en þau verk sem flokkast undir þá bókmenntagrein, og skrifað frá öðrum sjónarhóli.<sup>26</sup>

Þegar búið er að útiloka þau verk sem falla ekki undir skilgreininguna, eru eftir innan við tuttugu ritsmíðar eldri en Konungsskuggsjá eða frá svipuðum tíma, sem hægt er að kalla 'furstaspeglar'.<sup>27</sup> Hvað rit-

<sup>25</sup> Eins og undirtitillinn sýnir glögglega: 'de nugis curialium et vestigiis philosophorum' (útg. C.J. Webb, Oxford 1909).

<sup>26</sup> Wilhelm Berges segir, að maður gæti kallað *Polycraticus* e.k. 'Corteggiano' 12. aldar, ef höf. tæki ekki 'heimspeki' fram yfir 'hirðmennsku' (sbr. Berges, tilv. rit, bls. 136). Þetta nærir þó ekki til að gera verkið að 'Fürstenspiegel'.

<sup>27</sup> Þessi listi yfir 'furstaspeglar' miðalda, eldri en Konungsskuggsjá, er byggður á rannsóknnum H. H. Antons, W. Berges og W. Kleineke og þarfnast vafalaust endurskoðunar. Hann er á þessa leið:

1. Smaragdus frá Saint-Mihiel, *Via regia*, samin um 800–814 fyrir Lúðvík guðhrædda, sem þá var konungur af Akvítaníu (*Patrologia latina* 102, 931–970).
2. Ernold svartí, *Önnur elegía fyrir Pippin konung af Akvítaníu*, samin um 828 (*Monumenta Germaniae Historica poet. lat. II*, bls. 1–91).
3. Jónas frá Orléans, *De institutione regia*, samið um 831 fyrir Pippin af Akvítaníu, sbr. Jean Révireon, *Les idées politico-religieuses d'un évêque du IXe siècle. Jonas d'Orléans et son 'De institutione regia'*, París 1930. (Verk Jónasar virðist upphaflega hafa heitið *Admonitio Jonae episcopi ad Pippinum*, og er sá titill, sem verkið er nú þekkt undir, eftir útgefanda á seinni tímum (sbr. H.H. Anton, tilv. rit, bls. 216). Þessi ósiður útgefanda, einkum að því er virðist á 19. öld, að 'skíra upp' miðaldaverk hefur valdið miklum ruglingi.)
4. Sedulius Scotus, *Liber de rectoribus christianis*, samin milli 855 og 859 fyrir Lóthar 2. (*Patrologia latina* 103, 291).
5. Hincmar frá Reims, *De regis persona et regio ministerio*, samið um 873 fyrir Karl sköllotta (*Patrologia latina* 125, 833–856).
6. Hincmar frá Reims, *Ad proceres regni* og *Ad episcopos regni*, samin 882 fyrir Karlo-man konung (*Patrologia latina* 125, 993–1018).
7. Gottfred frá Viterbo, *Speculum regum*, samið 1180–83 og tileinkað Hinrik 6. keisara (M.G.H. SS 22, bls. 21–93).
8. Helinand frá Froidmont, *De regimine principum*, samið um 1200 (verk þetta er glatað, og eru ekki varðveittir nema útdrættir, sem Vincentius frá Beauvais notaði í *Speculum doctrinale*, sbr. Wilhelm Berges, tilv. rit, bls. 295–6).
9. Egidius frá París, *Carolinus*, saminn 1200 fyrir Lúðvík prins, síðar Lúðvík 8. Frakk-

unartíma snertir skiptast þau í tvo skýrt afmarkaða flokka. Sex fyrstu verkin eru frá Karlungatímabilinu og er hið elsta þeirra frá fyrstu árum 9. aldar og hið síðasta samið árið 882. Síðan tekur við þriggja alda hlé, og veit ég ekki um neinn 'furstaspegil' frá því tímabili. Í seinni flokknum eru rúmlega tíu verk og er hið elsta þeirra frá því um 1180 og hið síðasta samið um svipað leyti og Konungsskuggsjá, þ.e.a.s. upp úr miðri 13. öld, en bókmenntagreinin hélt síðan áfram án þess að nokkurt hlé yrði.

Pegar á lengd ritunartímans er litið – fjórar og hálföld – verður naumast sagt að þessi verk séu mjög stór og umfangsmikil bókmenntagrein. Hins vegar eru þau svo sundurleit og ólík innbyrðis, að oft er erfitt að sjá hvað þau eiga sameiginlegt eða hvað kann að tengja þau

landskonung (óútfinn, sbr. Wilhelm Berges, tilv. rit, bls. 296).

10. Giraldus Cambrensis, *De principis instructione*, lokið um 1217 (G.F. Warner, *Giraldi Cambrensis opera* VIII, London 1891).
11. Guilelmus Brito (Guillaume le Breton), *La Philippide (Philippis)*, samin um 1214–1224 fyrir Lúðvík 8. Frakklandskonung (H.F. Delaborde, *Oeuvres de Rigord et de Guillaume le Breton*, 2, Publications de la Société de l'histoire de France, 69, Paris 1885).
12. Jóhannes frá Viterbo, *Liber de regimine civitatum*, samin um 1228 (*Johannis Viterbensis Liber de regimine civitatum curante Caietano Salvemini*, Bibl. juridica medii aevi, ed. A. Gaudentius, Bononiae 1901. Sjá einnig F. Hertter, *Die Podestà-litteratur Italiens im 12. und 13. Jahrhundert*, Leipzig 1910, bls. 43–72).
13. Jaime I. af Aragon, *Libre de saviesa ó doctrina*, samin um 1246 fyrir syni konungs (útg. J.M. Castro y Calvo, Barcelona 1946).
14. *Libro de la nobleza y lealtad*, samin 1250–60 fyrir Fernand 3. af Kastilíu (sbr. Berges, tilv. rit, bls. 299).
15. Robert de Blois, *L'enseignement des princes*, samið um miðbik 13. aldar (sbr. John Howard Fox, *Robert de Blois, son oeuvre didactique et narrative*, Paris 1948).
16. Jean de Limoges, *Morale somnium pharaonis, sive de regia disciplina*, samið 1255–60 fyrir Thibaud konung af Navarra (J.A. Fabricius, *Codex pseudepigraphicus veteris testamenti* I, Hamburg 1722, bls. 441–496).
17. Guibert frá Tournai, *Eruditio regum et principum*, samið fyrir Lúðvík helga og dagsett í október 1259 (A. de Poorter, *Le traité Eruditio regum et principum de Guibert de Tournai*, Les philosophes belges 9, Louvain 1914).
18. Þrjú brot úr ófullgerðu verki eftir Vincentius frá Beauvais, sem var í undirbúningi um miðbik 13. aldar og ætlað Lúðvíki helga og Thibaud konungi af Navarra (sbr. Wilhelm Berges, tilv. rit, bls. 185 og 303):
  - a) Vincentius af Beauvais, *De eruditione filiorum nobilium* (eða *regalium*) (útg. Arpad Steiner, Cambridge, Mass. 1938).
  - b) Vincentius frá Beauvais, *De morali principis instructione*.
  - c) Pseudo-Thomas, *De eruditione principum*.

saman. Til þess að glöggva sig betur á þessum verkum er því nauðsynlegt að byrja á því að athuga hvort hægt er að skipta þeim í flokka eftir uppbyggingu þeirra og efnisvali, þ.e.a.s. búa til eins konar 'typólógíu' verkanna. Þótt hinar ýmsu gerðir þeirra renni saman og markalínur séu ákaflega óljósar, virðist vera hægt að skipta þeim í fjóra flokka.

1) Hinir einföldustu 'furstaspeglar' eru lítið annað en skrá yfir þær dyggðir, sem fyrirmyndarkonungurinn þarf að hafa til brunns að bera ('Tugendkatalog'), og kannski stundum skrá yfir þá lesti, sem hann þarf einkum að varast, og er fjallað um þessar dyggðir (og þessa lesti) hverjar á eftir annarri. Til þessa fyrsta flokks teljast verk eins og *Via regia* eftir Smaragdus frá Saint-Mihiel, sem skrifað var á fyrstu árum níundu aldar, og *L'enseignement des princes* eftir Robert de Blois, skrifað um miðja 13. öld, svo og fyrsti hlutinn af *De principis instructione* eftir Giraldus Cambrensis, sem lokið var um 1217, en 'dyggðaskrár' af þessu tagi finnast í mörgum öðrum og umfangsmeiri verkum.<sup>28</sup>

2) Til annars flokksins teljast rit, sem lýsa einhverjum ákveðnum sögulegum konungi, eða kannski fleiri en einum, sem fyrirmynd fyrir konunga síðari tíma. Er vinsælt að ráðleggja konungum að líkja eftir Davíð eða Salómon, en einnig er stungið upp á síðari tíma konungum, svo sem Karlamagnúsi eða ættfedrum þess sem skrifað er fyrir, sem góðri fyrirmynd fyrir þjóðhöfðingja. Þessi flokkur er nátengdur fyrsta flokknum, því að höfundarnir byrja stundum á 'dyggðaskrá' og fara síðan að segja frá einhverjum konungi, sem var öllum þessum dyggðum prýddur. Verk af því tagi er *Önnur elegía Ernolds svarta fyrir Pippin konung af Akvítaníu*, samin um 828. Þar er fyrst 'dyggðaskrá' tekin beint upp úr *Via regia* eftir Smaragdus, síðan er sagt frá dyggðugum konungum, Davíð, Salómon, Pippin frá Herstal, Karli Martel o.s.frv., og loks er konungur minntur á að fylgja fordæmi dyggðum prýddra forfedra sinna. Í *De principis instructione* eftir Giraldus er þessu snúið við, þannig að á eftir dyggðaskránni er sögð saga Hinriks II. Englandskonungs sem dæmi um dapurleg örlög konunga, sem hafa ekki tilskildar dyggðir. Í verkinu *Carolinus* eftir Egidius frá París notar

<sup>28</sup> *Via regia* er byggð upp sem 'dyggðaskrá', og bera kaflaheitin þess glögg vitni: 'de timore, de sapientia, de prudentia, de simplicitate' o.s.frv. Í *L'enseignement des princes* eru vopn riddarans og klæði notuð sem tákn fyrir hinar ýmsu dyggðir konungsins (sem er fremstur riddara) og er fjallað um þær hverja eftir aðra, en síðan eru taldir upp þeir lestir, sem ber að varast.

höfundur hinar fjórar höfuðdyggðir til að byggja upp frásögn af ævi Karlamagnúsar, sem hann telur vera öðrum konungum til fyrirmyndar. Tvö verk, sem hægt er að telja til þessa flokks, *Speculum regum* eftir Gottfred frá Viterbo og *La Philippide* eftir Guilelmus Brito (Guillaume le Breton), nálgast hins vegar meir að vera hrein sagnfræðirit, og er þar ekki dyggðaskrá.

3) Til þriðja flokks 'furstaspegla' teljast verk, sem telja ekki einungis upp þá kosti, sem fyrirmyndarkonungur á að hafa, heldur lýsa honum einnig í hlutverki sínu. Efni þessara rita er því tvíþætt: annars vegar segja þau frá einkennum hins réttláta konungs, og hins vegar fjalla þau um það hvernig hann getur viðhaldið réttlæti í þjóðfélaginu. Verk af þessu tagi er *De regis persona et regio ministerio* eftir Hincmar frá Reims, samið um 873, sem fjallar fyrst og fremst um konung í hlutverki herforingja og dómara, og *Liber de rectoribus christianis* eftir Sedulius Scotus, samið um 855, sem fjallar á kerfisbundinn hátt um 'góða konunginn' (*bonus princeps*), sem borinn er saman við andstæðu sína *rex impius*, og um afstöðu hans til þeirra sem umgangast hann. *Eruditio regum et principum* eftir Guibert frá Tournai, samið 1259, er einnig mjög kerfisbundin hugleiðing um sjálfsaga konungs og hvernig hann geti síðan agað þegna sína.

4) Fjórdi og síðasti flokkur 'furstaspegla' er að mörgu leyti líkur hinum þriðja, þannig að mörkin eru ekki alltaf ljós, en munurinn er sá, að viðfangsefni þeirra verka, sem hér er hægt að flokka, eru umfangsmeiri, og sjóndeildarhringurinn er víðari. Í stað þess að lýsa einungis fyrirmyndarkonungi og hlutverki hans fjalla höfundarnir um stjórnvaldið yfirlétt, afstöðuna milli konungsvalds og kirkjuvalds og konungdæmi og hlutverk þess. Meðal þeirra verka, sem unnt er að telja til þessa flokks, má nefna *De institutione regia* eftir Jónas frá Orléans, samið um 831, og bréfin tvö sem Hincmar frá Reims skrifaði árið 882, *Ad proceres regni* og *Ad episcopos regni*. Þótt *Liber de regimine civitatum* eftir Jóhannes frá Viterbo, samið um 1228, sé skrifað fyrir borgarstjóra (podestà) í ítölskum borgum, hefur það einnig að geyma kerfisbundnar hugleiðingar um þessi málefni: verkið byrjar á skýringum á helstu hugtökum í stjórnmálafræðum, eins og *regimen*, *civitas* og *potestas*, og síðar er fjallað mjög rækilega um keisaravald og páfavalld. Um miðja 13. öld vann hinn mikli alfræðibókarhöfundur Vincentius frá Beauvais að yfirlitsriti um stjórnmál, og þótt verkinu yrði aldrei lokið, voru þrjú brot úr því gefin út. Fjallar hið fyrsta, *De eruditione*

*filiorum nobilium*, um uppeldi heldri manna barna og er því ekki 'furstaspegill' í þröngum skilningi, en hin tvö, *De morali principis instructione* og *De eruditione principum*, fjalla ítarlega um konungsvald og konungdæmi.<sup>29</sup>

Milli þessara flokka eru nánin tengsl, og væri hægt að tala um stöðuga þróun frá fyrsta til fjórða flokks. Hver flokkur tekur nefnilega upp umræðuefni flokksins á undan og bætir öðrum nýjum við, og þannig er sífellt fjallað um aðalefnið, fyrirmyndarkonunginn, á flóknari og umfangsmeiri hátt. Einföld dyggðaskrá verður smám saman að kerfisbundnum hugleiðingum um konungvaldið í öllu sínu samhengi. En þessi þróun er samt ekki annað en hugmynd, því að flokkarnir fjórir taka engan veginn hver við af öðrum í tímans rás: þeir eru allir til samtímis. Meðal hinna sex 'furstaspegla' frá Karlungatímabilinu má finna fulltrúa allra flokkanna fjögurra, og um þá alla eru einnig skýr dæmi á 12. og 13. öld. Það er því ekki að furða þótt H.H. Anton, sem fæst einungis við verk Karlungatímabilsins, haldi því ákveðið fram að ekkert sé sameiginlegt í formgerð þeirra: '*Den karolingischen Fürstenspiegel in formaler Hinsicht gab es nicht*'.<sup>30</sup>

Hann lætur sér síðan nægja að búa til lista yfir þau umræðuefni<sup>31</sup> sem tekin eru til meðferðar í þessum verkum: það sem skapar einingu bókmenntagreinarinnar er að sérhver 'furstaspegill' fjallar um eitt eða fleiri umræðuefni á þessum lista. Þótt listi Antons sé gerður eftir verkum Karlungatímabilsins, hefur hann að geyma umræðuefni þeirra fjögurra flokka, sem áður voru taldir, og má líta á hann í heild sinni sem e.k. efnisskrá yfir fjórða flokkinn, sem er efnismestur, því að hann felur einnig í sér umræðuefni hinna flokkanna þriggja. Listinn er á þessa leið í nokkuð breyttri mynd og aðlagðri að þeirri flokkaskiptingu, sem hér hefur verið notuð.<sup>32</sup>

1) Afstaða konungsvalds og kirkjuvalds, staða konungsins í þeirri al-

<sup>29</sup> Svo virðist sem *De eruditione filiorum nobilium* og *De morali principis instructione* séu fullgerðir hlutar af verki Vincentius frá Beauvais, en *De eruditione principum* (sem síðar var ranglega eignað Tómasi frá Akvínó) sé ágríp af því eins og það átti að verða í heild, og hafi samstarfsmenn Vincentius gefið það út eftir dauða hans (sbr. Berges, tilvitn., bls. 185 o. áfr. og bls. 303 o. áfr.).

<sup>30</sup> H.H. Anton, *Fürstenspiegel und Herrscherethos*, bls. 89, n. 64.

<sup>31</sup> 'Themenkreise', sama stað.

<sup>32</sup> Sama stað. Eins og H.H. Anton raðar umræðuefnunum upp er listinn svona: '1) Die Stellung des Königs in der Weltordnung (Minister, Vicarius Dei); 2) Bedeutung der



heimsskipan, sem guð hefur ákveðið, skilgreining orðsins *rex* og andstæðan *rex* og *tyrannus*.

2) *Virtutes regiae*, fyrirmyndarkonungurinn, siðferði konungs í einkalífi og stjórnámálum, laun konungs eftir dauðann (og refsing ef svo ber undir).

3) Dæmi um konunga (Sál, Davíð, Salómon, ættfeður þess konungs sem verkið er samið fyrir).

4) Starf konungs og hlutverk hans sem verndari þeirra, sem eru minnimáttar, og fyrirmynd þegna sinna. Aðferðir hans við að beina þegnum sínum á rétta braut og viðhalda dyggðum í ríkinu.

Hinir einföldustu 'furstaspeglar' fjalla einungis um annað umræðuefnið á þessum lista, dyggðirnar, en hin verkin bæta við öðrum umræðuefnum, uns þau eru flestöll eða öll tekin fyrir í verkum fjórða flokksins. En þessi listi Antons sýnir, að öll þau umræðuefni, sem tekin eru til meðferðar í 'furstaspeglum' miðalda fram á 13. öld a.m.k., voru fyrir hendi þegar í upphafi, og efnisvalið í hinum einstöku verkum fer því eftir höfundunum og þeim markmiðum sem þeir höfðu í huga, en ekki eftir ritunartíma og einhverri sögulegri þróun þessarar bókmenntagrein.

Þetta síðasta atriði er mikilvægt. Ef hægt væri að sýna fram á beina þróun, t.d. fjölgun og útvíkkun umræðuefna þessara verka í tímans rás, væri nefnilega augljóst, að um skýrt afmarkaða bókmenntagrein væri að ræða, og hægt að tala um 'furstaspegla-hefð' á miðöldum. En þótt þessi þróun hafi ekki orðið, er þá a.m.k. hægt að sýna fram á einhverja bókmenntatengsl milli þessara verka? Er t.d. hægt að finna einhverja vissa fyrirmynd, sem hafi haft áhrif á þessa 'furstaspegla', hafa höfundar þeirra stuðst við eldri verk af sama tagi eða þá hins vegar skrifað gagnert á móti þeim?

Um þessi atriði hefur aldrei verið fjallað á kerfisbundinn hátt, en eftir þeim upplýsingum að dæma sem fyrir hendi eru, virðast bókmenntaleg tengsl þessara 'furstaspegla' vera ákaflega lítil. Jónas frá Orléans virðist þekkja verk Smaragds en hann styðst lítið sem ekkert

Rexdefinition (Isidor, Pseudo-Cyprian), Kontrastierung Rex-Tyrannus; Exempla des Herrschers; 3) das Amt des Königs (Ministerium, Officium), Schutz der Kirche, der Armen, Witwen und Waisen; Volksleitung; Correctio der Untertanen, Vorbildhaftigkeit des eigenen Handelns; Bedeutung der Ratgeber; 4) Virtutes regiae und Privatmoral (Selbstlenkung), Lohn und Straf des Herrschers; Korrelatverhältnis Herrschertugend-Volkswohl'.

við það.<sup>33</sup> Sedulius Scotus notar hvorki verk Smaragds né Jónasar.<sup>34</sup> Hincmar mun hafa þekkt verk Jónasar, en honum virðist vera meira í mun að bæta við það en skrifa um sömu hluti og fyrirrennarinn.<sup>35</sup> Ernold svarti er eini höfundur Karlungatímabilsins, sem styðst rækilega við eldri 'furstaspegil', þ.e.a.s. verk Smaragds, en hann er líka sá eini, sem semur ekki verk sitt í beinum pólitískum tilgangi, því að hann orti *Elegíu sína* ekki til að hafa áhrif á Pippin konung, heldur til að sættast við hann og fá að snúa aftur úr útlegð.<sup>36</sup>

Það er því engan veginn hægt að tala um 'furstaspegla-hefð' á Karlungatímabilinu, og jafnvel þótt svo hefði verið, hefði hún rofnað að því loknu. Wilhelm Berges fullyrðir nefnilega að 'furstaspeglar' þessa tíma hafi ekki haft nein áhrif á sams konar verk 12. og 13. aldar, – það sé jafnvel ekki til nein sönnun fyrir því að menn hafi yfirleitt lesið þau á þessum tíma.<sup>37</sup> Um 'furstaspegla' 12. og 13. aldar gegnir svo mjög svipuðu máli og verk Karlungatímabilsins. Fyrstu tvö verkin úr þeim hópi, *De principis instructione* eftir Giraldus og *Speculum regum* eftir Gottfred frá Viterbo virðast ekki hafa haft nein áhrif á bókmenntir yfirleitt.<sup>38</sup> *La Philippide* eftir Guillaume le Breton er samin sem svar við *Carolinus* eftir Egidius frá París, og hafði þetta fyrrnefnda verk nokkur áhrif, en ekki á yngri 'furstaspegla' heldur á sagnaritun.<sup>39</sup> Á sama hátt hafði *Liber de regimine civitatum* eftir Jóhannes frá Viterbo áhrif á *Le livre du trésor* eftir Brunetto Latini, sem á ekkert skylt við 'furstaspegla'.<sup>40</sup> Hvað snertir þau verk, sem samin voru um miðja 13. öld, þá

<sup>33</sup> 'Jonas kennt also seinen aquitanischen Vorläufer, ist ihm aber nicht im Essentiel-len verpflichtet', H.H. Anton, tilv. rit, bls. 216.

<sup>34</sup> 'Direkte Beziehungen zu den kontinentalen Autoren derselben Literatur scheint er kaum aufzuweisen', H.H. Anton, tilv. rit, bls. 263, n. 582.

<sup>35</sup> Sbr. Wilhelm Berges, *Die Fürstenspiegel*, bls. 3, n. 3. Hincmar virðist hafa notað handrit, sem hafði m.a. að geyma brot úr verki eftir Jónas ásamt tilvísunum í kirkju- feður o.fl. Sbr. H.H. Anton, tilv. rit, bls. 222 og 286.

<sup>36</sup> Um verk Ernolds svarta sjá H.H. Anton, tilv. rit, bls. 190–98.

<sup>37</sup> Wilhelm Berges, tilv. rit, bls. 3.

<sup>38</sup> Sama stað, bls. 294. Um *Speculum regum* sjá einnig Wattenbach-Schmale, *Deutschlands Geschichtsquellen im Mittelalter I*, Darmstadt 1976, bls. 77–92. Þetta verk virðist hafa verið lesið, en þó ekki mikið, í lok miðalda.

<sup>39</sup> H.F. Delaborde: *Oeuvres de Rigord et de Guillaume le Breton I*, París 1885, bls. lxxvii.

<sup>40</sup> Wilhelm Berges, tilv. rit, bls. 299.

virðast sum þeirra hafa haft áhrif á rit 14. aldar og yngri<sup>41</sup> – og má vera að þá hafi orðið til raunveruleg ‘furstaspegla-hefð’ – en þá er komið út fyrir ramma þess tímabils sem varðar Konungsskuggsjá: hversu vel sem norsk höfundurinn kann að hafa þekkt bókmenntir Evrópu eru þessi rit of ung og of dreifð til að hafa getað myndað einhvers konar ‘hefð’ í hans augum.

Niðurstaðan er því sú að ‘furstaspeglar’ þess tímabils, sem hér er verið að fjalla um, séu ekki háðir hver öðrum: höfundar þessara verka eru yfirleitt einangraðir og þekkja ekki verk fyrirrennara sinna, eða styðjast a.m.k. ekki við þau. Þess vegna er ekki hægt að tala um neina ‘furstaspegla-hefð’ fyrir miðja 13. öld a.m.k.; ef þessi verk eiga eitt-hvað sameiginlegt verður að leita þess annars staðar en í gagnkvæmum áhrifum.

Fyrsta skýringin á þessum ‘furstaspegla-bókmenntum’, sem manni dettur í hug, er sú að þessi verk séu byggð á einhverjum sameiginlegum heimildum. Slíkar heimildir eru til, og er auðvelt að benda á þær; má t.d. nefna *De duodecim abusivis saeculi* eftir Pseudo-Cyprianus, sem hafði mjög mikil áhrif á verk Karlungatímabilsins, og *De civitate dei* eftir Ágústínus, sem hafði reyndar mjög víðtæk áhrif á allar miðaldabókmenntir fram á 13. öld a.m.k. En rit af þessu tagi eru þó ekki heimildir fyrir efnisvali og formgerð þessara ‘furstaspegla’ heldur fyrst og fremst fyrir þeim hugmyndum, sem þar eru settar fram. Með því að vísa til slíkra grundvallarrita er því ekki verið að segja annað en það að ‘furstaspeglar’ þessa tímabils hafi verið undir sömu sökina seldir og aðrar lærdar bókmenntir miðalda, og þar komi fram þær hugmyndir, sem ‘lágu í loftinu’ ef svo má segja.

En þegar leitað er nákvæmar að heimildum hvers rits, kemur í ljós, að þau eru gjarnan nátengd ritum, sem eru ekki hluti af þessum ‘furstaspegla-bókmenntum’ og eru mismunandi innbyrðis. Í riti sínu *Via regia* tekur Smaragdus t.d. upp langa kafla svo til orðréttu úr uppbyggilegum ritum, sem hann hafði sjálfur samið, *Diadema monachorum* og *Skýringum við Benedíkts-reglu*.<sup>42</sup> Þegar Jónas frá Orléans samdi

<sup>41</sup> Þetta á ekki síst við um ritið *De eruditione principum*, sem virðist hafa verið samið upp úr ‘seðlum’ Vincentiusar frá Beauvais (sbr. athugasemd 28), en var gjarnan eignað miklu frægari höfundi, Tómasi frá Akvíno (sbr. Wilhelm Berges, tilv. rit, bls. 309).

<sup>42</sup> H.H. Anton, tilv. rit, bls. 133 og áfram.

*De institutione regia*, notaði hann kafla úr riti sínu *De institutione laicali* og úr ályktunum kirkjuþings í París 829, sem hann hafði sjálfur skrásett.<sup>43</sup> Á 13. öld byggir Guibert frá Tournai stóra hluta af verki sínu *Eruditio regum et principum* á áttundu bók *Speculum doctrinale* eftir Vincentius frá Beauvais.<sup>44</sup>

Það er jafnvel hægt að ganga ennþá lengra og tengja þá fjóra flokka 'furstaspeglar', sem áður voru taldir, við ólíkar bókmenntagreinir miðalda. Það er nefnilega greinilegt, að verk fyrsta flokksins eru náskyld venjulegum uppbyggilegum ritum, eða verkum sem ætluð eru til uppbyggingar öðrum stéttum, svo sem *Diadema monachorum*. Á sama hátt eru verk annars flokksins nátengd sagnfræði, og er reyndar sáralítill eða enginn munur á verkum eins og *Speculum regum* eða *La Philippide* og venjulegum söguritum. Loks standa verk tveggja síðustu flokkanna mjög nálægt almennum yfirlitsritum eða heimspekilegum ritum um stjórnmálafræði: vera má að verk Vincentiusar frá Beauvais, sem hann kallar á einum stað 'opus universale',<sup>45</sup> hefði alls ekki orðið 'furstaspegyll' heldur alfræðibók um stjórnmál, ef honum hefði tekist að ljúka því samkvæmt upphaflegri áætlun.

Nú fer málið heldur að vandast, því ekki verður hjá því komist, að þessar síðustu niðurstöður veki þá spurningu hvort þessar 'furstaspeglar-bókmenntir' séu yfirleitt til sem sérstök bókmenntagrein, hvort hér hafi í rauninni ekki verið spyrt saman rit, sem áttu harla lítið sameiginlegt annað en að fjalla á einhvern hátt um konunga. Ef maður skilgreinir bókmenntagrein á þann hátt, að hún sé samsafn af ritum eftir höfunda, sem vissu hverjir um aðra, fylgdu sömu fyrirmyndum eða líktu hverjir eftir öðrum og hlýddu sömu reglum í ritsmíðum sínum – og það er erfitt að halda fram annarri skilgreiningu – er augljóst, að þessir 'furstaspeglar' eru ekki sjálfstæð og afmörkuð bókmenntagrein. Það má jafnvel ganga svo langt að segja, að eins og þessum svokölluðu 'furstaspeglum' er venjulega lýst, er þessi ákveðna 'bókmenntagrein', a.m.k. að því er snertir tímabilið fram yfir miðja 13. öld, hreinn tilbúningur 19. aldar fræðimanna.

Ég vil þó ekki halda því fram að strika beri þessi rit algerlega út úr

<sup>43</sup> Sama rit, bls. 211 og áfram.

<sup>44</sup> Sbr. inngang rits A. de Poorter, *Le traité Eruditio regum et principum de Guibert de Tournai*, Louvain 1914.

<sup>45</sup> Í formála *De eruditione filiorum nobilium* (sbr. útg. Arpad Steiner, bls. 3, og Wilhelm Berges, tilv. rit, bls. 305).

bókmenntasögu miðalda sem bókmenntagrein. Þau eru það að vissu leyti, en stöðu þessarar bókmenntagreinar er á allt annan veg háttað en venjulega hefur verið talið. Segja má, að í menningarheimi miðalda séu þessir 'furstaspeglar' staddir á einhverjum fremur óljósum stað, þar sem mætast uppbyggileg rit um siðferði, stjórnmálarit og sagnfræðirit, og þeir séu á vissu 'reiki' milli þessara bókmenntagreina.<sup>46</sup> Samt sem áður hafa þessi verk í heild sinni vissa einingu, vegna þess hvernig þar fléttast saman þau umræðuefni eða þemu sem áður voru nefnd. Þema 'fyrirmyndarkonungsins' er ekki aðeins leiðsögupráður, sem gerir kleift að skilgreina hvað 'furstaspegill' er, heldur verður það í þessum verkum að eins konar miðpunkti í þema-samsafni, þar sem siðfræðilegir, pólitískir og sögulegir þættir, sem komnir eru úr ýmsum áttum, fléttast saman eftir reglum af því tagi, sem flokkaskiptingin gefur til kynna (og geta verið mjög margvíslegar).

En ástæðunnar fyrir þessari einingu verkanna er að leita utan bókmenntasviðsins: 'Furstaspeglar' þessa tímabils miðalda eru samdir án beinna tengsla sín á milli, en við svipaðar aðstæður, – það er að segja í ákveðnum tengslum við konung eða höfðingja (og skiptir litlu máli í þessu sambandi hvort tengslin eru jákvæð eða neikvæð) og endurspeglar þannig þær hugmyndir, sem við hann eru bundnar. Þegar ekki er gerður skýr greinarmunur á hegðun í einkalífi og opinberu siðferði, þegar svo er litið á að konungur eigi að vera dyggðugur og tryggja að þegnar hans séu það líka – því einungis 'rex iustus' er lögmætur konungur, – og sagan, ekki síst biblúsagan, er álitin vera leiðarvísir ('magistra vitae') fyrir stjórnmálamenn, – þá er ljóst að persóna konungsins sameinar öll þau atriði, sem mynda 'furstaspeglar' þegar í upphafi. Það er því fullkomlega eðlilegt að hliðstæð verk séu rituð hvert óháð öðru á mjög ólíkum tímum og stöðum.<sup>47</sup>

Um þetta mætti margt segja, en nú er kominn tími til að víkja aftur að Konungsskuggsjá og athuga hver kunni að vera tengsl hennar við erlenda 'furstaspeglar'. Það var lengi talið svo augljóst að norska ritið tilheyrði þessari svokölluðu bókmenntagrein, að fræðimenn gerðu sér ekki það ómak að athuga málið, heldur létu sér nægja óljósar fullyrð-

<sup>46</sup> Kleineke komst að nokkuð svipaðri niðurstöðu, sbr. athugasemd 22.

<sup>47</sup> Það er því ekki fjarri lagi að útskýra þessa 'furstaspeglar' með almennri þörf fyrir slík verk, eins og H. Hellmann gerir (*Sedulius Scotus, Quellen und Untersuchungen zur lateinische Philologie des Mittelalters, München 1906, bls. 1–2*), þótt það hugtak þarfnist að sjálfsgöðu nánari skýringar.

ingar eins og þá, að Konungsskuggsjá líktist sumum 'furstaspeglum' en ekki öðrum, og hefði höfundur hennar kannski fylgt mörgum fyrirmyndum. En Sverre Bagge, sem er sá eini, sem hefur rannsakað málið, kemst að allt annarri niðurstöðu. Hann segir fyrst að í Konungsskuggsjá sé ekki að finna nein merki um áhrif frá erlendum 'furstaspeglum',<sup>48</sup> og eftir að hafa rannsakað mjög vandlega stjórn málahugmyndir hins norska höfundar, gengur hann enn lengra og segir að hann hafi sennilega ekki lesið neinn erlendan 'furstaspegil' og þekki ekki þessa bókmenntagrein.<sup>49</sup>

Þessi kenning Sverre Bagge er tvímælalaust rétt, en hún er þó ekki lokasvar við þeirri spurningu, sem sett var fram áðan. Hafi höfundur Konungsskuggsjár ekki þekkt neinn 'furstaspegil' eldri, er hann að því leyti ekki ólíkur mörgum höfundum slíkra rita og gæti þess vegna vel hafa samið eins konar norskan 'furstaspegil', enda bendir Sverre Bagge líka á að ýmislegt sé sameiginlegt með norska ritinu og þessum erlendu verkum.<sup>50</sup> Spurningin er því fyrst og fremst sú hvort höfundur Konungsskuggsjár sé í svipaðri stöðu gagnvart konungi og höfundar hinna erlendu 'furstaspeglar' og hvort sú staða leiði til þess að fjallað sé um samskonar efni eftir svipuðum reglum. Eins og uppbyggingu Konungsskuggsjár er háttað má finna í henni þrjú atriði, sem gefa tilefni til almenns samanburðar við erlenda 'furstaspeglar'. eru þau í fyrsta lagi tengslin við persónu konungsins, í öðru lagi uppbygging verksins í heild, og í þriðja lagi uppbygging og efni þriðja bólkans, hins svokallaða 'konungsbálks'. Verður því fjallað um þessi atriði hvert fyrir sig.

1) Konungsskuggsjá er að því leyti ólík flestum 'furstaspeglum' að ekkert í verkinu gefur til kynna að hún sé rituð fyrir einhvern ákveðinn konung: hún er ekki tileinkuð konungi og hann er hvergi ávarpaður ur beint. Þetta atriði, sem menn virðast aldrei hafa gefið mikinn gaum,

<sup>48</sup> Sverre Bagge, *Den politiske ideologi i Kongespeilet*, bls. 22.

<sup>49</sup> Sama stað, bls. 258.

<sup>50</sup> Sverre Bagge dregur því ekki beinlínis í efa, að Konungsskuggsjá sé 'Fürstenspiegel' (sama stað, bls. 22–23), en hann skoðar vandamálið frá praktísku sjónarmiði. Öll þessi rit eiga það sameiginlegt að fjalla mjög ítarlega um konung, og þar sem þessir 'furstaspeglar' eru langstærsti hluti þeirra erlendra rita um stjórn málafræði, sem ekki eru samin af sérfræðingum í kirkjurétti eða Rómarrétti, liggur í augum uppi að það eru fyrst og fremst þeir, sem nothæfir eru til samanburðar ef menn ætla að rannsaka stjórn mála-kenningar Konungsskuggsjár í evrópsku samhengi. Eins og Sverre Bagge afmarkar rannsóknarefni sitt er þessi aðferð góð og gild, hvaða skoðun sem menn hafa á því hvort Konungsskuggsjá geti talist 'furstaspegill' eða ekki.

gerir það ólíklegt að verkið sé beinlínis ritað fyrir Hákon konung eða hann hafi beðið um það til að uppfærða syni sína. Þrátt fyrir þetta er ekki loku fyrir það skotið, að höfundur Konungsskuggsjár hafi verið í sömu stöðu gagnvart konungi eða svipaðri og höfundar hinna erlendu 'furstaspegla'. Til að komast að raun um það verður að athuga hlutverk hans í ritinu: er hann aðalpersóna þess og eru þau vandamál sem snerta hann kynnt sem aðalefni bókarinnar?

Staða konungs í þessu norska riti er fremur undarleg og jafnvel tvíræð. Í formálanum segir höfundur mjög skýrt: 'Svo á konungur hver sem einn að sjá í þessa skuggsjón' – og virðist það benda til þess að verkið sé samið fyrir konunga og sé starf þeirra og hlutverk aðalatriðið – en hann bætir strax við: 'En þó að það nafn sé heldur á að kónigs skuggsjón sé kallað, þá er hún skipuð öllum og þar með heimild svo sem almenningur, því að hverjum er kostur í að sjá er vill'.<sup>51</sup> Konungsskuggsjá er því samin fyrir nokkuð breiðan lesendahóp en ekki gerð sérstaklega fyrir konung eða konunga.

Eins og mönnum er kunnugt er norska ritið samtalsbók. Þetta bókmenntaform er ekki notað í erlendum 'furstaspeglum' eldri, þótt e.t.v. mætti halda því fram að bréfaskiptaformið, sem notað er í ritinu *Morale somnium Pharaonis*, sé því hliðstætt og einnig spurninga- og svaraformið í verkinu *Libro de la nobleza y lealtad*. Í báðum þessum ritsmíðum er bókmenntaformið notað á þann hátt að kenningar og skoðanir höfundar eru settar fram eins og svör við fyrirspurnum konungsins sjálfs. Um samtalsformið í Konungsskuggsjá gegnir hins vegar allt öðru máli. Höfundur setur á svið 'föður' og 'son', sem eru ekki nafngreindir eða kynntir nánar, en eru ekki á nokkurn hátt konunglegar persónur. 'Faðir' hefur áður verið hirðmaður og 'sonur' ætlar að fara að fordæmi hans og þjóna konungi, en það kemur vitanlega alls ekki til greina að hann geti orðið konungur sjálfur. Mikill hluti samtalsins snýst í kringum vandamál, sem sett eru í samband við væntanlegan feril 'sonar'. Í formálanum er svo látið heita, að 'sonur' hafi skrifað ritið til að varðveita kennslu 'föður'.<sup>52</sup>

<sup>51</sup> *Konungs skuggsjá*, útg. Ludvig Holm-Olsen, Ósló 1983, bls. 2. (Hér er jafnan vitnað í þessa útgáfu).

<sup>52</sup> Anne Holtmark reynir að benda á hliðstæðu: 'Et annet 'kongespeil' som er formet som en fars formaninger til sin sønn er Ludvig den helliges råd til sin sønn Philippe, overs. til sv. i middelalderen' (*Kulturhistorisk leksikon IX*, 62). En hér er ekki um raunverulega hliðstæðu að ræða: í *Enseignemens au Prince Philippe* (sem virðist vera

Að þessu leyti er Konungsskuggsjá því geróflík hinum erlendu 'furstaspeglum': hún er ekki samin fyrir konung og konungur er ekki aðalpersónan. Það er ekki hægt að bera norska ritið saman við verk eins og *L'enseignement des princes* eftir Robert frá Blois. Það er að vísu samið fyrir riddara og lýsir þeim dyggðum, sem þeir eiga að hafa, en snertir þó konung alveg beint, því að hann er einmitt fremstur riddara og á að hafa allar dyggðir þeirra í enn ríkara mæli en aðrir. Konungsskuggsjá er ætluð öllum, þar á meðal konungi, en hún fjallar um vandamál, sem snerta 'son' fyrst og fremst og eru mörg hver langt frá því að tengjast konungi og hlutverki hans. Höfundur Konungsskuggsjár er því alls ekki í sömu stöðu gagnvart konungi og höfundar hinna erlendu 'furstaspegla' og semur verk sitt frá öðrum sjónarhóli.

2) Til þess að glöggva sig betur á því sem hér hefur verið sagt er rétt að líta nánar á umræðuefni 'föður' og 'sonar' og heildarbyggingu verksins. Konungsskuggsjá skiptist eins og kunnugt er í þrjá bála, kaupmannabálk, hirðmannabálk og konungsbálk og ákvarðast tveir hinir fyrstu af því að 'sonur' ætlar fyrst að gerast kaupmaður um nokkurt skeið og leita síðan inngöngu í hirðina til að verða konungsmaður. Þetta er uppbygging, sem ekki finnst í neinum erlendum 'furstaspeglum', og þar að auki hefur ekkert þessara erlendu verka neitt sem líkist kaupmannabálknum: það sem í honum stendur er alveg óskyllt umræðuefnum þeirra. Maður gæti ætlað að hirðmannabálkurinn væri meira í anda 'furstaspegla' af tveimur síðari flokkunum, enda eru stundum í slíkum ritum kaflar um hirð konungsins. En þó er veigamikill munur á þeim og Konungsskuggsjá. Í erlendu ritunum er fjallað um hirðina og skipan hennar frá sjónarmiði konungs og áhersla lögð á stöðu hans gagnvart hirðmönnum.<sup>53</sup> Hirðmannabálkur norska ritsins er hins vegar saminn fyrir ungan og fáfróðan mann, sem vill fá inn-

samið 1270 og því áreiðanlega yngra en Konungsskuggsjá) er 'faðir' konungurinn sjálfur og 'sonur' ríkisarfinn.

<sup>53</sup> Slíkir kaflar virðast þó ekki vera eins algengir og búast mætti við, og fjalla gjarnan um það hvernig konungur eigi að velja sér ráðgjafa og hvaða hættur honum geti stafað af smjæðri og undirferli. Í *De rectoribus christianis* eftir Sedulius Scotus heitir 6. kaflinn t.d. 'Quales consiliarios et amicos bonum principem habere decet', og 4. kaflinn í *De regis persona et regio ministerio* eftir Hincmar frá Reims heitir 'Quales sibi adhibere debeat rex consiliarios'. Í *De morali principis instructione* eftir Vincentius frá Beauvais fjallar fjórði hluti verksins um hættur af smjæðri o.þ.h. (sbr. Wilhelm Berges, tilv. rit, bls. 308).



göngu í hirðina, og litið er á öll mál frá sjónarmiði hirðmannsins sjálfs. Þar eru t.d. heilmiklar ráðleggingar fyrir mann, sem kemur í fyrsta skipti í konungsgarð og vill því vita hvernig hann á að koma fram, hvaða afstöðu hann á að hafa gagnvart öðrum og hvenær og hvernig hann á að ávarpa konung til að biðja um inngöngu.<sup>54</sup> Kaflar af þessu tagi eiga sáralítið eða ekkert erindi í 'furstaspeglum', enda er þá ekki að finna í slíkum ritum: þeir eru miklu skyldari einhvers konar 'Corteggiano'. Niðurstaðan verður því sú, að stór hluti Konungsskuggsjár sé allveg fyrir utan ramma 'furstaspeglanna' og heildarbygging verksins eigi ekkert skylt við þau rit.

3) Þá er eftir konungsbálkurinn: það er eini hluti verksins, sem er í raun og veru hægt að bera saman við erlendu ritin, því að í honum er að finna flest þau efnisatriði, sem fjallað er um í ítarlegustu 'furstaspeglum' Vesturlanda. Anne Holtmark kallaði þennan bálk líka 'hina eiginlegu Konungsskuggsjá',<sup>55</sup> og Eirik Vandvik hélt því meira að segja fram að titillinn ætti einungis við hann – hinir bálkarnir tveir væru seinni tíma viðbætur.<sup>56</sup> Það er því rétt að athuga nánar hver er staða konungsbálksins innan verksins og hvort hægt er að líta svo á að hann sé einhvers konar 'Fürstenspiegel' felldur inn í heild, sem sé annars eðlis.

Nú vill svo til að konungsbálkurinn er, eins og hinir bálkarnir tveir, samtali milli 'föður' og 'sonar' og þannig ótvírætt hluti af heildarbyggingu verksins. En sé það þyllilega eðlilegt fyrir þessar tvær persónur að ræða um kaupmenn og hirðmenn, þar sem 'sonur' ætlar að verða hvort tveggja á sínum framaferli, gegnir öðru máli um konunginn: það umræðuefni er greinilega nokkuð fyrir utan aðalefni bókarinnar, eins og það var skilgreint í upphafi. Inngangsorð konungsbálksins benda líka til þess að hann sé í rauninni nokkurs konar innskot eða frávik frá að-

<sup>54</sup> Hins vegar er ekki að finna í Konungsskuggsjá neinar ráðleggingar handa konungi um val á hirðmönnum og ráðgjöfum né viðvaranir við hættum, sem af undirferli þeirra og smjæðri gæti stafað. En 'sonur' er á einum stað varaður við þrettum annarra hirðmanna (*Konungs skuggsjá*, bls. 47–48).

<sup>55</sup> '2. del er om kongsmannen og ender med det egentl. *speculum regale*, om kongen'. (*Kulturhistorisk leksikon IX*, 63).

<sup>56</sup> Eirik Vandvik, 'Gåter i Kongsspegelelen' og 'A new approach to the Konungs Skuggsjá' í *Studier*, bls. 63–70 og 71–79. Sbr. t.d.: 'Bolken om kongen er det *opphavle* Konungs Skuggsjá' (bls. 70), og 'The title Konungs Skuggsjá, *Speculum regale*, seems very far-fetched as applied to the first main part of the tripartite dialogue, whereas it is completely relevant to the third dialogue' (bls.75).

alefninu. 'Sonur' segir: 'en ég vil þó nú enn að sinnsökum forvitnast um stærri menn heldur en þá er þjóna skulu undir þeim er ríkir eru', og skömmu síðar slær hann vissa varnagla, sem sýna að þetta umræðuefni er annars eðlis en samtalið fram að þessu: 'þarf ég fyrir því að þér skýrið innilega fyrir mér þessa hluti sem nú hefi ég spurð, ef yður sýnist svo að það sé eigi til heimsklega spurt eða mér sé eigi of mikil dirfð í að forvitnast um athæfi svo stórra manna'.<sup>57</sup> (Innskotseðli þessa bálks verður enn skýrara, ef menn gera ráð fyrir því, eins og sumir hafa talið, að Konungsskuggsjá sé ófullgert verk.<sup>58</sup>) Þetta atriði leggur að mínum dómi kenningu Eiríks Vandviks í rústir, því að það er harla ólíklegt að aðalpersónur samtalsins hafi verið fundnar upp vegna þess hluta verksins, þar sem umræðuefnið stendur þeim fjærst og kemur þeim minnst við. Vandvik gerir ráð fyrir að formálinn sé upprunalegur og hafi konungsbálkurinn komið beint á eftir honum í frumgerð verksins: í slíku riti væri langeðlilegast að persónurnar væru konungur og sonur hans. Skoðun Anne Holtsmark á því hvað sé hin eiginlega Konungsskuggsjá missir einnig mikið af gildi sínu, því að erfitt er að trúa því að bálkur, sem er á vissan hátt útúrdúr, sé samt aðalefni bókarinnar.

Þótt konungsbálkurinn sé sérstæður, er hann samt ekki sjálfstæður 'furstaspegill' innan verksins, og það er ekki hægt að einangra hann frá heildinni og gefa honum sérstaka þýðingu: hann er frávik, en innan þeirrar dagskrár umræðunnar, sem mörkuð var í formálanum.

Svo virðist sem þessi staða konungsbálksins í verkinu skýri þann mun, sem er á honum og hinum erlendu 'furstaspeglum', og nú er rétt að athuga nánar. Þá er fyrst að telja, að höfundur Konungsskuggsjár fjallar svo að segja ekkert um það atriði sem er kjarni málsins í flestum

<sup>57</sup> *Konungs skuggsjá*, bls. 72 og 73.

<sup>58</sup> Benda má á, að í þessu sambandi skiptir merking orðasambandsins 'að sinnsökum' talsverðu máli. Það finnst ekki í fyrstu útgáfu orðabókar Fritznars, heldur aðeins í 4. bindi hennar frá 1972 (Rettelser og tillegg ved Finn Hødnebo) og er þar þýtt 'denne gang', en eina tilvísunin er til þessa staðar í Konungsskuggsjá. Þessi merking virðist þó ekki eiga fyllilega við. Ef hins vegar er gert ráð fyrir því að orðasambandið þýði 'um stundarsakir', verður allt skýrara, og þá er þessi setning í samræmi við það sem 'sonur' sagði rétt áður. Samhengið er þannig: '(sonur:) En ég þykjumst það sjá, að svo horfir þessi ræða til að enn munu þeir margir hlutir eftir vera er þeim manni man nauðsyn að vita og verða vel áskynja er sæmdarmaður vill með konungum vera eða öðrum stórhöfðingjum, og stunda ég enn til þeirrar ræðu fram á leið. En ég vil þó enn að sinnsökum . . .' Þessi orð verða varla skilin öðru vísi en að höfundur hafi ætlað að víkja aftur að hirðmönnum að konungsbálkinum loknum.

erlendum 'furstaspeglum': andstæðuna milli góðs og vonds konungs, milli 'rex iustus' og 'tyrannus' (eða 'rex impius'). Þetta er einkum og sér í lagi athyglisvert, vegna þess að konungsbálkurinn hefur sérstöðu í verkinu að þessu leyti. Í upphafi kaupmannabálksins gerir höfundur nefnilega skýran mun á 'þeim er kaupmenn eru réttir' og 'þeim er sér gefa kaupmanna nöfn og eru þó mangarar eða falsarar, selja og kaupa ranglega',<sup>59</sup> og í upphafi hirðmannabálksins gerir höfundur einnig greinarmun á þeim hirðmönnum 'er varðveita hina bestu síðu' og hinum 'er meðal síðarmenn eru eða varla svo'.<sup>60</sup> Lesandinn á því von á einhverri samskonar skilgreiningu á góðum og vondum konungi í byrjun konungsbálksins, en hana er þar hvergi að finna. Af þessu leiðir síðan að ekki er rætt beinlínis um 'fyrirmyndarkonunginn' sem slíkan: Í Konungsskuggsjá er engin eiginleg dyggðaskrá í líkingu við þær sem eru í erlendum 'furstaspeglum' og því síður skrá yfir þá lesti sem konungi ber að varast. Höfundur segir einungis, að konungur eigi að vera réttlátur, margfróður og vitur og lýsir því hvernig framkoma hans gagnvart undirmönnum hans á að vera, en að öðru leyti er svo til ekkert fjallað um siðferði hans í stjórnmálum eða einkamálum.<sup>61</sup>

<sup>59</sup> *Konungs skuggsjá*, bls. 4.

<sup>60</sup> *Konungs skuggsjá*, bls. 38.

<sup>61</sup> Munurinn á Konungsskuggsjá og erlendum 'furstaspeglum' er hér mikill. Í erlendu ritunum eru gjarnan heilar kaflaraðir um hinar einstöku dyggðir (sbr. t.d. *Via regia* eftir Smaragdus frá Saint-Mihiel: '3. De timore, 4. De sapientia, 5. De prudentia, 6. De simplicitate' o.s.frv.), eða þar eru kaflar í svipuðum anda um hin ýmsu atríði í hlutverki hans og þær dyggðir sem hann verður að hafa (sbr. *De rectoribus christianis* eftir Sedulius Scotus: '4. De regia potestate non tam opibus et fiducia fortitudinis, quam sapientia cultuque pietatis peroranda'. Sbr. einnig *De morali principis instructione* eftir Vincentius frá Beauvais: 'II,15. Reges et presidentes debent scire sacram scripturam; 16. Rex omnes debet precellere in bonitate; 17. De sapientia, potentia et bonitate'). – Í Konungsskuggsjá er hins vegar einungis að finna almennar setningar um þá kosti sem konungur þarf að hafa, og þótt undarlegt megi virðast eru hinar fyrstu þeirra lagðar 'syni' í munn: 'mér skilst það að þeir eru skyldir til er þjónustumenn eru að gæta hvors tveggja hinna bestu síða eða fróðleiks eða manvits og allrar ráðvendi, þá man allmikil skylda á þykja um hina er höfðingjarnir skulu yfir vera og allir aðrir skulu til þjóna, að þeir séu bæði fróðir og vitrir og allskýlt man þeim að elska aðra ráðvendi, þar sem þeir eigu kost á öllum öðrum til refsingar þeim sem eigi eru ráðvandar' (bls. 72–73). 'Þá hugða ég það, að hann myndi eiga allvitur að vera og forsjáll og réttlátur í öllu sínu athæfi' (bls. 73). 'Faðir' segir skömmu síðar: 'Það er hans víst skyldarembætti að nema manvit og fróðleik, og á hann víst að vera margfróður um öll dæmi þau er verið hafa að hann megi þaðan skilning af taka til allrar stjórnar þeirrar er hann þarf að hafa í sínum konungdómi' (bls. 73). Skömmu síðar vitnar 'faðir' til orða 'sonar': 'Nú á því konungur hver sem þú gast víst að

Á hinn bóginn er fjallað nokkuð rækilega um starf og hlutverk konungsins í þessu norska riti, og þar er að finna hefðbundin dæmi eða *exempla* um Sál, Davíð og Salómon og skilgreiningu á konungsvaldi og kirkjuvaldi og afstöðu þeirra. Samt er þetta ekki kerfisbundin umfjöllun um konungsvaldið eins og í 'furstaspeglum' fjórða flokksins, því að samtál 'föður' og 'sonar' snýst í kringum eitt meginefni, sem sé dóma og dómsvald, og rætt er um önnur efni út frá því.

Þannig er allt séð frá ákveðnu sjónarhorni. Segja mætti jafnvel að ef konungurinn er í miðpunkti þessarar umræðu sé það vegna hlutverks hans sem dómari, en hún virðist þó jafnframt vera ætluð öllum þeim, sem hafa eitthvert dómsvald með höndum. Sögurnar um Sál, Davíð og Salómon eru ekki sagðar sem dæmi um góða og vonda konunga heldur um dóma, og túlkar höfundur þær samkvæmt því sjónarmiði. Persónuleiki og kostir eða gallar þessara konunga verða þannig atriði því til skýringar hvers vegna einn dómur var réttlátur en annar ekki, og er því ekki verið að fjalla um fyrirmyndarkonung í breiðum skilningi og andstæðu hans (nema þá óbeint og á allt annan hátt en í erlendum 'furstaspeglum') heldur um góðan og vandan dómara. Skilgreiningin á afstöðu konungsvalds og kirkjuvalds er ekki sett fram sjálfur sín vegna – til að útskýra stöðu konungsins í alheimsskipuninni – heldur til skýringar á því hvers vegna Salómon hegndi Jóab.<sup>62</sup> Enn skýrara verð-

vera vitur og margfróður og þó góðviljaður, að honum hæfir sjálfum að kunna á því góða skilning að hann er þó sjálfur þjónn guðs, þó að hann sé svo mjög miklaður og tignaður í háleitri guðs þjónustu' (bls. 74). Um framkomu konungs gagnvart undirmönnum segir 'faðir' svo: 'hann á sjálfur sig að sýna léttlátan og blíðan öllum góðum mönnum . . .' (bls. 74). Hér er vikið að ýmsum dyggðum, en á ókerfisbundinn hátt, og svipuð hugmynd endurtekin margsinnis. Með því að leggja 'syni' fyrstu setningarnar í munn er eins og höfundur vilji gefa í skyn, að hér sé um svo augljós atriði að ræða, að 'faðir' þurfi ekki að kenna þau – hann útfærir þau einungis. Í framhaldinu er einkum fjallað um *dæmin*, sem konungur þarf að hugleiða. En hvergi er sagt frá konungum, sem séu ekki prýddir þessum dyggðum og leitist ekki við að auka fróðleik sinn. Þótt setningar eins og 'konungur á að vera' komi fyrir, er því naumast hægt að segja að þær séu liður í lýsingu á 'fyrirmyndarkonungi' eða hugtakið 'fyrirmyndarkonungur' leiki nokkurt hlutverk í bókinni í sinni venjulegu merkingu, – til þess þyrfti lýsingu að vera kerfisbundin, andstæðan einnig að vera til staðar, svo og áminning til konungs um að líkjast heldur fyrirmyndinni.

<sup>62</sup> *Konungs skuggsiá*, bls. 123–25. – Höfundar eins og Jónas frá Orléans og Jóhannes frá Viterbo, sem fjölluðu á almennan hátt um valdið, settu allar slíkar skilgreiningar fram á sínum ákveðna stað í röksemdafærslunni.

ur þetta sjónarhorn, þegar höfundur fer í beinu framhaldi af þessari skilgreiningu að segja frá launum og refsingu konunga eftir dauðann. Þá er einungis minnst á það hvernig konungarnir hafa gætt dómsvaldsins: þeim konungi sem hefur kveðið upp ranga dóma er vísað eftir dauðann 'þangað sem allir dómar eru rangir dæmdir'<sup>63</sup>, og þótt undarlegt megi kannski virðast er enn meiri áhersla lögð á þungar refsingar þeirra konunga, sem hafa ekki gætt þess refsivalds sem guð fól þeim, þegar hann ákvað afstöðu konungsvalds og kirkjuvalds, heldur hafa látið einhvern hluta þess af höndum. Þetta síðasta atriði er í samræmi við meginefni þessa hluta verksins, og virðist vera kjarni málsins. Þetta er eini staðurinn í Konungsskuggsjá, þar sem örlar á andstæðunni *rex iustus - tyrannus* - enda eru þar nefndir frægir harðstjórar, Sál, Heródes og Neró, – en hún er miklu takmarkaðri en yfirleitt í evrópskum miðaldaritum, byggist aðeins á einu atriði, svo að hæpið er að unnt sé að kalla þetta sömu andstæðuna.<sup>64</sup>

Ef maður vildi staðsetja konungsbálkinn í þeirri flokkaskiptingu 'furstaspeglar' sem áður var rakin, liggur einna næst að setja hann í þriðja flokkinn, því aðalefni hans er hvernig konungur geti haldið uppi góðum siðum í þjóðfélaginu. Munurinn er þó sá, að í erlendu ritunum er skýrt frá því hvernig dyggðir konungur á að hafa og hvaða lesti hann á að varast og síðan hvernig hann geti viðhaldið þessum sömu dyggðum meðal þegna sinna, en í konungsbálkinum er fyrra efnisatriðið ekki fyrir hendi, – það er næstum því eins og gert sé ráð fyrir því, án nokkurrar verulegrar umræðu, að konungur sé dyggðum prýddur. Það sýnir þessa afstöðu vel að hvergi er gert ráð fyrir því að ódyggðir almennings kunnir að vera vondum og ódyggðugum konungi að kenna. Í hirðmannabálkinum er upplausn í þjóðfélaginu ('óáran') hins vegar rakin til þess að fleiri konungar en einn fara samtímis með völdin.<sup>65</sup>

<sup>63</sup> *Konungs skuggsjá*, bls. 124.

<sup>64</sup> Um hugmyndina um *rex iustus* í Konungsskuggsjá sjá Sverre Bagge, *Den politiske ideologi i Kongespeilet*, bls. 222–61. Sverre Bagge lítur svo á að þessi hugmynd skipi mikinn sess í norska ritinu, en ég er hér að tala um andstæðuna milli *rex iustus* og *tyrannus*, sem kemur þar aðeins fram óbeint og á mjög þröngan hátt. Það er athyglisvert að ekki eru til nein orð í Konungsskuggsjá yfir þessi útbreiddu hugtök: sé hægt að kalla konungshugsjón verksins 'rex iustus' hefur höfundurinn hvorki það heiti né annað yfir hana.

<sup>65</sup> Höfundurinn þekkir þá skoðun, að siðgæði konungsmanna fari eftir siðgæði konungs sjálfs: 'Fyrir því að hvar sem þeir koma, þá líta allra manna augu til þeirra síða og meðferðar og allir hneigja sín eyru til þeirra orða og vænta þess allir sem vera ætti, að

Ástæðan fyrir þessu öllu er sú, að í konungsbálkinum er ekki fjallað um konungdæmi og konungsvald frá sjónarmiði konungsins sjálfs og fyrir hann. Höfundurinn forðast jafnvel að láta líta svo út, að hann sé að kenna konunginum lexíu í góðum síðum.<sup>66</sup> Bálkurinn er skrifaður frá sjónarmiði hirðmanna og fyrst og fremst fyrir þá, og fer efnisvalið eftir því: höfundur gefur lítinn gaum að því sem snertir konunginn sjálfan persónulega,<sup>67</sup> en fjallar um viðskipti hans við þá sem undir hann eru settir, og eyðir mestu máli í að tala um dómara starf hans, þ.e.a.s. starf sem hann gerir ráð fyrir að hirðmennirnir kunni einnig að taka þátt í sem ráðgjafar o.þ.h.<sup>68</sup>

Niðurstaðan verður því sú, að þótt konungsbálkurinn sé á vissan hátt skyldur hinum erlendu 'furstaspeglum' og því 'fürstenspiegel-achtig' eins og Þjóðverjar myndu segja, er Konungsskuggsjá í heild sinni ekki angi af þessari bókmenntagrein. Höfundur er ekki aðeins fáfróður um þessi erlendu verk, heldur skrifar hann bók sína frá allt öðru sjónarmiði. Þess vegna geta þær reglur, sem ráða efnisvali og

þeir munu svo miklu framar vera en aðrir menn um síðu sína og meðferðir sem þeir verða meiri návistarmenn konungs að þjónustu eða yfirlæti en aðrir menn' (bls. 43–44). Hann telur því nauðsynlegt að hirðmenn séu vel siðaðir, því annars 'verður dæmdur óhæverskur konungur sjálfur' (bls. 44). En samkvæmt kenningu hans um 'óáran' eða upplausn í Þjóðfélaginu (bls. 51–55) er þessi skoðun röng: '(faðir:) Með sama hætti verður og konungur að gera ef hann verður fyrir þeirri nauðsyn að árgalli kemur í síðu landsins eða manvit, þá fær hann eigi afhent sér sagt ríki sitt og verður heldur fyrir nauðsynja sakir láta jafnvel yfir fávitrum sem þá var látið yfir spekingum meðan ríki stóð með bestum tíma og síðum' (bls. 51). Það eru því ekki bein tengsl milli siðgæða konungsins og almennings: ódyggðir í landinu stafa af öðrum ástæðum, og þeir tímar geta komið að konungur verði að gera sér að góðu lítt siðaða hirðmenn.

<sup>66</sup> Þegar höfundur útskýrir nafn bókarinnar segir hann ekki berum orðum, að konungur eigi að nota hana til að bæta sína eigin siði: 'Svo á konungur hver sem einn að sjá í þessa skuggsjón og líta fyrst á sjálfs síns síðu og þar næst á annarra þeirra sem undir honum eru, sæma þá alla er góða síðu hafa en temja þá til góðra síða með aga er eigi mega ógnarlaust numið fá' (bls. 2). Hvergi er talað um sjálfsaga: Konungur á aðeins að 'líta á sjálfs síns síðu' (til að fullvissa sig um að þeir séu góðir? til að nota þá sem fyrirmynd?) og síðan síða aðra. Sverre Bagge segir: 'Han (höfundur) uttaler seg også i flere sammenhenger kritisk om miljøet ved hirden, men sier sjelden noe som kan oppfattes som kritikk mot kongen' (*Den politiske ideologi*, bls. 233).

<sup>67</sup> Helsta undantekningin er 'konungsbænin' (bls. 91–97).

<sup>68</sup> Sbr. setningar eins og 'jarðlegir konungar eða aðrir höfðingjar þeir sem yfir dóma eru skipaðir' (bls. 88). Einnig er minnst á spekinga sem vanir eru að sitja í dómum með konungi (bls. 101).

uppbyggingu hinna erlendu 'furstaspegla', ekki skýrt Konungsskuggsjá á neinn hátt. Það verður að leita annars staðar að skýringum á þessu norska verki.

Nú kann ýmsum að finnast, að hér hafi verið lagður langur vaður að lítilli veiði. Ég tel þó að þessi niðurstaða sé á vissan hátt mikilvæg, ekki aðeins af því að jafnan er gagnlegt að kveða *errores* niður, ekki síst þá, sem búið er að endurtaka mjög oft, heldur líka af því að hún leiðir að mínum dómi inn á réttar brautir. Þeir sem hafa tengt Konungsskuggsjá við erlenda 'furstaspegla' hafa nefnilega gjarnan gert það í ákveðnu samhengi. Anne Holtsmark segir t.d. í greininni 'Kongespeillitteratur' í *Kulturhistorisk leksikon*:

Med ordet *speculum* 'speil' betegnet man fra tidlig middelalder lærebøger i moral; i nord. er ordet (vn. *skuggsiá*) første gang brukt i den mening i overs. av Alkuins bok om dyder og laster: i hellige skrifter kan man se seg selv likesom i et speil, skuggsio (GNH s.4). Slike 'speil' særlig beregnet på konger og kongesønner var det mange av i eur. litt.<sup>69</sup>

Margir aðrir hafa sagt hið sama eins og um augljósa staðreynd væri að ræða.

Fyrir þessari kenningu virðist þó ekki vera neinn fótur. Aldrei hefur verið bent á neitt dæmi um að menn hafi á því tímabili, sem skiptir máli fyrir rannsóknir á Konungsskuggsjá, notað orðið *speculum* eða *spegill* sem samheiti fyrir kennslubækur í siðferði. Og dæmið, sem Anne Holtsmark nefnir, er rangt, eins og kemur reyndar fram í orðum hennar sjálftrar. Alcuin er alls ekki að tala um neina kennslubók í siðferði, heldur er hann að bera heilaga ritningu saman við spegil, en það er mjög gamall og útbreiddur *topos* og hefur allt aðra merkingu.<sup>70</sup> Hvað snertir hina 'mörgu spegla', sem ætlaðir voru konungum og konungssonum, þá ber aðeins einn 'Fürstenspiegel' eldri en Konungsskuggsjá heitið *speculum*. Það er *Speculum regum* eftir Gottfred frá Viterbo, sem er reyndar mjög sér á báti og höfundur Konungsskuggsjár hefur áreiðanlega ekki þekkt, þar sem útbreiðsla hans var sáralít-

<sup>69</sup> *Kulturhistorisk leksikon* IX, 61.

<sup>70</sup> 'Sanctarum lectio Scripturarum est cognitio beatitudinis. In his enim quasi in quodam speculo homo seipsum considerare potest, qualis sit, vel quo tendat. Lectio assidua purificat animam.' (Alcuin, *De virtutibus et vitiis*, *Patrologia latina* 101, col. 616). Norska þýðingin er í *Gamal norsk homiliebok*, útg. Gustav Indrebø, Ósló 1931, bls. 4.

il.<sup>71</sup> Engum öðrum 'Fürstenspiegel' er heldur nokkurn tíma líkt við spegil, og reyndar virðist hugtakið 'konungsspeggill' vera gersamlega óþekkt, a.m.k. fyrir lok 13. aldar. Það er fyrst á 14. öld að rituð eru verk, sem bera heitið *Speculum regis* eða *Speculum regum*<sup>72</sup> og hægt er að flokka saman sem sérstaka bókmenntagrein eða anga af bókmenntagrein, en það virðist vera hrein tímaskekkja að nota orðið 'Fürstenspiegel' um rit frá eldri tímum. Þetta er mikilvægt atriði og veur þá áleitnu spurningu, hvort það hafi ekki verið sú tilviljun, að bókar-titillinn Konungsskuggsjá frá 13. öld minnti á bókmenntaheitið 'Fürstenspiegel' frá miklu yngri tíma, sem olli því að þetta norska rit var umyrðalaust flokkað með þeim erlendu ritum, sem farið var að kalla samheitinu 'Fürstenspiegel' eða 'konungaspegla', að öllum líkindum á 19. öld. Hefur afstaða fræðimanna til Konungsskuggsjár því ekki mótast af tímaskekkju?

Nú vill svo til, að á 12. og 13. öld (og reyndar á síðari öldum líka) voru samin allmörg rit, sem báru titil settan saman úr orðinu *speculum*, *Spiegel* eða *miroir* og einhverju öðru orði, lýsingarorði eða nafnorði í eignarfalli. Það eru þessi rit, sem eru hinir eiginlegu 'speglar' í rétttri merkingu þess orðs, og er algerlega rangt – og veldur einungis ruglingi – að yfirfæra þetta heiti á aðrar ritsmíðar. Það sem 'speglarnir' eiga sameiginlegt, er ekki aðeins þetta ákveðna og mjög skýra form bókartitla, heldur líka hitt að orðið 'speggill' vísar til ákveðins tákn-máls, sem gjarnan er lýst eða skírskotað til á einhvern hátt í formála ritanna. Þetta táknmál er svo grundvöllur þeirra: ritinu er líkt við spegil og það sem í þeim stendur á að birtast lesandanum í eins konar 'spegilsýn', sem gefur því vissa merkingu og jafnvel formgerð. Greinilegt er, að hér er um skýrt afmarkaða bókmenntagrein að ræða; hafa höfundar slíkra rita þekkt 'spegla' fyrirrennaranna og vitað um merkingu spegiltákn málsins.

Bæði titill Konungsskuggsjár og tilvísun formálans til spegiltákn málsins sýna að það er í þessu samhengi sem skoða ber norska ritið. Eins og kunnugt er heitir Konungsskuggsjá ekki beint þessu norræna nafni, heldur er titillinn fyrst gefinn á latínu (og ekki þýddur nema þegar verið er að skýra hann nánar), og er hann *Speculum regale*. Fyrir slíkum titli eru beinar hliðstæður í erlendum bókmenntum. Í lok 12.

<sup>71</sup> Sbr. athugasemd 37.

<sup>72</sup> Wilhelm Berges, *Die Fürstenspiegel*, bls. 342–343 og 355.



aldar samdi franskir prédikarinn Radulphus Ardens mikla alfræðibók um dyggðir og lesti, sem hann nefndi *Speculum universale*, og um miðja 13. öld samdi Vincentius frá Beauvais alfræðiritið mikla *Speculum maius*, sem skiptist í þrjá sjálfstæða hluta: *Speculum naturale*, *Speculum doctrinale* og *Speculum historiale*.<sup>73</sup> Samhengið er augljóst og vekur þá spurningu hvort það hafi ekki leitt til misskilnings á titlinum að túlka hann eins og hann væri 'Speculum regis'.<sup>74</sup> Í formálanum er síðan vísað til spegiltákn málsins í setningunni: 'hver er forvitnast vill um góða síðu eður hæversku eður fögur og sannleg orðalög, þá má hann þar finna og sjá í bókinni svo sem margar líkneskjur eður allskyns smíðir sem í skírri skuggsjón'.<sup>75</sup> Grunar mig reyndar að þessi setning sé illskiljanleg nema í samhengi við tákn málið, sem verið er að skírskota til.

Pannig held ég að fundinn sé sá erlendi bakgrunnur, sem geti varpað ljósi á Konungsskuggsjá, eðli hennar, efni og formgerð, og er augljóst af því sem sagt hefur verið hvernig réttast er að haga þeirri rannsókn. Það þarf sem sé að ganga út frá spegiltákn málinu, og athuga hvert er eðli og tilgangur spegilsýnarinnar og hvað það er sem hún birtir mönnum. Sú rannsókn leiðir nokkuð langt aftur í tímann, því að þetta tákn máll er arfur frá fornöldinni, það byggist á viðhorfum manna á þessum tíma til spegilsins sjálfs, sem Grikkir og Rómverjar höfðu fengið frá Forn-Egyptum, og þróaðist síðan á síðustu öldum Rómverska keisaraveldisins. Síðan þarf að rannsaka örlög þessa tákn máls á miðöld-

<sup>73</sup> Á þetta hefur oft verið bent (sbr. Anne Holtmark: *Kulturhistorisk leksikon IX*, 66), en menn hafa þó aldrei stigið sporið til fulls og tengt Konungsskuggsjá við spegla miðaldanna. Ástæðan er sú, að menn hafa aldrei gert greinarmun á þeim ritum, sem báru í raun og veru titilinn *spegill*, og þeim kennslubókum í siðferði, sem fræðimenn á síðari tímum hafa endilega viljað kalla 'spegla' án þess að fyrir því væri nokkur fótur í heimildum. Einu ritin, sem er með réttu hægt að kalla 'spegla', eru þau sem báru þennan titil frá hendi höfundarins.

<sup>74</sup> *Speculum regis* þýðir einfaldlega 'spegill konungsins', en *Speculum regale* þýðir hinn 'konunglegi spegill' og má túlka það á marga vegu. Til þess að skilja merkingu titilsins væri vafalaust gagnlegt að athuga fyrst hver er merking titlanna *Speculum naturale*, *Speculum doctrinale* og *Speculum historiale*.

<sup>75</sup> *Konungs skuggsjá*, bls. 2. Ég ætla ekki að taka neina afstöðu hér til þeirrar kenningar Ludvig Holm-Olsen, að hluti formálsans sé seinni tíma viðbót (sbr. Holm-Olsen, 'The Prologue to the King's Mirror: Did the author of the work write it?' í *Speculum norroenum*, Óðinsvéum 1981, bls. 223–241), enda skiptir hún ekki máli í þessu sambandi, þar sem þessi setning er í þeim hlutanum, sem Holm-Olsen telur upprunalegan (sama stað, bls. 234).

um, uppruna bókmenntagreinarinnar og eðli, og útbreiðslu hennar á 12. og 13. öld. Þá loks er hægt að snúa sér að Konungsskuggsjá og kanna að hve miklu leyti lögmál þessarar bókmenntagreinar geta varpað ljósi á norska ritið, efnisval þess, formgerð og tilgang.

## THE QUESTION OF I-UMLAUT IN THE PRETERITE OPTATIVE OF CLASS III WEAK VERBS OF OLD NORSE AND MODERN ICELANDIC

THE OLD NORSE ē-verbs are relatively few in number. Characteristically these verbs are short stems and usually intransitive. In recent years the irregular verbs of this class, especially *hafa* and *segja*, have received a good deal of attention, whereas less has been said of the morphology of its more typical representatives.

The purpose of this paper is to examine the preterite optative of this class with special attention to the presence of i-umlaut and the lack of it. To simplify the issue, all verbs that deviate from the normal paradigm of this class (i.e. *hafa*, *kaupa*, *segja*, *þegja*), verbs with j-presents (*lýja*, *hlýja* etc.), as well as verbs that have joined other classes in Modern Icelandic (*spara*, *flaka*, *luma* etc.) have been left out. Also omitted in this discussion are all verbs that have disappeared from common use in Modern Icelandic (e.g. *skolla* and *kroka*).

Typical representatives of Class III weak verbs in Old Norse can be grouped as follows:

- 1) With *a* as a root vowel:  
hjára, lafa, stara, vara, blaka, blasa, gapa, vaka, gnapa.
- 2) With *ā* as the root vowel:  
brá, dá, fá, há, hvá, já, lá, má, sá, skrá, gá, smá, spá, strá,  
þrá, glápa.
- 3) With *i* as the root vowel:  
lifa.
- 4) With *o* as the root vowel:  
horfa, vofa, þora, brosa, glotta, skorta, hvolfá, loða, tolla,  
þola.
- 5) With *ō* as the root vowel:  
glóa, glóra, slóra, tóra, góna, sóma, móka.

6) With *u* as the root vowel:

duga, una.

7) With *ū* as the root vowel:

grúa, grúfa, hlúa, kúra, lúra, trúa, úa, drúpa, húka, slúta.

Compared to the evidence of Modern Icelandic the preterite optative forms of this class, as far as they can be determined, look as follows:

<i>Class III weak verb:</i>	<i>Old Norse pret. opt.:</i>	<i>Example cited by:</i>	<i>Modern Icelandic:</i>	<i>Example cited by:</i>
<i>a</i>				
hjára	?		a	common usage
laða	?		a	K. claims <i>e</i> . <sup>1</sup>
stara	?		a	c. u.
vara	?		a	c. u.
blaka	?		a	c. u.
blasa	?		a	c. u.
gapa	?		a	c. u.
vaka	e	W,H,I,G	e	K,V,S
gnapa	?		a	c. u.
—	—	—	—	—
<i>ā</i>				
brá	?		á	c. u.
dá	?		á	c. u.
fá	?		á	c. u.
gá	æ	W	á	S
há	?		á	c. u.
hvá	?		á	c. u.
já	?		á	c. u.
lá	?		á	c. u.
má	?		á	c. u.
sá	?		á	K claims æ
skrá	?		á	c. u.
smá	?		á	c. u.
spá	?		á	c. u.
strá	?		á	c. u.
þrá	?		á	c. u.
glápa	?		á	c. u.
—	—	—	—	—

<sup>1</sup> The capital letters refer to the following authors: K = Kress, W = Wimmer, I = Iversen, G = Gordon, V = Valtýr Guðmundsson, S = Stefán Einarsson, Hall. = Halldór Halldórsson, H = Heusler. For reference to specific texts please see the Bibliography.

<i>Class III weak verb:</i>	<i>Old Norse pret. opt.:</i>	<i>Example cited by:</i>	<i>Modern Icelandic:</i>	<i>Example cited by:</i>
<i>i</i>				
lifa	i	—	i	c. u.
—	—	—	—	—
<i>o</i>				
horfa	y	W	o	Hall.
vofa	?		o	c. u.
þora	y	W	y	K, S.
brosa	?		o	V, Hall
glotta	?		o	c. u.
skorta	y	W	o	c. u.
hvolfa	?		o	c. u.
loða	?		o	K + S claim y
tolla	?		y	K, S.
þola	y	W	y	K, S.
—	—	—	—	—
<i>ō</i>				
glóa	?		ó	c. u.
glóra	?		ó	c. u.
slóra	?		ó	c. u.
tóra	?		ó	c. u.
góna	?		ó	V, S.
sóma	?		ó	c. u.
móka	?	—	ó	c. u.
—	—	—	—	—
<i>u</i>				
duga	y	W	y	K, V, S.
una	y	W, G	y	K, S.
—	—	—	—	—
<i>ū</i>				
grúa	?		ú	c. u.
grúfa	?		ú	c. u.
hlúa	?		ú	c. u.
kúra	?		ú	c. u.
lúra	?		ú	c. u.
trúa	ý	W	y	K, S.
úa	?		ú	c. u.
drúpa	?		ú	c. u.
húka	?		ú	c. u.
slúta	?		ú	c. u.

If we examine the information available about these 55 verbs in Old Norse, it turns out that only 9 are actually cited as examples showing umlaut in the preterite optative. As the table shows, all the examples

go back to the same person, i.e. Ludvig Wimmer. Other scholars such as Iversen, Heusler, Wessén and Gordon merely repeat different parts of the same data without adding any new information.

In his *Oldnordisk Formlære* Wimmer does not specifically state that umlaut took place in the preterite optative of all Class III weak verbs where it was possible, however, it is obvious from his discussion that he expects the i-umlaut to apply to the class as a whole. Heusler and Iversen as well as most other authors of Old Norse grammars, do not address themselves directly to the question of i-umlaut in the preterite optative of this class but invariably the verb 'vaka' is selected as its typical representative. Both Wessén and Gordon, however, make the claim that umlaut actually took place without noting any exceptions or further qualifying their remarks.

For Modern Icelandic there is general concensus among scholars that with only few exceptions i-umlaut is not to be found in the preterite optative of this class. Valtýr Guðmundsson, Stefán Einarsson and Kress all agree in this respect. Halldór Halldórsson is somewhat more cautious in his remark that 'Í nútíðarmáli er i-hljóðvarp ekki alltaf í vth. (opt.) af ē-sögnum, t.d. horfði, brosti.'<sup>2</sup>

It is clear from the evidence that Modern Icelandic presents that either the preterite optative of these verbs failed to take i-umlaut for the most part in Old Norse and therefore does not exhibit umlauted forms to any great extent in Modern Icelandic, or that the umlaut actually did take place in Old Norse but was subsequently lost in Modern Icelandic.

The first argument is supported by the fact that Wimmer, who appears to be the major authority on umlaut in this category, was trying to establish a normalized and not a descriptive grammar for Old Norse. His examples are relatively few and possibly misleading. At any rate neither he, nor anyone else for that matter, cares to give any sources for his data, which in turn makes its reliability subject to doubt. Furthermore, it is difficult to explain why the i-umlaut should virtually disappear in the preterite optative of this class and not in any other morphological context. Finally it could be noted that in Old

<sup>2</sup> Halldór Halldórsson, *Íslenzk málfræði handa æðri skólum*, Reykjavík 1950, p. 168.

Norse short stem words like the Class III weak verbs, i-umlaut commonly failed to take place.

For the second hypothesis it may be argued that the evidence of such verbs as *trúa*, *una*, *duga*, *þola* and *þora* where the i-umlaut has survived into Modern Icelandic, might suggest that in the most common verbs the preterite optative was most likely to be used and therefore the umlaut most likely to be preserved. It is also possible to point to *gá*, *horfa* and *skorta*, where the umlaut appears to have been lost, and maintain that they reflect the typical development from Old Norse into Modern Icelandic. In addition it must also be kept in mind that the preterite optative of weak verbs has changed from Old Norse to Modern Icelandic in the same way as the preterite optative of the strong verbs; i.e. the 1st person singular now ends with -i (e.g. *vekti*, *yndi*), whereas the plural forms have adopted the same endings as the preterite indicative (i.e. -um, -uð, -u).

The major obstacle in coming to any conclusion about this problem is clearly the lack of evidence for Old Norse. It is not that all the necessary information doesn't exist, it is simply inaccessible. Nearly all editions of Old Norse texts are either normalized in their spelling or based on a very small portion of the existent manuscripts. A prose or a verse concordance, which would be the ideal key in a study of this kind, is unfortunately not to be expected in the near future, and until this situation improves it is difficult to see how the extent of i-umlaut in the preterite optative of this class of verbs in Old Norse can be determined conclusively. In the meantime, however, there is every reason to caution against those handbooks that only give one or two examples of umlauted preterite optative forms (like 'vekða' for instance), and thus lead the reader to conclude that they are typical representatives of the Class III weak verbs in Old Norse.

#### BIBLIOGRAPHY

- Flasdieck, H.M., 'Untersuchungen über die germanischen schwachen Verben III. Klasse unter besonderer Berücksichtigung des Altenglischen', *Anglia*, lix, 1935, 1-192.
- Gordon, E.V., *An Introduction to Old Norse*, Oxford 1927.
- Halldór Halldórsson, *Íslensk málfræði handa æðri skólum*, Rvík 1950.

- Heusler, Andreas, *Altisländisches Elementarbuch*, Heidelberg 1932.
- Iversen, Ragnvald, *Norrøn grammatikk*, Oslo 1973.
- Krahe, H and Meid, W, *Germanische Sprachwissenschaft II* (Sammlung Göschchen Band 780), Berlin 1969.
- Kress, Bruno, *Laut- und Formenlehre des Isländischen*, Halle 1963.
- Noreen, Adolf, *Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut und Flexionslehre) Unter Berücksichtigung des Urnordischen*, Halle 1923.
- Skard, Vemund, *Norsk Språkhistorie*, Bind I Til 1523, Oslo 1967.
- Stefán Einarsson, *Icelandic Grammar, Texts, Glossary*, Baltimore 1967.
- Valtýr Guðmundsson, *Íslandsk Grammatik, Íslandsk Nutidssprog*, Copenhagen 1922.
- Wessén, Elias, *Íslandsk Grammatik*, Stockholm 1958.
- Wimmer, Ludvig, *Oldnordisk Formlære til Skolebrug*, Copenhagen 1889.

### ÁGRIP

Á 19. öld töldu málfræðingar, sem fengust við fornar tungur, að þær geymdu málið hreinast og óspilltast. Ekki fóru norræn fræði varhluta af áhrifum þessarar kenningar um gullöld málsins, en langt er síðan menn misstu trúna á hana. Enn eimir þó eftir af þessum hugsunarhætti í ritum um norræna málfræði, og er í þessu greinarkorni fjallað um eitt dæmi af slíkum toga.

Í allmörgum erlendum bókum um íslenzkt fornmál er staðhæft að í veikum sögnum, sem fylgja ē-beygingu, t.d. vaka, brosa og horfa, verði i-hljóðvarp í viðtengingarhætti þátíðar (eða þá, að einungis sögnin að vaka, sem hljóðverpist, er gefin sem dæmi um beygingu). Fullyrðing þessi, sem virðist eiga rætur að rekja til danska málfræðingsins Ludvigs Wimmers, er heldur hæpin, þar sem hann gefur einungis dæmi um nú sagnir, af liðlega 50, þar sem hljóðvarp á sér stað. Sé litið til sagna, sem ennþá tilheyra þessum flokki í íslenzku nútímamáli, sýna einungis sjö þeirra merki um hljóðvarp í vh. þt. Þrátt fyrir þessi fátæklegu rök, virðist það útbreidd skoðun, að hljóðvarp hafi átt sér stað eins afdráttarlaust og Wimmer vill vera láta. Ljóst er, að miklu ítarlegri heimildir þurfa að vera fyrir hendi, áður en hægt er að fullyrða nokkuð um hljóðvarp í beygingu flestra ē-sagna í fornmáli eða þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á þeim til nútímamáls. Þó benda dæmin úr íslenzku nútímamáli til þess, að hljóðvarp í viðtengingarhætti þátíðar sagna hafi aldrei orðið með reglubundnum hætti.



## HANDRIT

- Handritasafn Árna Magnússonar: Den arnamagnæanske samling, København. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík (Í):*
- AM 1 da fol. 74
  - 1 eß I fol. 79
  - 1 eß II fol. 77, 84
  - 20 b I fol. 79, 80, 85
  - 20 c fol. 80-85
  - 61 fol. 75, 77
  - 180 a fol. (a, Jórslaferð) 205, 241, 244
  - 180 b fol. 83, 85
  - 180 c fol. (A, Jórslaferð) 205, 232, 241, 245
  - 180 d fol. (B, Jórslaferð) 205, 225, 232, 236, 241, 244
  - 128 4to (Í) 180-185
  - 135 4to (Arnarbælisbók) (Í) 180-184
  - 147 4to (Heynesbók) (Í) 11
  - 170 a 4to (Í) 180-185
  - 181 4to (Í) 180-185
  - 291 4to, 97
  - 415 4to (Í) 96
  - 417 4to (Í) 83
  - 445 b 4to (Í) 114
  - 531 4to (b, Jórslaferð) 205, 241
  - 544 4to (Hauksbók) 73, 172
  - 556 a 4to (Í) 103-6, 110-14
  - 564 a 4to (Pseudo-Vatnshyrna) (Í) 103, 105, 106, 110-113
  - 601 a 4to (Í) 191
  - 603 4to (Í) 192
  - 605 4to (Selskinna) (Í) 194, 195
  - 612 g 4to (Í) 194, 195
  - 746 4to (Í) 73
  - 748 I 4to 171, 172
  - 764 4to 73
  - 986 4to (Í) 160, 161
  - 996 4to (Í) 134-136
  - 1005 4to 84
- 1028 4to (Í) 160, 164, 165
  - 37 a 8vo (Í) 181-185
  - 38 8vo (Í) 181-185
  - 48 8vo (Í) 181-185
  - 166 b 8vo (Í) 253
  - Steph. 62 (Í) 33, 38
  - Rask 98 (Melódía) 163
  - Gl. kgl. sml. 2365 4to (Konungsbók eddukvæða) (Í) 169-174, 176
- Universitetsbiblioteket, København:*
- Don. var. 1 fol., Barth. D. 90
  - Codex Academicus (Cod. Ac., glatað handrit) 79-85
- Landsbókasafn Íslands, Reykjavík:*
- Lbs 202 fol. 131, 132, 136, 147, 164, 165
  - 990 4to 194, 195
  - 991 4to 190
  - 1504 4to 188
  - 1509 4to 187, 188
  - 1927 4to (Hymnódía sacra) 163
  - 1940 4to 191
  - 2033 4to 194
  - 2468 4to 192
  - 188 8vo 190
  - 254 8vo 187
  - 714 8vo 187
  - 1889 8vo 192, 193
  - 2081 8vo 187
  - JS 339 4to 190
  - 340 4to 196
  - 451 4to 190
  - 645 4to 190
  - 46 8vo 192, 193
  - 408 8vo 194, 195
  - ÍB 9-16 4to 38
  - 230 4to 131, 136, 151, 165
  - ÍBR 93 4to 190

*Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík:*

Íslands Journal rentukammers 4 nr. 563  
30, 37

Íslands Journal 5 nr. 157 34

Prestsverkabók Gunnlaugs Gunnlaugs-  
sonar 42, 43

Sigurðarregistur 46

Skjöl Eyjafjarðarsýslu II A 2 30, 31

Sóknarmannatal í Kaupangssókn, hafið  
1785 34

Pingeyingaskrá Konráðs Vilhjálmssonar  
(ljósrít) 34

AM 274 4to (Máldagabók Ólafs Rögn-  
valdssonar biskups) 46

*Det kongelige bibliotek, København:*

Gl. kgl. sml. 1006 fol. 84

--- 1010 fol. (Hrokkinskinna) 89, 117

--- 2845 4to (Konungsbók Bandamanna  
sögu) 125-128

Kall 613 4to 191

*Rigsarkivet, Oslo:*

NRA 62 205

*Kungliga biblioteket, Stockholm:*

Perg. 4to nr. 7 51, 53, 75

*Universitetsbiblioteket, Uppsala:*

UB R 713 179

*Bibliotheek der Rijksuniversiteit, Utrecht:*  
MS no. 1374 (Codex Trajectinus) 171

*Sjá einnig þessi texta- og handritanöfn í  
skránunum:*

Arnarbælisbók (AM 135 4to)

Codex Academicus

Codex Frisianus, Frissbók (AM 45 fol.)

Codex Regius, Konungsbók eddukvæða  
(Gl. kgl. sml. 2365 4to)

Codex Regius, Konungsbók Snorra-Eddu  
(Gl. kgl. sml. 2367 4to)

Codex Trajectinus, Trektarbók Snorra-  
Eddu (Utrecht, nr. 1374)

Codex Wormianus, Ormsbók Snorra-  
Eddu (AM 242 fol.)

Eirspennill (AM 47 fol.)

Flateyjarbók (Gl. kgl. sml. 1005 fol.)

Gullinskinna (AM 42 fol.)

Hauksbók (AM 544 4to)

Heynesbók (AM 147 4to)

Hrokkinskinna (Gl. kgl. sml. 1010 fol.)

Hulda (AM 66 fol.)

Hymnódía sacra (Lbs. 1927 4to)

Konungsbók Bandamanna sögu (Gl. kgl.  
sml. 2845 4to)

Melódía (Rask 98)

Morkinskinna (Gl. kgl. sml. 1009 fol.)

Möðruvallabók (AM 132 fol.)

Pseudo-Vatnsþyrna (AM 564 a 4to)

Selskinna (AM 605 4to)

## UPPHÖF KVÆÐA OG VÍSNA

Ach Amaryllis hast du doch 159

Ach wir armen Sünder (O wi arme Syn-  
der) 162, 163

Árið hýra nú hið nýja 154, 161, 163

Broder, hvi est du saa mut 159

Brúðhjónin breiðist á 157

Døden dig trengde Herre 163

Eengang der jeg lystig var 159

Enn það orðtak sannast 137

Góður drottinn glöggt sem þessi 150

Guð láti þessi lofsverð hjón 150

Heiður og háleit æra 152, 161-163

Heillin öll af hæða láðum 154

Hvað er hollra manni 152

Hvað skal eg nú segja 155

Jeg lader mig skære en sortebrun

Trøje 161

Laus tibi Christe 162, 163

O wi arme Synder 163

Oss má auma kalla 162

Ó vér syndum setnir 162

Þess yður að minna 148

## NAFNASKRÁ

- Abel Valdimarsson Danakonungur 92  
*Ad catalogum regum Sveciæ* (Sviakonungatal Arngríms lærða) 73  
 Adam 260  
 Adam frá Brimum 96, 97, 319  
 Aðalbrikt konungur 78  
 Aðalgeir Kristjánsson 8  
 Aðalráður Játgeirsson Englakonungur 87  
 Paul Aebischer 203–206, 209, 214, 217, 218, 230, 231, 240, 244, 247  
*Agnars rímur Hróarssonar* 188  
 Akranes 292  
 Akureyri 23, 47  
 Akvítanía 59–61, 64, 66, 332  
 Alan of Lille 262  
 Gustav Albeck 92, 93, 159  
*Alexanders saga* 261  
*Alexandreis* 261  
*Alfræði Íslenzk* 96  
 Alkuin 256, 351  
 Brynjulf Alver 297  
*Alvíssmál* 171, 174, 176  
 Alþingi 15, 140  
 Alþingishátíðin 1930 18–20  
 Vilhelm Andersen 159, 160  
 Theodore M. Andersson 103, 104, 113  
*Andra rímur* (hinar fornu) 188  
*Andra saga jarls* 188  
 Andrés postuli 141  
*Annales Ryenses* 96  
 Hans Hubert Anton 330–332, 336–339  
 Apulia 213  
 Ari Þorgilsson fróði 82, 98, 283, 306, 319  
*Arinbjarnarkviða* 281–283  
 Arinbjörn hersir Þórisson 282, 283  
 Aristóteles 329  
*Arnarbælisbók* 180  
 Arngrímur Þósson lærði 73, 74, 84, 85, 101  
 Arnór Jónsson sýslumaður 135  
*Arons saga* 8, 12  
 Artus konungur 193  
 Asía 59  
*Atlakviða* 171  
*Atlamál* 171  
 Atlantshaf 299  
 Auðlingar 281  
*Auðunar þáttur vestfirska* 128, 129  
*Auðunarmáldagi* 45  
 Auðúlfur öflgi Grímsson 78  
 Augustodunensis, sjá Honorius  
 Austur-Agðir (Østager) 279  
 Austur-Fljót 30  
 Austur-Skaftafellssýsla 194  
*Ágrip af Noregskonunga sögum* 86, 87, 92  
*Ágrip af sögu Danakonunga* 73, 90, 101  
 Ágústínus kirkjufaðir 339  
 Álfeirsvellir 23  
 Álfur Bjálkakonungur 56, 62  
 Áma Aðalbriktsson 78  
*Áns saga bogsveigis* 189  
*Ármanns rímur* 190  
*Ármanns saga og Þorsteins gála* 190  
*Ármanns saga yngri* 190  
 Ármannsfell 19  
 Árni Björnsson 76, 83  
 Árni Böðvarsson rímnahöfundur 188  
 Árni Egilsson lögréttumaður á Þórustöðum 34–35  
 Árni Guðmundsson á Beigalda 296  
 Árni Magnússon 74, 77, 79–85, 90, 91, 96, 99

- Árni Sigmundsson á Garðsá 39  
 Árni Sigurðsson á Þórustöðum 34  
 Árni Þorláksson biskup 180, 181  
*Ásmundar saga Sebbafóstra* 190  
 Ásmundur flagdagæfa 189  
 Ásmundur, fóstbróðir Örvar-Odds 54, 59  
 Ástríður Sveinsdóttir tjúguskeggs 93  
 Ásubergsskipið (Osebergskibet) 271
- Walter Baetke 257  
 Sverre Bagge 326–330, 342, 349, 350  
*Baldurs draumar* 171  
*Bandamanna saga* 125, 127–129  
 Barð í Fljótum 83  
 Alexander Baumgartner 253, 257  
*Bárðar saga Snæfellsáss* 190  
 Becket, sjá Tómas Becket erkibiskup  
 Bede, sjá Pseudo-Bede  
 Beigaldi í Borgarhreppi 296  
 Benedikt Einarsson 81  
 Benedikt Sigurðsson 187  
 Berengaría, seinni kona Valdimars gamla 92  
 Gösta Berg 276  
 Wilhelm Berges 323, 329–333, 336, 338–340, 344, 352  
 A.P. Bergreen 161, 162  
 Bergur Sökkason 76  
 Bernharður (Bernarður) 227, 231, 232, 239–241  
 Bertram 213, 222, 227, 232, 233  
 Berurjóður 53, 54, 57  
 Bessastaðir 31  
 Bessi Hrólfsson 23  
 Joseph Bédier 204  
 Bitrufjörður 27  
 Bjarmaland 58, 59  
 Bjarmalandsför 54, 61, 64–66  
 Bjarmar 54  
 Bjarni Aðalbjarnarson 77, 82, 268  
 Bjarni E. odd-Helgason 13, 14  
 Bjarni Einarsson 278, 280, 287–289, 292  
 Bjarni Guðnason 73–82, 86–93, 96, 99, 101, 102, 268  
 Bjarni Hrólfsson lögréttumaður 22
- Bjarni Pálsson landlæknir 25–27  
 Bjarni Pétursson sýslumaður 132, 136  
 Bjarni Thorarensen 41  
 Bjarni Vilhjálmsson 50, 192  
 Bjarni Þorsteinsson prestur 163  
 Bjálkaland 56, 58, 59, 62  
 Bjálkalandsför 60, 65  
 Bjálkar 56  
 Björn á Garðsá 34  
 Björn gullberi 109  
 Björn Th. Björnsson 31  
 Björn Jórslafari Einarsson 139, 145  
 Björn Magnússon sýslumaður 80  
 Björn M. Ólsen 253, 254, 256, 257, 261–264, 284, 286, 287, 292  
 Björn Sigfússon 104, 114  
 Björn Teitsson 32  
 Björn Þorleifsson ríki á Skarði 140, 146  
 Björn K. Þórolfsson 188, 190, 191, 195, 315, 317, 318  
 Erik Julius Björner 191  
 N.F. Blake 98  
 Bleikjudalur (Bleikudalur) 32  
 Bleiksmýrardalur (Blígsmyrardalur) 14, 21, 23, 24, 28–37, 39–44, 47–50  
 Bleiksmýrargröf 24  
 Bleiksmýri 23, 36, 49, 50  
 Bleikur, hestur 23, 24, 36, 39, 50  
*Blómsturvalla saga* 191  
 R.C. Boer 51, 52, 63, 64  
 Bogi Benediktsson 132, 133  
 Bolabás 19, 20  
 M. Anders Bording 159, 160  
 Borg á Mýrum 296, 297  
 Borgarfjörður 13, 296  
 Borgarhreppur 296  
 Borgarnes 296  
 Borgarættin 282, 283, 287, 288, 291, 293, 295, 297  
 Borgundarhólmur 25, 27, 47, 97  
 Régis Boyer 119  
*Bragða-Ólvis rimur* 191  
*Brands þáttur örva* 118, 119, 124, 125, 127–129  
 Brandur örvi 118–125, 127, 129

- Breiðabólstaður í Reykholtssdal 109, 111, 113  
 Breiðfirðingar 283  
 Detlev Brennecke 261  
*Brevis historia regum Dacie* 99  
 H. Brinkmann 265  
 Brodd-Helgi Þorgilsson 13, 14  
 Broddi Jóhannesson 7, 8, 13  
*Brot af Sigurðarkviðu* 171, 173  
 Ursula Brown 191  
 Brunetto Latini 338  
 Daniel Bruun 17  
 Brúnsvík 95  
 Brynhildur Buðladóttir 173  
 Brynjólfur Bjarnason í Innri-Fagradal 131–134, 136, 137, 147, 152, 155, 166  
 Brynjólfur Sveinsson biskup 81, 83–85, 142, 146  
 Sophus Bugge 172  
 Burgund 213  
 Bæjaraland 213  
 Bæringur (Berenger) 227, 231, 232  
 Börkur digri Þorsteinsson 315, 320  
 Olav Bø 275
- J.M. Castro y Calvo 333  
 Richard Cavendish 319  
 Ceberus 122  
 Charinus 260  
 Charlemagne, sjá Karlamagnús  
 Chartres 235  
 Victor P. Christensen 26  
*Chronica Slavorum*, sjá Slavakrónfka  
 Peder Claussøn, sjá Friis  
*Codex Academicus* 79  
*Codex Wormianus* 171  
 J. Coulet 203, 204, 243
